

151. löggjafarþing 2020–2021
Þingskjal 1321 – 765. mál

Skýrsla

utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um utanríkis- og alþjóðamál

Efnisyfirlit

INNGANGUR	7
Verkefni utanríkisþjónustunnar í átta myndum.....	12
I. TVÍHLIÐA SAMSTARF OG SVÆÐISBUNDIN MÁLEFNI	14
1. NORRÆNT SAMSTARF.....	14
1.1. Almenn.....	14
1.2. Samstarf norrænna utanríkisráðherra (N5) og með Eyrstrasaltsríkjunum (NB8).....	14
2. NORÐURSLÓÐIR	16
2.1. Almenn.....	16
2.2. Skýrsla Grænlandsnefndar	17
2.3. Norðurskautsráðið.....	18
3. ANNAÐ SVÆÐISBUNDIÐ SAMSTARF.....	20
3.1. Eyrstrasaltsráðið	20
3.2. Barentsráðið	20
3.3. Norðlæga víddin.....	21
4. DEILD TVÍHLIÐA MÁLEFNA	21
II. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF OG ÞRÓUNARSAMVINNA.....	24
1. TVÍHLIÐA PÓLÍTÍSK SAMSKIPTI.....	25
1.1. Áhrif heimsfaraldursins.....	25
1.2. Pólítísk samskipti við einstök ríki	25
2. STARFIÐ Í ALÞJÓÐASTOFNUNUM	26
2.1. Sameinuðu þjóðirnar í New York	26
2.2. Samningaviðræður um BBNJ	28
2.3. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna.....	28
2.4. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin.....	29
2.5. Undirbúningur formennsku Íslands í Evrópuráðinu.....	30
2.6. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	30
2.7. Framboð til framkvæmdastjórnar UNESCO.....	31
2.8. Alþjóðleg samvinna um mannréttindi og lýðræðisleg gildi	32
3. LOFTSLAGS-, AUÐLINDA- OG UMHVERFISMÁL.....	32
3.1. Almenn.....	32
3.2. Loftslagsmál.....	33
3.3. Málefni hafsins.....	33

3.4. Endurnýjanlegir orkugjafar	34
4. ÞJÓÐRÉTTARMÁL.....	34
4.1. Samningar Íslands við erlend ríki.....	34
4.2. Hafréttarmál	36
4.3. Landgrunnsmál.....	36
4.4. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn.....	36
4.5. Útflutningseftirlit	36
4.6. Þvingunaraðgerðir.....	37
4.7. Iceland-málið á vettvangi EUIPO	37
4.8. Starfið fram undan	37
5. FJÖLÞJÓÐLEG ÞRÓUNARSAMVINNA.....	38
5.1. Forystuhlutverk í stjórn Alþjóðabankans	38
5.2. UN Women	40
5.3. UNICEF	40
5.4. UNFPA	41
5.5. Þróunarsamvinnunefnd OECD.....	41
6. GRÓ – ÞEKKINGARMÍÐSTÖÐ ÞRÓUNARSAMVINNU.....	42
7. NEYÐAR- OG MANNÚÐARAÐSTÖÐ	43
8. TVÍHLIÐA ÞRÓUNARSAMVINNA.....	44
8.1. Malaví	44
8.2. Úganda	46
8.3. Svæðasamstarf í Vestur-Afríku.....	48
9. SAMSTARF VIÐ FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK	49
9.1. Þróunarsamvinnustyrkir	49
9.2. Kynningar- og fræðslustyrkir.....	50
9.3. Mannúðarverkefni.....	50
10. SAMSTARF VIÐ ATVINNULÍFIÐ	51
10.1. Samstarfssjóður	51
10.2. Ráðgjafalistar	52
III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI.....	54
1. ALÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF.....	54
1.1. Utanríkisviðskipti.....	54
1.2. Viðskipti við einstök ríki og svæði	58
1.3. Bandaríkin.....	60

1.4. Kína.....	61
1.5. Japan	62
1.6. Rússland.....	62
1.7. Færeyjar – Hoyvíkursamningurinn	63
1.8. Grænland.....	63
2. EFTA (FRÍVERSLUNARSAMTÖK EVRÓPU).....	64
3. AÐRIR VIÐSKIPTASAMNINGAR.....	66
3.1. Almennt.....	66
3.2. Loftferðasamningar.....	66
3.3. Fjárfestingasamningar.....	67
3.4. Tvísköttunarsamningar.....	68
3.5. Schengen-tengdir samningar.....	69
3.6. Samningar um atvinnudvöl ungs fólks.....	69
4. VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA.....	70
4.1. Almennt.....	70
4.2. Viðskiptaþjónusta á tímum COVID-19: Stofnun viðskiptavaktar	70
4.3. Ný sóknarfæri.....	71
4.4. Saman í sókn markaðsverkefnið fyrir ferðamennsku.....	71
4.5. Heimstorg.....	72
4.6. Viðskipti og norðurslóðir	72
5. ÍSLANDSSTOFA	72
5.1. Almennt.....	72
5.2. Grænvangur.....	73
5.3. Samstarf Íslandsstofu og Business Sweden	73
6. FJÖLÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF (FJÖLÞJÓÐASTOFNANIR)	73
6.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)	73
6.2. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD)	74
7. ÚRSÖGN BRETLANDS ÚR ESB OG FRAMTÍÐARVIÐRÆÐUR	75
7.1. Almennt.....	75
7.2. Hvað breyttist við lok aðlögunartímabilsins?.....	75
7.3. Bráðabirgðasamningur á sviði vöruviðskipta.....	76
7.4. Fríverslunarviðræður.....	77
7.5. Viðræður á öðrum sviðum	78
8. EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ.....	79

IV. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL	80
1. ÖRYGGI OG VARNIR ÍSLANDS: LEIÐARLJÓS OG GRUNNSTOÐIR	80
2. ALÞJÓÐLEGT UMHVERFI ÖRYGGIS- OG VARNARMÁLA.....	80
3. FRAMKVÆMD VARNARTENGDRÁ VERKEFNA Á ÍSLANDI.....	82
4. FJÖLÞJÓÐASAMSTARF	84
5. AFVOPNUNARMÁL	86
6. FJÖLÞÁTTAÓGNIR.....	87
V. BORGARAÞJÓNUSTA, PRÓTOKOLLSKRIFSTOFA OG ÝMIS STOÐÞJÓNUSTA	89
1. BORGARAÞJÓNUSTA OG ÁRITANAMÁL.....	89
1.1. Borgaraþjónusta með samstillt markmið.....	89
1.2. Ferðaráð og ný tegund neyðarþjónustu	90
1.3. Liprunarbréf og viðskiptavakt.....	91
1.4. Hefðbundin verkefni	91
1.5. Stefna og æfingar	92
1.6. Reynslan af viðbrögðum við heimsfaraldrinum.....	93
1.7. Schengen-áritanamál.....	93
2. UPPLÝSINGA- OG GREININGARMÁL	95
2.1. Almenn.....	95
2.2. Upplýsingamiðlun og þróunarsamvinna	96
2.3. Starfið fram undan	97
3. MÁLEFNI PRÓTOKOLLSKRIFSTOFU	98
3.1. Hlutverk	98
3.2. Erlend sendiráð og fyrirsva gagnvart Íslandi	98
3.3. Alþjóðastofnanir.....	99
3.4. Ræðisskrifstofur á Íslandi	99
3.5. Afhendingar, heimsóknir og fundir á Íslandi	99
3.6. Sendiskrifstofur Íslands erlendis	99
3.7. Ræðisskrifstofur Íslands erlendis	99
4. SKJALASAFN.....	100
4.1. Almenn.....	100
4.2. Markmið og starfið fram undan	100
5. REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR.....	100
5.1. Almenn.....	100
5.2. Starfið fram undan	103

VI. SENDISKRIFSTOFUR ÍSLANDS	104
Sendiráð í Berlín: Öflugt kynningarstarf á tímum heimsfaraldurs	105
Sendiráð í Brussel: Rekstur EES-samningsins í skugga heimsfaraldurs	106
Fastanefnd/sendiráð í Genf: Árangursríkt ár litað af heimsfaraldri.....	107
Sendiráð í Helsinki: Virk samskipti um sameiginlega hagsmuni.....	108
Sendiráð í Kampala: Borgaraþjónusta í aðalhlutverki	109
Sendiráð í Kaupmannahöfn: Borgaraþjónustan yfirtók starfsemina	110
Sendiráð í Lilongwe: Hröð og myndarleg viðbrögð Íslands vöktu athygli	111
Sendiráð í London: Útganga Bretlands úr ESB skömmu fyrir heimsfaraldur.....	112
Sendiráð í Moskvu: Í hringiðunni á alþjóðasviðinu	113
Sendiráð í Nýju-Delí: Ýmis samstarfsverkefni í bið vegna faraldursins.....	114
Sendiráð í Ottawa: Umsjón með borgaraþjónustu í Suður-Ameríku	115
Sendiráð í Osló: Ár borgaraþjónustu.....	116
Sendiráð í París: Fjölþjóðasamstarf, jafnrétti, sjálfbærni og viðskipti	117
Sendiráð í Peking: Fjölbreytt starfsemi á viðburðaríku ári	118
Sendiráð í Stokkhólmi: Menning, nýsköpun og ferðaþjónusta	119
Sendiráð í Tókýó: Aukið samstarf með nýju sniði.....	120
Sendiráð í Washington DC: Greitt úr flóknum málum á umbrotatímum.....	121
Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu: Varnir og öryggi á tímum COVID-19.....	122
Fastanefnd Evrópuráðsins í Strassborg: Fastanefnd opnuð að nýju.....	123
Fastanefnd í Róm: Ný nefnd um málefni fiskveiða í framtíðinni stofnuð	124
Fastanefnd í New York: Rödd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum	125
Fastanefnd í Vín: Stuðlað að öryggi og stöðugleika í Evrópu	126
Aðalræðisskrifstofa í New York: Hundruð þúsunda „brögðuðu“ á Íslandi	127
Aðalræðisskrifstofan í Nuuk: Framboð íslenskra vara í verslunum hefur aukist	128
Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg: Gjörbreytt starfsemi á tímum heimsfaraldurs	129
Aðalræðisskrifstofan í Þórshöfn: Tókst að halda hefðbundna fundi.....	130
Skammstafanir:	131
Atriðisorðaskrá:.....	133

INNGANGUR

Heimsfaraldurinn sem nú sér loks fyrir endann á hefur haft umtalsverð áhrif á utanríkisþjónustu Íslands. Kappkostað hefur verið að laga starfsemi utanríkisþjónustunnar að breyttum aðstæðum og til að mæta þörfum íslenskra fyrirtækja og borgara sem ekki hafa farið varhluta af faraldrinum og viðbrögðum við honum. Leiðarljósið í þeim efnum, eins og allar götur frá stofnun utanríkisþjónustunnar í apríl 1940, hefur verið að standa vörð um hagsmuni lands og þjóðar á erlendum vettvangi. Breytt forgangsröðun og þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi utanríkisþjónustunnar í upphafi kjörtímabilsins hafa skipt sköpum um það hversu vel hefur tekist til í þeim þrengingum sem vonandi eru brátt að baki. Utanríkisþjónusta Íslands hefur gegnt og mun áfram gegna mikilvægu hlutverki fyrir íslensku þjóðina. Við erum okkar eigin gæfu smiðir og það gætir enginn okkar hagsmuna ef við gerum það ekki sjálf.

Norðurslóðir og norrænt samstarf í brennidepli

Aukin áhersla á málefni norðurslóða er rauður þráður í íslenskri utanríkisstefnu á síðustu misserum. Ber þar fyrst að nefna að Ísland hefur gegnt formennsku í Norðurskautsráðinu undanfarin tvö ár. Ráðherrafundur sem haldinn verður í Reykjavík 19.-20. maí næstkomandi markar lok hennar en jafnframt ber hann upp á aldarfjórðungsafmæli Norðurskautsráðsins. Samkvæmt formennskuáætlun Íslands hefur áhersla verið lögð á þrjú megin svið: málefni hafsins, loftslagsmál og endurnýjanlega orku, og fólk og samfélög á norðurslóðum. Þótt heimsfaraldur hafi vissulega sett strik í reikninginn hefur formennskuáætlun Íslands gengið afar vel. Vonir standa til þess að á ráðherrafundinum samþykki ráðherrar aðildarríkjanna niðurstöður verkefna sem unnin voru í formennskutíð Íslands og starfsáætlun ráðsins undir komandi formennsku Rússlands.

Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru málefni norðurslóða í forgangi í íslenskri utanríkisstefnu enda snerta þau hagsmuni Íslands með margvíslegum hætti. Gildandi norðurslóðastefna byggist á þingsályktun frá 2011 en á þessum tíu árum hefur orðið töluverð þróun í málefnum norðurslóða, meðal annars vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Alþjóðlegur áhugi á svæðinu hefur aukist töluvert, einkum vegna væntinga um opnun siglingaleiða og möguleika á auðlindanýtingu. Við sjáum jafnframt vissar breytingar á öryggisumhverfinu. Í ljósi þessa og í tilefni af því að Ísland gegnir nú formennsku í Norðurskautsráðinu var tímabært að ráðast í endurskoðun norðurslóðastefnunnar. Ég skipaði því þingmannanefnd með fulltrúum allra þingflokka og fól henni að fjalla um málefni norðurslóða út frá víðu sjónarhorni. Nefndin skilaði mér tillögum sínum í mars síðastliðnum og á grundvelli þeirra hef ég lagt fram þingsályktunartillögu um nýja norðurslóðastefnu. Málefni norðurslóða snerta hagsmuni Íslands með margvíslegum hætti og stefnan þarf því að taka mið af aðstæðum á hverjum tíma. Samkvæmt þingsályktunartillögunni skal ný norðurslóðastefna byggjast á nítján áhersluþáttum. Þeir lúta meðal annars að alþjóðasamstarfi um málefni svæðisins, viðbrögðum við neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga, velferð íbúa á norðurslóðum og nýtingu efnahagstækifæra, svo fátt eitt sé nefnt. Tillögurnar miða að því að tryggja hagsmuni Íslands í víðum skilningi, með sjálfbæra þróun og friðsamlegt samstarf að leiðarljósi.

Til marks um aukna áherslu á okkar nánasta umhverfi á norðurslóðum eru tillögur um aukið samstarf Íslands og Grænlands sem finna má í nýútkominni skýrslu Grænlandsnefndar sem ég skipaði í apríl 2019. Grænlandsnefndin forgangsráðaði tíu tillögum til stefnumörkunar í skýrslu sinni sem ber heitið *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum*. Skýrslan er umfangsmesta úttekt sem hefur verið gerð á samskiptum landanna og þar er skoðað heildstætt hvernig megi efla samskiptin við Grænland. Samtals eru tillögur nefndarinnar 99 talsins og fjalla þær um möguleika á auknu samstarfi stjórnvalda, sveitarfélaga og stofnana, einkageirans,

frjálsra félagasamtaka og félaga á sviði íþróttar, lista og menningar. Leggur nefndin meðal annars til að Grænland og Ísland geri með sér rammasamning um samstarfssvið í framtíðinni og að lögð verði fram þingsályktunartillaga á vörþingi þar sem lýst er vilja og markmiðum Íslands um aukið samstarf landanna. Sú tillaga hefur þegar verið lögð fram og bíður afgreiðslu þingsins.

Norrænt samstarf er einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Færa má rök fyrir því að mikilvægi samvinnunnar hafi aukist á undanförunum misserum og árum. Löndin hafa í auknum mæli tekið upp mál eins og loftslagsmál, öryggismál og utanríkisþólitísk mál. Það má til dæmis sjá í eflingu samstarfs Norðurlandanna á sviði öryggis- og varnarmála (NORDEFCO) og skýrslu Björns Bjarnasonar, fyrrverandi ráðherra, um dýpkun norræns samstarfs á sviði utanríkis- og öryggismála, sem kom út um mitt síðasta ár.

Framvarðasveit mannréttinda og lýðræðis

Ísland skipar sér í lið vestrænna lýðræðisríkja sem vilja standa vörð um mannréttindi og lýðræðisleg gildi sem alþjóðakerfið byggist á. Því miður hefur undanfarið ár sýnt að nauðsynlegt er að bregðast staðfastlega við þeirri neikvæðu þróun sem víða hefur orðið á mannréttindum og frelsi, oft í skjóli heimsfaraldursins, og hrinda atlögum að grundvallarþáttum alþjóðakerfisins og alþjóðalögum sem byggst hafa upp frá lokum síðari heimstyrjaldarinnar.

Störf Íslands á vettvangi mannréttindaráðsins á kjörtímabilinu hafa skilað árangri og vakið heimsathygli. Sjálfur hef ég lagt áherslu á að mæta til leiks í ráðherraviku ráðsins til að hvetja aðildarríki ráðsins til að ganga á undan með góðu fordæmi. Um þessar mundir veitir Ísland ríkjahópi um stöðu mannréttinda í Íran forystu og áfram mun Ísland fylgja eftir þeim málum sem við áttum nokkuð frumkvæði að í ráðinu, þ.e. málefnum Filippseyja og Sádi-Arabíu. Í samstarfi við Norðurlöndin og bandalagsríki höfum við sömuleiðis beitt okkur með virkum hætti í kjölfar meingallaðra kosninga í Belarús, tilræðis gegn stjórnarandstæðingnum Alexei Navalni í Rússlandi og framgöngu kínverskra stjórnvalda í mannréttindamálum.

Ísland hefur látið til sín taka í þágu fjölmiðlafrelsis og borgaralegra réttinda, sem eru undirstaða lýðræðis, og beitir sér ávallt fyrir réttindum hinsegin fólks, kynjajafnrétti og réttindum barnsins í fjölþjóðlegu samstarfi. Þessir þættir vega þungt í allri þróunarsamvinnu Íslands og varða áfram veginn í því forystuhlutverki sem okkur verður falið á vettvangi Evrópuráðsins og annarra alþjóðastofnana.

Það verður ekki of oft sagt að fámenn herlaus ríki eins og Ísland eiga mikið undir því að alþjóðalög séu virt og að áfram ríki fjölþjóðleg sátt um þau gildi sem okkur eru kærust. Til að auka áhrif Íslands innan alþjóðastofnana hefur verið lögð áhersla á að fjölga íslensku starfsfólki á vettvangi þeirra. Á næstunni verða auglýstar ungliðastöður hjá þremur alþjóðastofnunum og bæta verkferla og stuðning við íslenska sérfræðinga sem leitast eftir að starfa á þessum vettvangi.

Úr vörn í sókn – samstarf atvinnulífs og stjórnvalda í þróunarsamvinnu

Ég hef lagt á það áherslu að eitt helsta verkefni stjórnvalda á tímum kórónuveirunnar sé að takmarka áhrif heimsfaraldursins eins og kostur er fyrir almenning og efnahagslíf og leita um leið tækifæra fyrir land og þjóð. Utanríkisþjónustan hefur kappkostað að aðstoða viðskiptalíf við að mæta þeim fjölmörgu áskorunum sem fylgt hafa faraldrinum. Vorið 2020 skipaði ég starfshóp til þess að móta tillögur að því hvernig utanríkisþjónustan geti betur stutt við atvinnulíf vegna efnahagslegra afleiðinga farsóttarinnar. Á grundvelli skýrslu starfshópsins, *Saman á útivelli*, var sérstök viðskiptavakt sett á laggirnar í október 2020. Komi upp brýn vandamál tengd viðskiptum sem kalla á aðkomu stjórnvalda er hægt að komast í samband við starfsfólk utanríkisþjónustunnar hvenær sem er sólarhringsins árið

um kring. Viðskiptavaktin er byggð á vel heppnaðri fyrirmynd borgarþjónustunnar og er dæmi um hvernig stjórnsýslan getur lagað sig að breyttum aðstæðum til hagsbóta fyrir íslensk fyrirtæki og einstaklinga.

Annað dæmi um hvernig vörn hefur verið snúið í sókn er þjónustuborð atvinnulífsins, Heimstorg, sem sett var á fót í samstarfi utanríkisráðuneytisins og Íslandsstofu og tók formlega til starfa í mars síðastliðnum. Íslandsstofa hefur umsjón með rekstri þjónustuborðsins en í baklandi þess eru sérfræðingar utanríkisráðuneytisins um atvinnulíf og þróunarsamvinnu, viðskiptaþjónustu, Uppbyggingarsjóð EES, auk annarra alþjóðlegra samstarfssjóða sem íslensk fyrirtæki hafa aðgang að. Heimstorg á að brúa bilið milli atvinnulífs og stjórnvalda. Þannig er hlutverk þess að miðla upplýsingum til íslenskra fyrirtækja um möguleika á stuðningi við atvinnuþróunarverkefni í þróunarlöndum og víðar. Tækifæri fyrir fyrirtæki felast meðal annars í útboðum Alþjóðabankans og annarra alþjóðastofnana og styrkjum hjá Samstarfssjóði við atvinnulíf um heimsmarkmiðin og Uppbyggingarsjóði EES.

Þá má einnig nefna að Samstarfssjóður atvinnulífs um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er kominn á fullan skrið. Sjóðurinn styrkir starfsemi íslenskra fyrirtækja í þróunarríkjum sem stuðla að hagsæld í anda heimsmarkmiðs númer átta um mannsæmandi atvinnu og sjálfbæran hagvöxt. Með Samstarfssjóði atvinnulífsins er undirstrikað að aðkoma einkaaðila að þróunarsamvinnu er ekki bara æskileg heldur nauðsynleg forsenda þess að slík samvinna beri tilætlaðan árangur.

Lífskjör Íslendinga byggjast á frjálsum vöru- og þjónustuviðskiptum

Við göngum nú í gegnum tímabundnar þrengingar í efnahagsmálum sem rekja má til afleiðinga heimsfaraldursins. Eina leiðin út úr þeim þrengingum er aukin verðmætasköpun og aukin útflutningsverðmæti. Fyrir þjóð sem á allt sitt undir farsælum utanríkisviðskiptum skiptir öllu að tryggja íslenskum fyrirtækjum bestu mögulegu viðskiptakjör og sem greiðastan aðgang að alþjóðamörkuðum. Árið 2020 var hálf öld liðin frá því að Ísland gekk í EFTA og sextíu ár frá því að stofnunin var sett á fót. Aðild Íslands að EFTA er ein af grunnstoðum utanríkisviðskiptastefnu Íslands og hefur átt mikilvægan þátt í að tryggja hagsæld hér á landi. Í krafti aðildar sinnar að EFTA hefur Ísland gert 29 samninga við 40 ríki og landsvæði. Með því að standa utan við Evrópusambandið nýtur Ísland viðskiptafrelsis og getur gert sína eigin fríverslunarsamninga, annað hvort upp á eigin spýtur eða í samfloti með öðrum ríkjum. Þannig var Ísland fyrst Evrópuríkja til að gera fríverslunarsamning við Kína. Fríverslunarsamningar sem Ísland hefur gert ná nú til 74 landa sem alls telja tæplega 2,9 milljarða manna, eða rúmlega þriðjung mannkyns.

Bandaríkin eru áfram stærsta einstaka viðskiptaland Íslands, hvort sem horft er til vöru- og þjónustuviðskipta eða beinna fjárfestinga á Íslandi. Ég hef lagt sérstaka áherslu á að rækta viðskiptasamband ríkjanna. Unnið er að auknu viðskiptafrelsi milli ríkjanna, meðal annars með samráði við utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna og embætti viðskiptafulltrúa Bandaríkjaforseta. Heimsfaraldurinn hefur vissulega sett strik í reikninginn en undanfarið hafa efnahags- og viðskiptamál milli ríkjanna verið rædd með formlegum hætti á breiðum grundvelli með það að markmiði að undirbúa jarðveginn fyrir mögulegar fríverslunarviðræður í náinni framtíð.

Viðskipti við ríki Evrópusambandsins fara áfram fram á grundvelli EES-samningsins. Fyrir tveimur árum var sú breyting gerð á skýrslugjöf til Alþingis að um EES-samninginn er fjallað í sérstakri skýrslu til þingsins og því ekki til umfjöllunar í skýrslu þessari. Ég tel að þessi breyting hafi verið til bóta og hafi þegar skilað sér í gagnlegri umræðu um þá hagsmuni sem Íslendingar hafa af góðum rekstri samningsins.

Á eftir Bandaríkjunum er Bretland næstmikilvægasta einstaka viðskiptaland Íslands. Bretland gekk formlega úr Evrópusambandinu 31. janúar 2020 eftir að meirihluti breskra kjósenda reyndist fylgjandi útgöngu í þjóðaratkvæðagreiðslu 23. júní 2016. Þar sem Bretland

gekk úr ESB á grundvelli útgöngusamnings gilti aðlögunartímabil frá útgöngudegi til ársloka 2020. Bráðabirgðafríverslunarsamningur Íslands og Noregs við Bretland gekk í gildi 1. janúar 2021. Meginmarkmið hans er að viðhalda núverandi tollkjörum í vöruviðskiptum milli ríkjanna á grundvelli EES-samningsins og annarra tengdra viðskiptasamninga. Samningnum er ætlað að brúa bilið uns nýr viðtækur fríverslunarsamningur á milli ríkjanna kemst á. Unnið er að því að ljúka viðræðum EFTA-ríkjanna innan EES við Bretland um fríverslunarsamning eins fljótt og auðið er. Á flestum sviðum er samhljómur milli samningsaðila og öll ríkin virðast tilbúin til að leggja hart að sér til að ná samningum sem fyrst. Viðskiptasamband Íslands og Bretlands hefur hingað til verið byggt á EES-samningnum en útganga Bretlands úr ESB, og þar með EES-samningnum, gerir að verkum að viðræður ESB og Bretlands hafa haft óbein áhrif á viðræður Íslands og Bretlands. Ljóst er að framtíðarsamningur við Bretland er afar mikilvægur fyrir íslenska útflutningshagsmuni og því skiptir miklu máli að vel takist til.

Áskoranir í öryggismálum

Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland er það leiðarljós sem starfað er eftir í varnar- og öryggismálum. Þar kemur fram að grundvallarforsenda stefnunnar sé staða Íslands sem fámennrar eyþjóðar sem hvorki hafi burði né vilja til að ráða yfir her og tryggi öryggi sitt og varnir með virkri samvinnu við önnur ríki og innan alþjóðastofnana. Hornsteinar öryggis og varna Íslands eru annars vegar aðildin að Atlantshafsbandalaginu, þar sem Ísland var í hópi tólf stofnríkja árið 1949, og hins vegar varnarsamningurinn við Bandaríkin frá árinu 1951.

Ísland fer ekki varhluta af þeim breytingum sem hafa orðið í öryggismálum á heimsvísu á undanförmum árum. Það einkennist af auknum óstöðugleika, ófyrirsjáanleika og spennu í alþjóðasamstarfi. Við þessar aðstæður hefur varnarviðbúnaðurinn á Íslandi aukið vægi vegna legu landsins í Norður-Atlantshafi. Fjölpáttaógnir skipa einnig aukinn sess í öryggisumhverfinu og samráð vestrænna ríkja um hvernig bregðast skuli við breyttum aðstæðum í öryggismálum.

Viðbrögð Íslands við breyttu öryggisumhverfi felast meðal annars í að tryggja viðbúnað og gistiríkjastuðning við liðssveitir Bandaríkjanna og annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins sem hafa viðkomu á öryggissvæðunum en líka aukinni þátttöku í samstöðuverkefnum bandalagsins, til dæmis með því að senda íslenska sérfræðinga til starfa á vettvangi. Þá fela viðbrögðin einnig í sér þéttara samráð á alþjóðavettvangi í hópi bandalags- og samstarfsríkja og ráðstafanir gegn fjölpáttaógnum, en í utanríkisráðuneytinu hefur verið sett á fót ný deild um þetta málefni. Með því er lögð áhersla á uppbyggingu varna og styrkingu innviða sem hluta af þjóðaröryggi og öryggis- og varnarskuldbindingum Íslands. Með sterkari innviði og varnir, viðbragðsgetu og viðnámsþol samhliða skýrri stefnumótun verður Ísland í stakk búið til að takast á við þá samtímaógn sem fjölpáttaógnir eru.

Framlag Íslands á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og í tvíhliða varnarsamstarfi við Bandaríkin felst fyrst og fremst í þátttöku í loftrýmiseftirliti, loftrýmisgæslu og æfingum bandalagsins og bandalagsríkja, gistiríkjastuðningi og í því að tryggja öruggan rekstur varnarmannvirkja og búnaðar. Ísland sinnir rekstri og viðhaldi þeirra 140 varnarmannvirkja sem er að finna á skilgreindum öryggissvæðum. Viðhald og rekstur varnarmannvirkja og búnaðar er grundvallarþáttur í þjóðaröryggisstefnu Íslands þar sem kveðið er skýrt á um að tryggt sé að í landinu séu til staðar varnarmannvirki, búnaður, geta og sérfræðipækking til að mæta þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir í öryggis- og varnarmálum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Helstu einstöku viðhalds- og endurbótaverkefni sem ráðist hefur verið í að undanförmu eru breytingar og endurbætur á flugskýli 831 á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Áætlað er að endurbótum verði lokið fyrir árslok 2021. Bygging þvottastöðvar fyrir flugvélar stendur yfir og ráðgert að ljúki um mitt ár. Ráðist hefur

verið í viðhald og endurbætur á flugbrautum, flughlöðum, akstursbrautum og ljósakerfi innan og utan öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli. Verið er að hefja vinnu við stækkun og byggingu flughlaðs fyrir flugvélar með hættulegan farm og undirstaðna fyrir tímabundna gámabyggð. Verkefni þessi eru að mestu leyti kostuð af Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum.

Skýrsla þessi er sú síðasta sem ég gef Alþingi um íslensk utanríkismál á þessu kjörtímabili. Þessi tími hefur einkennst af sviptingum, bæði í íslensku samfélagi og á alþjóðavettvangi, ekki síst undanfarið ár sem fordæmalaus heimsfaraldur hefur varpað skugga sínum yfir. Utanríkisþjónustan hefur lagað vel sig að þessum breyttu tímum, bæði hvað einstök málefnasvið varðar en líka með tilliti til rekstrar og skipulags. Ég er stoltur af þeim árangri sem við höfum náð við að styðja við íslenskt atvinnulíf og gæta hagsmuna borgaranna. Framtíðin er björt.

VERKEFNI UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR Í ÁTTA MYNDUM

Samráð við Alþingi, 1. apríl 2020 til 1. apríl 2021

24



Fulltrúar utanríkisráðuneytisins kynntu mál undir 24 dagskrárliðum á 19 fundum utanríkismálanefndar.

6



Utanríkisráðherra kynnti 6 mál á fundum utanríkismálanefndar.

32



25 minnisblöðum skilað til utanríkismálanefndar og sjö samantektum, þar af fimm vegna COVID-19.

19



Nítján skriflegar þingfyrirspurnir til utanríkisráðherra.

Norrænt samstarf á árinu 2020

30



Fundir ráðherra með starfssystkinum sínum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum voru alls 30 árið 2020, þar af 24 fjarfundir.

10




Norrænir utanríkisráðherrafundir voru tíu, þar af níu fjarfundir.

8



Fundir norrænu utanríkisráðherranna með starfssystkinum sínum frá Eystrasaltsríkjum voru átta, þar af sjö fjarfundir.

8 + 4



Tvíhliða fjarfundir voru átta og tvíhliða heimsóknir fjórar. Ráðherra sótti heim Lettland, Eistland og Danmörku og tók á móti færeyskum starfsbróður sínum í júní.

Viðskiptasamningar

74



Fríverslunarsamningar við samtals 74 ríki og landsvæði, þar af tveir sem bjóða gildistöku. Auk þess bjóður einn undirritunar.

100+



Loftferðasamningar og viljayfirlýsingar sem heimila flug til rúmlega 100 landa, þar af sjö samningar undirritaðir 2018-2020.

10



Ísland hefur gert tvíhliða fjárfestingasamninga við 10 ríki auk annarra samninga sem taka til fjárfestinga.

45



Tvísköttunarsamningar við samtals 45 ríki eru komnir til framkvæmda, þ.m.t. samningur við Japan frá 2018.

Borgarþjónusta 2020

9.000+



Rúmlega níu þúsund beiðnir um aðstoð bárust sendiráðum og ráðuneyti. Samanborið við 679 árið 2019.

2.000+



Vegna COVID-19 voru rúmlega tvö þúsund líprunarbréf gefin út til staðfestingar á heimild til að koma til landsins.

1.170



Vegabréfaumsóknir voru 1.170 talsins árið 2020 og 335 neyðarvegabréf voru gefin út.

74.000+



Rúmlega 74 þúsund heimsóknir á ferðaráðsvef utanríkisráðuneytisins vegna COVID-19 frá opnun í marsmánuði 2020.

Fjölbjóðleg þróunarsamvinna 2020



Ísland á aðalfulltrúa í stjórn Alþjóðabankans fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkja 2019-2021.

863 milljónir kr.



Árið 2020 veittu íslensk stjórnvöld **863 milljónum króna** til mannúðaraðstoðar í samstarfi við ýmsar stofnanir.

5 sérfræðingar



Árið 2020 sendi Ísland **fimm sérfræðinga** á sviði mannúðar til starfa á vettvangi hjá WFP, UNRWA, UN Women og UNFPA.



Tvívegis var mannúðarákalli Sameinuðu þjóðanna vegna COVID-19 svarað með framlögum til WHO, UNHCR, UNFPA og WFP.

Tvíhliða þróunarsamvinna 2020



Skólasókn barna í Mangochi í Malaví jókst um 20% á tímabilinu 2017-2020, stúlkum fjölgaði um 21% og brottfall þeirra minnkaði.

7.000



Skólamáltíðaverkefni WFP í sex skólum í Mangochi tryggir **tæplega sjö þúsund** grunnskólabörnum heita máltíð daglega.

43.000



Ísland og UNICEF vinna að uppbyggingu vatns- og salernismála í flóttamannabyggðum í norðvesturhluta Úganda. Áætlað er að ríflega **43 þúsund** manns njóti góðs af verkefninu.



66 þúsund manns í Mangochi í Malaví veitt aðgangur að hreinu vatni og **62 þúsund** manns í Buikwe í Úganda.

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins (NATO) 2020

9



Ísland sá NATO fyrir **njú borgaralegum sérfræðingum** árið 2020 sem störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni.



Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Ratsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi.

140



Rekstur og umsjón með **140 varnarmannvirkjum** NATO á Íslandi.

55.000+



Gistiríkjastuðningur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Rúmlega **55 þúsund gistinætur** erlends liðsafla árið 2020.

Fundir ráðherra, 1. apríl 2020 til 1. apríl 2021

48



48 tvíhliða fundir með ráðherrum og leiðtogum ríkja, þ.m.t. ESB.

62



62 utanríkis-, þróunarsamvinnu-, varnarmálaráðherra- og leiðtogafundir í alþjóðasamstarfi.

6



Sex fundir með forsvarsmönnum alþjóðastofnana.

I. TVÍHLIÐA SAMSTARF OG SVÆDISBUNDIN MÁLEFNI

1. NORRÆNT SAMSTARF

1.1. Almennt


Gildi norræns samstarfs er ótvírætt og á tímum yfirstandandi heimsfaraldurs hefur það sýnt sig svo um munar. Það heldur áfram að vera einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands þar sem norrænu ríkin fimm, Danmörk, Finnland, Noregur, Ísland og Svíþjóð, og sjálfstjórnarlöndin Þrjú, Grænland, Færeyjar og Álandseyjar, vinna saman og standa vörð um sameiginlega hagsmuni og gildismat.

Færa má rök fyrir því að mikilvægi samvinnunnar hafi aukist á undanförunum misserum og árum. Löndin hafa í auknum mæli tekið upp mál eins og loftslagsmál, varnarmál og utanríkispolítísk mál. Það má til dæmis sjá í eflingu samstarfs Norðurlandanna á sviði öryggis- og varnarmála (NORDEFCO) og skýrslu Björns Bjarnasonar, fyrrverandi ráðherra, um dýpkun norræns samstarfs á sviði utanríkis- og öryggismála.

Mikilvægt er að Norðurlöndin standi saman og tali einni röddu á alþjóðavettvangi, ekki síst vegna þess að sameiginleg grundvallargildi og hagsmunir landanna, til dæmis lýðræði, loftslagsmál, mannréttindi og jafnrétti, eiga undir högg að sækja. Með samstarfi sínu hafa ríkin eftt hvert annað og sem heild eru þau sterkari en hvert fyrir sig. Norrænt samstarf hefur löngum notið mikils stuðnings meðal landsmanna en í könnun sem gerð var í mars 2020 kom fram að 91,3% eru jákvæð gagnvart virkri þátttöku Íslands í norrænu samstarfi.

Norðurlöndin verða í sameiningu að vinna að því að halda gildisauka samstarfsins á lofti og tryggja að hann skili sér til borgaranna sem merki þess að samstarfið hafi jákvæð áhrif. Þó svo að yfirstandandi heimsfaraldur hafi haft áskoranir í för með sér er mikilvægt að horfa á heildar-ávinninginn af samstarfinu og þá möguleika sem í því felast til frambúðar. Líklega hefur þó gildi þess sjaldan komið betur í ljós en í COVID-19 faraldrinum þar sem samráð og samvinna við þessar nánustu vinaþjóðir okkar hefur líklega aldrei verið jafn náð. Við þessar aðstæður er mikilvægt fyrir Íslendinga að hafa trausta fótfestu og þar skiptir norrænt samstarf og samvinna Norðurlanda (N5) og Eystrasaltsríkja (NB8) miklu máli.

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart því að Ísland taki virkan þátt í **norrænu samstarfi**?*




*Heildarfjöldi svarenda: 925, 66 svöruðu ekki. Heimild: Maskína (mars, 2020).

1.2. Samstarf norrænna utanríkisráðherra (N5) og með Eystrasaltsríkjunum (NB8)

Löndin fimm skiptast á að fara með formennsku í samstarfi norrænna utanríkisráðherra (N5) og utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8) og fór Ísland síðast með formennsku árið 2019. Eftir að hafa skipt við Svíþjóð um formennsku í Norrænu ráðherranefndinni mun Ísland taka við formennsku ári fyrr (2023) en Svíþjóð ári síðar (2024). Ísland verður næst með samræmingarhlutverk í N5-samstarfinu árið 2023, sem fylgir formennsku í ráðherranefndinni. Árið 2020 fóru Danir með formennsku í N5-samstarfinu og Eistar í NB8. Finnar veita svo bæði N5- og NB8-samstarfinu formennsku á yfirstandandi ári.

Óhætt er að segja heimsfaraldurinn hafi sett mark sitt á samstarf utanríkisráðherra Norðurlanda á síðasta ári þar sem samvinna og fjöldi funda hefur aldrei verið meiri. Alls funduðu utanríkisráðherrar ríkjanna tíu sinnum og þar af voru stafrænir fundir níu. Þá hittust þeir með starfssystkinum sínum frá Eystrasaltsríkjunum á átta fundum, þar af sjö fjarfundir. Tvíhliða fjarfundir voru átta og tvíhliða heimsóknir fjórar, þar sem ráðherra sótti heim Lettland og Eistland í febrúar og utanríkisráðherra Færeyja kom í heimsókn til Íslands í júnílok. Jafnframt átti ráðherra tvíhliða fund með Jeppe Kofod, utanríkisráðherra Danmerkur í september, samhliða fundi norrænna utanríkisráðherra á Borgundarhólmi. Alls voru þessir fundir 30 talsins og þar af 24 fjarfundir. Þessi tölfræði varpar ekki bara ljósi á virkni samskiptanna heldur líka hversu stór hluti af utanríkisamskiptum Íslands samvinnan á þessum vettvangi er orðin.

Norrænt samstarf á árinu 2020



Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra flutti sameiginlegt ávarp Norðurlandanna á sérstökum fundi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um málefni Belarús sem fór fram 4. september og haldinn var vegna forsetakosninga þar í landi 9. ágúst. Fundurinn var haldinn að frumkvæði Eista sem nú eiga sæti í ráðinu. Þar fordæmdi ráðherra meðal annars óréttmætar handtökur og ofbeldi stjórnvalda gegn friðsömum mótmælendum. Einnig funduðu utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) tvisvar í ágústmánuði þar sem þeir lýstu yfir miklum áhyggjum af ástandinu í Belarús og skoruðu á stjórnvöld í Minsk að virða frelsi og mannréttindi.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherrar Norðurlanda birtu sameiginlega yfirlýsingu 11. september þar sem þeir vörðu meðal annars við því að heimsfaraldurinn gæti haft þau áhrif að sameiginleg grundvallargildi og hagsmunir ríkjanna, svo sem lýðræði, loftslagsmál, mannréttindi og jafnrétti, ættu enn frekar undir högg að sækja. Virðing fyrir mannréttindum og lýðræði væru lykillinn að því að enginn yrði út undan í baráttunni gegn COVID-19.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda funduðu á Borgundarhólmi 17. september 2020 þar sem Björn Bjarnason, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, kynnti skýrslu sína sem út kom í júlíbyrjun um norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála. Ráðherrarnir sammæltust um að skoða tillögur úr öllum þremur köflum hennar sem fjalla um loftslagsmál, fjölþáttaógnir og fjölþjóðakerfið í því augnamiði að koma þeim í framkvæmd. Skýrsla Björns verður þýðingarmikið innlegg í samstarf Norðurlandanna í þessum mikilvæga málaflokki um fyrirsjáanlega framtíð.

Samband Norðurlanda og Eystrasaltsríkja er náið og miklir möguleikar til að efla það enn frekar. Eistland leiddi samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8) á síðasta ári. Eistar lögðu áherslu á þau tækifæri sem liggja á sviði gagnaskipta, rafrænna lausna og netöryggis. Reynsla Eistlands af stafrænni stjórnsýslu sýnir hvernig snjallar tæknilegar úrlausnir geta örvað

hagvöxt og einfaldað viðskipti. Auk stafræns samstarfs lögðu Eistar meðal annars áherslu á svæðisbundið samstarf um öryggismál og samstarfið yfir Atlantshafið. Á árinu 2020 var þess einnig minnst að þá voru liðin 30 ár frá stofnun NB8-samstarfsins en fyrsti fundur utanríkisráðherra NB8-rikkanna var haldinn í Kaupmannahöfn í desember 1990.

Þrátt fyrir fordæmalausan heimsfaraldur, sem einnig varð forgangsverkefni í N5- og NB8-samstarfinu, tókst ekki aðeins að halda samstarfinu áfram heldur einnig að styrkja það með reglulegum fjarfundum. Þó að áskoranir tengdar COVID-19 hafi vissulega sett mark sitt á fyrirhugaða dagskrá ársins kom mikilvægi og gagnsemi þessa samstarfs enn og aftur í ljós. Regluleg upplýsingaskipti í tengslum við faraldurinn áttu sér stað, svo sem varðandi faraldsfræðilegar aðstæður og ferðatakmarkanir. Þá reyndist náíð samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, einkum varðandi heimflutning á ríkisborgurum um víða veröld, Íslendingum mjög mikilvægt.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8), sem haldinn var 18. desember, bar hæst umræðu um þróun mála á alþjóðavettvangi og í Evrópu og aukið mikilvægi tengslanna yfir Atlantshafið. Einnig var rætt um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og stöðu mála í tengslum við faraldurinn. Í því samhengi víðraði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hugmyndir um hvernig stuðla mætti að auknum fjölda fjarfunda á alþjóðavettvangi enda auðvelda þeir reglulegt samtal og draga úr kostnaði og kolefnisfótspori. Því væri einsýnt að halda þessu fyrirkomulagi að verulegu leyti þegar faraldurinn linnir.

Þann 3. júní 2020 fór fram í áttunda sinn árlegur fundur Norðurlanda, Eystrasaltsríkja og Visegrad-rikkanna en síðastnefnda ríkjahópin myndu Pólland, Tékkland, Slóvakía og Ungverjaland. Þar voru til umfjöllunar afleiðingar heimsfaraldursins, efnahagsmál og þróun þeirra í Evrópu. Í ávarpi sínu lagði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra meðal annars áherslu á mikilvægi þess að á yfirstandandi samdráttarskeiði yrði staðinn vörður um grunngildi eins og mannréttindi, lýðræði, réttarríkið og frjáls viðskipti, sem og friðhelgi yfirráðasvæðis.

Tvíhliða samstarf við Færeyjar og Grænland var einnig með ágætum á árinu sem leið. Utanríkisráðherra Færeyja, Jenis av Rana, kom í heimsókn til Íslands og fundaði með utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, í lok júní. Þar áréttuðu ráðherrarnir gagnkvæman ávinning landanna af Hoyvíkursamningnum og lýstu yfir að áfram verði unnið að því að efla viðskipti landanna á grundvelli samningsins. Þá ræddu þeir einnig um hvernig efla mætti samstarfið á öðrum sviðum, eins og menntamálum, en færeyski ráðherrann fundaði einnig í þessari heimsókn sinni með mennta- og menningarmálaráðherra um samstarf landanna á því sviði. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fór svo til Færeyja 23. október síðastliðinn þar sem þeir færeyski utanríkisráðherrann ræddu meðal annars framkvæmd Hoyvíkursamningsins og efnahagsleg áhrif COVID-19.

Þá átti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fund með starfsbróður sínum á Grænlandi þann 18. júní þar sem þeir ræddu stöðu mála vegna COVID-19 faraldursins. Í janúar 2021 skilaði Grænlandsnefnd utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skýrslu með tillögum um aukið samstarf Grænlands og Íslands. Nánar er gerð grein fyrir skýrslunni í kafla 2.2.


2. NORÐURSLÓÐIR

2.1. Almenn

Málefni norðurslóða eru áhersluatriði í íslenskri utanríkisstefnu, eins og áréttað er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Augu umheimsins hafa í vaxandi mæli beinst að norðurslóðum, ekki síst vegna örra umhverfisbreytinga af völdum hlýnunar loftslags. Ísland hefur jafnframt gegnt veigamiklu hlutverki í alþjóðlegu samstarfi um málefni svæðisins undanfarin tvö ár með formennsku í Norðurskautsráðinu. Í ljósi þessa setti utanríkis- og

Þróunarsamvinnuráðherra af stað vinnu við endurskoðun á stefnu Íslands í málefnum norðurslóða sem samþykkt hafði verið með þingsályktun vorið 2011 (337. mál, þskj. 1148). Þingmannanefnd sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka skilaði ráðherra tillögum þar að lútandi í mars síðastliðnum. Í tillögum nefndarinnar er meðal annars fjallað um stöðu Íslands sem norðurslóðaríkis, viðtæk áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum, breytt landslag öryggismála og velferð þeirra fjögurra milljóna manna sem búa á svæðinu. Áformað er að afgreiða á vorþingi tillögu til þingsályktunar um nýja norðurslóðastefnu sem byggist á tillögum nefndarinnar.

Norðurslóðir



Kort: Landmælingar Íslands

2.2. Skýrsla Grænlandsnefndar

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skipaði í apríl 2019 Grænlandsnefnd til að gera tillögur um aukið samstarf Grænlands og Íslands. Formaður nefndarinnar var Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, en aðrir fulltrúar voru þau Unnur Brá Konráðsdóttir og Óttarr Guðlaugsson.

Grænlandsnefnd forgangsraðaði tíu tillögum til stefnumörkunar í skýrslu sinni sem ber heitið *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum* og kom út 21. janúar síðastliðinn. Nefndin leggur til að Grænland og Ísland geri með sér rammasamning um samstarfssvið í framtíðinni og að lögð verði fram þingsályktunartillaga á vorþingi þar sem lýst er vilja og markmiðum Íslands um aukið samstarf landanna.

Grænlandsskýrslan er umfangsmesta úttekt sem hefur verið gerð á samskiptum landanna og þar er skoðað heildstætt hvernig megi efla samskiptin við Grænland. Samtals eru tillögur

nefndarinnar 99 talsins og fjalla þær um möguleika á auknu samstarfi stjórnvalda, sveitarfélaga og stofnana, einkageirans, frjálsra félagasamtaka og félaga á sviði íþróttar, lista og menningar.

Að baki tillögum nefndarinnar liggur umfangsmikil og ítarleg greining á stöðu tvíhliða samskipta landanna. Lagt var mat á breytta stöðu þeirra vegna aukins áhuga stórveldanna á norðurslóðum. Einnig er gerð viðamikil úttekt á helstu atvinnugreinum, svo sem sjávarútvegi, ferðaþjónustu og námavinnslu. Í skýrslunni er fjallað um land og samfélag, stjórnskipulag og stjórnsmál í Grænlandi, innviði í uppbyggingu, meðal annars umtalsverða uppbyggingu flugsamgangna og sjóflutninga. Þá er sérstaklega fjallað um Austur-Grænland og þau sérstöku viðfangsefni sem þar er við að etja.

Nefndin heimsótti Grænland og hélt fjölmarga fundi með heimamönnum. Einnig fundaði nefndin með miklum fjölda íslenskra fyrirtækja, stofnana og frjálsra félagasamtaka. Tilteknir eru meira en fjörutíu íslenskir samstarfsaðilar í tillögum nefndarinnar, fyrir utan nærri öll ráðuneytin, og hefur utanríkisráðuneytið verið í samskiptum við marga þeirra eftir útgáfu skýrslunnar.


Löndin eiga nú þegar mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta, svo sem á sviði sjávarútvegs, flugþjónustu, flugumferðar, ferðaþjónustu, umhverfismála, leitar og björgunar og málefna norðurslóða. Aukin samvinna um heilbrigðismál, menntamál og stoðþjónustu við námavinnslu gætu orðið mikilvæg samstarfssvið í framtíðinni. Á alþjóðavettvangi eiga löndin þegar í auknu samstarfi þar sem norræna og vestnorræna samvinnu ber hæst en einnig innan Norðurskautsráðsins.

Mikilvægt er að hefja sem fyrst samvinnu um útfærslu á framkvæmd tillagna nefndarinnar með grænenskum stjórnvöldum. Stærsta skrefið þar að lútandi er fyrirhugaður rammasamningur milli landanna, þar sem lýst verði markmiðum á tilgreindum samstarfssviðum að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila. Af Íslands hálfu verður lögð áhersla á þá málaflokka og tillögur sem fjallað er um í skýrslu Grænlandsnefndar en gert er ráð fyrir því að samningurinn taki fullt tillit til grænensku sjálfstjórnarlaganna.

2.3. Norðurskautsráðið

Tveggja ára formennskutímabili Íslands í Norðurskautsráðinu lýkur með ráðherrafundi sem haldinn verður í Hörpu í Reykjavík 19.-20. maí næstkomandi. Á fundinum munu ráðherrar samþykkja niðurstöður verkefna sem unnin voru í formennskutíð Íslands og starfsáætlun ráðsins undir komandi formennsku Rússlands. Fundurinn markar 25 ára afmæli Norðurskautsráðsins og væntingar eru um að á honum náist mikilvæg samstaða um félags- og efnahagslega þróun á norðurslóðum byggðri á umhverfisvernd með sérstakri áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum. Vel heppnaður ráðherrafundur Norðurskautsráðsins þykir jafnframt mjög mikilvægur fyrir stöðu alþjóðamála. Undir venjulegum kringumstæðum sækja fundinn í kringum 300 manns. Eðli fundarins og verkefna Norðurskautsráðsins er slíkt að fjarfundur nær ekki að koma í stað persónulegs fundar ráðherranna. Í ljósi yfirstandandi heimsfaraldurs var hins vegar ákveðið að takmarka þátttöku í eigin persónu við ráðherra og frumbyggjaleiðtoga með minnstu mögulegu sendinefndum en öðrum þátttakendum verður boðið að tengjast fundinum rafrænt. Með þessum hætti er gert ráð fyrir að þátttakendur á vettvangi í Reykjavík verði fjórðungur til þriðjungur af því sem annars myndi gerast. Fundurinn verður haldinn í vinnusóttkví og fyllsta öryggis gætt, í nánú samráði við heilbrigðisyfirvöld. Við lok fundarins taka Rússar taka við formennskukeflinu.

Aðildarríki Norðurskautsráðsins




Norðurskautsráðið er sem fyrr mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða og formennska í ráðinu er veigamikil verkefni. Heimsfaraldurinn hefur óhjákvæmilega sett mark sitt á formennskuna og vinnu Norðurskautsráðsins undanfarið rúmt ár en þó hefur tekist með ágætum að laga starfið að breyttum aðstæðum. Fjölmennir fundir embættismannanefndar ráðsins og vinnuhópsins um sjálfbæra þróun, sem hefðu átt að fara fram á Akureyri og Egilsstöðum, voru færðir á fjarfundarform auk ýmissa annarra funda og ráðstefna. Alþjóðleg vísindaráðstefna um plastmengun í hafi, sem íslenska formennskan efndi til og átti upphaflega að fara fram í Reykjavík vorið 2020, var haldin með fjarfundarsniði í mars síðastliðnum.

Samkvæmt formennskuáætlun Íslands hefur áhersla verið lögð á þrjú megin svið: málefni hafsins, loftslagsmál og endurnýjanlega orku og fólk og samfélög á norðurslóðum. Sem dæmi um verkefni á þessum sviðum má nefna sérstaka veffundaröð embættismannanefndarinnar um málefni hafsins. Verkefnum um bláa lífhagkerfið og jafnréttismál á norðurslóðum, sem Ísland hefur leitt innan vinnuhópsins um sjálfbæra þróun, lýkur með útgáfu á skýrslum sem lagðar verða fyrir ráðherrafundinn. Ísland tekur einnig þátt í að leiða verkefni um sjálfbæra orkukosti í afskekktum byggðum á norðurslóðum. Það felur meðal annars í sér vettvangsheimsókn hingað til lands en slíkum ferðum hefur þurft að fresta vegna COVID-19.

Starf Norðurskautsráðsins fer að mestu leyti fram innan sex vinnuhópa ráðsins en samtals hafa starfsáætlanir þeirra talið hátt í hundrað verkefni á formennskutíma Íslands. Framlag vinnuhópanna til aukinnar þekkingar á umhverfi, lífríki og samfélögum á norðurslóðum leggur mikilvægan grundvöll að stefnumótun. Skrifstofur tveggja vinnuhópa eru á Akureyri, annars vegar skrifstofa vinnuhóps um verndun lífríkis (e. Conservation of Arctic Flora and Fauna, CAFF) og hins vegar vinnuhóps um málefni hafsins (e. Protection of Arctic Marine Environment, PAME).

Utánríkisráðuneytið á sem fyrr í góðu samstarfi við önnur ráðuneyti og fjölmarga innlenda aðila á sviði norðurslóðamála, meðal annars í tengslum við verkefni Norðurskautsráðsins og formennskuna. Má þar nefna Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og Alþjóðamálastofnun HÍ, Norðurslóðanet Íslands á Akureyri, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Veðurstofu Íslands, Mátis, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun, Rannís, Jarðhitaskólann og Jafnréttisskólann. Einnig er framhald á samstarfi á sviði norðurslóðafræða við Noreg og Fulbright-stofnunina.

Svæðasamstarf



3. ANNAD SVÆDISBUNDIÐ SAMSTARF

3.1. Eystrasaltsráðið

Í Eystrasaltsráðinu (e. Council of the Baltic Sea States, CBSS) fer fram efnislegt og faglegt samstarf aðildarríkjanna um fjölbreytt málefni á borð við barnavernd, aðgerðir gegn mansali, sjálfbæra þróun, nýsköpun og stjórnmálalegt samstarf. Litháen gegnir nú formennsku í Eystrasaltsráðinu. Í formennskuáætlun Litháens er lögð sérstök áhersla á lýðræði, æskulýðsmál sem og að stuðla að auknum sveigjanleika í starfsemi ráðsins. Ísland hefur innan Eystrasaltsráðsins lagt sérstaka áherslu á málefni barna, lýðræði og jafnréttismál sem og að auka samvinnu ráðsins við aðrar svæðisbundnar stofnanir með áherslu á hagnýta samvinnu og aukið upplýsingastreymi.

3.2. Barentsráðið

Barentsráðið (e. Barents Euro-Arctic Council, BEAC) er samstarfsvettvangur Norðurlandanna, Rússlands og Evrópusambandsins. Noregur gegnir formennsku í

Barentsráðinu til hausts 2021. Á vettvangi ráðsins er hugað að hagnýtu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál á svæðinu, svo sem umhverfismál og ábyrga nýtingu auðlinda, ekki síst með hag frumbyggja að leiðarljósi. Ísland og Danmörk gegna ekki formennsku í ráðinu.

3.3. Norðlæga víddin

Norðlæga víddin (e. Northern Dimension) er samráðsvettvangur Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Rússlands um málefni Norðvestur-Evrópu. Innan Norðlægu víddarinnar eru fjögur meginmálefna svið: lýðheilsa og félagsleg velferð, samgöngur og flutningar, menning og loks umhverfismál, sem telja má þungamiðju samstarfsins. Einnig er rekið viðskiptaráð og upplýsingagátt um málefni víddarinnar. Stýrihópur Norðlægu víddarinnar hélt fund í nóvember 2020. Spenna í samskiptum Rússlands og vestrænna ríkja hafa sett mark sitt á samstarfið undanfarin ár. Af þeim sökum hefur ekki náðst samstaða um að halda ráðherrafund Norðlægu víddarinnar enn sem komið er. Slíkur fundur er fyrirhugaður hér á landi þegar aðstæður leyfa.

4. DEILD TVÍHLIÐA MÁLEFNA

Deild tvíhliða málefna var sett á laggirnar á síðasta ári og er ætlað það hlutverk að vera miðstöð sem styður við starf tvíhliða sendiráða og heimasendiherra. Í kjölfarið hefur verið gert átak í að efla virkt samráð á milli ráðuneytisins, sendiráða og aðalræðisskrifstofa Íslands með þróaðri samskiptatækni, skýru utanumhaldi og eftirfylgni. Liðsheildin hefur eflst og samlegðaráhrif verið af starfi sendiskrifstofa á tilteknum svæðum. Deildinni hefur verið falin umsjón og framkvæmd ýmissa umbótaverkefna.

Nýtt verklag við starfsáætlanagerð var tekið upp á haustmánuðum og unnu allar sendiskrifstofur áætlanir sínar fyrir árið 2021 samkvæmt því. Leitast var við að einfalda og samræma áætlanagerðina og tryggja samráð við ráðuneytið um forgangsröðun á hverjum stað. Einnig var lögð áhersla á að samræma viðskipta- og menningaráætlanir sendiskrifstofa og áætlanir Íslandsstofu. Nýja kerfið gerir ráð fyrir að sendiskrifstofur tengi megináherslur sínar við markmið í fjármálaáætlun, framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning og aðra stefnumótun íslenskra stjórnvalda, þar með talin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Reynslan af þessu nýja verklagi er góð og verður það þróað áfram á næstu árum.

Deild tvíhliða málefna hefur umsjón með samskiptum við kjöræðismenn Íslands erlendis en þeir nú 212 talsins. Kjöræðismennirnir gegna afar mikilvægu hlutverki í utanríkisþjónustunni, ekki síst í ríkjum þar sem Ísland rekur ekki sendiráð. Þeir vinna óeigingjarnt starf, launalaust, við að aðstoða Íslendinga erlendis og greiða götu íslenskra útflutningsfyrirtækja. Kjöræðismannanetið sannaði gildi sitt í heimflutningsátaki borgaraþjónustunnar þegar heimsfaraldurinn skall á en þá kom jafnframt í ljós að þetta þurfti netið á vissum stöðum í heiminum. Í kjölfarið hefur verið unnið að því að kortleggja hvar þörfin fyrir nýja ræðismenn er brýnust, meðal annars með tilliti til borgaraþjónustu og útflutningshagsmuna. Nú þegar er búið að finna 26 ný kjöræðismannsefni í Afríku, Suður- og Norður-Ameríku, Evrópu og Asíu, og standa vonir til þess að hægt verði að skipa sem flesta þeirra áður en langt um líður.


Umsjón með menningarmálum fluttist til deildarinnar í haust samhliða því að tekið var upp nýtt verklag í starfsáætlanagerð. Eins og gefur að skilja féllu flestir menningarviðburðir sem verið höfðu á áætlunum sendiskrifstofanna niður vegna samkomutakmarkana. Unnið hefur verið ötullega að því að finna nýjar leiðir til að koma íslenskri menningu og listamönnum á framfæri erlendis, í góðri samvinnu við Íslandsstofu og kynningarmiðstöð íslenskra listgreina. Sendiskrifstofurnar hafa þannig nýtt netið og samfélagsmiðla með markvissum hætti og staðið að rafrænum menningarviðburðum til þess að kynna íslenska tónlist, myndlist, kvikmyndir og bókmenntir. Sem dæmi má nefna rafrænan bókmenntaviðburð sem sendiskrifstofur Íslands í

enskumælandi ríkjum stóðu fyrir í Hörpu í september 2020. Þar átti Eliza Reid forsetafrú samtal við tvo íslenska rithöfunda, þær Kristínu Eiríksdóttur og Þóru Hjörleifsdóttur, og fylgdust þrettán þúsund manns um allan heim með streyminu.

Í deildinni starfa sjö heimasendiherrar sem fara með fyrirvar gagnvart ákveðnum ríkjum auk þess sem þeir sinna sérverkefnum og koma að mikilvægum málaflokkum svo sem afvopnunarmálum, jafnréttismálum, jarðhitamálum og nýsköpun. Sérstaklega má nefna að heimasendiherrar leiða bæði samningaviðræður við Bretland og samningaviðræður um gerð samnings um lofslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbæra þróun. Þá er fyrirvar í málefnum Uppbyggingarsjóðs EES innan deildar tvíhliða málefna.

Samkvæmt forsetaúrskurði frá 21. júlí 2020 fer utanríkisráðuneytið með fyrirvar gagnvart 94 ríkjum sem Ísland er í stjórnmalasambandi við en teljast ekki til umdæmisríkja sendiráða. Heimasendiherrar fara með fyrirvar gagnvart 27 ríkjum með tilliti til hagsmuna og áherslumála Íslands. Þetta eru Georgía, Austurríki, Grænhöfðaeyjar, Perú, Norður-Makedónía, Bosnia og Herzegovina, Kósovó, Slóvenía, Nýja Sjáland, Singapore, Páfagarður, Ástralía, Malasía, Nicaragua, Djibútí, Sádi-Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Nígería, Ísrael, Namibía, Argentína, Brasilía, Chile, Ungverjaland, Slóvakía, Tékkland og Palestína. Önnur ríki eru vöktuð sérstaklega.

Umdæmisríki heimasendiherra



Heimasendiherrar vinna saman sem þétt liðsheild og þverlægt innan utanríkisráðuneytisins og Stjórnarráðsins. Mikil áhersla er lögð á að greiða fyrir nýjum viðskiptatækifærum í góðri samvinnu við Íslandsstofu og atvinnulífið. Erlendis starfa þeir náið með kjöræðismönnum Íslands og norrænu sendiráðunum á hverjum stað.

Af áherslumálum heimasendiherra má nefna að skapa tækifæri fyrir aukin viðskipti við Tékkland, Slóvakíu og Ungverjaland á sviði nýsköpunar, umhverfislausna, heilbrigðismála og lækningatækja og fjölbættar notkunar jarðvarma. Í samskiptunum við Austurríki er lögð áhersla á aukna ferðapjónustu, menningarmál og pólitísk samskipti. Hvað Slóveníu varðar hefur átt sér stað gott samstarf á sviði jafnréttismála, sem á liðnu ári hefur verið eitt af áherslumálum Uppbyggingarsjóðsins auk pólitískra samskipta. Náið samráð hefur verið við bæði Slóveníu og Nýja-Sjáland hvað varðar aðgerðir og úrlausnarefni vegna heimsfaraldursins. Með væntanlegum fríverslunarsamningi EFTA og MERCOSUR gætu skapast forsendur fyrir eflingu viðskiptatengsla við Brasilíu og Argentínu auk Chile þar sem slíkur samningur er þegar

í gildi. Mikilvægi þess að verja hefðbundna markaði eins og í Nígeríu hefur vaxið undir krefjandi kringumstæðum vegna veirufaraldursins. Önnur ríki á borð við Sádi-Arabíu og Djibútí, sem liggja á flekaskilum, og Sameinuðu arabísku furstadæmin búa yfir jarðvarmaauðlindum. Sama gildir um Nicaragua. Í framangreindum ríkjum liggja tækifæri til samstarfs um nýtingu jarðhita, bæði háhita og lághita. Þá hefur öflugt samstarf átt sér stað milli Norðurlandanna í Singapore, Ástralíu og Malasíu, meðal annars í tengslum við Norræna nýsköpunarsetrið í Singapore og víðar.

Samstarf deildarinnar, heimasendiherra og sendiskrifstofa við Íslandsstofu og kynningarmiðstöðvar íslenskra listgreina hefur þegar borið ríkulegan ávöxt í þágu viðskiptalífs og útflutningshagsmuna.

II. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF OG ÞRÓUNARSAMVINNA

Alþjóðakerfi byggt á almennum reglum sem breið sátt ríkir um skiptir smáríki höfuðmáli í alþjóðasamskiptum. Íslendingar eru almennt hlynntir alþjóðasamstarfi og hafa margsynt að þeir geta látið rödd sína heyrast, eins og málflutningur Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna og víðar ber vitni um.

Virðing fyrir þjóðarétti og fjölþjóðasamvinnu er smáum herlausum ríkjum ómetanleg. Gildi fjölþjóðakerfisins um frið, lýðræði, mannréttindi, kynjajafnrétti og sjálfbæra þróun eiga í vök að verjast víða um heim.

Sameiginlegt keppikefli Norðurlanda er að standa vörð um þessi góðu gildi. Þar á Ísland samleið með fjölda ríkja sem hafa tileinkað sér leikreglur vestræns lýðræðis. Um leið ræktar Ísland samskipti við önnur ríki, nær og fjær, í von um aukinn skilning og sameiginlegar lausnir.

Mannréttindi eru hornsteinn utanríkisstefunnar og þess gætir í öllu starfi hennar. Þau eru rædd í samskiptum við önnur ríki, talað er fyrir þeim í alþjóðastofnunum og í samstarfi við ríki sem eru á sama báti, ekki síst Norðurlöndin.

Ísland lætur sér auðlinda- og umhverfismál miklu varða í alþjóðlegri umræðu og hefur tekist að gera sig gildandi á sviði orkumála, einkum jarðhitanýtingu.

Ísland talar fyrir ábyrgri stefnu í loftslagsmálum og rétti ríkja til að nýta eigin auðlindir með sjálfbærum hætti.

Ísland hefur markað sér skýra stefnu í þróunarsamvinnu og einbeitt sér að styrkleikum sínum til að nýta kraftana eins og best verður á kosið. Þannig tekst betur, með liðsinni félagasamtaka og fyrirtækja, að leggja fátækum þjóðum lið í atvinnustarfsemi og almennri uppbyggingu innviða, sem er grundvöllur hagsældar alls staðar.

Fyrir þetta hlaut Ísland lofsamleg ummæli í niðurstöðum úttektar þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) sem kom út skömmu fyrir áramót. Þar er sérstaklega tekið fram að Ísland hafi margt fram að færa í baráttunni gegn fátækt, einkum í orkumálum, fiskveiðum og jafnréttismálum. DAC undirstrikaði líka að reynslumikið og vel menntað fólk sem bæst hafi í hópinn og sinni þróunarsamvinnu endurspegli að metnaðarfull áform séu ekki orðin tóm.

GRÓ, þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, hefur starfað í rúmt ár, lengst af í skugga heimsfaraldurs sem hefur sett strik í reikninginn. Öll áform eru þó enn í fullu gildi og skólarnir fjórir, Jafnréttis-, Jarðhita-, Landgræðslu- og Sjávarútvegsskólinn, sem starfa undir hatti GRÓ og UNESCO, hafa allt til reiðu þegar alþjóðasamskipti komast í eðlilegt horf.

Fyrir rúmu ári voru gerðar skipulagsbreytingar til að stilla saman strengi í alþjóðastarfinu og tengja þróunarsamvinnu starfinu í fastanefndum og alþjóðastofnunum. Þessu tengjast heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en andi þeirra svífur yfir vötnunum í allri þróunarsamvinnu.

Staða Íslands á völdum mannréttindavísium

Global Gender Gap 2021 - World Economic Forum	1.
Global Peace Index 2020	1.
Freedom House - Freedom on the net 2020	1.
KidsRights Index 2020	1.
Women, Business and the Law 2021 Index	1.-10.
The Economist - Glass-ceiling Index	2.
The Economist - Democracy Index	2.
World Happiness Report	2.
Human Development Index	4.
Gender Inequality Index	9.
Social Progress Index	9.
World Press Freedom Index	15.
ILGA-Europe - Rainbow Europe	14.
Freedom House - Freedom in the World 2021	18. - 22.

1. TVÍHLIÐA PÓLÍTÍSK SAMSKIPTI

1.1. Áhrif heimsfaraldursins

Nánast öll samskipti við önnur ríki fara fram á fjarfundum um þessar mundir vegna COVID-19. Heimsfaraldurinn hefur nánast kyrrsett ráðamenn og embættismenn allra landa en þrátt fyrir allt hafa tvíhliða pólitísk samskipti verið mikil og oft árangursrík.

Telja verður ósennilegt að fjarfundir komi alfarið í stað hefðbundinna funda þjóðarleiðtoga, ráðherra og embættismanna þar sem mál eru leidd til lykta augliti til auglitis. Þessi nýi samskiptamáti hefur þó ótvíræða kosti. Hann sparar tíma og peninga og dregur úr mengun. Hann jafnar leikinn, stórir og smáir notast við sömu tæki og tól og sitja við sama borð. Hins vegar eru mörg mál þess eðlis að þau er ekki hægt að útkljá á fjarfundum. Þeir eru lakari vettvangur til að byggja upp trúnaðartraust og henta kannski best þeim sem vel þekkjust fyrir.

Þegar böndum verður komið á faraldurinn er víst að hefðbundnir fundir verði boðaðir og fundafærðir hefjist að einhverju leyti á ný. Fjarfundir verða þó áfram haldnir í bland við hefðbundna fundi. Það er fagnaðarefni fyrir Ísland sem þarf að gæta fyllstu ráðdeildar og vanda ætíð fundaval. Íslenskir ráðamenn geta aldrei sótt alla fundi enda gegna ráðamenn hér mörgum embættum. Utanríkisráðherra er þróunarsamvinnuráðherra, ráðherra utanríkisviðskipta og varnarmálaráðherra. Um er að ræða fjögur ráðherraembætti sem fjórir einstaklingar sinna í flestum samstarfslöndum.

1.2. Pólitísk samskipti við einstök ríki

Eftir tíðar Íslandsheimsóknir bandarískra ráðamanna í tvö ár voru frekar fáir á ferð í fyrra sökum COVID-19 en fjarfundir voru í staðinn tíðir. Bandaríkin eru okkar mikilvægasta samstarfsríki á sviði viðskipta og á flestum sviðum alþjóðamála. Varnarsamningurinn, sem byggist á traustri vináttu, er í fullu gildi og samstarfið í NATO áfram hornsteinn landvarna. Einna hæst bar efnahagssamráð ríkjanna, sem fest var enn frekar í sessi í framhaldi af fundi starfsbræðranna Mike Pompeo og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar í Reykjavík fyrir tveimur árum. Þessi tíðu samskipti staðfesta vaxandi áhuga beggja ríkja.

Tengslin við Bandaríkin voru til umræðu í þinginu í febrúar. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra undirstrikaði þar að ekkert benti til að Joe Biden, nýr forseti Bandaríkjanna, hefði minni áhuga á Íslandi en forveri sinn, hvorki hvað varðar tvíhliða samskipti né starf í alþjóðastofunum. Gert er ráð fyrir að nýr utanríkisráðherra, Antony Blinken, sækir ráðherrafund Norðurskautsráðsins hér á landi í maí.

Faraldurinn torveldaði samskipti við rússneska ráðamenn, sem voru með minna móti. Rík hefi er þó fyrir samráði við rússnesk stjórnvöld enda miklir sögulegir hagsmunir á báða bóga. Gert er ráð fyrir að Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sækir áður nefndan ráðherrafund Norðurskautsráðsins þegar Rússar taka við formenskukeflinu af Íslandi. Þótt áhersla sé lögð á jákvæð samskipti verður ekki hjá því komist að lýsa áhyggjum af hernaðarumsvifum Rússlands á norðurlöðum og undirróðri rússneskra stjórnvalda í vestrænum lýðræðisríkjum. Full ástæða er til að efast um að grundvallarmannréttindi séu í heiðri höfð og hafa íslensk stjórnvöld átalíð ráðamenn í Moskvu fyrir mannréttindabrot. Hæst ber mál stjórnarandstæðingsins Alexei Navalni sem á dögnum var á vafasömum grunni var dæmdur í þriggja og hálfis árs fangelsi.

Með líku lagi skyggja efasemdir um stöðu mannréttinda í Kína á mikil og vaxandi samskipti við kínversk stjórnvöld. Síðar á þessu ári verður þess minnst að hálf öld er frá því að löndin tvö hófu formlegt stjórnmalasamband. Dagskrá afmælisársins er í undirbúningi í góðu samstarfi við Kínverja. Umfang hennar tekur vitanlega mið af stöðu heimsfaraldursins. Kínversk stjórnvöld munu leika lykilhlutverk í alþjóðlegum lausnum á loftslagsvandinum og

er brýnt að ríkin tvö eigi áfram gott samstarf, meðal annars á sviði jarðhita. Hins vegar hefur framganga kínverskra stjórnvalda ítrekað komið til skoðunar í alþjóðastofnunum, til dæmis mannréttindaráðinu í Genf og mannréttindanefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Ísland skipar sér í sveit vestrænna lýðræðisríkja sem leggja ríka áherslu á virðingu fyrir algildum mannréttindum. Kínversk stjórnvöld hafa brugðist við gagnrýni Íslands, meðal annars með því að beita íslenskan ríkisborgara þvingunaraðgerðum. Hafa íslensk stjórnvöld mótmælt þessum ráðstöfunum.

Þess var minnst í fyrra að 80 ár eru liðin frá stofnun stjórnmalasambands við Bretland. Samskipti Íslands og Bretlands hafa verið mikil og góð undanfarin misseri. Til vitnis um það er yfirlýsing ríkjanna um viðtæka samvinnu næstu tíu árin sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra undirritaði fyrir Íslands hönd og Wendy Morton, ráðherra Bretlands fyrir málefni Evrópu og Ameríku, fyrir hönd Breta. Samhliða útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu þótti brýnt að semja um skipan mála sem áður lutu lögmálum EES. Ráðherra undirritaði einnig gagnkvæman loftferðasamning og tryggði þar með flugsamgöngur milli landanna. Einnig var gerður fríverslunarsamningur til bráðabirgða.

Heimsfaraldurinn setti svip á fjarfund Guðlaugs Þórs og japansks starfsbróður hans, Toshimitsu Motegi, í maí. Þeir sammæltust um að leggja áherslu á alþjóðasamvinnu og skipti á upplýsingum í tengslum við faraldurinn. Japan er eitt áhrifamesta lýðræðisríki Asíu og vegur næstþýngst Asíulanda í viðskiptum Íslands. Því er mikil áhersla lögð á samskipti ríkjanna.

Nánnum samskiptum við önnur ríki Norðurlanda eru gerð skil í kafla I. Þau spanna öll svið utanríkismála, formlega og óformlega. Í alþjóðastofnunum og sendiráðum einstakra höfuðborga er daglegur samgangur milli fulltrúa norrænu ríkjanna í þeim tilgangi að stilla saman strengi um hvaðeina sem snertir einstök mál, stór og smá verkefni og sameiginlega hagsmuni. Í alþjóðlegu samstarfi eru Norðurlöndin gjarnan samskipa Kanada, Nýja-Sjálandi, Ástralíu og nokkrum Evrópuríkjum, Þýskalandi og Frakklandi þar á meðal. Nýlegt bandalag þessara þjóða til stuðnings fjölþjóðakerfinu (e. Alliance for Multilateralism) hyggst standa vörð um fjölþjóðasamstarf og alþjóðastofnanir. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur setið nokkra fundi um samstarfið í tengslum við allsherjarþing og mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna, enda er skýr stefna hans að verja kerfi sem reynst hefur heimsbyggðinni vel.

2. STARFIÐ Í ALÞJÓÐASTOFNUNUM

2.1. Sameinuðu þjóðirnar í New York

Heimsfaraldurinn hefur sett svip á starf Sameinuðu þjóðanna, innra starfið í höfuðstöðvunum og ekki síður mannúðar- og neyðaraðstoð, pólitískt samráð og friðargæsluverkefni.

Fjölmörgum stórum ráðstefnum og fundum var frestað en starfsemi öryggisráðsins, allsherjarþingsins og undirnefnda þess var að mestu framhaldið með aðlögun að sóttvörnum og hjálp fjarfundatækni.

Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra vinna með aðildarríkjum að friði og stöðugleika á grundvelli mannréttinda og alþjóðalaga, veita neyðaraðstoð og stuðla að sjálfbærri þróun í samræmi við heimsmarkmiðin og loftslagsskuldbindingar Parísarsamningsins. Markvisst

Forystuhlutverk Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna



Formennskuríki í jafnréttisverkefni UN Women „Kynslóð jafnréttis.“



Forysturíki í sjálfbærum orkuskiptum í tengslum við ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna um orku.



Stofnandi og formennskuríki í vinnahópi um landgræðslu.

hefur verið brugðist við áhrifum farsóttarinnar á heilsufar, samfélög og efnahagslíf um allan heim. Ísland hefur talað fyrir greiðu alþjóðasamstarfi og hvatt til þess að hugað sé að ríkjum og hópum sem standa höllum fæti ásamt fjárframlögum til mótvægisáðgerða Sameinuðu þjóðanna vegna faraldursins.

Myndbandsávörp einkenndu ráðherraviku allsherjarþingsins því sendinefndir voru ekki á staðnum. Í ávarpi sínu talaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um ómetanlegt gildi alþjóðasamvinnu sem hefði treyst sig í sessi frá lokum seinna stríðs og lykilhlutverk Sameinuðu þjóðanna í þeim efnum. Ráðherra áréttaði nauðsyn alþjóðlegrar samstöðu vegna faraldursins, talaði um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum ásamt virðingu fyrir alþjóðalögum og mannréttindum. Í tengslum við allsherjarþingið tók ráðherra þátt í fjárfundum um réttindi hinsegin fólks, eflingu alþjóðakerfisins og kynbundið ofbeldi.

Forsætisráðherra flutti ræðu á 75 ára afmælisfundi Sameinuðu þjóðanna. Í afmælisályktun var horft fram á veginn og tækifæri og úrlausnarefni reifuð. Þá var þess minnst að 25 ár voru frá fjórðu kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking. Forsætisráðherra brýndi ríki til að standa við skuldbindingar í jafnréttismálum. Fyrir á árinu ávarpaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fund öryggisráðsins til að minnast þess að 75 ár væru frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Umhverfis- og auðlindaráðherra ávarpaði fund um samspil líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærrar þróunar. Fyrir fundinn tók Ísland undir yfirlýsingu sjötíu ríkja um að herða róðurinn í umhverfis- og loftslagsmálum og standa vörð um líffræðilega fjölbreytni.

Þrátt fyrir vaxandi togstreitu í alþjóðasamskiptum var rauði þráðurinn í ræðum flestra þjóðarleiðtoga á þinginu ákall um aukið alþjóðasamstarf til að takast á við heimsfaraldurinn, loftslagsbreytingar og tryggja markvissa framgöngu heimsmarkmiðanna.

Undir lok síðasta árs var haldið aukabing Sameinuðu þjóðanna vegna kórónuveirufaraldursins þar sem þjóðarleiðtogar og fulltrúar helstu alþjóðastofnana ræddu aðgerðir til að bregðast við pestinni bráð og lengd. Forsætisráðherra ávarpaði fundinn og undirstrikaði jafnréttismál, jafna dreifingu bóluafna og sjálfbæra endurreisn.

Að venju tók Ísland þátt í umræðum, samningaviðræðum og atkvæðagreiðslum í allsherjarþinginu og undirnefndum þess. Forgang í nefndum höfðu mannréttinda- og jafnréttismál, sjálfbær nýting auðlinda, málefni hafsins, aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, afvopnun og friðsamleg lausn deilumála. Ísland talaði fyrir tveimur ályktunum, fyrst um eflingu mannréttindanefndar allsherjarþingsins, síðan um eyðimerkurmyndun og landgræðslu. Báðar voru samþykktar samhljóða.

Ísland tekur þátt í starfi nokkurra hópa um ákveðin mál. Í fyrra gekk Ísland til liðs við hóp sem beitir sér fyrir málefnum hinsegin fólks. Þá leiða Ísland og Namibía ríkjahóp sem berst gegn landeyðingu og eyðimerkurmyndun. Ráðherrafundur um aðgerðir á þessu sviði verður haldinn 20. maí. Ísland tekur þátt í undirbúningi fundarins. Í tengslum við heimsmarkmiðin og aukna áherslu á fjölbreytlega þróunarsamvinnu hefur samráð við undirstofnanir og sjóði Sameinuðu þjóðanna verið eft. Það á við um Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA).

Málefni hafsins eru hefðbundið og eðli málsins samkvæmt fyrirferðarmikið hagsmunamál Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna. Um þessar mundir ber hæst undirbúning fyrir nýjan samning um líffræðilegra fjölbreytni, vernd lífríkis og sjálfbæra nýtingu utan ríkjalögsögu og undirbúning fyrir hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem á að halda í Lissabon á næsta ári, en nánar er fjallað um þessi atriði í kafla II., 2.2 og 3.3.

Í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna er reglulega kosið um sæti í ráðum og stjórnnum. Fjögur framboð eru í undirbúningi: til framkvæmdastjórnar UNESCO, mannréttindaráðsins,

barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og alþjóðahafréttardómstólsins. Kjörtímabil António Guterres, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, er senn á enda og hefur hann gefið kost á sér á ný til næstu fimm ára.

Á dagskrá öryggisráðsins fer mest fyrir málefnum Sýrlands, Jemen, Líbíu og samningum við Íran um að láta af auðgun úrans. Ráðið hefur reglulega fjallað um þróun mála í Afríku og deilu Ísrael og Palestínu. Í fyrra var neitunarvaldi beitt þrisvar – Rússar og Kínverjar tvívegis í tengslum við Sýrland og Bandaríkin einu sinni vegna ályktunar um hryðjuverk. Eftir langt þref lýsti ráðið loks stuðningi við ákall aðalframkvæmdastjóra um alheimsvopnahlé til að greiða fyrir mannúðar- og neyðaraðstoð vegna heimsfaraldursins.

Norðurlöndin hafa náði samstarf í öryggisráðinu. Þau fluttu fjölmargar sameiginlegar ræður, m.a. um loftslagsbreytingar, áhrif heimsfaraldursins, jafnrétti og öryggismál og börn á átakasvæðum. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók þátt í viðburðum á vegum ráðsins, fundi vegna loka seinna stríðs, eins og áður greinir, og um ástandið í Belarús þar sem hann mælti fyrir hönd Norðurlanda. Kosið var um sæti í ráðinu 17. júní fyrir 2021-2022. Noregur hlaut kjör fyrir hönd Vesturlanda. Danmörk er næst Norðurlanda í röðinni og sækist eftir kjöri 2025-2026. Auk Noregs tóku Írland, Inland, Kenya og Mexíkó sæti í ráðinu um áramótin.

Norðurlöndin sameinast um málalíbúnað í öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Meðal annars vinna þau úr tillögum sem lagðar voru fram í skýrslu Björns Bjarnasonar um norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála.


2.2. Samningaviðræður um BBNJ

Samningaviðræður um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (e. Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction, BBNJ) hafa staðið yfir frá árinu 2018 (sjá kafla 3.2 í skýrslu ráðherra til Alþingis 2020). Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað með ályktun á árinu 2017 að halda skyldi ríkjaraðstefnu um gerð samningsins sem fara skyldi fram í fjórum lotum. Þremur er lokið en þær fóru fram í september 2018, mars-apríl 2019 og ágúst 2019. Fjórða lotan, sem fara átti fram vorið 2020, frestaðist vegna COVID-19 faraldursins og er nú á dagskrá í ágúst 2021. Meðan beðið er næstu samningalotu fara fram umræður á sérstökum BBNJ-vettvangi á netinu þar sem fjallað er um einstaka þætti hins fyrirhugaða samnings án þess að nokkrar formlegar ákvarðanir séu teknar. Líklegt er að ákveðið verði að halda fleiri fundalotur en þær fjórar sem þegar hafa verið ákveðnar enda eru mörg álitaefni enn óleyst.

2.3. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

Ísland lauk setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna um áramótin 2019/2020 en er áfram virkt áheymarríki. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra greindi frá því á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september að Ísland sæktist eftir sæti í ráðinu á ný

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum?



*Heildarfjöldi svarenda: 925, 66 svöruðu ekki. Heimild: Maskína (mars, 2020).

tímabilið 2025-2027 en kosið verður haustið 2024. Þegar hefur verið hafist handa við að afla framboðinu stuðnings.

Starfsemi mannréttindaráðsins í Genf leið fyrir að gæta hefur þurft ítrustu sóttvarna. Í sumarlotu ráðsins 2020 var engu að síður lögð fram skýrsla um mannréttindaástandið á Filippseyjum á grundvelli ályktunar Íslands frá árinu áður. Ísland lagði fram nýja ályktun í september 2020 og hafði því áfram forystu í málinu. Með nýrri ályktun var brotið blað í sögu ráðsins þar sem Íslandi tókst að fá Filippseyjar til samstarfs um eftirfylgni. Var sameiginleg ályktun Íslands og Filippseyja samþykkt samhljóða. Hún felur í sér loforð Filippseyja um samstarf við skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna um atriði sem hafa verið gagnrýnd. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur ár hvert sótt ráðherravikur mannréttindaráðsins síðan hann tók við embætti en í ár var um fjarfund að ræða.

Í júní 2020 var kallað til sérstakrar umræðu í mannréttindaráðinu um kynþáttahatur í tengslum við ólgu í Bandaríkjunum vegna lögregluofbeldis gegn svörtu fólki. Ísland áréttaði mikilvægi þess að útrýma kynþáttafordómum. Önnur sérstök umræða var haldin í febrúar síðastliðnum um málefni Myanmar eftir að herinn þar í landi rændi völdum frá lýðræðislega kjörinni stjórn. Ísland tók þátt í áriðandi umræðu um ástandið í Belarús sem boðað var til í september í kjölfar meingallaðra forsetakosninga þar í landi. Loks tók Ísland þátt í marslotu ráðsins 2021 og leiddi hóp ríkja sem stóð fyrir ályktun um mannréttindaástand í Íran.

Ástand mannréttinda í Kína var til umfjöllunar í mannréttindaráðinu en í júnílotu ráðsins 2020 var Ísland meðal 27 ríkja sem gagnrýndu harkalega framgöngu gegn lýðræðissinum í Hong Kong og létu um leið í ljós áhyggjur vegna stöðu Úígúra. Ísland átti hlut að yfirlýsingu hóps ríkja í þriðju nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um sömu mál, annað árið í röð. Fjölgaði þjóðum sem stóðu að yfirlýsingunni úr 23 í 39. Fjölgunin er til marks um vaxandi áhyggjur af þróun mála í Kína, sem birtist í versnandi stöðu minnihlutahópa í Xinjiang, Innri-Mongólíu og Tíbet, fyrrnefndum aðgerðum í Hong Kong og tilraunum til að þagga niður í þeim sem höfðu upplýsingar um COVID-19 á fyrstu dögum faraldursins.

2.4. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin

Málefni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar eru á ábyrgð heilbrigðisráðuneytisins sem hefur starfsmann í fastanefnd Íslands í Genf. Málefni stofnunarinnar hafa þó fengið aukið vægi í störfum utanríkisþjónustunnar að undanförmu í samræmi við mikilvægi þeirra í alþjóðapolítískri umræðu vegna heimsfaraldurs og framlags íslenskra stjórnvalda til þróunarsamvinnutengdra verkefna á vegum stofnunarinnar.

COVID-19 hefur verið fyrirferðarmesta málefnið hjá WHO frá upphafi síðasta árs enda hefur stofnunin gegnt lykilhlutverki í viðbrögðum heimsins. Faraldurinn hefur sýnt fram á mikilvægi alþjóðasamstarfs og viðbragðsgetu á heimsvísu, sem og styrkingu á grunnheilbrigðiskerfum þjóða. Þannig var samþykkt á alþjóðaheilbrigðisþinginu á árinu að vinnuhópur endurskoði alþjóðaheilbrigðisreglugerðina frá 2005 með það í huga hvort þörf sé á að styrkja leiðtogahlutverk WHO og efla undirbúning á heimsvísu við framtíðarfaröldrum. Einnig var samþykkt endurskoðun á viðbrögðum WHO og aðildarþjóða við COVID-19 ásamt því að setja fram tillögur til úrbóta.

ACT-A og COVAX voru sett á stofn árið 2020 af WHO og samstarfsaðilum með það að markmiði að styðja við greiningu og meðferð þeirra sem sýkjast af COVID-19 og þróa bóluefni auk þess að vinna að jöfnum aðgangi allra að bóluefnum. Ísland lagði 550 milljónir kr. til samstarfsins.

Veikleikar í fjármögnun WHO hafa verið áberandi, ekki síst í heimsfaraldrinum. Meira en 80% fjárframlaga eru frjáls viðbótarframlög frá aðildarþjóðum og einkaaðilum, iðulega eyrnamerkt ákveðnum verkefnum. Þetta gerir áætlanagerð WHO erfiða og hamlar

sveigjanleika í viðbrögðum. Á síðasta heilbrigðisþingi var ákveðið að stofna vinnuhóp sem á að setja fram tillögur til úrbóta.

Sá mikilvægi áfangi náðist á vettvangi WHO á árinu að samþykkt var að hefja vinnu við tíu ára áætlun um taugakerfið en íslensk stjórnvöld hafa lengi barist fyrir því málefni. Í því sambandi átti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fund með framkvæmdastjóra WHO um málefni taugakerfisins á árinu 2019. Hluti af nýju stjórnskipulagi WHO, sem var breytt í upphafi síðasta árs, var að stofna nýja einingu innan stofnunarinnar um málefni heila- og taugakerfisins og mun hún stýra vinnunni. Að auki mun WHO vinna að sérstöku verkefni með Íslendingum og fleiri þjóðum á þessu sviði.

2.5. Undirbúningur formennsku Íslands í Evrópuráðinu

Aðildarríki Evrópuráðsins eru 47 og íbúar þeirra 840 milljónir. Ráðið fjallar um mannréttindi í víðtækum skilningi og samvinnu á sviði löggjafar. Helstu stofnanir Evrópuráðsins eru: Skrifstofa Evrópuráðsins undir forystu aðalframkvæmdastjóra; ráðherranefndin, Evrópuráðsþingið, Mannréttindadómstóll Evrópu, sjálfstæður mannréttindafulltrúi og Þróunarbanki Evrópuráðsins.

Þáttaskil urðu 1. september 2020 þegar íslensk fastanefnd tók til starfa á ný hjá Evrópuráðinu í Strassborg. Fastanefndin undirbýr formennsku Íslands í Evrópuráðinu sem hefst í nóvember 2022 og lýkur með ráðherrafundi á Íslandi í maí 2023. Ísland hefur áður gegnt formennsku í Evrópuráðinu, árið 1999. Fastafulltrúi Íslands tekur sæti í stjórnarnefnd ráðsins í vor og sest í formannsstól á mannréttindafundum ráðsins hálfu ári áður en formennsku-tímabilið hefst. Í þessu verkefni nýtist reynslan af formennsku Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti eru burðarásar í utanríkisstefnu Íslands. Gera má ráð fyrir að styrkur Íslands, ekki síst á sviði jafnréttismála og varðandi réttindi barna, endurspeglar í formennskuáætluninni sem verður unnin í víðtæku samráði.

Hafin er þýðing á upplýsingaefni um Evrópuráðið á íslensku og umfangsmikil menningar- og kynningardagskrá í tengslum við formennskuna er í undirbúningi. Gert er ráð fyrir kynningu á íslenskri menningu, listum og náttúru, íslenskri hönnun og framleiðslu.

Heimsfaraldurinn hefur sett mark sitt á starfið í Strassborg. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ávarpaði fjarfund ráðherra ráðsins í Aþenu 4. nóvember, daginn sem sjötíu ár voru liðin frá undirritun Mannréttindasáttmála Evrópu. Ráðherra lýsti áhyggjum af kynbundnu ofbeldi og atlögu að frelsi fjölmiðla.

Ráðherranefndin kom víða við. Hæst bar stöðu mála í Nagornó-Karabak, Belarús og á Krímskaga, Navalní-málið og meint afturför einstakra aðildarríkja í jafnréttismálum, kynrænt sjálfræði og tjáningarfrelsi. Umgjörð fjálsra félagasamtaka var á dagskrá. Þá eru mannréttindi tengd gervigreind, veraldarvefnum og öðrum nýjungum í samskiptum fólks einnig í deiglu.

2.6. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Á síðustu misserum hafa mannréttindi fengið endurnýjað vægi í starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Ísland hefur talsvert látið að sér kveða í þeim efnum. Fastanefndin talaði fyrir réttindum hinsegin fólks á ÖSE-svæðinu í anda framtaks sextán ríkja sem komu því í kring að lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE (ODIHR) lét gera úttekt á mannréttindastöðu í Tsjetsjeníu í Rússlandi árið 2018.

Í fyrra var Ísland meðal sautján ÖSE-ríkja sem settu af stað rannsókn í Belarús vegna mannréttindabrotu eftir úrslit forsetakosninga sem hlotið hafa mikla gagnrýni. Staðfestar voru skipulagðar ofsóknir á hendur friðsælum mótmælendum og fjölmiðlafólki, handahófskenndar handtökur, pyntingar og kynferðislegt ofbeldi gegn fönngum. Belarús er nánast fastur liður á

dagskrá vikulegra funda fastafulltrúa hjá ÖSE og var ofarlega á baugi ársfundar stofnunarinnar þar sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra flutti ávarp.

ÖSE er stærst svæðisbundinna stofnana sem sinna öryggismálum. Þátttökurikin eru 57 og ná yfir svæði frá Vancouver til Vladivostok. Nálgun ríkja ÖSE hvílir á þremur jafngildum stöðum hernaðarlegs og pólitísku öryggis, efnahags- og umhverfislegs öryggis og vernd mannréttinda. ÖSE telur að öryggi verði ekki tryggt nema þessar stöðir séu traustar. Harðnandi afstaða einstakra ríkja torveldar samstöðu um starfið en allar ákvarðanir eru teknar samhljóða.

Óvænt starfslok Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem var framkvæmdastjóri ODIHR frá 2017, verða að skoðast í þessu ljósi. Ekki náðist eining um framlengingu á starfstíma hennar og þriggja annarra yfirmanna stofnana ÖSE og fyrir vikið urðu öll fjögur að víkja. Íslensk stjórnvöld tilnefndu Ingibjörgu Sólrúnu en krafan um algjöran samhljóð var í vegi hennar. Með Ingibjörgu Sólrúnu voru tveir íslenskir sérfræðingar á skrifstofu ODIHR í Varsjá. Þeirra störfum lauk á haustdögum.

ÖSE leitar málamiðlunar í þremur langvinnum átökum í Georgíu, Moldóvu og á milli Armeníu og Azerbajjan um Nagornó-Karabak. Í fyrra sauð upp úr milli Armeníu og Azerbajjan eftir nokkurra ára hlé. Almennu hefur Ísland um árabíla talað fyrir friðhelgi landamæra þessara ríkja og hvatt til að leitað verði lausna sem virði rétt þjóða og þjóðarbrot. Þá er starfsemi eftirlitsveita sem vakta ástandið í Úkraínu meðal veigamestu verkefna ÖSE.

Stofnunin sinnir takmörkun hefðbundins vígbúnaðar, gagnkvæmu eftirliti þátttökuríkja með herafli og aðgerðum til að skapa traust milli fylkinga. Bandaríkin sáu sig knúin til að segja sig frá samningi um opna lofthelgi vopnlausra flugvéla eftir langvinnan ágreining við Rússa um framkvæmdina. Þar með dró úr eftirlitsflugi til að fylgjast með herafli á tilteknum svæðum. Við bætist að dregið hefur úr möguleikum á gagnkvæmu eftirliti vegna ferðatakmarkana tengdum heimsfaraldrinum. Ekki er útséð um hvort samkomulag náist milli Bandaríkjanna og Rússlands um að blása að nýju lífi í samninginn um opna lofthelgi. Svokallað Vínarskjal varð einnig bitbein. Þar er kveðið á um skyldu til að tilkynna stærri heræfingar. Skjalið á rætur að rekja til loka kalda stríðsins þegar herafli í álfunni var miklu meiri og stærri heræfingar tíðari. Að margra dómi svarar skjalið ekki kalli tímans sökum þess að of litlar kröfur séu gerðar um tilkynningar.

2.7. Framboð til framkvæmdastjórnar UNESCO

Fjarfundir hafa sett svip sinn á fundaaætlun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) sem gekk nokkuð úr skorðum í fyrra. Fljótlega eftir áramót voru mikilvægustu fundirnir þó komnir á áætlun.

Unnið er að framboði Íslands í framkvæmdastjórn UNESCO 2021–2025. Kosið verður um þrjú sæti Vesturlandahópsins á aðalráðstefnu stofnunarinnar í París í nóvember á þessu ári. Framboðið nýtur stuðnings annarra norræna ríkja en þau hafa alla jafna skipst á að taka sæti í stjórninni. Faraldurinn hefur sett strik í reikning framboðsáætlunarinnar. Fyrir vikið hefur meira verið lagt upp úr rafrænni kynningu, meðal annars með framboðsvef á öllum sex tungumálum Sameinuðu þjóðanna.

Hlutverk UNESCO er að stuðla að friði og öryggi með alþjóðlegri samvinnu á sviði menntunar, vísinda, menningar, lista og tjáningarfrelsis. Líkt og hjá öðrum alþjóðastofnunum er framkvæmd heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna meginstef starfsins um þessar mundir. UNESCO fylgir eftir heimsmarkmiði fjögur um menntun og er að hluta ábyrg fyrir framkvæmd fleiri heimsmarkmiða. Stofnunin leiðir alþjóðlega samvinnu um að tryggja öllum menntun. UNESCO hefur forystu um verndun náttúruarfs og menningarminja og leggur áherslu á tjáningarfrelsi, þróun fjölmiðlunar og öryggi fjölmiðlafólks.

Ísland styður grundvallarreglur, hnattrænar áherslur og markmið UNESCO en hvetur til áframhaldandi endurskipulagningar og hagræðingar í starfinu. Fastafulltrúi Íslands leiðir vinnuhóp aðildarríkja UNESCO um jafnréttismál. Ísland tekur einnig þátt í vinnu stofnunarinnar um leiðbeiningar um siðfræði gervigreindar.

Fastanefnd Íslands í París sinnir daglegu starfi UNESCO í samstarfi við fagráðuneyti. Ísland varð aðili að alþjóðaverkefni UNESCO um frjálsa fjölmiðlun í þróunarlöndum (e. International Programme for the Development of Communication, IPDC) og styður starf UNESCO um menntun og fjölmiðlafrelsi í samræmi við rammasamning (e. Capacity Development for Education Programme, CapED og Multi-Donor Programme on Freedom of Expression and Safety of Journalists). Fjölmiðlar gegna grundvallarhlutverki í lýðræðisríkjum og tók utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra þátt í UNESCO-ráðstefnu um öryggi blaðamanna í desember. Forsætisráðherra ávarpaði fund á alþjóðlegum degi gegn kynbundnu ofbeldi og mennta- og menningarmálaráðherra sótti alþjóðafund um menntamál. Þá var fjórframlag veitt til LiBeirut verkefnis UNESCO um stuðning við skapandi greinar og menningarstarf í Beirút, höfuðborg Líbanons.

Um íslensku GRÓ-skólana, sem starfa undir merkjum UNESCO, er fjallað annars staðar í þessari skýrslu.

2.8. Alþjóðleg samvinna um mannréttindi og lýðræðisleg gildi

Ísland tekur einnig þátt í samstarfi ríkja um vernd mannréttinda og fjölþjóðakerfisins utan hefðbundinna alþjóðastofnana. Eins og áður segir er Ísland virkur þátttakandi í bandalagi ríkja um fjölþjóðasamvinnu (e. Alliance for Multilateralism) og sótti ráðherra fund bandalagsins í september 2020 og febrúar 2021.

Þá var Ísland eitt stofnríkja bandalags um fjölmiðlafrelsi og réttindi fjölmiðlafólks (e. Media Freedom Coalition) sem Bretland og Kanada höfðu frumkvæði að. Sótti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fund bandalagsins í nóvember 2020. Ísland er meðal 42 ríkja sem eiga aðild að bandalagi sem beitir sér fyrir réttindum hinsegin fólks (e. Equal Rights Coalition). Ráðherra gerði trúfrelsi að umfjöllunarefni í ávarpi á ráðherrafundi um trúfrelsis- og lífsskoðunarmál í nóvember. Í febrúar gerðist Ísland aðili að yfirlýsingu á vegum Kanada um ólöglega fangelsisvistun.

Mannréttindi eru enn fremur höfð að leiðarljósi í allri þróunarsamvinnu Íslands og aukin áhersla lögð á málsvarastarf í samstarfsríkjum.

3. LOFTSLAGS-, AUÐLINDA- OG UMHVERFISMÁL

3.1. Almennt

Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál eru mikilvæg hagsmunamál fyrir Ísland. Virk þátttaka í alþjóðasamstarfi um þessa málaflokka er eitt af meginverkefnum utanríkisþjónustunnar og getur skipt sköpum í hagsmunagæslu fyrir Ísland á alþjóðavettvangi. Virk þátttaka er nauðsynleg til að tryggja megi að nýjar lausnir og viðbrögð í loftslags-, auðlinda- og umhverfismálum falli að hagsmunum Íslands. Með þátttöku felast einnig tækifæri fyrir Ísland til að taka virkan þátt í að þróa og byggja upp grænt hagkerfi til framtíðar, bæði heima og erlendis. Sjálfbær þróun með áherslu á loftslags-, auðlinda- og umhverfismál hefur enda verið og er meginsteff í formennskuáætlunum Íslands í Norðurlandasamstarfi og Norðurskautsráðinu. Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál eru einnig leiðarstef í stefnu Íslands á vettvangi alþjóðastofnana og í þróunarsamvinnu með meginmarkmið um verndun jarðarinnar og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Áhersla er nú sem fyrr lögð á hreina, sjálfbæra orku, ekki síst nýtingu jarðhita, hreina orkubera eins og grænt vetni og vetnisafurðir,

verndun og sjálfbæra nýtingu hafs og vatna, endurheimt vistkerfa, sjálfbæra landnýtingu, aukna mótvægis- og aðlögunarhæfni samfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga og föngun og förgun gróðurhúsalofttegunda.

Samstarf á vettvangi alþjóðastofnana hefur raskast verulega vegna COVID-19. Þótt haldnir séu fjarfundir á netinu á vettvangi fjölmargra stofnana og samninga má segja að útilokað hafi reynst að halda formlega fundi þar sem raunverulegar samningaviðræður fara fram og bindandi ákvarðanir eru teknar. Eigi að síður reynir utanríkisþjónustan eftir föngum að taka þátt og vera virk í netviðburðum og fundum á vettvangi alþjóðastofnana enda má segja að þeir haldi lífi í mikilvægri umræðu þótt ekki sé alltaf hægt að ná fram ákvörðunum eða niðurstöðum. Sem dæmi um stofnanir og samninga sem ekki hafa haldið formlega fundi eru aðildarríkjafundur Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) sem halda átti í nóvember síðastliðnum. Einnig hefur fundum á vettvangi Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) og Samningsins um líffræðilega fjölbreytni (CBD) verið frestað, svo dæmi séu tekin.

Boðað hefur verið að þráðurinn verði aftur tekinn upp í ár og fundir haldnir. Þó svo að það takist er ólíklegt að slíkir fundir verði jafn vel sóttir og venja er og óvíst um árangur.

3.2. Loftslagsmál

Að undanfögnu hafa aðildarríki Parísarsamningsins tilkynnt um uppfærslu á landsmarkmiðum sínum í loftslagsmálum í samræmi við skuldbindingar þar um. Ísland hefur ekki látið sitt eftir liggja og tilkynnt um metnaðarfullri markmið á heimavelli sem og í þróunarsamvinnu. Ísland ákvað eins og kunnugt er að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030, ásamt Noregi. Á sérstökum leiðtogafundi að frumkvæði Breta í desember síðastliðnum tilkynnti forsætisráðherra að Ísland hygðist bæta verulega í skuldbindingar sínar og stefna að 55% samdrætti fyrir 2030 miðað við 1990. Stefnt er að kolefnishlutleysi fyrir 2040 með sérstökum áfanga um kolefnishlutleysi losunar á ábyrgð stjórnvalda í kringum árið 2030. Miðað er við að þessum markmiðum verði eins og áður náð sem hluta af sameiginlegu markmiði með Evrópusambandinu og Noregi, sem einnig hafa skilað inn markmiðum um svipaða minnkun losunar. Á fundinum upplýsti forsætisráðherra jafnframt um nálega helming aukningu á framlögum til loftslagsverkefna í þróunarsamvinnu á næsta ári. Umhverfisráðuneytið hefur nú tilkynnt þessi nýju og uppfærðu markmið formlega til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

3.3. Málefni hafsins

Á árinu 2020 stóð til að leggja sérstaka áherslu á hafíð í alþjóðastarfi og höfðu margir stórir og mikilvægir viðburðir verið skipulagðir. Vegna heimsfaraldursins frestuðust nær allir alþjóðlegir fundir og ráðstefnur og þeir viðburðir sem fram fóru voru gjarnan takmarkaðri en venja er. Dæmi um stóra viðburði sem frestuðust eru til dæmis hafráðstefna Sameinuðu þjóðanna um framfylgd heimsmarkmiðs fjórtán (e. UN Ocean Conference). Hún átti að fara fram í Portúgal í júní 2020 en hefur nú verið frestað til ársins 2022. Sömu leiðis var samningaviðræðum um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja frestað frá mars/apríl 2020 fram í ágúst 2021 en nánar er fjallað um þær viðræður í kafla II., 2.2. Stórri ráðstefnu um málefni hafsins (e. Our Ocean) var einnig frestað. Árlegar samningaviðræður um hafréttar- og fiskveiðiályktanir Sameinuðu þjóðanna snerust einungis um tæknileg uppfærsluatriði en ekki efnisatriði og fóru aðeins fram á fjarfundum þetta árið. Þá var endurskoðunarráðstefnu úthafsveiðisamningsins frestað til ársins 2022, og svo mætti lengi telja.

Vinna við viss viðfangsefni á sviði málefna hafsins hélt þó óskert áfram þrátt fyrir COVID-19. Þannig sat fastafulltrúi Íslands hjá FAO í Róm í framkvæmdaráði fiskinefndar FAO (e. Committee on Fisheries) sem fundaði reglulega á síðasta ári. Nefndin vann jafnframt að tillögum um stofnun sérstakrar undirnefndar um fiskveiðistjórnun og undirbjó 25 ára afmæli síðareglna um ábyrgð í fiskimálum (e. Code of Conduct for Responsible Fisheries, CCRF). Einnig má nefna að samningaviðræður um gerð nýs samnings til að sporna við skaðlegum ríkisstyrkjum í sjávarútvegi hjá WTO í Genf héldu áfram, en töfðust þó nokkuð vegna heimsfaraldursins. Nánar er fjallað um þau mál í VI. kafla um sendiskrifstofu Íslands í Genf.

Ætlunin er að halda flesta af þeim viðburðum sem frestuðust þegar faraldrinum linnir en tímasetningar margra þeirra eru enn óljósar.

3.4. Endurnýjanlegir orkugjafar

Íslensk stjórnvöld leggja sem fyrr mikla áherslu á öflugt samstarf á alþjóðavettvangi á sviði endurnýjanlegra og umhverfissvænna orkugjafa, ekki síst nýtingu jarðvarma en einnig annarrar sjálfbærrar orku. Utanríkisráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Grænvangur og Íslenski orkuklasinn eiga með sér samráð og samstarf um málefni endurnýjanlegrar orku og nýtingu hennar innanlands sem utan til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og auka um leið verðmætasköpun þar sem það á við. Markmiðið er að styrkja getu Íslands til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og heimsmarkmiðunum á vettvangi loftslags- og umhverfismála og einnig að stuðla að því að byggja upp grænt hagkerfi til framtíðar heima og erlendis.

Íslensk stjórnvöld styðja áfram við áttak Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku fyrir alla (e. Sustainable Energy for All, SE4All) og eiga aðild að Alþjóðastofnuninni um endurnýjanlega orku (e. International Renewable Energy Agency, IRENA). Einnig á utanríkisþjónustan öflugt samstarf við orkugeirann á Íslandi með það að markmiði að koma íslenski þekkingu á endurnýjanlegri orku betur á framfæri í þróunarríkjunum. Alþjóðlega jarðvarmabandalagið (e. Global Geothermal Alliance, GGA), sem í eru vel á fimmta tug aðildarríkja og um fjörutíu samstarfsaðilar, alþjóðastofnanir, félagasamtök og einkafyrirtæki, er rekið á vettvangi IRENA. IRENA hefur eflst starf sitt á vettvangi jarðhitanýtingar sem hluta lausnar á orku- og loftslagsvanda heimsins, ekki síst í þróunarríkjunum. Halda átti heimsráðstefnu Alþjóðajarðhitasambandsins (e. World Geothermal Congress, WGC) hér á landi síðastliðið vor og reiknað var með að um þrjú þúsund manns myndu sækja hana. Af því tilefni bauð utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra meðal annars aðalframkvæmdastjóra IRENA að koma til Íslands til að vera einn af aðalræðumönnunum. Ráðstefnunni var slegið á frest vegna COVID-19 en vonast er til að hún verði haldin í haust. Þá stefnir utanríkisráðuneytið að því að haldinn verði sérstakur ráðherrafundur í tengslum við ráðstefnuna og að skipulögð verði kaupstefna í samráði við Grænvang þar sem kynntar verða ýmsar lausnir tengdar jarðhitanýtingu.

4. ÞJÓÐRÉTTARMÁL

4.1. Samningar Íslands við erlend ríki

Ísland hefur fullgilt, staðfest, samþykkt eða gerst aðili að nokkrum fjölda þjóðréttarsamninga frá ársbyrjun og til loka ársins 2020. Þeir samningar sem um ræðir eru eftirfarandi:

- Samningur um fyrirkomulag milli Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands í kjölfar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og úrsagnar þess úr EES-samningnum og öðrum samningum sem gilda milli Bretlands og EFTA-ríkjanna innan EES í krafti aðildar Bretlands að Evrópusambandinu.
- Orðsendingaskipti milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um breytingu á samningi sem gerður var sama dag í London um fyrirkomulag milli Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands í kjölfar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og úrsagnar þess úr EES-samningnum og öðrum samningum sem gilda milli Bretlands og EFTA-ríkjanna innan EES í krafti aðildar Bretlands að Evrópusambandinu.
- Samningur um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem felst í því að bæta 44. gr. a og bókun 9 við samninginn.
- Samningur um fyrirvar milli lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Danmerkur.
- Samkomulag milli Íslands og Sameinuðu arabísku furstadæmanna um gagnkvæma viðurkenningu ökuskrteina sem gefin eru út af Sameinuðu arabísku furstadæmunum og lýðveldinu Íslandi.
- Samningur um breytingu á 14. gr. samþykktanna sem fylgja samningnum frá 11. febrúar 2004 milli Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Íslands, Lettlands, Litháens, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann.
- Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Indlands um undanþágu frá vegabréfsáritun fyrir handhafa diplómatskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa.
- Kigali-breytingin við Montrealbókunina um efni sem valda rýrnun ósónlagsins.
- Samningur Íslands við Kína um gagnkvæma viðurkenningu á prófskrteinum, gráðum og staðfestingum á menntun og hæfi á æðra skólastigi.
- Samningur um breytingu á bókun 9 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.
- Vöruviðskiptasamningur milli Íslands, Bretlands og Noregs.
- Samningur í formi bréfaskipta milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu árið 2021.
- Samningur um flugþjónustu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra- Bretlands og Norður-Írlands.

Þá skal nefnt að utanríkisráðuneytið vinnur nú sem endranær, ásamt öðrum ráðuneytum, að fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild að ýmsum samningum við erlend ríki og alþjóðastofnanir. Er stefnt að því að nokkrir þeirra öðlist gildi gagnvart Íslandi árið 2021.

Líkt og upplýst var í síðustu skýrslu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra til Alþingis átti átaksverkefni að hefjast í ársbyrjun 2020 með stuðningi af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar um birtingu þjóðréttarsamninga sem fullgiltir hafa verið en hafa beðið birtingar allt frá árinu 2007. Verkefnið hófst á miðju síðasta ári vegna heimsfaraldurs og verkefna utanríkisþjónustunnar við borgaraþjónustu. Á 150. löggjafarþingi var fyrirspurn þingmanns jafnframt svarað um birtingu þjóðréttarsamninga, sbr. þingskjal 2019, 477. mál. Á þriðja hundrað samninga, sem telja yfir sautján þúsund síður, bíða birtingar frá síðustu fimmtán árum. Miðað er við að þessir eldri samningar verði birtir á árinu og næsta ári. Undirbúningsvinnu við uppsetningu og frágang samningskjala og auglýsinga hefur miðað vel áleiðis og er langt komin varðandi árin

2010-2016. Samningar frá árunum 2017 hafa þegar verið sendir til birtingar og samningar ársins 2018 verða sendir til birtingar fljótlega. Jafnframt er langt komin vinna við uppsetningu og frágang árunum 2019-2020. Er stefnt að því að innan árs verði búið að koma til birtingar í Stjórnartíðindum stærstum hluta þeirra þjóðréttarsamninga sem sátu eftir frá fyrri árum og áfram verði keppt að birtingu samninga jafnóðum. Ekki hefur fengist framlag á fjárlögum ársins til að mæta kostnaði við birtingu og mönnun þessa átaksverkefnis.

4.2. Hafréttarmál

Hafréttarmál hafa ávallt verið í forgangi í hagsmunagæslu utanríkisþjónustunnar. Heimsfaraldurinn hafði hins vegar þau áhrif að langflest hafréttarmál, rétt eins og áður kom fram varðandi hafmálin í kafla II., 3.3, frestuðust eða voru smærri í sniðum en venja er. Árlegar samningaviðræður um hafréttar- og fiskveiðiályktanir Sameinuðu þjóðanna snerust einungis um tæknileg uppfærsluatriði en engin efnisatriði og fóru einungis fram á fjarfundum þetta árið. Segja má að eina verkefnið á hafréttarsviði sem hélt áfram á árinu hafi verið samningaviðræður hjá WTO í Genf um nýjan samning til að sporna við skaðlegum ríkisstyrkjum í sjávarútvegi en þær töfðust þó einnig nokkuð vegna áhrifa COVID-19.

4.3. Landgrunns mál

Til að öðlast réttindi til landgrunns utan 200 mílna efnahagslögu ríkja þurfa viðkomandi ríki að lýsa kröfum sínum fyrir landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna (sjá kafla 8.3 í skýrslu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra til Alþingis 2020). Ísland hefur lýst slíkum kröfum og landgrunnsnefndin úrskurðaði á árinu 2016 um rétt Íslands til landgrunns á Ægisdjúpi sem og um ytri mörk landgrunnsins á vestur- og suðurhluta Reykjaneshryggjar. Ísland var sáttt við úrskurð nefndarinnar varðandi Ægisdjúp en telur að færa megi rök fyrir frekari réttindum til landgrunns á vestur- og suðurhluta Reykjaneshryggs. Starfshópur á vegum utanríkisráðuneytisins hefur unnið að uppfærðri greinargerð af Íslands hálfu fyrir þetta svæði og var hún lögð fram og afhent landgrunnsnefndinni 6. mars síðastliðinn. Vinna er hafin við greinargerð sem lögð verður fram með landgrunnskröfum af Íslands hálfu hjá landgrunnsnefndinni varðandi norðausturhluta Reykjaneshryggjar og hið umdeilda Hatton-Rockall svæði, sem er hluti af íslenska landgrunninu og Bretland, Írland og Danmörk/Færeyjar gera einnig tilkall til. Búast má við að sú vinna taki nokkur ár.

4.4. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

Á liðnu ári var áfram efst á baugi úttekt á því hvernig auka mætti árangur dómstólsins. Nefnd óháðra sérfræðinga skilaði lokaskýrslu sinni og tóku aðildarríkin hana til meðferðar. Silvia Fernández de Gurmendi frá Argentínu var kjörin nýr forseti Aðildarríkjaþingsins. Hún er fyrrum forseti dómstólsins og leggur mikla áherslu á eftirfylgni málsins. Jafnframt bar hátt á árinu undirbúning kjörs sex dómara sem átti sér stað í desember 2020 ásamt vali á saksóknara dómstólsins. Í febrúar 2021 var Karim Khan, breskur ríkisborgari, kjörinn saksóknari til næstu níu ára.

4.5. Útflutningseftirlit

Útflutningseftirlit varðar bæði vörur og þjónustu sem geta haft hernaðarlegt eða tvíþætt notagildi. Íslandi er skylt að hafa eftirlit með ákveðnum útflutningi á grundvelli alþjóðaskuldbindinga sem grundvallast meðal annars á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamningnum, vopnaviðskiptasamningnum, EES-samningnum og aðild Íslands að ákveðnum eftirlitskerfum. Í flestum tilvikum er getið um leyfisskyldan útflutning á listum sem

birtir eru á grundvelli laga um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra veitir þrenns konar útflutningsleyfi, einstök leyfi, almenn leyfi og heildarleyfi. Frá ársbyrjun 2020 hafa þrettán útflutningsleyfi verið veitt.

4.6. Þvingunaraðgerðir

Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart 28 ríkjum, auk hryðjuverkasamtaka, vegna netárása, efnavopna og alvarlegra mannréttindabrota, en stofnreglugerð vegna hinna síðarnefndu var sett í apríl síðastliðnum. Þvingunaraðgerðirnar eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis. Ísland hefur þannig heimildir til þess að bregðast við og samhæfa aðgerðir þegar ákveðið er að grípa til þvingunaraðgerða af líkt þenkjandi samstarfsríkjum í því skyni að bregðast við brotum og standa vörð um sameiginleg gildi á alþjóðavettvangi.

4.7. Iceland-málið á vettvangi EUIPO

Hugverkastofa Evrópusambandsins (EUIPO) komst að þeirri niðurstöðu í apríl 2019 að vörumerkjaskráning bresku verslunarkeðjunnar Iceland Foods Ltd. á orðmerkinu Iceland í Evrópusambandinu sé ógild í heild sinni. Fyrirtækið áfrýjaði dómmum til kærunefndar Hugverkastofu Evrópusambandsins og greinargerð Íslands var skilað í október 2020. Í janúar 2021 ákvað kærunefndin að vísa tilgreindum grundvallarspurningum málsins til fjölskipaðrar deildar áfrýjunarnefndar EUIPO (e. Grand Board) og verður málið til úrlausnar þar. Forsaga málsins er sú að íslensk stjórnvöld, Íslandsstofa og Samtök atvinnulífsins ákváðu á sínum tíma að grípa til lagalegra aðgerða gegn Iceland Foods Ltd., sem fékk árið 2014 orðmerkið Iceland skráð hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins. Krafa Íslands var að þessi skráning Iceland Foods yrði ógilt, enda væri um þekkt landfræðilegt heiti að ræða og einnig að merkið Iceland væri almennt, sérkennalaust og hefði aldrei átt að fást skráð. Hugverkastofan féllst á kröfur Íslands í málinu og ákvað að skráning Iceland Foods Ltd. á orðmerkinu ICELAND skuli vera ógild í heild sinni. Niðurstaðan er fordæmisgefandi á þessu réttarsviði ef hún stendur óhögguð. Iceland Foods Ltd. á eftir sem áður orð- og myndmerki sitt, svokallað „lógó“, skráð í Evrópu og víðar og getur haldið áfram að stunda viðskipti undir nafninu. Utanríkisráðuneytið hefur einnig haft umsjón með að sinnt sé vöktun og mótmælum gegn skráningu Iceland Foods Ltd. víðar um heim samhliða rekstri málsins á evrópskum vettvangi.

Stjórnvöld héldu einnig áfram að vinna að málinu á almennum grunni um vernd landaheita á vettvangi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Á þessum vettvangi hefur Ísland haft forgöngu um að landaheiti njóti verndar í DNS-kerfinu og sem vörumerki. Áfram verður unnið að málinu á vettvangi WIPO.

4.8. Starfið fram undan

Samningaumleitaniir og alþjóðlegar ráðstefnur á sviði hafréttar hafa í fæstum tilvikum farið fram undanfarið ár sökum heimsfaraldursins. Stefnt er að samningalotum á seinni hluta þessa árs verði aðstæður til þess en unnið hefur verið með rafrænum hætti í smærri hópum að nálgun ýmissa úrlausnarmála. Eins og áður leggur Ísland áherslu á rétt strandríkja til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins og að fiskveiðistjórnun sé ýmist staðbundin eða svæðisbundin en ekki hnattræn. Ábyrg fiskveiðistjórn Íslands og afrakstur hennar skapar Íslandi sterka stöðu til virkrar þátttöku í slíkum samningaviðræðum á alþjóðavettvangi.

Ísland leggur sitt lóð á vogarskálarnar með eflingu mannréttinda, virðingu fyrir mannúðarlögum og innleiðingu og stuðningi við alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Fjölbreyttri

hagsmunagæslu verður áfram sinnt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana og barist fyrir friði, öryggi og virðingu fyrir þjóðarétti í samskiptum ríkja.

5. FJÖLÞJÓÐLEG ÞRÓUNARSAMVINNA

Fjölþjóðleg þróunarsamvinna er einn af burðarásum utanríkisstefnunnar. Framtíðarsýnin er í anda metnaðarfullra heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni sem útrýmir örbirgð, tryggir öllu fólki mannsæmandi lífskjör, virðir mannréttindi, frið og öryggi og lög og rétt. Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna, mannréttindi og sjálfbær nýting náttúruauðlinda eru meginstef í allri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð Íslands. Til grundvallar liggja alþjóðlegir sáttmálar á sviði mannréttinda, skuldbindingar um fjárframlög og Parísarsamkomulagið um loftslagsmál, sem saman mynda umgjörð alls starfsins næstu árin.

Í samræmi við stefnu Íslands snýst fjölþjóðastarfið að miklu leyti um fjárstuðning og samstarf við þrjár stofnanir Sameinuðu þjóðanna, auk Alþjóðabankans: Stofnun um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og Mannfjöldasjóðinn (UNFPA). Jafnframt hefur Ísland átt gott og víðfemt samstarf með þessum stofnunum í tvíhliða samstarfslöndum. Gerðar eru ríkar kröfur til stofnananna um skilvirkni og góða starfshætti sem skýrt er kveðið á um í fjárskuldbindingum ráðuneytisins en samningar byggjast á ítarlegum verklagsreglum.

5.1. Forystuhlutverk í stjórn Alþjóðabankans

Þáttur Íslands í fjölþjóðastarfi Alþjóðabankans fer að mestu fram í kjördæmi Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja. Ríkin átta deila stjórnarsæti í bankanum og samræma málflutning og afstöðu til málefna. Ísland á aðalfulltrúa í stjórn bankans fyrir hönd kjördæmisins frá júlí 2019 til loka júní 2021. Því fylgir samstarf milli höfuðborga kjördæmislandanna sem felst í að samræma málefnastarf og afstöðu kjördæmisins til verkefna og stefnumótunar en það er í höndum ráðuneytisins.

Meðal áherslumála kjördæmisins í fyrra voru loftslagsmál, endurnýjanleg orka, jafnréttismál, uppbygging mannauðs, atvinnusköpun og samstarf við einkageirann. Kjördæmið talar ákveðið fyrir grænum lausnum í endurreisn eftir heimsfaraldurinn.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti fjarfund með forseta bankans, David Malpass, og ráðherrum kjördæmisins í júní. Ráðherra lagði áherslu á jafnréttismál í tengslum við COVID-19 og hlutverk einkageirans í enduruppbyggingu. Ráðherra tók einnig þátt í fjarfundi ráðherranna með aðalhafgræðingi bankans í tengslum við ársfundi Alþjóðabankans í október 2020.

Alþjóðabankinn brást hratt við og tilkynnti við upphaf heimsfaraldursins að hann hygðist verja allt að 160 milljörðum bandaríkjadala á næstu fimmtán mánuðum í aðgerðir sem hafa nú náð til yfir hundrað landa. Stjórn bankans samþykkti í október 2020 tillögu um að bankinn veiti samstarfslöndum sínum stuðning og lán upp á tólf milljarða bandaríkjadala fyrir kaupum og dreifingu á bólufermi. Þessi stuðningur bætist við neyðaraðgerðir bankans. Kjördæmið undirstrikar að ekki megi missa sjónar á langtímaþróunarmarkmiðum. Það geti komið í bakið á þeim sem síst skyldi.

Framlög Íslands til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (e. International Development Association, IDA), stofnun bankans sem veitir fátækustu löndum heims styrki og lán á hagstæðum kjörum, eru drjúgur hluti af árlegum framlögum Íslands til þróunarsamvinnu. Áætlun stofnunarinnar um niðurfellingu skulda fátækustu ríkja heims, sem Íslands styður, beinist að sömu ríkjum.

Fyrirgreiðsla IDA hefur tryggt 104 milljónum manna aðgang að heilnæmu vatni og 361 milljón barna bólusetningu, svo dæmi séu tekin. Því miður bendir margt til þess að

kórónuveirufaraldurinn ógni ávinningnum. Óttast er að viðkvæmir hópar meðal þeirra fátækustu verði verst úti, ekki síst konur og börn. Þörf fyrir aðstoðina er því mjög aðkallandi. Aðildarríki hafa nú samþykkt að flýta tuttugustu endurfjármögnun IDA til að mæta gríðarlegri þörf vegna COVID-19, án þess að gefa eftir í stuðningi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og önnur þróunarmarkmið.

Árangur IDA 2011-2020



Í tvíhliða samstarfi við bankann eru jarðhiti, fiski-, jafnréttis- og mannréttindamál efst á baugi í samræmi við stefnu Íslands í þróunarsamvinnu. Samstarfið gerir Íslandi kleift að tengjast starfi bankans á viðkomandi sviðum og nýta þannig frekar fágæta sérþekkingu við verkefni bankans, öllum til hagsbóta. Fyrir það hefur Ísland fengið jákvæðar umsagnir frá DAC, eins og greint er frá annars staðar í skýrslunni.

Ísland leggur hönd á plóg í ProBlue-sjóði bankans og styrkir hann fjárhagslega. Hafið og þróun bláa hagkerfisins er viðfangefni sjóðsins. Eitt helsta keppikefli sjóðsins er að draga úr mengun sjávar. Samhljómurinn við stefnu Íslands um verndun sjávar og sjálfbæra nýtingu er augljós. Sjóðurinn er tveggja ára og kominn á góðan skrið. Í fyrra nam fjármögnun hans í bláa hagkerfinu 3,6 milljörðum bandaríkjadala. Til stóð að halda fund sjóðsins á Íslandi í fyrra en hann fór fram rafrænt vegna faraldursins.

Í bígerð er að fjármagna nýja stöðu fiskisérfræðings hjá Alþjóðabankanum í tengslum við verkefni í Kyrrahafinu og í takt við markmið um samstarf við smáeyþróunarríki. Margra ára samstarf við orkusjóð Alþjóðabankans (e. Energy Sector Management Assistance Programme, ESMAP) hefur reynst farsælt. Sjóðurinn styður endurnýjanleg orkuverkefni í þróunarlöndum sem bankinn og fleiri aðilar fjármagna síðar ef vel tekst til. ESMAP er líka þekkingarsetur um endurnýjanlega orku.

Ísland hefur í mörg ár greitt fyrir stöðu jarðhitasérfræðings hjá sjóðnum og margir íslenskir ráðgjafar hafa tekið að sér verkefni á vegum ESMAP. Ástæða er til bjartsýni um framhaldið því gengið hefur verið frá nýjum samningi við sjóðinn vegna verkefnaáætlunar sem lýkur 2023.

Ísland hefur um árabíl styrkt jafnréttissjóð (e. Umbrella Facility for Gender Equality, UFGE) Alþjóðabankans. Sjóðurinn leggur hönd á plóg í stefnumótun bankans varðandi

kynjajafnrétti og fyrir hans tilstuðlan hefur kynjasjónarmiðum verið gert hærra undir höfði. Samningur Íslands við sjóðinn var endurnýjaður nýlega og framlög hækkuð í samræmi við gildistíma þróunarsamvinnustefnu Íslands og endurfjármögnunartillögu sjóðsins vegna afleiðinga heimsfaraldursins.

Mannréttindasjóður Alþjóðabankans (e. Human Rights, Inclusion and Empowerment Multi Donor Trust Fund) býr yfir sérþekkingu, annast fræðslu og leitast við að tryggja að mannréttindasjónarmiða sé gætt í starfi bankans. Ísland er meðal stofnríkja sjóðsins og styður hann fjárhagslega. Heimsfaraldurinn hefur sett mark sitt á starfsemi sjóðsins, sem hefur verið falið að greina félagsleg áhrif faraldursins á berskjaldaða hópa til að tryggja að aðgerðir nái til þeirra sem minnst mega sín. Verið er að kanna möguleika á því að ráða íslenskan mannréttindasérfræðing til bankans.

5.2. UN Women

UN Women er ein af áherslustofnunum Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu enda samræmist markmið UN Women stefnu íslenskra stjórnvalda um að efla réttindi kvenna á öllum sviðum. Stofnunin hvetur konur til að taka þátt í stjórnmalalífi, stuðlar að efnahagslegu sjálfstæði kvenna og gerir allt sem í hennar valdi stendur til að uppræta ofbeldi gegn konum. Hún hefur á sinni könnu samræmingarhlutverk sem snýr að öllum stofnunum Sameinuðu þjóðanna og leiðir stefnumótun í jafnréttismálum á grundvelli fimmta heimsmarkmiðsins. Nán tengsl við UN Women eiga sér langa sögu á Íslandi en allt frá stofnun UN Women hafa Íslendingar, bæði stjórnvöld og almenningur, verið meðal dyggustu bakhjarla.

Rammasamningur við UN Women var endurnýjaður í fyrra. Samningurinn sníður umgjörð um samstarfið til ársins 2023 með árlegu framlagi og styður jafnframt einstök verkefni. Þar má nefna áætlun um konur, frið og öryggi í Malaví og Mósambík og stuðning við griðastaði fyrir konur og börn í Sýrlandi.

„Kynslóð jafnréttis“ er yfirskrift áttaks UN Women sem hrundið var af stað í fyrra þegar aldarfjórðungur var liðinn frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking. Átakið snýst um sex skilgreind svið og er hverju þeirra og einu stýrt af hópi ríkja, alþjóðastofnana, borgarasamtaka og samtaka á vinnumarkaði sem taka höndum saman um að leiða tiltekin mál. Markmið Kynslóðar jafnréttis er að vinna markvisst að úrbótum á sviðum þar sem enn hallar á konur og stúlkur í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030.

Íslandi var falið að leiða aðgerðabandalag um kynbundið ofbeldi ásamt Bretlandi, Kenya og Uruguay. Stýrihópi fulltrúa forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins var falið að móta tillögur um aðgerðir í víðtæku samráði við þá sem láta sig málið varða. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók þátt í alþjóðlegri jafnréttisráðstefnu á vegum UN Women og mexíkóskra yfirvalda í tengslum við átaksverkefnið í lok mars síðastliðins. Markmið ráðstefnunnar í Mexíkó var að kynna og kalla eftir stuðningi við stefnumið aðgerðabandalaga átaksverkefnisins og gera samtökum ungmenna- og kvannahreyfinga kleift að eiga samtal við mismunandi hagaðila frá aðildaríkjum, einkageiranum og alþjóðastofnunum. Ráðherra sagði ráðstefnuna einstakt tækifæri til þess að sameina krafta fjölbreyttis hóp sagaðila og eiga samstarf um leiðir til að knýja fram umbreytandi aðgerðir í þágu jafnréttis.

5.3. UNICEF

Hlutverk UNICEF er að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna og er stofnunin áherslustofnun Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu. Réttindi barna eru lykilþáttur í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og hafa þau fengið aukið vægi í málsvarastarfi Íslands

á alþjóðavettvangi. UNICEF einbeitt sér einkum að fjórða heimsmarkmiðinu sem snýr að menntun fyrir alla, því þriðja um framfarir í heilbrigðismálum og heimsmarkmiði númer sex um aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu.

Samkvæmt samningi fær UNICEF kjarnaframlag frá ráðuneytinu og að auki framlög til einstakra verkefna sem tengjast mæðra- og ungbarnavernd, hreinlætismálum, vatnsveitu og skólagöngu. Stefnt er að endurnýjun rammisamnings við UNICEF á þessu ári.

5.4. UNFPA

Mannfjöldasjóðurinn (UNFPA) býr þróunarriki undir fyrirsjáanlega fólksfjölgun með stuðningi við stefnumótun og áætlanagerð. Sérfræðingar stofnunarinnar gefa ráð og afla gagna sem varpa ljósi á félagsleg og efnahagsleg áhrif fólksfjölgunar. Hún fjallar líka um mál sem tengjast frjósemi og kynheilbrigði, mæðravernd og fæðingarhjálp. Þetta tengist þriðja heimsmarkmiðinu um framfarir í heilbrigðis- og velferðarmálum og fimmta markmiðinu um jafnrétti kynjanna.

Eins og hinar áherslustofnanirnar fær UNFPA árlegt kjarnaframlag frá Íslandi og því til viðbótar fjárframlög til einstakra verkefna á hennar sviði. Ísland hefur um nokkurra ára skeið stutt verkefni UNFPA og UNICEF gegn limlestingum á kynfærum stúlkna auk þess sem stofnunin fær mannúðarframlög frá Íslandi. Gert er ráð fyrir að rammisamningur við UNFPA verði undirritaður á þessu ári.

Fjölþjóðleg þróunarsamvinna 2020



5.5. Þróunarsamvinnunefnd OECD

Í skugga ríkjandi ástands hafa samskiptin við þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) að mestu verið rafræn. Fastanefnd Íslands hjá OECD í París sækir nefndarfundi í samstarfi við alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu. Með DAC-samstarfinu læra framlagsríki hvert af öðru og fá leiðsögn í umbótum á öllum sviðum þróunarsamvinnu.

Miðannarýni DAC á þróunarsamvinnu Íslands lauk í október 2020. Byggt var á grunni jafningjarýni frá 2017. Í heildina er niðurstaðan afar jákvæð. Á þremur árum tókst að koma til móts við níu af þrettán tillögum frá DAC. Sú stefna að einbeita sér að sviðum þar sem ætla má að íslensk sérþekking nýtist best og að kveða skýrt á um stuðning við fátækustu ríki heims, mælist vel fyrir. Sama á við um fyrirheit um aukin framlög og fjölgun starfsfólks með menntun, þekkingu og reynslu á sviði þróunarsamvinnu.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og ráðuneytisstjóri sátu fjárfund ráðherra framlagsríkja í október 2020 þar sem viðbrögð við COVID-19 og áhrif faraldursins á fátæk ríki og þróunarsamvinnu voru efst á baugi. Tengsl þróunarsamvinnu, friðar og mannúðarmála voru á dagskrá hringborðs háttsettra embættismanna, nokkurra stjórnenda DAC og fulltrúa

Sameinuðu þjóðanna á fundinum. Skrifstofustjóri alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu var fulltrúi Íslands við hringborðið.

Talnegögn um íslenska þróunarsamvinnu fóru í jafningjarýni fulltrúa Lúxemborgar og Slóveníu ásamt pólskum áheyrnarfulltrúa. Útkoma rýnnar varpar ljósi á ánægju OECD DAC með þá vinnu sem Ísland hefur innleitt við mat á kostnaði við umsækjendur um vernd og kvótaflóttafólk. OECD DAC vísar einnig í gæði verkferla við skilgreiningu á framlögum til þróunarsamvinnu. Tölfræðirýnin verður birt á vefsíðu OECD DAC von bráðar.

Skilgreiningar DAC byggjast á sameiginlegum verklagsreglum þar sem reynt er að tryggja að tölur um opinbera þróunarsamvinnu séu samanburðarhæfar milli aðildarríkja. DAC leggur ríkar skyldur á herðar framlagsríkjum. Fjármálastjórn og bókhald ráðuneytisins hafa verið þróuð í samræmi við þetta verklag, mikil vinna farið í að samræma vinnulag samkvæmt tilmælum DAC, aðlaga eftirlitskerfi sem halda utan um talnegögn, og þróa nýjan gagnagrunn. Til að auðvelda yfirsýn á tölfræði fjárframlaga verður opnuð vefsíða fyrir framlögin á árinu. Síðan mun gefa heildarsýn yfir framlögin og þar verður hægt að nálgast á einum stað upplýsingar um verkefni, lönd og stofnanir sem Ísland styður.

6. GRÓ – ÞEKINGARMIDSTÖÐ ÞRÓUNARSAMVINNU

GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu var sett á laggirnar haustið 2019. Markmið hennar er að byggja upp þekkingu í þróunarlöndum þar sem sérþekking Íslendinga nýtist í þróunarsamvinnu. Hún starfar undir merkjum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) sem svokölluð Category II miðstöð samkvæmt samningi Íslands við stofnunina.

Undir merkjum GRÓ eru fjórir skólar: Jafnréttisskólinn, Jarðhitaskólinn, Landgræðsluskólinn og Sjávarútvegsskólinn. Hlutverk þeirra er að mennta fólk í þróunarríkjum á sérsviði hvers skóla fyrir sig og styðja þannig stefnu Íslands í þróunarsamvinnu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Gerðir voru nýir þjónustusamningar með breyttu sniði við nýja samstarfsaðila. Skerpt var á markmiðum og umgjörð og skýrar kveðið á um fjárveitingar og umsýslu verkefna. Sumarið 2020 var gengið frá þjónustusamningum vegna Landgræðsluskólans, Sjávarútvegsskólans og Jafnréttisskólans og samið við Landbúnaðarháskólann, Hafrannsóknastofnun og Háskóla Íslands, sem eru svokallaðar hýsistofnanir skólanna. Í febrúar 2021 var gengið frá þjónustusamningi við Íslenskar orkurannsóknir um rekstur og umsýslu Jarðhitaskólans sem Orkustofnun sinni áður.

Breytt fyrirkomulag á að skerpa á hlutverki skólanna án þess að raska grunnstarfsemi þeirra. Tilgangurinn er að ná meiri samlegð, samþætta starfið við aðra þróunarsamvinnu Íslands, leita nýrra samstarfstækifæra á alþjóðlegum vettvangi, nýta betur íslenskt þróunarsamvinnufé og auka gagnsæi og eftirlit með ráðstöfun fjáris.

Skólarnir fjórir taka á hverju ári á móti hópum sérfræðinga frá þróunarríkjum til námsdvalar á Íslandi og standa fyrir námskeiðum í þróunarríkjunum. Slík námskeið hafa jafnan verið staðbundin en gert er ráð fyrir að í ljósi fenginnar reynslu verði fjarfundatækni nýtt samhliða í auknum mæli. Jafnframt gefst nemendum sem lokið hafa námi við skólana kostur á að sækja um styrki til meistara- og doktorsnáms við íslenska háskóla.

Yfir 1.400 starfandi sérfræðingar frá þróunarríkjum hafa fengið þjálfun á vegum skólanna hér á landi og fjöldi manns hefur sótt námskeið á þeirra vegum í samstarfsríkjum. Framlög til skólanna nema um 795 milljónum kr. 2021, sem er sama upphæð og 2019. Skýrist það af áhrifum heimsfaraldursins.

Áfram verður horft til þess í skólastarfinu að verðmæt sérþekking nýtist í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Jafnréttisskólinn hélt sitt námskeið samkvæmt áætlun á vormánuðum 2020 þar sem nemendur skólans voru komnir til landsins. Sjávarútvegsskólinn náði að útskrifa 24

nemendur í lok febrúar áður en faraldurinn skall á. Nokkrir nemendur Jafnréttisskólans áttu í vanda við að komast aftur til síns heima og fáeinir dvöldu hér fram á haustið af þeim sökum.

Hinum skólunum auðnaðist ekki að halda hefðbundin námskeið en styttri námskeið voru haldin og meistara- og doktorsnemar sem skólarnir studdu komu hingað til náms til viðbótar við þann hóp sem þegar var á landinu.

Undirbúningur móttöku nemenda með hefðbundnum hætti í sumar og haust stendur yfir. Vonast er til að starfið raskist minna á árinu 2021. Í samstarfi við stjórn GRÓ verða kannaðir möguleikar á sóknarfærum og frekari eflingu starfsemi skólanna.

7. NEYÐAR- OG MANNÚÐARAÐSTOÐ

Íslensk stjórnvöld leggja sitt af mörkum til mannúðaraðstoðar, einkum í samstarfi við stofnanir og sjóði Sameinuðu þjóðanna (SP) sem bregðast við neyðarástandi, bjarga mannlífum og veita aðstoð og vernd. Þörfin fyrir mannúðaraðstoð er því miður alltaf fyrir hendi sökum átaka og óstöðugleika, loftslagsbreytinga og náttúruhamfara, og nú einnig vegna heimsfaraldurs. Milljónir hafa flosnað upp af heimilum sínum og lent á vergangi eða flóttu.

Gerðir hafa verið rammisamningar við lykilstofnanir á sviði mannúðarmála. Miðast slíkir samningar við ákvæði í þróunarsamvinnustefnu um að beita sér fyrir auknum og fyrirsjáanlegum framlögum til mannúðarmála í samræmi við kröfur um aukna skilvirkni og árangur.

Árið 2020 veittu íslensk stjórnvöld 863 milljónum kr. til mannúðaraðstoðar. Talsverður hluti fjárisins fór í samningsbundin framlög til Matvælaáætlunar SP (WFP), Samhæfingarskrifstofu aðgerða SP í mannúðarmálum (OCHA), Neyðarsjóðs SP (CERF) og Flóttamannastofnunar SP (UNHCR) en fyrrgreindar stofnanir og sjóðir eru áherslustofnanir Íslands. Palestínuflóttamannaáðstoð SP (UNRWA), Mannfjöldasjóður SP (UNFPA), UNICEF og UN Women fengu einnig mannúðarframlög, ásamt Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC).


Framlög til Sírlands vógu þyngst á árinu 2020 en neyðarköllum var líka svarað frá Jemen, Líbanon, Afganistan og Suður-Súdan. Ísland tók þátt í fyrstu Mið-Sahel-framlagaráðstefnunni og lagði fé til UNHCR í kjölfar brunans á Lesbos.

Tvívegis var samþættu mannúðarákalli Sameinuðu þjóðanna vegna COVID-19 svarað með framlögum til WHO, UNHCR, UNFPA og WFP.

Markmið þróunarsamvinnustefnunnar er að styrkja tengslin milli mannúðarstarfs og þróunarsamvinnu. Lýsti það sér í áframhaldandi samstarfi við UNICEF um uppbyggingu á sviði vatns- og skólþveitu í Norður-Úganda þar sem stórir hópar flóttamanna dvelja, flestir frá Suður-Súdan.

Ísland hefur samið við nokkrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna um að senda sérfræðinga á sviði mannúðar tímabundið til starfa á vettvangi. Árið 2020 starfaði einn sérfræðingur á sviði jafnréttismála hjá WFP í Mósambík og tveir fyrir UNRWA í Jórdaníu og Jerúsalem. Að störfum var sérfræðingur á sviði jafnréttis- og flóttamannamála hjá UN Women í Tyrklandi og sérfræðingur hóf störf hjá UNFPA í Úganda í lok árs 2020.

Framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar eftir samstarfsstofnunum 2020



Metnaðarfullt alþjóðasamstarf um mannúðarmál er liður í málsvarastarfi og eftirfylgni Íslands með mannúðarframlögum. Fylgst var með árangri allra samstarfsaðila í gegnum framvindu- og úttektarskýrslur auk reglulegs samráðs með áherslu á starfsemi framkvæmdanefndar UNHCR og ráðgjafanefndar OCHA, sem Ísland er aðili að. Allar vettvangsheimsóknir féllu niður vegna heimsfaraldurs.

Loks veitti ráðuneytið styrki til ýmissa félagasamtaka vegna neyðar- og mannúðarmála, eins og greint er frá annars staðar í skýrslunni.

8. TVÍHLIÐA ÞRÓUNARSAMVINNA

Malaví og Úganda eru samstarfsþjóðir Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu og þar starfa íslensk sendiráð. Veigamestu verkefni eru unnin með héraðsstjórnnum, einni í Malaví og tveimur í Úganda. Markmiðið er að bæta grunnþjónustu þeirra við heimafólk í dreifðum byggðum.

Haldið var áfram með fiskiverkefni og þróun hugmynda um bláa hagkerfið í Líberíu og Síerra Leóne. Bláa hagkerfið snýst um hvaðeina sem tengist hafinu: fisk, tæki og tól, vísindi og umhverfi. Góð tengsl eru milli lykilstofnana, sem Ísland er í samstarfi við, og ráðuneytisins í þessari vinnu.

Þrátt fyrir COVID-19 hefur verið góður gangur í verkefnum í Úganda og Malaví en faraldurinn setur strik í reikninginn í hinum löndunum þar sem ekki eru sendiskrifstofur.

8.1. Malaví

Faraldurinn skall fyrst á Malaví í mars 2020. Áhrif hans á heilsufar fólks voru minni en búist var við en efnahagslegt högg var þungt enda Malaví eitt fátækasta ríki heims. Sendiskrifstofan var lokað frá apríl til október 2020 en starfsemi hennar sinnt í fjarvinnu. Einstök verkefni töfðust en önnur héldu áætlun. Næsta bylgja, sem steptist yfir fljótlega eftir áramót, var mun skæðari, sýkti fjölda fólks og dró marga til dauða. Lýst var yfir neyðarástandi í janúar. Ísland brást skjótt við með um 100 milljón kr. aukaframlagi.

Fyrri ákall Malaví stjórna og Sameinuðu þjóðanna um stuðning vegna COVID-19 var í apríl. Framlag Íslands rann að drjúgum hluta til Mangochi, samstarfshéraðs Íslands. Það var notað til að samhæfa aðgerðir, upplýsa almenning um sóttvarnir, þjálfa heilbrigðisstarfsfólk og kaupa súrefnisbúnað. Jafnframt var stutt við átak UN Women gegn kynbundnu ofbeldi, ótímabærum þungunum og barnabréðkaupum. Skólum var lokað í Malaví vegna smithættu en reynslan sýnir að stúlkur eru berskjaldaðri gagnvart slíku meðan skólastarf liggur niðri.

Til viðbótar studdi Ísland aðgerðir WFP sem kom á fót skýlum fyrir smitað fólk við sjúkrahús, skóla, flóttamannabúðir og við flugvöllinn í Blantyre, sem tókst að opna fyrir umferð eftir þriggja mánaða lokun.

Mangochi er næstfjölmennasta hérað Malaví með 1,2 milljónir íbúa og er stuðningur við byggðaðróunarverkefni í héraðinu veigamesta verkefni Íslands þar í landi. Stefna malavískra stjórnvalda er að dreifa ábyrgð og valdi. Ísland styður stefnuna með endurbótum á grunnþjónustu á landsbyggðinni. Heilbrigðismál, skólastarf, vatnsveita, hreinlæti, jafnrétti og félagslegur stuðningur við ungmenni eru helstu viðfangsefni. Óháðar úttektir á þessu samstarfi gefa tilefni til bjartsýni því meiri framfarir eiga sér stað í Mangochi en víðast annars staðar á landsbyggðinni.

Meira en þrjátíu þúsund börn og unglingar njóta góðs af stuðningi við starf tólf skóla í Mangochi. Endurbætur á aðbúnaði, nýjar skólastofur, bættur bókakostur, salerni á skólalóð, hreint vatn, aðstaða fyrir stúlkur á blæðingum ásamt skólamáltíðum fyrir alla draga úr landlægu brottfalli nemenda. Sama á við um kennara sem halda tryggð við skóla sem veita gott starfsumhverfi. Nítján kennarahús voru byggð í fyrra fyrir framlög frá Íslandi. Einnig er lögð áhersla á samstarf við foreldra skólabarna. Árangur lætur ekki á sér standa því hlutfall barna sem sækir skóla hefur hækkað og er minna brottfall stúlkna sérstakt ánægjuefni.

Kóleru og fleiri niðurgangspesitir má iðulega rekja til skorts á hreinu drykkjarvatni og ófullnægjandi hreinlætisaðstöðu. Tímamót urðu þegar sveitarfélagið Mponda í Mangochi fékk vottun stjórnvalda fyrir að sjá öllum heimilum fyrir drykkjarhæfu vatni, viðunandi salernum og hreinlætisaðstöðu. Í kjölfarið hefur stórlega dregið úr hvers kyns pestum. Mponda er fyrirmyndin á þessari vegferð. Nýjar vatnsborholur og brunnar sem tryggja nærri sjötíu þúsund manns hreint vatn urðu til með íslenskum stuðningi í fyrra.

Í Malaví hlutu heilbrigðisyrifvöld í Mangochi verðlaun fyrir framúrskarandi árangur þar í landi en valið byggist á mælanlegum stöðlum um framfarir og settir eru af yfirvöldum. Framfarir í mæðravernd og fæðingarþjónustu, fjölgun heilbrigðisstarfsfólks, skýrara upplýsingakerfi og betri talnagögn voru tiltekin í matinu. Árangurinn er að miklu leyti þakkaður samstarfi við Ísland. Ný bráðadeild fyrir börn var nýlega opnuð við héraðssjúkrahúsið og flutt var inn í tíu hús fyrir starfsfólk jafnmargra útstöðva. Starfsfólk 24 heilsugæslustöðva fékk sérhæfða þjálfun í mæðravernd og fæðingarþjónustu og fjölmargar mæðranefndir og heilbrigðisnefndir sóttu námskeið í forvörnum.

Malaví - Mangochi

↑ 20%



Skólasókn barna í héraðinu jókst um 20% á tímabilinu 2017-2020.

↑ 21%



Fjöldi stúlkna sem gengur í skóla fjölgaði um 21% tímabilið 2017-2020 og brottfall minnkaði úr 9% í 7%.

68%



Hlutfall kvenna sem fæða í viðurvist þjálfaðra heilbrigðisstarfsmanna hækkaði úr 60% í 68% 2017-2020

66.000



247 nýjar vatnsborholur og 64 brunnar tekin í gagnið sem veita 66 þúsund manns aðgengi að drykkjarhæfu vatni nærri heimilum sínum.

Héraðsstjórnin í Mangochi er hástökkvarinn í gæðamati sveitastjórnarráðuneytisins í Malaví á skilvirkum stjórnunarháttum. Hún var í 27. sæti listans árið 2016 en skipaði tíunda sæti listans í fyrra. Árið 2017 hófst samstarf við Ísland um ákveðna verkferla og áætlanagerð sem litið er til í gæðamatinu og nú, fjórum árum síðar, er Mangochi fyrirmynd í gerð stefnumótandi áætlana á ýmsum sviðum.

Í gildi er samstarfssamningur við Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) um aðgerðir þar sem áhersla er lögð á að forða ótímabærum þungunum ungra stúlkna og forvarnir vegna kynbundins ofbeldis. Hvatt er til notkunar getnaðarvarna og leitast við að tryggja þjónustu við konur sem þjást af fæðingarfistli, ömurlega afleiðingu barnsburðar stúlkna sem ekki hafa líkamlegan þroska til að fæða barn.

Heimfaraldurinn setti strik í reikninginn við framkvæmdina en á haustmánuðum 2020 náðist að þjálfa um fjörutíu ungmenni til að dreifa getnaðarvörnum á heimaslóðum á vegum heilsugæslustöðva. 24 heimamenn fengu þjálfun í þjónustu við fórnarlömb kynferðisofbeldis í samvinnu við lögreglu, félagsmálafyrirvöld og dómstóla.

Malavísk stjórnvöld undirbúa fyrstu áætlun landsins um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Ísland studdi undirbúninginn gegnum UN Women en honum lauk í desember.

Þriggja ára samstarfssamningur Íslands og Energising Development (EnDev) snýst um notkun endurnýjanlegra orkugjafa í Mangochi og sparneytin eldstæði. Áætlanir röskuðust sökum faraldursins en til að bregðast við honum var þrjú hundruð sólarútörpum, sem einnig eru lampar, dreift til 99 heilbrigðisnefnda. Í lok árs höfðu tæplega tuttugu þúsund manns fengið sóttvarnarskilaboð og aðrar lýðheilsuupplýsingar um forvarnir gegn malaríu og berklum gegnum viðtækin.

Skólamáltíðaverkefni WFP í sex skólum í Mangochi tryggir tæplega sjö þúsund grunnskólabörnum heita máltíð daglega. Grunnskólum var lokað vegna COVID-19 frá júlí til október. WFP brást við með mánaðarlegu framlagi til foreldra til að tryggja börnunum reglulegar máltíðir áfram.

8.2. Úganda

Stjórnvöld í Úganda kynntu í febrúar 2020 strangar aðgerðir vegna COVID-19 sem leiddu til lokunar sendiráðs Íslands í Kampala. Þrátt fyrir lokun gengu þróunarverkefni að mestu í samræmi við áætlanir. Reglulegir samhæfingarfundir voru haldnir milli starfsfólks í Úganda og stjórnenda á Íslandi þar til sendiráðið var opnað að nýju í júlí 2020.

Ísland nýtti fjárheimildir 2020 til að bregðast við COVID-19 í Úganda. Um 66 milljónum kr. var varið í skólamáltíðir fyrir nemendur í fiskimannasamfélögum í Buikwe-héraði. Þá var 15 milljónum kr. varið til viðbragðsáætlunar héraðsins vegna COVID-19 til að gera heilsugæslum og héraðssjúkrahúsum kleift að sinna forvörnum og eftirliti og kaupa nauðsynlegan hlífðarbúnað.

Framkvæmdum við menntaverkefnið í Kalangala lauk árið 2020 og þar með formlegu samstarfi við héraðið sem hefur staðið yfir síðan 2001. Stórstígar framfarir hafa orðið, námsumhverfi hefur lagast mikið, fagfólki í skólastarfi vaxið ásmegin og byggingar mæta stöðlum stjórnvalda. Námsárangur hefur tekið batnað verulega. Stjórnvöld flokka færni í lestri og stærðfræði „græna“ í héraðinu öllu, sem þýðir að 75-100 prósent nemenda mæta ákveðnum kröfum um grunnþekkingu. Þá hefur kynjadreifing jafnast og 96 prósent útskriftarnema frá grunnskóla náðu lokaprófi.

Samstarfið við Buikwe-hérað hefur staðið yfir frá 2014. Stuðningur Íslands bætir lífsskilyrði fiskimanna og beinist að menntun og vatns- og hreinlætismálum. Að auki er leitast við að byggja upp ákveðna þætti í stjórnsýslunni. Mannréttindi, umhverfisvernd og jafnrétti

kynjanna eru höfð að leiðarljósi. Unnið var að áætlun um að efla efnahagslegt sjálfstæði kvenna.

Öðrum áfanga vatnsverkefnis í Buikwe er lokið og hefur tekist vel að koma neysluvatni nær heimilum fólks og uppfæra kerfin svo þau mæti kröfum tímans. Um 62 þúsund manns fá nú betri vatnsveitu. Pípulagnir eru nýjung sem færir fólki vatnið í krana heima hjá sér þegar best lætur. Vegna tafa náðist þó markmiðið aðeins að hluta. Mörg heimili gátu ekki tekið þátt í kostnaði þegar til kom sökum tekjubrests af völdum COVID-19. Einnig var unnið að því að styrkja stjórnun, rekstur og viðhald vatnskerfisins.

Úganda - Buikwe

66 m. kr.



Um 66 milljónum króna var varið í skólamáltíðir fyrir nemendur í fiskimanna-samfélögum í Buikwe-héraði.

15 m. kr.



Fimmtán milljónum króna varið í að gera heilsugæslum og héraðssjúkrahúsum kleift að takast á við COVID-19.

168



Bygging 168 endurbættra salerna og hreinlætisfræðsla hefur skilað sér í bættu hreinlæti í 38 þorpum.

62.000



29 vatnsveitur með 123 almennum vatnspóstum veita nú 62.000 manns betri aðgang að vatni.

Annar áfangi menntaverkefnis í Buikwe er á góðum skriði með stuðningi við fjóra framhaldsskóla og 21 grunnskóla til viðbótar við þá 21 sem þegar var lokið við í fyrsta áfanga. Skólana sækja hátt í 24 þúsund grunnskólanemar og um fjögur þúsund á framhaldsskólastigi. Endurbætur skólabygginga, símenntun kennara, stjórnenda og yfirmanna menntamála og aukið framboð námsefnis eru inntakið í starfinu. Skýrar vísbendingar eru um betri námsárangur almennt og jafnara kynjahlutfall en lengri tíma þarf til að slá nokkru föstu um varanlegan árangur stuðningsins.

Samstarf við Namayingo, sárafatækt hérað í austurhluta Úganda, er í þann mund að hefjast. Fiskiþorp héraðsins við Viktoríuvatn glíma við fjölþættan vanda og er hvers kyns opinber þjónusta í mýflugumynd. Nálgun Íslands verður með svipuðu sniði í Buikwe. Menntamál, vatnsveita og hreinlæti verða efst á lista í fiskiþorpinum þar sem um 150 þúsund manns búa. Áætlanir byggjast á þarfagreiningum sem gerðar hafa verið.

Lokið var við endurbætur á fiskmarkaði í Panyimur í Pakwach-héraði, en Ísland stóð fyrir byggingu hans á árunum 2012-13, og aftur að stækkun hans 2019-20. Mikil hækkun yfirborðs Albertsvatns gerði frekari umbætur nauðsynlegar til að verja markaðinn flóðum. Á markaðnum gegna konur 70% starfa og þar koma saman um sjö þúsund sölumenn einn til tvo daga í viku. Markaðurinn þjónar einnig nágrannalöndunum Rwanda, Kongó, Suður-Súdan og Mið-Afríkulýðveldinu.

Þriggja ára samningur sem nær til ársins 2022 er í gildi við UNICEF í Úganda um uppbyggingu vatns- og salernismála í heilsugæslustöðvum og skólum í flóttamannabyggðum. Uppbyggingin fer fram í héruðunum Arua og Adjumani í norðvesturhluta Úganda og áætlað er að ríflega 43 þúsund manns njóti góðs af verkefninu. Yfir sex hundruð þúsund flóttamenn hafast við á svæðinu, flestir frá Suður-Súdan.

Í verkefninu tvinnast saman mannúðaraðstoð og þróunarsamvinna með stuðningi við flóttafólk og heimafólk í senn. Kostnaði er skipt milli tvíhliða þróunarsamvinnu í Úganda og framlaga ráðuneytisins til mannúðarmála. Með því móti er leitast við að styðja hvort tveggja langtíma- og skammtíamarkmið og hefur reynslan hingað til lofað góðu.

Margvíslegt samstarf á sér stað milli háskóla á Íslandi og Úganda. Sendiráðið kostaði fimm nemendur frá Makarere-háskóla til að sækja nám í verkfræði og nýsköpun eina önn við Háskólann í Reykjavík. Þótti það gefast vel og frekari nemenda- og kennaraskipti eru í bígerð.

Ísland studdi kosningaefirlit Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) vegna forseta- og þingkosninga í janúar 2021. Markmiðið var að tryggja að kosningarnar færu friðsamlega fram og að kjósendur gætu neytt atkvæðisréttar síns hindrunarlaust.

8.3. Svæðasamstarf í Vestur-Afríku

Í áætlunum var gert ráð fyrir að fyrsta áfanga í svæðasamstarfi Íslands í Sierra Leóne og Líberíu í Vestur-Afríku lyki árið 2020. Undirbúningur og framkvæmd einstakra verkþátta hefur tafist nokkuð vegna heimsfaraldursins. Áfanganum lýkur vart fyrr en síðar á þessu ári. Stærstur hluti samstarfsins snýst um að auka verðmæti og gæði fiskafurða. Stefnan er að bæta afkomu þeirra sem starfa við virðiskeðju fisks á landi, en konur eru stærstur hluti þess hóps.

Til að styrkja lykilstofnanir sjávarútvegs í Sierra Leóne og Líberíu hefur sérfræðingum frá báðum löndum verið boðið í þjálfunarnám hjá Sjávarútvegsskóla GRÓ á Íslandi. Tveir til þrjár einstaklingar frá hvoru landi hafa árlega lokið slíku námi frá 2018. Þeir hafa sinnt fiskveiðistjórnun, stofnstærðarmati og gæðaeftirliti fiskafurða í samstarfi við sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar, Matís, háskóla landsins og fleiri samstarfsaðila Sjávarútvegsskólans. Í fyrra luku alls sex sérfræðingar frá Vestur-Afríku þjálfunarnámi, þrjár frá Sierra Leóne og þrjár frá Líberíu. Faraldurinn hindraði áformin í fyrra en ráðgert er að nýr hópur komi seinni hluta þessa árs.

Frá 2018 hafa Matís og Sjávarútvegsskólinn ásamt heimafólki í þorpinu Tombo í Sierra Leóne staðið fyrir umbótum á aðstöðu til að reykja fisk. Rík hefð er fyrir reyktnum fiski á þessum slóðum. Verkunin er að mestu í höndum kvenna. Bætt aðstaða gerir mögulegt að framleiða heilnæmari afurðir í reykskýli þar sem aðgangur að sólarafhliðuljósi, rennandi vatni og hreinlætisaðstöðu er tryggður. Nýir reykofnar spara orku, draga úr notkun eldiviðar, forða landlægrri skógareyðingu og minnka um leið framleiðslukostnað. Endurbæturnar komust í gagnið í fyrra. Reynslan lofar góðu og vekur vonir um að þarna sé upphaf þess sem koma skal.

Í höfuðstöðvum fiskimálayfirvalda Líberíu hefur Matís aðstoðað heimafólk við hönnun og uppsetningu örverurannsóknarstofu til að sinna gæðaeftirliti í fiskvinnslu. Húsnæði fyrir rannsóknarstofuna er til reiðu og allar innréttingar og tæki hafa verið keypt. Vegna COVID-19 hefur ekki enn verið tekið á móti væntanlegum starfsmönnum rannsóknarstofunnar til þjálfunar á Íslandi. Sömuleiðis hefur ekki verið unnt að senda sérfræðinga utan til að reka smiðshögggið á verkið. Vonir standa til að hvoru tveggja ljúki á seinni hluta þessa árs.

Í þrjú ár hefur Ísland í samstarfi við UNICEF stutt endurbætur á vatns- og hreinlætisaðstöðu fátækra fiskisamfélaga í Sierra Leóne og Líberíu. Byrjað var á að endurnýja frá grunni vatnsveitu fyrir um fjörutíu þúsund manns í Tombo í Sierra Leóne. Vatnsveitan tengist fjölda vatnspósta, almenningssalerna og fiskverkunarstöðva við helstu löndunarbryggjur þorpsins. Hverfanefndum heimamanna sem sinna útbreiðslustarfi um hreinlæti í daglegu lífi, einkum við meðhöndlun matvæla, hefur verið komið á fót. Efnt var til átaks í samvinnu við heimafólk um hreinsun plasts og úrgangs af nærliggjandi strandlengjum. Álíka átak var gert í þorpunum Goderich og Konakreedee í Sierra Leóne og Robertsport, Banjor, New Kru Town og Marshal í Líberíu. Um tuttugu þúsund manns fengu aðgang að hreinu vatni og betri hreinlætisaðstöðu með þessari samvinnu við UNICEF í Líberíu.

Verkefni UNFPA um forvarnir og lækningu við fæðingarfistli 2020

129



129 konur undirgengust lækni-meðferð við fæðingarfistli.

31



31 kona fékk kennslu og þjálfun sem nýtist til framfærslu í tengslum við endurhæfingu vegna fæðingarfistils.

30



30 aðgerðasinnar fengu þjálfun í að virkja samfélagið í baráttunni gegn fæðingarfistli og herferðir fóru fram í níu héruðum.

1.641



Stuðningur við sjúkrahús félagasamtakanna Aberdeen Women's Center þar sem 1.641 kona sótti örugga fæðingarþjónustu.

Á árinu 2020 barst Íslandi ákall frá UNICEF og UNFPA um stuðning vegna COVID-19 í Sierra Leóne sem svarað var með fjárstuðningi. Þá var stuðningi fram haldið við verkefni UNFPA sem snýr að forvörnum og lækningu við fæðingarfistli. Verkefni UNICEF felst í að sporna við brottfalli stúlkna úr skólum og bæta hreinlætisaðstöðu stúlkna á blæðingum. Til viðbótar var stutt við félagasamtökin Aberdeen Women's Center (AWC) í Sierra Leóne vegna COVID-19. Samtökin starfa í höfuðborg landsins Freetown þar sem þau reka fæðingadeild, sérstaka skurðstofu fyrir fistúlaaðgerðir og kynheilbrigðisþjónustu fyrir konur og stúlkubörn.

9. SAMSTARF VIÐ FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK

Samstarf utanríkisráðuneytisins við íslensk félagasamtök á sviði þróunarsamvinnu eflist með hverju árinu. Sameiginlegt markmið er að draga úr fátækt, bregðast við neyðarástandi og styðja atvinnusköpun og sjálfbæran vöxt í þróunarríkjum í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Reynslan sýnir að þáttur vel skipulagðra samtaka almennings í þróunar- og hjálparstarfi er ómetanlegur.

Utanríkisráðuneytið veitir styrki til mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnuverkefna. Þar með eru talin styttri verkefni, langtímaverkefni og nýliðaverkefni. Einnig geta félög fengið kynningar- og fræðslustyrki.


9.1. Þróunarsamvinnustyrkir

Alls voru veitt viljrði fyrir styrkjum til átta nýrra þróunarsamvinnuverkefna á vegum sex samtaka á árinu 2020. Um var að ræða þrjú langtímaverkefni; tvö á vegum Rauða krossins á Íslandi og eitt á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar, og fimm styttri verkefni. Tvö verkefni ABC barnahjálpar hlutu styrki auk þess sem Aurora velgerðarsjóður, Samband íslenskra kristniboðsfélaga og Stómasamtökin fengu hvert um sig einn styrk.

Auk nýrra verkefna voru uppfylltar skuldbindingar vegna sex eldri langtímaverkefna. Um er að ræða verkefni á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu og Úganda, Rauða krossins í Sierra Leóne og Malaví, SOS barnaþorpanna á Filippseyjum og í Tógó, og Sólar í Tógó þar í landi.

Vegna heimsfaraldursins töfðust einstök verkefni. Ráðuneytið sýndi því skilning enda verið að bregðast við aðstæðum sem enginn sá fyrir.

Verkefni félagasamtaka 2020 á heimsvísu



9.2. Kynningar- og fræðslustyrkir


Árið 2020 var ákveðið að leggja aukna áherslu á kynningu og fræðslu til almennings á styrkveitingum til félagasamtaka. Auglýst var eftir umsóknum um verkefni til að upplýsa ráðuneytið um alþjóðlega þróunarsamvinnu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Öll félög sem sinna alþjóðlegu mannúðarstarfi og þróunarsamvinnu geta sótt um styrki af þessu tagi.

9.3. Mannúðarverkefni

Tekið var við umsóknum vegna neyðar- og mannúðarverkefna allt árið og styrkjum úthlutað meðan fjárheimildir leyfðu. Rúmum 119 milljónum kr. var varið til mannúðarverkefna árið 2020 en þar af voru um 77 milljónir kr. eyrnamerkar Sýrlandi þar sem þörfin er afar brýn eftir tíu ára styrjöld. Verkefni Barnaheilla - Save the Children, Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða krossins á Íslandi í Sýrlandi fengu styrki. Barnaheill - Save the Children fékk styrk til barnaverndar í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og Hjálparstarf kirkjunnar var styrkt vegna neyðar í Írak.

Samkvæmt gildandi rammasamningi Rauða krossins á Íslandi (RKÍ) og utanríkisráðuneytisins um alþjóðlega mannúðaraðstoð fékk RKÍ 67 milljónir kr. Samtökin nýttu féð til að mæta afleiðingum COVID-19 víða um heim, til að styðja fórnarlömb sprengingar í Beirút, til að rétta Sómölum hjálparhönd vegna þurrka og til að bæta fæðuöryggi í Suður-Súdan. Tíu milljónir kr. fóru til hjálparstarfs vegna jarðskjálfta í Króatíu.

Styrkveitingar til verkefna íslenskra félagasamtaka 2020



10. SAMSTARF VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Þjónustuborð atvinnulífsins, Heimstorg, var sett á fót í október 2020 þegar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og framkvæmdastjóri Íslandsstofu undirrituðu samkomulag þess efnis. Það tók svo formlega til starfa í mars síðastliðnum. Íslandsstofa hefur umsjón með rekstri þjónustuborðsins en í baklandi þess eru sérfræðingar utanríkisráðuneytisins um atvinnulíf og þróunarsamvinnu, viðskiptaþjónustu, uppbyggingarsjóð EES, auk annarra alþjóðlegra samstarfssjóða sem íslensk fyrirtæki hafa aðgang að.

Heimstorg á að brúa bilið milli atvinnulífs og stjórnvalda. Þannig er hlutverk þess að miðla upplýsingum til íslenskra fyrirtækja um möguleika á stuðningi við atvinnuþróunarverkefni í þróunarlöndum og víðar. Heimstorg leiðbeinir einnig fyrirtækjum um hvert þau geta sótt sérþekkingu, stuðning og fjármagn til slíkra verkefna. Innanlandsdeild alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu annast þann hluta sem snýr að þróunarlöndum og alþjóðastofnunum sem sinna þróunarlöndum. Tækifæri fyrir fyrirtæki felast meðal annars í útboðum Alþjóðabankans og alþjóðastofnana og styrkjum hjá Samstarfssjóði við atvinnulíf um heimsmarkmiðin og Uppbyggingarsjóði EES.

10.1. Samstarfssjóður


Samstarfssjóður atvinnulíf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er kominn á fullan skrið. Sjóðurinn styrkir starfsemi íslenskra fyrirtækja í þróunarríkjum sem stuðla að hagsæld í anda heimsmarkmiðs númer átta um mannsæmandi atvinnu og sjálfbæran hagvöxt.

Hámarksfjárhæð til einstakra verkefna er 200 þúsund evrur á þremur árum en styrkfjárhæð getur numið allt að 50 prósentum af heildarkostnaði verkefnis.

Fyrstu íslensku fyrirtækin sem vinna með stjórnvöldum gegnum sjóðinn eru Marel hf., Creditinfo Group hf., Aurora Seafood ehf., Ocean Excellence ehf., og Atmonia ehf., sem hlutu styrki á árunum 2019-2020. Verkefni byggjast á íslensku hugviti og verkþekkingu. Þau koma til með að stuðla að aukinni þekkingu á tækni og vinnslu með það að markmiði að auka verðmæti afurða, stuðla að atvinnusköpun og styðja sjálfbæran vöxt.

Auglýst var að nýju eftir umsóknum haustið 2020 og bárust alls ellefu styrkumsóknir að heildarupphæð 140 milljónir kr. frá tíu fyrirtækjum.

Áherslulönd vegna **Samstarfssjóðs við atvinnulífið um heimsmarkmiðin**




Á árinu hófst samráð utanríkisráðuneytisins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og stjórnar Tækniþróunarsjóðs um að efla nýsköpun og þátttöku íslenskra fyrirtækja í þróunarsamvinnu. Samstarfsverkefnið felur í sér að ráðuneytin leggi hvort um sig allt að 50 milljónir kr. í sérstakan sjóð sem nefnist „Þróunarfræ“. Sjóðurinn verður byggður á styrkjaflokknum FRÆ hjá Tækniþróunarsjóði og er hýstur hjá honum. Nýlega var auglýst eftir umsóknum í fyrsta skipti.

10.2. Ráðgjafalistar

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda og jafnréttis-, umhverfis- og loftslagsmál eru meginstoðir íslenskrar þróunarsamvinnu og taka fjárframlög mið af þeim áherslum. Ísland hefur undanfarin ár haldið úti lista yfir ráðgjafa á sviði jarðhita og fiskimála sem alþjóðastofnanir hafa aðgang að. Á árinu var ráðgjafalistum fjölgað um þrjá í samræmi við áherslusviðin og auglýsti ráðuneytið eftir ráðgjöfum, fyrirtækjum og einstaklingum til að sinna fiskiverkefnum, jafnréttismálum, landgræðslu og landnýtingu, jarðhita og vatnsaflsvirkjunum í alþjóðlegu þróunarsamstarfi.

Íslenskir ráðgjafar á vegum Alþjóðabankans



Á grundvelli samstarfsyfirlýsinga við alþjóðastofnanir svo sem Alþjóðabankann, FAO og IFAD geta þær óskað eftir sérfræðiráðgjöf, einkum við undirbúning og gæðamat verkefna sem eru í undirbúningi. Ráðuneytið á í samstarfi við Ríkiskaup þegar kemur að umsýslu og eftirliti með ráðgjafalistanum. Á árinu 2020 voru alls 28 íslenskir ráðgjafar við ýmis verkefni á vegum Alþjóðabankans vegna verkefna í sex löndum: Albaníu, Bangladesh, El Salvador, Indlandi, Kasakstan og Víetnam.

III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI

1. ALÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF

1.1. Utanríkisviðskipti


Lífskjör Íslendinga byggjast á frjálsum vöru- og þjónustuviðskiptum og fjölmörg störf í landinu eru tengd utanríkisviðskiptum. Íslensk utanríkisviðskiptastefna hefur um árabil miðað að því að tryggja íslenskum fyrirtækjum besta mögulega viðskiptaumhverfi á erlendum mörkuðum.

Mikilvægt er fyrir hagsmuni Íslands að til staðar sé alþjóðlegt viðskiptaumhverfi sem byggist á lögum og reglum, hvort sem er á grundvelli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) eða í formi svæðisbundinna fríverslunarsamninga og nets tvíhliða viðskiptasamninga. Loftferðasamningar gera millilandaflug á vegum íslenskra flugfélaga mögulegt, tvísköttunarsamningar auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að starfa í fleiri en einu ríki og vernd fjárfestinga er grundvöllur erlendra fjárfestinga í íslenskum fyrirtækjum og fyrir útrás þeirra.

Að neðan er gerð grein fyrir þeirri vinnu sem hefur farið fram undirfarið ár í þágu þess að tryggja sem best viðskiptakjör og samkeppnisstöðu fyrir íslensk fyrirtæki á alþjóðavettvangi.

Útflutningur á vöru og þjónustu

Upphæðir í milljónum króna




*Bráðabirgðatölur

Heimild: Hagstofa Íslands

Vöruútflutningur eftir vörutegundum






















Upphæðir í milljónum króna



Vörutegund	2019	%	2020	%
Sjávarafurðir	260.370,9	40,6%	269.916,5	43,5%
Afurðir áls	211.903,8	33,0%	207.674,4	33,4%
Iðnaðarvörur, aðrar	95.636,4	14,9%	91.171,2	14,7%
Landbúnaðarvörur	30.818,9	4,8%	35.371,3	5,7%
Aðrar vörur	43.129,7	6,7%	16.804,9	2,7%
Vöruútflutningur alls	641859,7		620938,5	


Heimild: Hagstofa Íslands

Vöruútflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum
Upphæðir í milljónum króna

Land/ríkjahópur	2019	2020		Hlutfall af heildarútflutningi 2020
ALLS	641859,7	620938,5	↓	100,0%
Evrópa	507609,7	522576,9	↑	84,2%
 ESB 28	455081,5	474290,9	↑	76,4%
 ESB 27	388233,2	405526,7	↑	65,3%
 EFTA	26982,2	28143,4	↑	4,5%
 Holland	121294,3	126049	↑	20,3%
 Bretland	66848,3	68764,2	↑	11,1%
 Spánn	107404,2	107147,8	↓	17,3%
 Frakkland	45351,9	50008,9	↑	8,1%
 Þýskaland	37965,2	34079,6	↓	5,5%
 Noregur	24843,4	26040,8	↑	4,2%
 Danmörk	14952,3	17169,2	↑	2,8%
 Pólland	13690,1	15788,4	↑	2,5%
 Portúgal	11843,9	13826	↑	2,2%
 Rússland	9898,7	2851,4	↓	0,5%
 Færeyjar	4474,5	7575,1	↑	1,2%
Önnur Evrópuríki	49042,9	53276,5	↑	8,6%
N- og S-Ameríka	86845,5	60297,1	↓	9,7%
 Bandaríkin	46677,2	47029,8	↑	7,6%
 Kanada	27620,3	8952,1	↓	1,4%
 Grænland	8066,5	2110,7	↓	0,3%
Afríka	11433,2	10322,1	↓	1,7%
 Nígíría	8719,9	8898	↑	1,4%
Asía	32388,2	25553,8	↓	4,1%
 Kína	15914,1	12284,7	↓	2,0%
 Japan	7716,9	5375,7	↓	0,9%
Eyjaálfa	3583,1	2188,5	↓	0,4%
 Ástralía	1710,4	1853,4	↑	0,3%

Þjónustuútflytningur eftir flokkum

Upphæðir í milljónum króna
800.000



*Bráðabirgðatölur

Heimild: Hagstofa Íslands


Þjónustuflokkur	2019	2020*
Farþegaflutningar með flugi	139.583,7	30.552,9
Ferðalög	330.364,5	86.473,9
Önnur þjónusta	227.413,3	257.237,0
Þjónustuútflytningur alls	697.361,5	374.263,8

* Bráðabirgðatölur

Heimild: Hagstofa Íslands

Þróun útflytningstekna

Upphæðir í milljónum króna



* Þjónustuútflytningur 2020 byggist á bráðabirgðatölum.


Heimild: Hagstofa Íslands

1.2. Viðskipti við einstök ríki og svæði

Eftirfarandi graf og tafla sýna umfang utanríkisviðskipta árið 2019 við nokkur lönd en þjónustuviðskiptatölur ársins 2020 liggja ekki fyrir sundurliðaðar eftir öllum löndum fyrr en síðar á árinu. Einnig sýnir hún inn- og útflutning á vörum og þjónustu eftir nokkrum löndum og hlutfall viðskipta við þau miðað við heildarutanríkisviðskipti.

Umfang utanríkisviðskipta 2019


Upphæðir í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Inn- og útflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum 2019

Upphæðir í milljónum króna.

Nr.	Land/ríkjahópur	ÚTFLUTNINGUR				INNFLUTNINGUR			
		Vörur		Þjónusta		Vörur		Þjónusta	
1	 Bandaríkin	46.561,3	7,3%	206.280,3	29,7%	68.865,9	8,5%	67.113,9	15,1%
2	 Holland*	168.428,1	26,3%	20.442,6	2,9%	55.952,0	6,9%	33.753,9	7,6%
3	 Bretland	66.644,7	10,4%	82.828,7	11,9%	50.930,7	6,3%	65.206,4	14,6%
4	 Þýskaland	37.915,9	5,9%	44.342,9	6,4%	66.990,6	8,3%	21.961,6	4,9%
5	 Noregur	24.760,0	3,9%	21.227,7	3,1%	91.376,4	11,3%	18.702,7	4,2%
6	 Spánn	60.726,8	9,5%	13.356,2	1,9%	15.747,8	2,0%	35.222,2	7,9%
7	 Danmörk	14.941,7	2,3%	22.606,1	3,3%	53.295,4	6,6%	24.501,0	5,5%
8	 Frakkland	45.351,1	7,1%	23.189,0	3,3%	19.332,3	2,4%	8.492,4	1,9%
9	 Kína	15.914,1	2,5%	11.680,1	1,7%	59.586,8	7,4%	1.672,2	0,4%
10	 Svíþjóð	3.767,3	0,6%	16.919,0	2,4%	34.579,7	4,3%	17.518,7	3,9%
11	 Kanada	27.620,3	4,3%	29.167,0	4,2%	7.488,3	0,9%	7.111,6	1,6%
12	 Pólland	13.538,3	2,1%	3.418,3	0,5%	24.080,2	3,0%	11.801,3	2,7%
13	 Ítalía	4.154,9	0,6%	9.047,4	1,3%	22.758,0	2,8%	9.023,1	2,0%
14	 Írland	2.207,3	0,3%	5.761,6	0,8%	11.883,4	1,5%	22.085,2	5,0%
15	 Belgía	9.493,5	1,5%	11.040,8	1,6%	11.086,4	1,4%	9.799,3	2,2%
16	 Ástralía	1.710,4	0,3%	10.242,2	1,5%	24.998,9	3,1%	1.452,2	0,3%
17	 Sviss	2.130,0	0,3%	12.045,8	1,7%	7.856,0	1,0%	8.115,7	1,8%
18	 Malta	316,9	0,0%	26.333,4	3,8%	231,6	0,0%	2.969,7	0,7%
19	 Japan	7.705,3	1,2%	7.766,7	1,1%	13.187,9	1,6%	657,8	0,1%
20	 Rússland	9.765,7	1,5%	5.731,3	0,8%	6.545,8	0,8%	968,7	0,2%
26	 Færeyjar	4.474,3	0,7%	2.496,2	0,4%	3.120,6	0,4%	6.893,9	1,5%
29	 Grænland	8.036,9	1,3%	2.063,8	0,3%	3.325,6	0,4%	721,5	0,2%
40	 Nígería	8.719,9	1,4%	22,4	0,0%	1,1	0,0%	118,8	0,0%
	EES	479.484,7	74,8	329.183,2	47,5	511.771,1	63,4	322.701,40	72,5%
	 ESB 28	454.718,1	70,9	307.922,3	44,4	420.355,1	52,1	303.991,6	68,3%
	 ESB 27	388.073,4	60,5	225.093,6	32,5	369.424,4	45,8	238.785,2	53,6%
	 Norðurlönd**	56.664,6	8,8	71.580,9	10,3	194.515,8	24,1	71.415,2	16,0%
	 Fríverslunarnet EFTA***	43.257,2	6,7	7.159,1	10,3	44.193,1	5,5	21.047,1	4,7%

* Rotterdam er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi.

** Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð ásamt Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

*** Miðast við þau ríki sem EFTA hafði lokið fríverslunarviðræðum við 01.01.20, án tillits til hvenær samningar tóku gildi.


Heimild: Hagstofa Íslands

1.3. Bandaríkin

Bandaríkin eru stærsta einstaka viðskiptaland Íslands, hvort sem horft er til vöru- og þjónustuviðskipta eða beinna fjárfestinga á Íslandi. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur lagt mikla áherslu á að rækta viðskiptasamband Íslands og Bandaríkjanna og unnið er að auknu viðskiptafrelsi milli ríkjanna meðal annars með samráði við utanríkisráðuneyti og embætti viðskiptafulltrúa Bandaríkjaforseta (e. US Trade Representative, USTR).

Vöru- og þjónustuviðskipti við Bandaríkin

Upphæðir í milljónum króna



Mikilvægt skref í átt að bættum aðgangi íslenskra fjárfesta og viðskiptaaðila að bandaríska markaðnum var tekið í lok árs 2019 með framlagningu frumvarps í fulltrúadeild bandaríska þingsins um sérstakar vegabréfsáritanir fyrir íslenskt viðskiptafólk. Framlagning frumvarpsins er árangur mikillar undirbúningsvinnu og ríkrar áherslu á tengslamyndun í bandaríska þinginu auk fjölda funda utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra með þingmönnum á haustmánuðum 2019. Vonir stóðu til að frumvarpið myndi hljóta afgreiðslu á árinu 2020 en COVID-19 varð til þess að mörg mál sem ekki tengdust beint heimsfaraldrinum voru tekin af dagskrá síðasta þings. Líkur eru á að frumvarpið verði endurflutt á árinu. Verði hið svokallaða Íslandsfrumvarp samþykkt eiga íslensk fyrirtæki mun auðveldar með að senda stjórnendur, starfsmenn og fjárfesta tímabundið til starfa í landinu.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins funduðu í janúar 2020 með fulltrúum USTR á grundvelli samnings ríkjanna um samstarf á sviði viðskipta- og fjárfestinga frá árinu 2009 (e. Trade and Investment Cooperation Agreement). Samkvæmt samningnum er settur á fót samstarfsgrundvöllur í þeim tilgangi að ræða tækifæri til að opna enn frekar á viðskipti og draga úr tæknilegum hindrunum á milli ríkjanna. Í sömu fundalotu var fundað með fulltrúum viðskiptaráðuneytis og utanríkisráðuneytis í Washington.

Annar fundur í efnahagssamráðinu sem utanríkisráðherrar Íslands og Bandaríkjanna komu á fót í byrjun árs 2019 var haldinn í október 2020 í gegnum fjarfundabúnað. Um er að ræða vettvang til að ræða efnahags- og viðskiptamál milli ríkjanna á breiðum grundvelli með það að markmiði að undirbúa jarðveginn fyrir mögulegar friverslunarviðræður í framtíðinni. Manisha Singh, starfandi aðstoðarráðherra Bandaríkjanna í málefnum hagvaxtar, orku og umhverfismála hjá utanríkisráðuneytinu, fór fyrir bandarísku sendinefndinni og skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins leiddi íslensku sendinefndina. Á fundinum var

undirritað samkomulag um samstarf á sviði efnahagsmála (e. Memorandum of Economic Cooperation) og áframhaldandi samvinnu á ýmsum sviðum. Jafnframt var samráðið fest í sessi og verður eftirleidis haldið árlega.

1.4. Kína


Viðskipti Íslands og Kína hafa farið stigvaxandi undanfarin ár en drógust saman um liðlega 16 prósent á síðasta ári. Reyndar dróst heildarinnflutningur sjávarfangs til Kína saman árið 2020. Kínversk stjórnvöld hafa haldið því fram að COVID-19 veiran berist milli landa með kældri og frystri matvöru en hafa ekki lagt fram vísindaleg gögn þessu til stuðnings. Má til dæmis nefna að sala á laxi frá Noregi féll um ríflega 90 prósent eftir að smit greindist á skurðarbretti á fiskmarkaði og hefur markaðurinn enn ekki jafnað sig. Enn fremur hefur sala til veitingastaða og hótela dregist saman vegna sóttvarnaraðgerða en sala á netinu á hinn bóginn aukist. Minna framboð hefur verið á ákveðnum afurðum sem fluttar hafa verið á Kínamarkað og má nefna grálúðu, sæbjúgu og loðnu. Innflutningur lambakjöts, fiskimjöls og eldissilungs hófst á árinu 2020 eftir að gengið hafði verið frá nauðsynlegum formsatriðum. Heildarvöruútflutningur frá Íslandi til Kína nam 12,3 milljörðum kr. á árinu 2020.

Framtíðarhorfur ættu hins vegar að vera góðar. Fyrir liggur bókun sem ætti að tryggja viðurkenningu íslenskra heilbrigðisvottorða fyrir allt íslenskt sjávarfang. Útflutningur dýrari varnings á borð við fryst þorsklök hefur farið vaxandi svo nemur hundruðum milljóna kr. Fjölbreytni útflutnings hefur og aukist og munar þar um snyrtivörur og ál. Fyrirtæki á borð við Eimskip, Össur og Marel hafa styrkt stöðu sína verulega á kínverskum markaði. Fæðubótarefni ýmiss konar henta vel fyrir netverslun og hefur verið lögð rækt við að styrkja stöðu íslenskra afurða á þeim vettvangi.

Vöruinnflutningur frá Kína jókst frá árinu 2019 um níu prósent og nam um 65 milljörðum kr. árið 2020. Undanfarin ár hefur þjónustujöfnuður verið Íslandi hagstæður vegna fjölda kínverskra ferðamanna en síðasta ár var fjöldi kínverskra ferðamanna í lágmarki.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Kína

Upphæðir í milljónum króna



* Tölur um þjónustuviðskipti við Kína árið 2020 lágu ekki fyrir við útgáfu.

Heimild: Hagstofa Íslands

Á árinu 2020 fékkst leyfi hjá kínverskum yfirvöldum til að fjölga þeim áritunarstöðvum sem Ísland hefur aðgang að í Kína. Þessi leyfisveiting var afrakstur margra mánaða vinnu af

hálfu íslenska sendiráðsins í Peking. Þannig hyggjast sendiráðið og utanríkisráðuneytið koma til móts við þá ferðaþjónustuuppbyggingu sem nú fer fram á tímum heimsfaraldursins. Markmiðið er að auðvelda og bæta þjónustu við afgreiðslu áritunarumsókna ferðamanna til Íslands frá Kína. Tvíhliða samráðsfundur um viðskipta- og efnahagsmál fór fram um síðustu áramót en hann fór fram rafrænt.

1.5. Japan

Japan er enn sem áður einn mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslands í Asíu og vaxandi markaður fyrir unnar íslenskar afurðir. Um árabíl hefur verið stefnt að gerð frírverslunarsamnings við Japan. Mikilvægur áfangi náðist í þeim efnum þegar fyrsta formlega efnahagssamráð ríkjanna fór fram í júní 2019. Til stendur að framhald verði á þeim viðræðum á árinu 2021.

Í maí 2020 tók fimmta norræna nýsköpunarsetrið til starfa í Tókýó en setrin eru vettvangur fyrir markaðssókn norræna nýsköpunar- og vaxtafyrirtækja á erlenda markaði. Fyrir eru fjögur setur: tvö í Bandaríkjunum (Kísildal og New York), eitt í Singapore og eitt í Hong Kong. Þrátt fyrir heimsfaraldur voru haldnir yfir tuttugu viðburðir á vegum setursins í Tókýó árið 2020 – mestmegnis fjarfundir og netkynningar. Til stendur að opna setrið með formlegum hætti þegar færi gefst.

Íslensk nýsköpun og hugvit hafa vakið athygli í Japan undanfarin misseri. Íslenska heilbrigðistækniyrirtækið Össur opnaði nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar í Tókýó í lok árs 2020 og íslenska tölvuleikjafyrirtækið Porcelain Fortress varð fyrst íslenskra fyrirtækja til að koma tölvuleik í japanskri útgáfu í sölu hjá stórfyrirtækinu Nintendo.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki áttu sömuleiðis velgengni að fagna í fyrra og var sala á Japansmarkað talsvert umfram væntingar, meðal annars fyrir makríl. Mikil eftirspurn hefur skapast eftir íslenskri loðnu eftir loðnubrest síðustu ára og stefnir í metár í virði útflutnings á loðnu til Japans.

1.6. Rússland

Samskipti Rússlands og Vesturlanda hafa einkennst af erfiðleikum undanfarin ár sem hafa haft umtalsverð áhrif á viðskipti. Tvíhliða samskipti Íslands og Rússlands hafa þó farið batnandi. Þótt rússnesk stjórnvöld banni enn innflutning á íslenskum fiski og öðrum útflutningsvörum hafa leynst tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki á Rússlandsmarkaði sem tengjast stefnu þarlendra stjórnvalda um uppbyggingu á innviðum í matvælaframleiðslu og skipum til rússnesks sjávarútvegs, fisk- og matvælavinnslu.

Íslensk fyrirtæki hafa mikinn áhuga á Rússlandsmarkaði, sem endurspeglast ekki síst í því að rúmlega fjórutíu fyrirtæki tóku þátt í stofnun Rússnesk-íslenska viðskiptaráðsins (RUIS) sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók þátt í síðla árs 2019. RUIS hefur verið mjög virkt og á gott samstarf við sendiráð Íslands í Moskvu.

Ferðamönnum frá Rússlandi fjölgaði mikið eftir að beint flug hófst milli Moskvu og Keflavíkur árið 2018. Eins og annars staðar hefur kórónuveirufaraldurinn sett strik í reikninginn og voru landamæri Rússlands lokað fyrir flestum ríkjum meirihluta ársins 2020. Utanríkisþjónustan hefur aðstoðað íslensk fyrirtæki við að koma starfsfólki sínu til Rússlands sem og rússneskum viðskiptafólki til Íslands þar sem því hefur verið við komið.

Rússland tekur við formennsku í Norðurskautsráðinu vorið 2021 og er líklegt að haldnir verði þónokkrir viðburðir á árinu sem nýta mætti í viðskiptalegu samhengi, til dæmis í tengslum við jarðhitamál. Þá verður áfram stefnt að fjölgun ræðismanna í Rússlandi sem og í umdæmisríkjum sendiráðsins í Moskvu á þeim svæðum þar sem viðskiptatækifæri liggja helst fyrir íslensk fyrirtæki.


1.7. Færeyjar – Hoyvíkursamningurinn

Eftir afturköllun Lögþings Færeyja á uppsögn Hoyvíkursamningsins undir árslok 2019 tóku stjórnvöld landanna upp viðræður um mögulegar breytingar á samningnum og aðrar ráðstafanir sem styrkt gætu efnahags- og viðskiptasamstarf þeirra en það jókst til muna eftir gildistöku samningsins 2006. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra beitti sér á síðasta ári fyrir auknum markaðsaðgangi á Íslandi fyrir lyf sem framleidd eru í Færeyjum. Alþingi afgreiddi í júní 2020 ný lyfjalög sem meðal annars stuðla að því. Færeysk stjórnvöld höfðu í sama tilgangi óskað eftir auknum markaðsaðgangi fyrir landbúnaðarvörur. Þrátt fyrir viðleitni íslenskra stjórnvalda hafa viðræðurnar ekki skilað árangri, einkum vegna ákvæða Hoyvíkursamningsins um upprunareglur fyrir landbúnaðarvörur.

Hoyvíkursamningurinn kveður á um tollfrelsi fyrir allar vörur sem framleiddar eru í landi gagnaðila, einnig hvers kyns landbúnaðarvörur. Færeyingar telja að þeir geti flutt unnar landbúnaðarvörur til Íslands með lágmarksvinnslu en Ísland hafnar þeirri túlkun þar sem aldrei hafi staðið til að opna fyrir óbeinan innflutning á landbúnaðarvörum frá ESB í gegnum Færeyjar.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Færeyjar

Upphæðir í milljónum króna



* Tölur um þjónustuviðskipti við Færeyjar árið 2020 lágu ekki fyrir við útgáfu.

Heimild: Hagstofa Íslands

1.8. Grænland

Skýrsla Grænlandsnefndar, *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum*, kom út í janúar 2021. Í skýrslunni er ítarleg greining á tvíhliða samskiptum landanna og fjölmargar tillögur um aukna samvinnu á ýmsum sviðum, meðal annars um gerð tvíhliða viðskiptasamnings milli landanna og aukin tækifæri tengd viðskiptum, sjá nánari umfjöllun í kafla I., 2.2.


Síðasta haust hófust vikulegar siglingar milli Reykjavíkur og Nuuk með samstarfi Eimskipafélagsins og Royal Arctic Line. Siglingarnar auðvelda íslenskum fyrirtækjum að hasla sér völl á Grænlandi en með þeim skapast möguleiki á stöðugri afhendingu vara á töluvert skemmri tíma en þegar þurfti að senda vörur gegnum Danmörku. Í nýja siglinganetinu felast einnig aukin tækifæri fyrir Grænland enda leiðin inn í alþjóðlegt flutningakerfi greiðari. Það eykur aftur framboð ferskvöru og stuðlar að lægra vöruverði með aukinni samkeppni.

Undanfarna mánuði hefur sést æ meira af íslenskum vörum í grænenskum matvöruverslunum en auðveldlega má sjá fyrir sér að fyrirtæki í fleiri greinum láti til sín taka. Sem dæmi má nefna að íslenskar lágvöruverslanir eru með útibú á mörgum stöðum á Íslandi sem þjóna færri íbúum en búsettir eru í Nuuk.

Stórhuga uppbygging Grænendinga á nýjum millilandaflugvöllum felur augljóslega í sér tækifæri fyrir ferðaþjónustu á Grænlandi. Heimamenn hafa hugsað sér að byggja ferðaþjónustugreinina upp hægt og bítandi en eins og dæmin frá Íslandi sanna er ekki alltaf hægt að hafa stjórn á hraðanum. Það ættu því að vera ærin tækifæri fyrir íslenska aðila að taka þátt í þeirri uppbyggingu, bæði við framkvæmdir og miðlun á þekkingu.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Grænland

Upphæðir í milljónum króna



* Tölur um þjónustuviðskipti við Grænland árið 2020 lágu ekki fyrir við útgáfu.
Heimild: Hagstofa Íslands

2. EFTA (FRÍVERSLUNARSAMTÖK EVRÓPU)

Árið 2020 var hálf öld liðin frá því að Ísland gekk í EFTA og sextíu ár frá því að stofnunin var sett á fót. Aðild Íslands að EFTA er ein af grunnstöðum utanríkisviðskiptastefnu Íslands og hefur átt mikilvægan þátt í að tryggja hagsæld hér á landi. EFTA-aðildin leiddi til þess að gerður var tvíhliða fríverslunarsamningur við Efnahagsbandalag Evrópu (EEC) árið 1972 jafnframt því sem Ísland varð aðili að EES-samningnum.

Fríverslunarsamningar fela í sér lækkan tolla og aukinn fyrirsjáanleika í alþjóðaviðskiptum, til dæmis með ákvæðum um upprunareglur og takmörkunum á beitingu tæknilegra viðskiptahindrana. Auk tollalækkana fela fríverslunarsamningar í sér að settur er á fót samráðsvettvangur þar sem hægt er að ræða og leysa vandamál sem fyrirtæki kunna að upplifa í viðskiptum á milli ríkjanna.

Eitt af meginverkefnum EFTA undanfarin ár hefur snúist um gerð nýrra fríverslunarsamninga ásamt því að viðhalda og uppfæra þá sem fyrir eru. Heimsfaraldurinn hafði nokkur áhrif á viðræður við samstarfsríkin á síðasta ári en reynt var eftir fremsta megni að halda samskiptum gangandi og þoka viðræðum áfram með fjarfundum.

EFTA-ríkin hafa gert 29 fríverslunarsamninga við fjörutíu ríki og ríkjasambönd utan ESB. Viðræður standa yfir um gerð fríverslunarsamninga við Indland, Malasíu og Víetnam. Viðræður EFTA og Mercosur-ríkjanna, Argentínu, Brasilíu, Paraguay og Uruguay, eru á lokastigi og stefnt er að undirritun samningsins á næstunni. Vonast er til að hægt verði að hefja

viðræður á ný við Thailand á næstu misserum. Stefnt er að því að hefja fríverslunarviðræður við Moldóvu og Kósovo á árinu. Á síðasta ári tók nýr fríverslunarsamningur gildi milli EFTA og Ekvador. Samningar við Indónesíu og uppfærður samningur við Tyrkland ganga í gildi þegar þeir hafa verið fullgildir í aðildarríkjunum.

Samningur	Undirritun	Gildistaka
EFTA-sáttmálinn	4.1.1960	3.5.1960
Fríverslunarsamningur Íslands og ESB	28.2.1972	1.4.1973
Samningur við Danmörku um viðskipti við Grænland	31.1.1985	1.2.1985
EFTA-Tyrkland	10.12.1991	13.7.1992
EFTA-Ísrael	17.9.1992	1.8.1993
EES-samningurinn	2.5.1992	1.1.1994
EFTA-Palestína	30.11.1998	1.7.1999
EFTA-Marokkó	19.6.1997	1.12.1999
EFTA-Mexíkó	27.11.2000	1.10.2001
EFTA-Makedónía	19.6.2000	1.8.2002
EFTA-Jórdanía	21.6.2001	1.9.2002
EFTA-Singapore	27.6.2002	1.1.2003
EFTA-Chile	26.6.2003	1.12.2004
EFTA-Túnis	17.12.2004	1.6.2005
EFTA-Suður-Kórea	15.12.2005	1.9.2006
Hoyvíkur-samningurinn (Færeyjar)	31.8.2005	1.11.2006
EFTA-Líbanon	24.6.2004	1.1.2007
EFTA-Egyptaland	27.1.2007	1.8.2007
EFTA-SACU	26.6.2006	1.5.2008
EFTA-Kanada	26.1.2008	1.7.2009
EFTA-Albanía	17.12.2009	1.10.2011
EFTA-Perú	24.6.2010	1.10.2011
EFTA-Serbía	17.9.2009	1.10.2011
EFTA-Úkraína	24.6.2010	1.6.2012
EFTA-Hong Kong	21.6.2011	1.10.2012
EFTA-Svartfjallaland	14.11.2011	1.10.2012
Fríverslunarsamningur Íslands og Kína	15.4.2013	1.7.2014
EFTA-GCC	22.6.2009	1.7.2014
EFTA-Mið-Ameríkuríkin	24.6.2013	5.9.2014
EFTA- Colombia	25.11.2008	1.10.2014
EFTA- Bosnia og Herzegovina	24.6.2013	1.1.2015
EFTA-Georgía	27.6.2016	1.9.2017
EFTA-Filippseyjar	28.4.2016	1.1.2020
EFTA-Ekvador	25.06.2018	1.11.2020
EFTA-Indónesía	16.12.2018	Hefur ekki tekið gildi

Ísland og Noregur hafa nýlega sett á fót samráð við Kanada um að kanna útvíkkun fríverslunarsamningsins, sem þegar er til staðar á EFTA-grundvelli, til annarra sviða, svo sem

þjónustuviðskipta, fjárfestinga og opinberra innkaupa. Sviss hefur ákveðið að taka ekki þátt í þessari vinnu.

Viðræður EFTA-ríkjanna og Chile um uppfærslu fríverslunarsamnings ganga vel og tekist hefur að halda viðræðum gangandi þrátt fyrir ferðatakmarkanir. Þá eru viðræður EFTA-ríkjanna og SACU (S-Afríka, Botswana, Lesótó, Namibía og Esvatíní) um uppfærslu fríverslunarsamnings ríkjanna langt komnar. Samningaviðræður EFTA-ríkjanna við Rússland, Belarús og Kasakstan eru í biðstöðu um ótiltekinn tíma.

Á undanförunum árum hafa samningaviðræður EFTA um nýja fríverslunarsamninga og uppfærslu þeirra eldri orðið vandasamari. Ástæðan er einkum sú að EFTA-rikin og viðsemjendur EFTA hafa mismunandi áherslur sem oft er erfitt að samræma. Þetta á meðal annars við um markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur, þjónustuviðskipti, hugverkarétt og ákvæði um sjálfbæra þróun. Viðræður um uppfærslu fríverslunarsamninganna við Chile og SACU eru dæmi um þetta.

EFTA-rikin miða alltaf að því að fá að minnsta kosti sambærilegan markaðsaðgang og aðrir viðsemjendur viðkomandi ríkis, helst betri, og þá sérstaklega ef um er að ræða samning við ESB. Stundum hefur þetta orðið til þess að viðræður í einstökum fríverslunarsamningum hafa tekið lengri tíma en ella. Meginmarkmiðið með þessum samningum er að tryggja sem besta samkeppnisstöðu fyrir fyrirtæki frá EFTA-rikinum.

Samningstextar EFTA endurspeglar áherslur EFTA-ríkjanna, svo sem um vernd umhverfis, vinnuafl og kynjajafnrétti, og eru jafnframt í stöðugri þróun. EFTA vinnur nú að gerð kafla um rafræn viðskipti (e. E-commerce) sem ætluin er að notast við í framtíðarfríverslunarsamningum EFTA við þriðju ríki. Vinnan tekur mið af hraðri þróun sem átt hefur sér stað í málaflokknum undanfarin ár og endurspeglar viðræður sem samhliða eiga sér stað á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

3. AÐRIR VIÐSKIPTASAMNINGAR

3.1. Almenn

Tvíhliða viðskiptasamningar gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja hagsmuni Íslands á sviði utanríkisviðskipta. Hér má nefna tvísköttunar- og fjárfestingasamninga, sem draga úr áhættu og kostnaði fyrirtækja með umsvif erlendis, og loftferðasamninga, sem tryggja að íslensk flugfélög geti starfað á alþjóðlegum markaði og haldið uppi viðtækum flugsamgöngum við útlönd. Nánari grein verður gerð fyrir þessum samningum hér að neðan.

Um ítarlegt yfirlit yfir viðskiptasamninga Íslands er vísað til skýrslu utanríkisráðuneytisins *Áfram gakk! Utanríkisviðskiptastefna Íslands* sem kom út í janúar 2021 en þar er í fyrsta sinn fjallað á einum stað um alla þá samninga sem tengjast utanríkisviðskiptum Íslendinga. Rakin eru áhrif heimsfaraldursins á íslenskan útflutning, stöðu utanríkisviðskipta, gang mála innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, fríverslunarskipti Íslands við EFTA-rikin og ESB og fríverslunarsamninga EFTA og Íslands sem tryggja íslenskum útflytjendum betri aðgang að fjölda markaða um allan heim.

3.2. Loftferðasamningar

Það er lykilatriði fyrir hagsmuni Íslands að geta reitt sig á greiðar samgöngur við útlönd og útflutning. Fluggeirinn hefur því um árabíl verið ein af undirstöðuatvinnugreinum Íslands. Öflugt net loftferðasamninga tryggir íslenskum flugrekendum sem greiðastan aðgang að alþjóðamörkuðum. Þannig hefur Ísland gert samninga sem heimila flug til yfir hundrað ríkja.

Þessir samningar eru gagnkvæmir og heimila öðrum ríkjum áætlunarflug hingað til lands, sem hefur skilað sér í tíðari ferðum, aukinni samkeppni og hagstæðari fargjöldum.

Af þeim samningum sem nýlega hafa verið undirritaðir ber hæst loftferðasamninginn milli Íslands og Bretlands sem undirritaður var í árslok 2020. Um er að ræða fyrsta framtíðarsamninginn milli ríkjanna vegna útgöngu Breta úr ESB. Samningurinn kom til framkvæmda um seinustu áramót og tryggir sömu tvíhliða flugréttindi og bæði löndin höfðu með aðild sinni að Sameiginlega evrópska flugsvæðinu (e. European Common Aviation Area). Með þessu er tryggt að flugsamgöngur við þennan mikilvægasta útflutningsmarkað Íslands í Evrópu geti haldið áfram hnökralaust.

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförunum þremur árum undirritað átta loftferðasamninga. Auk loftferðasamningsins við Bretland voru undirritaðir samningar við Ísrael, Sádi-Arabíu, Tyrkland, Búrkína Fasó, Jamaíka, Líberíu og Rwanda. Þá tókust samningar og voru áritaðir við Mósambík, Úkraínu og Marokkó en áritun heimilar að samningunum sé beitt. Einnig var gert samkomulag (e. Memorandum of Cooperation) við Japan sem greiðir fyrir þeim flugsamgöngum milli landanna og opnar mikilvæga flugleið milli Íslands og Asíu. Árlegri ríkjaráðstefnu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) sem halda átti í desember síðastliðnum var frestað vegna heimsfaraldursins en ráðstefnan hefur verið helsti vettvangur fyrir gerð nýrra loftferðasamninga.

Við gerð nýrra loftferðasamninga hefur Ísland haft hagsmuni flugrekenda að leiðarljósi. Samhliða gerð nýrra samninga leggur Ísland áherslu á að uppfæra gildandi samninga eins og þörf krefur og fullgilda samninga sem þegar hafa verið undirritaðir. Einnig er áfram til skoðunar hvort unnt sé að gerast aðili að fleiri loftferðasamningum milli ESB og þriðju ríkja en samningurinn við Bandaríkin er dæmi um slíkan samning.

Frá því í mars 2020 hefur verið hægt að nálgast alla loftferðasamninga og samkomulög (MoU/MoC) sem Ísland hefur gert á sviði loftferða á vefsíðu utanríkisráðuneytisins. Var þetta til mikilla hagsbóta, bæði fyrir hagsmunaaðila og hagsmunagæslu stjórnvalda á þessum vettvangi.

COVID-19 hefur haft gríðarleg áhrif á umhverfi flugrekstrar og torveldað rekstrarskilyrði. Áður en faraldurinn skall á voru um 25 flugrekendur með áætlunarflug til Keflavíkurflugvallar að sumri til og um fimmtán flugfélög að vetri. Þegar fyrsta bylgja faraldursins stóð sem hæst voru aðeins fjögur flugfélög sem flugu til og frá landinu. Flugrekendur hafa brugðist við samdrætti í farþegaflugi meðal annars með því að auka hlut fraktflutninga í rekstrinum og útleigu flugvéla. Flugrekendur sem fljúga um þessar mundir til og frá landinu eru um tíu talsins, þar af er rúmlega helmingur í farþegaflugi. Vonir standa til að aukning verði í farþegaflugi þegar líður á árið, en enn er of snemmt að segja fyrir um það.

3.3. Fjárfestingasamningar

Fjárfestingasamningar stuðla að gagnkvæmum fjárfestingum, auknum viðskiptum og hagvexti. Þeir innhalda ákvæði um suma eða alla eftirfarandi meginþætti: a) Jafnréttiskjör miðað við innlenda fjárfesta, b) bestu kjör miðað við erlenda fjárfesta, c) fjárfestingavernd (til dæmis um aðgengi að dómstólum, bætur við eignarnám og fleira), d) yfirfærslu fjármuna og e) lausn deilumála.

Ísland er aðili að margvíslegum fjárfestingasamningum, alþjóðlegum, marghliða og tvíhliða samningum, auk fríverslunarsamninga sem innhalda ákvæði um fjárfestingar.

Dæmi um alþjóðasamninga sem varða fjárfestingar sem Ísland er aðili að eru samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um fjárfestingarráðstafanir í viðskiptum og orkusáttmálinn (e. Energy Charter Treaty) sem báðir eru frá 1994. Oft er vísað til WTO-samningsins í tvíhliða og marghliða fjárfestingasamningum.

Ísland hefur gert átta tvíhliða fjárfestingasamninga og einn marghliða samning. Slíkir samningar hafa ekki verið gerðir hin síðustu ár, en áform eru um að gera slíka samninga við nokkur ríki, meðal annars Albaníu, Georgíu, Úkraínu, Eþíópíu, Ísrael, Kenya, Suður-Afríku, Argentínu, Brasilíu, Filippseyjar og Indónesíu, svo dæmi séu tekin. Helstu áherslur Íslands við val á viðsemjendum eru:

- Gerðir skulu samningar við ríki sem nú þegar eiga í viðskiptum eða samstarfi við íslenska aðila;
- Þá skulu gerðir fjárfestingasamningar við ríki sem hafa vaxið hratt að undanförmu og þar sem ætla má að viðskiptatækifærum fjölgi á næstunni;
- Loks skulu gerðir samningar við ríki sem hafa gert fríverslunarsamning við Ísland, ef fjárfestingaákvæði vantar, og við ríki sem Ísland hefur gert tvísköttunar- eða loftferðasamning við.

Mikilvæg ákvæði um fjárfestingar eru í mörgum fríverslunarsamningum Íslands, þar með töldum samningnum við Færeyjar, um Evrópska efnahagssvæðið, EFTA-samningnum og fríverslunarsamningum sem EFTA-ríkin hafa gert við þriðju ríki. Ef allt er talið þá eru ákvæði um fjárfestingar í samningum við 53 ríki og landsvæði sem Ísland hefur gert.


3.4. Tvísköttunarsamningar

Utanríkisráðuneytið vinnur með fjármálaráðuneytinu að gerð samninga um skattamál. Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við 45 ríki og landsvæði. Gerð tvísköttunarsamninga er mikilvægur liður í að efla hagvöxt og erlendar fjárfestingar, draga úr áhættu og kostnaði fyrirtækja með umsvif erlendis og jafna samkeppnisstöðu þeirra.

Áherslur Íslands við gerð tvísköttunarsamninga taka mið af óskum atvinnulífsins, stærð og þróun markaða og samspili við aðra samninga, einkum fríverslunarsamninga. Áhersla er lögð á að gera tvísköttunarsamninga við aðildarríki OECD, aðildarríki að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), stærstu hagkerfin (G-20) og fríverslunarlönd.

Samningaviðræður um tvísköttun standa nú yfir við Chile, Singapore og Búlgaríu og eru í undirbúningi við Indónesíu, Sádi-Arabíu, Ástralíu, Nýja-Sjáland, Ísrael og Tyrkland.

Tvísköttunarsamningar



3.5. Schengen-tengdir samningar

Ísland gerir margskonar tvíhliða samninga sem tengjast Schengen-samstarfinu, landamæraeftirliti og komu útlendinga til landsins, til dæmis endurviðtökusamninga og samninga um áritanaafrelsi fyrir ferðamenn. Utanríkisráðuneytið leiðir vinnu við gerð slíkra samninga í náinni samvinnu við dómsmálaráðuneytið, sem er með forræði í þessum málaflokki. Oftast er það svo að Schengen-EFTA-ríkin, Ísland, Noregur Liechtenstein og Sviss, gera tvíhliða samninga í kjölfar samninga Evrópusambandsins á þessu sviði. Fáir samningar voru gerðir 2020, aðallega vegna heimsfaraldursins.

Ísland hefur og gert fyrirvarssamninga við níu Schengen-ríki um að taka við umsóknum um áritun til Íslands og meta þær. Með þessu fyrirkomulagi er ferðamönnum gert kleift að sækja um skammtímaáritun til Íslands í yfir hundrað ríkjum víða um heim, enda heldur Ísland úti takmörkuðum fjölda sendiskrifstofa. Vegna heimsfaraldursins hafa mörg ríki fryst fyrirvarssamningana tímabundið, enda lágmarksmönnun á sendiskrifstofum þeirra. Þess er þó að vænta að þeir verði endurvaktir þegar heimsfaraldurinn linnir.

3.6. Samningar um atvinnudvöl ungs fólks

Samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga má veita ungmennum á aldrinum 18-26 ára tímabundið atvinnuleyfi á grundvelli alþjóðasamninga. Slíkur samningur var gerður við Japan árið 2018. Í skoðun er að gera fleiri slíka samninga, meðal annars við Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjáland. Einnig er verið að leggja lokahönd á samning við Bretland, sjá nánari umfjöllun í kafla 7.5.

4. VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA

4.1. Almenn

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur lagt áherslu á að eitt helsta verkefni stjórnvalda á tímum kórónuveirunnar sé að takmarka áhrif heimsfaraldursins eins og kostur er fyrir almenning og efnahagslíf og leita tækifæra fyrir land og þjóð. Utanríkisþjónustan hefur kappkostað að aðstoða viðskiptalífið við þær fjölmörgu áskoranir sem faraldrinum fylgja. Sem dæmi má nefna að utanríkisþjónustan hefur hjálpað fyrirtækjum að senda starfsfólk í nauðsynlegar vinnuferðir erlendis og að fá erlenda sérfræðinga til landsins.

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur það hlutverk að styðja íslensk fyrirtæki í sókn þeirra á erlenda markaði, veita ráðgjöf og leita lausna þegar vandamál koma upp sem kalla á aðkomu stjórnvalda. Utanríkisráðuneytið starfar náið með Íslandsstofu að því að efla íslenskan útflutning og draga ferðamenn og erlenda fjárfestingu til landsins. Viðskiptafulltrúar eru starfandi við tólf sendiskrifstofur Íslands erlendis. Þeir vinna eftir útflutningsstefnu stjórnvalda og atvinnulífs og lúta daglegri stjórn Íslandsstofu.

Verkefni ársins voru eðlilega mörkuð af heimsfaraldrinum. Ekki hefur þó þurft að aðlaga útflutningsstefnu stjórnvalda og atvinnulífs, sem hleypt var af stokkunum árið 2019, þar sem styrkleikar og áherslur Íslands eru óbreyttar. Útflutningsstefnan leggur áherslu á orku og grænar lausnir; hugvít, nýsköpun og tækni; listir og skapandi greinar; ferðaþjónustu, sjávarútveg og matvæli og náttúruafurðir. Þá er sjálfbærni gegnumgangandi stef á öllum þessum sviðum og markmið íslenskra stjórnvalda að Ísland verði þekkt sem leiðandi land í sjálfbærni. Aðferðum við að koma Íslandi á framfæri þarf þó eðlilega að breyta í takt við breytt samfélag. Þannig þurfti að leita nýrra leiða í markaðs- og kynningarstarfi og hefur fjarfundabúnaður verið nýttur til að vekja athygli á ýmsum tækifærum.

4.2. Viðskiptaþjónusta á tímum COVID-19: Stofnun viðskiptavaktar

Í júlí 2020 kom út skýrslan *Saman á útivelli* þar sem tillögur starfshóps utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um stuðning utanríkisþjónustunnar við útflutningsgreinar og atvinnulíf í kjölfar heimsfaraldursins voru settar fram.

Á grundvelli skýrslunnar var sérstök viðskiptavakt sett á laggirnar sem tók til starfa í október 2020. Komi upp brýn vandamál tengd viðskiptum sem kalla á aðkomu stjórnvalda er hægt að komast í samband við starfsfólk utanríkisþjónustunnar hvenær sem er sólarhringsins árið um kring. Viðskiptavaktin er byggð á vel heppnaðri fyrirmynd borgaraþjónustunnar og er einkum talin nýtast þegar hver mínúta getur verið dýrmæt, svo sem ef vandamál koma upp við tollafgreiðslu á ferskri vöru.

Flest verkefni viðskiptaþjónustunnar frá upphafi faraldursins hafa snúið að ferðalögum starfsmanna til og frá landinu. Í upphafi faraldursins kortlagði viðskiptaþjónustan í samstarfi við Íslandsstofu þörf fyrirtækja fyrir að senda starfsfólk í ferðalög eða taka á móti samstarfsfólki erlendis frá. Það er einkum mikilvægt fyrir fyrirtæki í hátæknigeirum og sem starfa til dæmis á sviði sjávarútvegstækni, matvælatækni og í orkugeiranum, sem þurfa að ferðast til að setja upp, afhenda, uppfæra og gera við tæknibúnað. Áhersla var lögð á að upplýsa fyrirtæki um ferðatakmarkanir og sóttvarnarreglur sem og um möguleika þeirra til að sækja um undanþágur á grundvelli brýnna erindagjörða. Einnig hefur utanríkisþjónustan aðstoðað fyrirtæki við að senda erlenda sérfræðinga út, undirbúa slíkar ferðir og afla upplýsinga.

Í kjölfar ferðatakmarkana sem settar voru á gagnvart ríkisborgurum utan EES/Schengen-svæðisins í mars 2020 var sett upp ferli í samstarfi við önnur ráðuneyti, Útlendingastofnun og lögreglufyrirvöld, svo að erlendir sérfræðingar og einstaklingar í brýnum erindagjörðum gætu áfram komið til landsins. Frá júní til október 2020 voru undanþágur frá ferðatakmarkunum

samþykktar fyrir rúmlega 800 einstaklinga. Eingöngu var hér um að ræða heimild til að koma til landsins, ekki undanþágu frá sóttvörnum. Undanþágurnar gerðu fjölda stórra kvikmyndaverkefna mögulegan hér á landi þar sem ekki kom upp eitt einasta COVID-19 smit. Að auki kom stór hópur tengdur öðrum skapandi greinum til Íslands vegna vinnu sinnar sem og fjárfestar, tæknisérfæringar og fleiri. Í október var ferlið gert sjálfvirkt og eru öll eyðublöð nú á vef ríkislögreglustjóra.

Sendiráð Íslands og starfsfólk Íslandsstofu undir merkjum „Film in Iceland“ hafa unnið saman að því að kynna Ísland sem ákjósanlegan tókustað og hafa fjölmörg verkefni skilað sér til Íslands. Verkefni hafa fjölgað störfum í kvikmyndaiðnaðinum, aukið útflutningstekjur þjóðarinnar og ýtt undir áhuga erlendra ferðamanna á Íslandi sem áfangastað, eins og staðfest hefur verið í rannsóknum.

4.3. Ný sóknarfæri

Nýir tímar kalla á nýjar leiðir. Heimsfaraldurinn hefur kennt heimsbyggðinni að nota stafræna tækni betur til samskipta. Hefur utanríkisþjónustan skipulagt og komið að fjölmörgum viðburðum sem miða að því að skapa viðskiptatækifæri og efla útflutning. Fjarfundatækni nýttist vel til samstarfs við önnur fjarlæg lönd á ódýran, hagkvæman og umhverfisvænan hátt.

Í nóvember stóðu Ísland og Eistland saman fyrir opnum rafrænum viðskiptafundi um möguleika á stafrænum lausnum í opinberri þjónustu og nýjungar íslenskra og eistneskra fyrirtækja, einkum á sviði heilbrigðismála og í tengslum við COVID-19. Þar voru skipulagðir fyrir fyrirtæki beinir viðskiptafundir með hugsanlegum kaupendum. Sambærilegur viðburður var einnig haldinn með Tékklandi um nýjar lausnir á sviði grænnar tækni í mars 2020. Í janúar 2021 tóku sjö íslensk fyrirtæki þátt í rafrænu útboðsþingi Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn þar sem vakinn var athygli á tækifærum sem felast í viðskiptum við þau.

Til þess að vekja athygli á Íslandi í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu hefur utanríkisráðuneytið ásamt Íslandsstofu staðið fyrir vefráðstefnum um íslensk fyrirtæki í líftækni og fjárfestingar hér á landi. Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York rekur viðskiptaskrifstofu Íslands í Norður- Ameríku og hefur í gegnum tíðina notað vefundi til að upplýsa markaðina um ýmis málefni tengd Íslandi og til dæmis verið með árlegar kynningar um horfur í efnahagsmálum og áherslur í utanríkisstefnu Íslands. Aðalræðisskrifstofan hefur tekið þátt í nokkrum stórum verkefnum með Norðurlöndum, meðal annars um stafræna heilsutækni nýverið. Þá hafa fjölmargir viðburðir verið skipulagðir af nýsköpunarsetrum Norðurlandanna og hefur Nordic Innovation House í New York skipulagt rúmlega tuttugu viðburði sem hafa farið fram á vefnum, margir með þátttöku íslenskra fyrirtækja. Þá starfrækti setrið í Singapore þrjú stafræna viðskiptahraðla á árinu sem íslensk fyrirtæki tóku þátt í. Eins og rakið er að framan var svo fimmta norræna nýsköpunarsetrið opnað í Tókýó í maí 2020, og stóð setrið fyrir viðburðum til ársloka 2020. Einnig hafa nýsköpunarsetur Norðurlandanna í Kísildalnum og Hong Kong staðið fyrir fjölmörgum viðburðum sem hafa nýst íslenskum fyrirtækjum. Markmið þeirra er að tengja fyrirtæki saman og upplýsa um ýmis mál, svo sem um stöðu einstakra markaða, og standa fyrir fræðslu um lausnir og nýjungar sem norræn fyrirtæki bjóða upp á. Þá hefur Íslandsstofa á liðnum mánuðum komið að fjölda viðburða á vefnum sem hafa að markmiði að kynna íslenskar vörur og þjónustu á erlendum mörkuðum.

4.4. Saman í sókn markaðsverkefnið fyrir ferðamennsku

„Ísland - saman í sókn“ er markaðsverkefni fyrir íslenska ferðaþjónustu sem er hluti af efnahagsaðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19. Ríkissjóður veitir verkefninu 1.500 milljónir kr. í samræmi við fjárukalög fyrir árið 2020, sem heimiluðu jafnframt gerð samnings við Íslandsstofu um samræmt kynningar- og markaðsstarf erlendis á árunum 2020–2021.

Verkefnið er starfrækt á völdum erlendum mörkuðum til að bregðast við neikvæðum áhrifum heimsfaraldursins. Markmiðið er að auka spurn eftir íslenskri ferðaþjónustu, styrkja ímynd Íslands sem áfangastaðar og viðhalda samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu og annarra útflutningsgreina. Verkefnið hófst síðastliðið sumar til að minna á Ísland sem vænlegan áfangastað og kynna það sem spennandi valkost þegar fólk kys að ferðast á ný. Meginþungi þess verður þó þegar hillir undir opnun landamæra.

Verkefnið er unnið í samræmi við framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030, sem ber yfirskriftina „Leiðandi í sjálfbærri þróun“, og langtímastefnu stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning. Því er ætlað að styrkja ímynd og auka eftirspurn í því skyni að auðvelda fyrirtækjum að auka sölu.

4.5. Heimstorg

Í október gerði utanríkisráðuneytið samning við Íslandsstofu um stofnun þjónustuborðs atvinnulífsins sem hlotið hefur nafnið Heimstorg. Hlutverk þess er að miðla upplýsingum til íslenskra fyrirtækja um möguleika á stuðningi við atvinnuþróunarverkefni í þróunarlöndum. Nánar er fjallað um Heimstorg í kafla II., 10.

4.6. Viðskipti og norðurslóðir

Áhugi á norðurslóðum hefur aukist mikið á síðustu árum eftir því sem aðgengi að svæðinu hefur batnað. Ljóst er að ýmis áhugaverð tækifæri eru þar fyrir íslenskt athafna- og viðskiptalíf.

Grænlandsnefnd, sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skipaði árið 2019, skilaði af sér skýrslunni *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum* í janúar 2021, sjá nánari umfjöllun í kafla I., 2.2. Þar er fjallað um ýmis tækifæri sem tengjast viðskiptum og hefur utanríkisþjónustan þegar fengið fjölmörg erindi frá fyrirtækjum og einkaaðilum sem hafa áhuga á að eiga viðskipti við Grænland. Er unnið að því að koma þeim í farveg í samstarfi við Íslandsstofu.

Í nýrri skýrslu starfshóps sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skipaði um efnahagstækifæri á norðurslóðum er kastljósinu beint að norðurslóðasvæðinu í heild sinni. Auk Grænlands er fjallað um viðskiptatækifæri á nyrstu svæðum Norður-Ameríku, Norðurlanda og Rússlands og settar fram tillögur um hvernig megi standa vörð um viðskiptatækifæri til framtíðar. Þá hefur utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skipað starfshóp sem mun leggja fram skýrslu um hvernig megi efla samstarf Íslands og Færeyja.

5. ÍSLANDSSTOFA

5.1. Almenn

Á árinu vann Íslandsstofa áfram að innleiðingu útflutningsstefnunnar sem kynnt var árið 2019. Meðal annars var skipuriti Íslandsstofu breytt þannig að það endurspegladi áherslu útflutningsstefnunnar og hafa sérstakir fagstjórar nú yfirumsjón með verkefnum undir hverri áherslu.

Ný verkefni voru færð til Íslandsstofu á árinu og má þar helst nefna annars vegar verkefnið „Meet in Reykjavík“ sem miðar að því að laða ráðstefnur og stóra slíka viðburði til landsins og hins vegar rekstur félagsins Icelandic Trademark Holding ehf.

Þegar lögum um Íslandsstofu var breytt í júní 2018 var í bráðabirgðaákvæði mælt fyrir um að utanríkisráðherra skyldi innan þriggja ára láta gera mat á starfsemi Íslandsstofu og útflutnings- og markaðsráði með tilliti til þess hvort að þau markmið sem stefnt hafi verið að með lagabreytingunni hafi náð fram að ganga. Sú vinna er nú hafin.

Starf Íslandsstofu er skipulagt í kringum sex stefnumótandi áherslur: orku og grænar lausnir, hugvit, nýsköpun og tækni, listir og skapandi greinar, ferðaþjónusta, sjávarútveg og matvæli og náttúruafurðir. Starfsemin á árinu markaðist verulega af heimsfaraldrinum enda felst talsverður hluti hennar í hvers kyns fundahaldi, þátttöku í ráðstefnum og öðrum viðburðum sem féllu að langmestu leyti niður. Í staðinn voru haldnir vefviðburðir og þátttaka fyrirtækja skipulögð í tengslaviðburðum á netinu.

Stórum markaðsverkefnum var ýtt úr vör á árinu 2020, meðal annars „Saman í sókn“ sem hélt á lofti merki Íslands sem áfangastaðar ferðamanna og „Seafood from Iceland“ sem kynnir íslenskar sjávarafurðir fyrir neytendum á erlendum mörkuðum. Að auki hefur verið lögð mikil áhersla á kynningarstarf á fyrirtækjum í liftækni, gagnaverum, matvæla- og náttúruvörum auk kynningar á listum og skapandi greinum í samstarfi við kynningarmiðstöðvar lista og skapandi greina og sendiskrifstofur Íslands.

5.2. Grænvangur

Grænvangur er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Grænvangur kynnir íslenskar grænar lausnir og framlag Íslands í loftslagsmálum undir merkinu „Green by Iceland“, meðal annars á vefnum GreenbyIceland.com. Innanlands styður Grænvangur við samstarf í loftslagsmálum, þar á meðal í tengslum við Loftslagsáætlun atvinnulífsins og markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Grænvangur er hýstur hjá Íslandsstofu.

5.3. Samstarf Íslandsstofu og Business Sweden

Íslandsstofa hefur gert samkomulag við Business Sweden sem tryggir að íslensk fyrirtæki geta nýtt sér tiltekna þjónustu þessarar sænsku systurstofnunar sinnar líkt og um sænsk fyrirtæki væri að ræða. Við samkomulagið styrkist og eflist sú þjónusta sem stendur íslenskum fyrirtækjum til boða við markaðssetningu erlendis og ýmis konar þjónusta á markaði. Utanríkisþjónustan hefur á sínum snærum viðskiptafulltrúa á tólf mörkuðum en með samkomulaginu við Business Sweden bætist allverulega í þann hóp. Alls starfa um 450 manns fyrir Business Sweden í 42 löndum

6. FJÖLBJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF (FJÖLBJÓÐASTOFNANIR)

6.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)

Það er mikið hagsmunamál fyrir Ísland að viðhalda því gagnsæja og markaðsmiðaða regluverki alþjóðaviðskipta sem byggst hefur upp á vettvangi WTO. Það veitir inn- og útflytjendum fyrirsjáanleika í viðskiptum og takmarkar möguleika stærri aðildarríkja til að nota afl sitt gegn þeim smærri. Því hefur Ísland ásamt fleiri ríkjum í sambærilegri stöðu beitt sér fyrir því að núverandi viðskiptakerfi verði styrkt í sessi. Slíkt er sérstaklega mikilvægt nú þegar verndarhyggja og ríkisíhlutun hefur færst í aukana og vaxandi spennu gætir innan WTO.

Djúpstæður ágreiningur milli Bandaríkjanna og Kína – en einnig milli iðnríkja og þróunarlanda almennt – hefur hægt á allri umbótavinnu á vettvangi stofnunarinnar. Bandaríkin saka auk þess áfrýjunarnefnd WTO um að hafa ítrekað farið út fyrir valdsvið sitt og túlkað samninga í andstöðu við upphaflegan tilgang þeirra. Er nú svo komið að deiluúrlausnarkerfi WTO, ein af lykilstoðum stofnunarinnar, er orðið óstarfhæft sökum andstöðu Bandaríkjanna við skipun nýrra dómara við áfrýjunarnefndina. Heimsfaraldurinn hefur einnig sett strik í reikninginn en viðbúið er að fresta þurfi áætluðum ráðherrafundi stofnunarinnar í sumar, annað árið í röð.

Ísland er í hópi þeirra ríkja sem vinna markvisst að áframhaldandi umbótum stofnunarinnar í fjálsræðisátt og standa jafnframt vörð um þann árangur sem náðst hefur við afnám viðskiptahindrana frá síðari heimsstyrjöld. Ísland er meðal ríkja sem standa að sérstökum samningaviðræðum um rafræn viðskipti, að liðka fyrir fjárfestingum og frekari einföldun regluverks þjónustuviðskipta og vilja auka hlut lítilla og meðalstórra fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum.

Samningaviðræður um nýjan samning til að sporna við skaðlegum ríkisstyrkjum í sjávarútvegi héldu áfram á árinu 2020. Markmið viðræðnanna er að stuðla að sjálfbærni fiskistofna og sporna gegn ríkisstyrkjum sem stuðla að ólöglegum, stjórnlásum og óskráðum veiðum, sem og ofveiði og of mikilli veiðigetu. Ísland tók virkan þátt í viðræðunum og átti gott samráð við líkt þenkjandi ríki. Drög að samningnum voru rædd í fjórum vikulöngum samningalotum í Genf nú í haust og miðaði viðræðunum ágætlega. Þrátt fyrir það tókst ekki að ljúka gerð samningsins á árinu, bæði vegna COVID-19 faraldursins og efnislegs ágreinings um ýmis lykilatriði. Vonast er til að gerð samningsins ljúki á árinu 2021. Ísland hefur jafnframt leikið lykilhlutverk við að koma jafnréttismálum á dagskrá stofnunarinnar og stýrir nýjum vinnuhópi um viðskipti og jafnrétti fyrir aðildarríki WTO. Þá er Ísland meðal ríkja sem hófu viðræður um alþjóðaviðskipti og sjálfbærni síðar á árinu. Fastafulltrúi Íslands gegnir formennsku í nefnd um endurskoðun á viðskiptastefnu aðildarríkja WTO og sem slíkur var hann einn af þremur sem höfðu umsjón með vali á nýjum framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Frambjóðandanum Ngozi Okonjo-Iweala frá Nígeríu, sem þeir mæltu með, var hafnað af Bandaríkjunum síðastliðið haust en Biden stjórnin sneri þeirri ákvörðun við. Hún verður því fyrsta konan og fyrsti Afríkubúinn til að gegna því embætti.

Að lokum tekur Ísland þátt í yfirstandandi landbúnaðarviðræðum á vettvangi stofnunarinnar og skipar sér þar í hóp ríkja sem leggja áherslu á að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna, svo sem veðurfarslegra og menningarlegra, í tengslum við frekari skuldbindingar um ríkisstyrki og bættan markaðsaðgang í greininni.

6.2. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD)

Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) tókst að snúa vörn í sókn hvað varðar fundahöld á tímum COVID-19 og skipulagði 35 þúsund fjarfundir með þátttöku 835 þúsund manns fyrir árslok. Síðan COVID-19 kom til sögunnar hefur þátttaka íslenskra ráðherra og ráðuneytisstjóra verið mikil á vettvangi OECD og tóku þeir þátt í sérstökum hringborðum ráðherra um efnahagsmál, umhverfismál og félagsleg málefni á tímum heimsfaraldursins. Fyrir utan árlegan ráðherrafund OECD og ráðherrafund þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC), sem haldinn er á þriggja ára fresti, tók forsætisráðherra þátt í 60 ára afmælisviðburði vegna undirskriftar stofnsáttmála OECD í desember í fyrra.

Ráðherrafundur OECD var haldinn í gegnum fjarfundabúnað í fyrsta skipti í fyrra. Leiðir að öflugum og sjálfbærum efnahagsbata voru efst á baugi á fundinum auk þess sem rætt var um stefnu ríkja og alþjóðlega samvinnu til lausnar vandanum sem hlýst af heimsfaraldrinum. Í fyrsta sinn í fjögur ár náðist samstaða um ráðherraýfirlýsingu.

Undirbúningsvinna fyrir efnahagsskýrslu OECD um Ísland hófst í fyrra en hún er unnin á tveggja ára fresti og kemur út í ár. Í skýrslunni er sérstaklega horft til nýsköpunar og græns hagvaxtar. Samstarfi íslenskra stjórnvalda við OECD um gerð samkeppnismats á regluverki ferðaþjónustu og byggingariðnaðar lauk í fyrrahaust með útgáfu samkeppnismatsskýrslu OECD. Niðurstöðurnar voru kynntar í nóvember 2020 af atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu með þátttöku Angel Gurría, framkvæmdastjóra OECD. Verkefnið er eitt það stærsta sem Ísland hefur unnið með nokkurri alþjóðastofnun. Ísland á einnig í nánú samstarfi um menntamál við

OECD en stofnunin sér meðal annars um PISA-könnunina, eitt mikilvægasta samanburðartæki á sviði menntamála sem íslensk stjórnvöld hafa aðgang að.

7. ÚRSÖGN BRETLANDS ÚR ESB OG FRAMTÍÐARVIÐRÆÐUR

7.1. Almennt

Bretland gekk formlega úr Evrópusambandinu (ESB) 31. janúar 2020 eftir að meirihluti breskra kjósenda reyndist fylgjandi útgöngu í þjóðaratkvæðagreiðslu 23. júní 2016. Þar sem Bretland gekk úr ESB á grundvelli útgöngusamnings tók aðlögunartímabil gildi frá útgöngudegi til ársloka 2020. Á aðlögunartímabilinu var Bretland áfram bundið af regluverki ESB og þar með talið alþjóðasamningum. Í því samhengi skiptir EES-samningurinn mestu máli hvað Ísland varðar en þegar aðlögunartímabilinu lauk 1. janúar 2021 hættu ákvæði hans að gilda um Bretland. Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu hefur því haft umtalsverð áhrif á samband Íslands og Bretlands.

Undanfarin ár hefur umfangsmikil vinna átt sér stað innan utanríkisþjónustunnar og stjórnarráðsins í heild, bæði vegna útgöngunnar sjálfar og undirbúnings fyrir viðræður um framtíðarsamband við Bretland. Til stóð að viðræður um framtíðarsamband hæfust fljótlega eftir formlega útgöngu Bretlands úr ESB í byrjun árs 2020 en eins og gefur að skilja seinkaði heimsfaraldurinn þeim áætlanum. Mikil undirbúningsvinna átti sér stað á fyrri helmingi 2020 en viðræður hófust ekki af fullum krafti fyrr en í ágúst 2020. Þá seinkun má rekja beint til faraldursins.

Samningsaðilar vinna nú hörðum höndum að því að ljúka viðræðum svo að nýir samningar geti tekið gildi svo fljótt sem auðið er. Samningaviðræðurnar eru afar umfangsmiklar og skiptast í megindráttum í annars vegar fríverslunarviðræður og hins vegar viðræður um önnur mál sem falla utan hefðbundins fríverslunarsamnings. Ísland semur ásamt hinum EFTA-ríkjunum innan EES, Noregi og Liechtenstein, um viðtækan fríverslunarsamning við Bretland en semur tvíhliða við Bretland á flestum öðrum sviðum.

Þar sem viðræðum um umfangsmikinn fríverslunarsamning var ekki lokið fyrir árslok 2020 tók bráðabirgðafríverslunarsamningur gildi þegar aðlögunartímabilinu lauk 1. janúar 2021. Sá samningur tekur eingöngu til vöruviðskipta og tryggir kjarnahagsmuni íslenskra fyrirtækja með því að viðhalda þeim tollkjörum sem giltu áður en aðlögunartímabilinu lauk.

Um langt skeið var óljóst hvort Bretlandi og ESB tækist að ljúka sínum framtíðarviðræðum fyrir lok aðlögunartímabilsins en tafir á þeim ollu einnig seinkun á viðræðum Bretlands við EFTA-ríkin innan EES. Viðskipta- og samstarfssamningur Bretlands og ESB (e. Trade and Cooperation Agreement, TCA) var kynntur í desember 2020 og kom til framkvæmda 1. janúar 2021. Hann samanstendur af hefðbundnum fríverslunarsamningi auk málaflokka sem alla jafna er ekki fjallað um í fríverslunarsamningum, svo sem samstarf á sviði samhæfingar almannatryggingakerfa, innri öryggismála, sjávarútvegsmála (fiskveiðiheimilda), loftferða og rannsókna. TCA-samningurinn mun liðka fyrir samningum Íslands, Noregs og Liechtenstein við Bretland á afmörkuðum sviðum en hefur þó almennt séð takmörkuð áhrif á framtíðarviðræður Íslands og Bretlands.

7.2. Hvað breyttist við lok aðlögunartímabilsins?

Í byrjun 2021 hætti EES-samningurinn og aðrir samningar sem Ísland hefur gert við ESB að gilda um Bretland og því hefur ýmislegt breyst í sambandi Íslands og Bretlands. Viðskipta- og samstarfssamningur Bretlands og ESB er í grunninn hefðbundinn fríverslunarsamningur á borð við samninga sem EFTA-ríkin og ESB-ríkin gera við þriðju ríki. Í samanburði við EES-samninginn fela slíkir samningar í sér takmörkuð réttindi og skyldur. Bretland er því ekki

lengur hluti af innri markaði ESB og reglur um frjálsa för fólks, vöru, þjónustu og fjármagns gilda ekki lengur um Bretland. Þetta þýðir meðal annars að ekki eru lengur hindranalaus viðskipti með vörur og þjónustu á milli Íslands og Bretlands, fólk þarf að sækja um dvalarleyfi til að flytjast á milli ríkjanna, ekki er lengur sjálfkrafa viðurkenning á starfsréttindum og ekki er heimilt að fjárfesta, stofna eða reka fyrirtæki án sérstakra heimilda.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu breytingar sem urðu um áramótin og einnig hvað hefur haldist óbreytt í samskiptum Íslands og Bretlands.

Lok aðlögunartímabils vegna útgöngu Bretlands úr ESB

Hvað er eins?



- Íslendingar sem voru búsettir í Bretlandi fyrir lok árs 2020 halda réttindum sínum til dvalar og búsetu skv. **samningi** með því að **sækja um "settled/pre-settled status."** Það felur m.a. í sér áframhaldandi aðgang að breska heilbrigðiskerfinu (NHS).



- Réttindi þeirra sem höfðu fengið **prófskríteini frá Bretlandi viðurkennd** fyrir lok aðlögunartímabilsins, eða umsókn um slíkt lagða fram fyrir lok aðlögunartímabilsins, voru tryggð skv. samningi.



- Áfram verður hægt að **heimsækja Bretland án vegabréfsáritunar** og nota sjálfvirku hliðin á landamærunum.



- Bráðabirgðafríverslunarsamningur tryggir **óbreytt tollkjör í vöruviðskiptum.**



- Loftferðasamningur tryggir að mestu **sömu flugréttindi fyrir flugrekendur Íslands og Bretlands** og þeir hafa í krafti EES-samningsins.

Hvað breyttist?



- Allir sem flytja til Bretlands **frá og með 1. janúar 2021** þurfa að sækja um dvalarleyfi og uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt nýju innflytjendakerfi Bretlands.



- **Evrópska sjúkratryggingakortið gildir ekki lengur** og þurfa þeir sem fara til Bretlands að huga að viðeigandi tryggingum.



- Reglur EES-samningsins um **gagnkvæma viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi**, t.d. viðurkenningu á sérnámi í læknisfræði, gilda ekki lengur og verða umsóknir meðhöndlaðar í samræmi við reglur um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi frá þriðja landi.



- Bretland telst þriðja ríki þegar kemur að **innflutningi matvæla.**



- Ekki verður lengur sjálfkrafa viðurkenning á að vörur uppfylli **tæknilegar reglur og staðla.**



- Ákvæði EES-samningsins um **almenna þjónustu og fjárfestingar** gilda ekki lengur í samskiptum Íslands og Bretlands.

7.3. Bráðabirgðasamningur á sviði vöruviðskipta

Bráðabirgðafríverslunarsamningur Íslands og Noregs við Bretland gekk í gildi 1. janúar 2021. Meginmarkmið samningsins er að viðhalda núverandi tollkjörum í vöruviðskiptum milli ríkjanna á grundvelli EES-samningsins og annarra tengdra viðskiptasamninga. Samningnum er ætlað að brúa bilið þangað til nýr víðtækur fríverslunarsamningur tekur gildi á milli ríkjanna.

Í samningnum er viðhaldið núverandi tollaívilnunum samkvæmt samningum Íslands og ESB, þar með talið fyrir sjávarafurðir. Auk þess er kveðið á um tollfrjálsa innflutningskvóta, bæði fyrir landbúnaðarafurðir inn til Íslands og sjávarafurðir inn til Bretlands. Stærð kvótanna er ákvörðuð á grundvelli sögulegrar nýtingar á tollfrjálsum innflutningskvótum í samningum Íslands og ESB.

Samningurinn fjallar að takmörkuðu leyti um heilbrigðisreglur fyrir matvæli og tæknilegar viðskiptareglur. Bresk stjórnvöld hafa þó ákveðið að innflutningsreglur fyrir matvæli haldist að mestu óbreyttar við innflutning íslenskra vara til Bretlands fram til 1. október 2021, þar með talið vegna innflutnings sjávarafurða. Tæknilegar viðskiptareglur verða óbreyttar út árið 2021. Í samningnum er auk þess tryggt að afurðaheiti sem vísa til uppruna og njóta verndar á grundvelli samnings Íslands og ESB muni halda áfram að njóta verndar þar til nýr fríverslunarsamningur liggur fyrir.

Samningurinn er liður í að tryggja kjarnahagsmuni Íslands vegna útgöngu Bretlands úr EES. Hann tryggir áframhaldandi útflutning 55 þúsund tonna af sjávarafurðum til Bretlands eftir útgöngu Breta á sömu tollkjörum og gilda í dag en útflutningsverðmæti þessara afurða nemur um 35-40 milljörðum kr. á ári. Samningurinn tryggir enn fremur óbreytt tollkjör vegna innflutnings frá Bretlandi.

Markmið Bretlands, Íslands og Noregs er að samningurinn gildi þar til samið hefur verið um nýjan og viðameiri fríverslunarsamning á milli ríkjanna.

7.4. Fríverslunarviðræður

Unnið er að því að ljúka viðræðum EFTA-ríkjanna innan EES við Bretland um víðtækan fríverslunarsamning eins fljótt og auðið er. Á flestum sviðum er samhljómur milli samningsaðila og öll ríkin virðast tilbúin til að leggja hart að sér til að ná samningum sem fyrst. Viðskiptasamband Íslands og Bretlands hefur hingað til verið byggt á EES-samningnum en útganga Bretlands úr ESB, og þar með EES-samningnum, gerir það að verkum að viðræður ESB og Bretlands hafa haft óbein áhrif á viðræður Íslands og Bretlands. Auk þess er á sumum samningssviðum nauðsynlegt að taka mið af niðurstöðu ESB og Bretlands vegna skuldbindinga Íslands í EES-samningnum.

Viðræðum Bretlands og ESB um viðskipta- og samstarfssamning lauk 24. desember 2020 og tók samningurinn gildi um áramótin. Fríverslunarsamningurinn tryggir áframhaldandi tollfrjáls og kvótalaus viðskipti á milli Bretlands og ESB. Samt sem áður munu viðskipti milli Bretlands og Evrópusambandsins ganga hægar en í dag. Tekin verður upp tollafgreiðsla og landamæraeftirlit þar sem sýna þarf fram á að vörur uppfylli skilyrði um uppruna, heilbrigðiskröfur og tæknilegar reglur.

Samningur Bretlands og ESB inniheldur einnig ákvæði um þjónustuviðskipti og fjárfestingar, þar með talin ákvæði um fjarskiptaþjónustu, lögfræðiþjónustu og fjármálaþjónustu. Þar er að finna ákvæði um að þjónustuveitendur og fjárfestar fái í tilteknum tilvikum sömu meðferð og innlendir aðilar. Jafnframt er kveðið á um heimildir til að veita þjónustu tímabundið í samstarfslandinu. Unnið er eftir hefðbundnu ferli í fríverslunarsamningum og því munu þjónustuveitendur ekki njóta sama frelsis og ESB-aðild kveður á um. Þannig verður til dæmis ekki lengur sjálfkrafa viðurkenning á prófgráðum og starfsréttindum. Jafnframt á ESB eftir að ákveða hvort Bretum verði veitt heimild til að veita fjármálaþjónustu á innri markaðinum.

Mat samninganefndar Íslands á TCA-samningnum er að hann muni almennt hafa jákvæð áhrif á viðræður EFTA-ríkjanna innan EES. Þó hafði verið vonast eftir að Bretar og ESB myndu semja um nánara samstarf á nokkrum sviðum, einkum varðandi heilbrigðiseftirlit með matvælum, eftirlit með tæknilegum reglum og stöðlum, upprunareglur og fjármálaþjónustu. Samningurinn gefur hins vegar ákveðið fordæmi og getur þannig auðveldað viðræður Íslands og Bretlands.

Aukinn kraftur færðist í viðræður EFTA-ríkjanna innan EES og Bretlands eftir að Bretar luku sínum viðræðum við ESB. Í samningaviðræðum um vöruviðskipti hefur til að mynda verið skipst á tilboðum varðandi landbúnaðar- og sjávarafurðir en annars er gengið út frá því að sá markaðsaðgangur sem gildi undir EES-samningnum haldist óbreyttur. Til viðbótar er stefnt á aukinn markaðsaðgang fyrir íslenskar sjávarafurðir auk áframhaldandi kvóta fyrir helstu landbúnaðarvörur.

Eitt af áhersluatriðum Íslands í fríverslunarviðræðunum er að einfalda heilbrigðiseftirlit með matvælum á landamærum. Töluvert af ferskum sjávarafurðum er flutt til Bretlands og mikilvægt er að flutningstími sé sem skemmstur. Bretar hafa þó ekki komist að samkomulagi við ESB um eftirlitið. Það mun auka vottorðaskyldu og gera útflutning á ferskum

sjávarafurðum til Bretlands flóknari. Samhliða samningaviðræðum er því mikilvægt að bregðast við með því að tryggja að ekki verði tafir á útgáfu heilbrigðisvottorða hér á landi.

Í þjónustuhluta viðræðanna hefur mikil vinna þegar átt sér stað. Leitast verður við að endurspeglar fyrirkomulag þjónustuviðskipta á milli ESB og Bretlands í fríverslunar-samningnum eins og kostur er. Áhersla er lögð á að samningur EFTA-ríkjanna innan EES og Bretlands verði ekki lakari en samkomulag Bretlands og ESB.

Auk ákvæða um markaðsaðgang fyrir vörur og þjónustu mun nýr fríverslunarsamningur innihalda kafla um hugverkaréttindi, upprunamál og samstarf tollyfirvalda, heilbrigðisreglur fyrir matvæli, tæknilegar reglur og staðla, hugverkaréttindi, viðskipti og sjálfbæra þróun, samkeppnismál, málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja, svo dæmi séu nefnd. EFTA-ríkin innan EES hafa jafnframt lagt áherslu á að samið verði um aðgang að opinberum útboðum.

Samningsaðilar stefna að því að ljúka viðræðum á vormánuðum 2021, að því gefnu að niðurstöður þeirra verði ásætlanlegar fyrir hagsmuni Íslands og samningsmarkmið.

7.5. Viðræður á öðrum sviðum

Viðræður við Bretland um mál sem falla utan fríverslunarviðræðna hafa átt sér stað á ýmsum sviðum. Loftferðasamningur var undirritaður 16. desember 2020 og hefur honum verið beitt frá árslokum 2020 þegar aðild Bretlands að sameiginlega evrópska flugsvæðinu lauk. Hann tryggir víðtæk flugréttindi (1.-5. og 7.-9.) sem veita bæði íslenskum og breskum flugrekendum fulla möguleika til að halda uppi flugsamgöngum milli Íslands og Bretlands. Þess má geta að samningurinn tryggir mun víðtækari heimildir en finna má í viðskipta- og samstarfssamningi Bretlands og ESB. Til stendur að Ísland geri einnig samning við Bretland um flugöryggi auk loftferðasamningsins.

Haustið 2020 undirrituðu sjávarútvegsráðherrar Íslands og Bretlands samstarfssamning á sviði sjávarútvegs sem býður upp á aukið samstarf ríkjanna í þessum mikilvæga málaflokki. Niðurstöður Bretlands og ESB á sviði sjávarútvegs varða Ísland ekki þar sem Bretland og Ísland deila ekki öðrum fiskistofnum en flökkustofnum en um þá er samið í strandríkjaviðræðum viðkomandi ríkja.

Samningaviðræður milli Íslands og Bretlands um gagnkvæm tímabundin dvalar- og atvinnuleyfi fyrir ungt fólk (e. Youth mobility scheme) eru einnig á lokastigi. Forsenda þess að samningurinn geti tekið gildi er þó sú að breyta þarf lögum svo aldursskilyrðin eigi við um fólk á aldrinum 18-30 ára og að hægt verði að dvelja í gistiríkinu í tvö ár. Íslenskur lagarammi miðast nú við 18-26 ára aldur og eins árs dvöl. EES-reglur um frjálsa för fólks gilda ekki lengur um Bretland og viðskipta- og samstarfssamningur Bretlands og ESB inniheldur ekki heldur ákvæði um dvalar- og atvinnuleyfi ungmenna. Ísland yrði væntanlega fyrsta EFTA- eða ESB-ríkið til að gera slíkan samning við Bretland.

Viðræður milli Íslands og Bretlands standa yfir á sviði almannatrygginga og heilbrigðisþjónustu og almennt verður tekið mið af viðskipta- og samstarfssamningi ESB og Bretlands í þeim viðræðum. Bretar hafa verið einn helsti samstarfsaðili Íslands í samstarfsáætlunum ESB, sérstaklega í mennta- og vísindasamstarfinu. Niðurstaða viðræðna Bretlands og ESB var að Bretland taki áfram þátt í rannsóknarsamstarfi ESB (Horizon) en hætti þátttöku í Erasmus, sem styður meðal annars við samstarfsverkefni á öllum skólastigum sem og nemenda- og kennaraskipti. Viðræður hafa átt sér stað á milli Íslands og Bretlands sem miða til dæmis að því að tryggja að nemendaskipti geti haldið áfram á milli ríkjanna á öðrum grundvelli.

Stór hluti af tvíhliða samstarfi Íslands og Bretlands um innra öryggi mun byggja á viðeigandi Evrópuráðssamningum. Ekki er þörf á gera nýja tvíhliða samninga milli ríkjanna á þessu sviði til að tryggja áframhaldandi samstarf. Í báðum ríkjum er fyrir hendi löggjöf sem

tryggir áframhaldandi samstarf um málefni innra öryggis. Hins vegar er ljóst að hægst getur á ferlum í ákveðnum málaflokkum, svo sem framsalsmálum. Vilji er fyrir hendi að leita leiða við að flýta ferlum og straumlínulaga samstarfið þar sem það er talið nauðsynlegt og fýsilegt. Áfram verður fylgst með þeim áhrifum sem útganga Bretlands úr Evrópusambandinu hefur á samstarf innra öryggis og verður gripið til nauðsynlegra ráðstafana eftir því sem þörf þykir. Bretland heldur áfram samstarfi við Europol og Eurojust, sem mun auðvelda samstarf Íslands og Bretlands á þessum sviðum.

8. EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

Við er til skýrslu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um EES-samninginn sem lögð er fyrir Alþingi í maí 2021.

IV. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL

1. ÖRYGGI OG VARNIR ÍSLANDS: LEIÐARLJÓS OG GRUNNSTOÐIR

Í varnarmálalögum og forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta er kveðið á um að utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fari með yfirstjórn varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi. Framkvæmd varnartengdra verkefna er í höndum Landhelgisgæslu Íslands og ríkislögreglustjóra samkvæmt þjónustusamningi við utanríkisráðuneytið.

Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland er það leiðarljós sem starfað er eftir í varnar- og öryggismálum. Þar kemur fram að grundvallarforsenda stefnunnar sé staða Íslands sem fámennrar eyþjóðar sem hvorki hafi burði né vilja til að ráða yfir her og tryggi öryggi sitt og varnir með virkri samvinnu við önnur ríki og innan alþjóðastofnana.

Hornsteinar öryggis og varna Íslands eru annars vegar aðildin að Atlantshafsbandalaginu, þar sem Ísland var í hópi tólf stofnríkja árið 1949, og hins vegar varnarsamningurinn við Bandaríkin frá árinu 1951.

Á grundvelli þjóðaröryggisstefnunnar, aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamnings við Bandaríkin eru meginmarkmið Íslands í öryggis- og varnarmálum eftirfarandi:

- Að tryggja þátttöku í alþjóðasamstarfi, á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og á grundvelli varnarsamningsins við Bandaríkin, sem og virkt samstarf við grannríki á sviði öryggismála.
- Að tryggja endurnýjun, rekstur og viðhald varnarinnviða, svo sem loftvarnakerfisins og annarra kerfa og varnarmannvirkja á Íslandi.
- Að tryggja að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkjustuðningur, sérfræðiþekking og viðbúnaðargeta til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.
- Að tryggja þátttöku og framlag Íslands í varnar- og öryggissamstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins.
- Að tryggja virka þátttöku á sviði afvopnunarmála og vígbúnaðartakmarkana í fjölþjóðlegu samstarfi, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.
- Að byggja upp og samhæfa viðbúnað og getu á sviði netöryggismála og efla þekkingu á fjölþáttaógnum og viðbrögð við þeim.


2. ALÞJÓÐLEGT UMHVERFI ÖRYGGIS- OG VARNARMÁLA

Ísland fer ekki varhluta af þeim breytingum sem hafa orðið í öryggismálum á heimsvísu á undanförunum árum. Það einkennist af auknum óstöðugleika, ófyrirsjáanleika og spennu í alþjóðasamstarfi.

Með ólögmaetri innlimun Rússlands á Krímskaga árið 2014 urðu þáttaskil í öryggisþólitísku umhverfi Evrópu til hins verra. Áskoranir og ógnir hafa smám saman tekið á sig flóknari mynd.

Fjárframlög til varnarmála á fjárlögum

Upphæðir í milljónum króna



Við þessar aðstæður hefur varnarviðbúnaðurinn á Íslandi aukið vægi vegna legu landsins í Norður-Atlantshafi. Fjölpáttaógnir skipa einnig aukinn sess í öryggisumhverfinu og samráð vestrænna ríkja um hvernig bregðast skuli við breyttum aðstæðum í öryggismálum.

Viðbrögð Íslands við breyttu öryggisumhverfi felast meðal annars í að tryggja viðbúnað og gistiríkjastuðning við liðssveitir Bandaríkjanna og annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins sem hafa viðkomu á öryggissvæðunum, og aukinni þátttöku í samstöðuverkefnum bandalagsins, til dæmis með því að senda íslenska sérfræðinga til starfa á vettvangi. Viðbrögðin fela einnig í sér þéttara samráð á alþjóðavettvangi í hópi bandalags- og samstarfsríkja og viðbrögð við fjölpáttaógnum, en í utanríkisráðuneytinu hefur verið sett á fót ný deild um þetta málefni.


Markverðustu breytingarnar í öryggisumhverfinu eru meðal annars þær að Rússland hefur stóraukið hernaðarumsvif sín og er orðið óútreiknanlegra á alþjóðasviðinu. Þá hefur Kína aukið hernaðarmátt sinn og sækist eftir frekari áhrifum á alþjóðavettvangi. Fleira spilar inn í, áframhaldandi óstöðugleiki í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku, átökin í Sýrlandi, Líbíu og víðar, svo dæmi séu tekin. Á sama tíma hafa óhefðbundnar ógnir orðið meira áberandi og eru til að mynda nýttar til að sækja að alþjóðakerfinu og grafa undan lýðræðislegum ferlum.

Atlantshafsbandalagið er meginvettvangur samstarfs og samráðs um viðbrögð við hefðbundnum og óhefðbundnum ógnum. Áherslur í starfi bandalagsins endurspeglar breytta stöðu öryggis- og varnarmála í Evrópu. Sjónum bandalagsins er í auknum mæli beint að öryggi og vörnum á Norður-Atlantshafssvæðinu. Komið hefur verið á fót flotaherstjórn fyrir Norður-Atlantshafið í Norfolk í Bandaríkjunum. Fjölpjóðalið bandalagsríkja hefur starfað í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi frá árinu 2017 sem mótvægi við Rússland á landamærum þessara ríkja.

Framlög bandalagsríkja til öryggis- og varnarmála hafa verið aukin í samræmi við skuldbindingar leiðtoga ríkjanna í Wales 2014, sem miða að því að 2% af vergri landsframleiðslu renni til málaflokksins árið 2024. Ríki sem standa utan Atlantshafsbandalagsins hafa einnig aukið framlög og áherslu á málaflokkinn. Til að mynda samþykktu sænsk stjórnvöld í lok árs 2020 hækkan til málaflokksins sem nemur 40% milli árána 2020 og 2025. Svíþjóð og Finnland eru nánustu samstarfsríki bandalagsins og hefur þátttaka þeirra í æfingum og pólitísku samráði verið aukin í því skyni að geta betur mætt sameiginlegum öryggisáskorunum.

Útgjöld aðildarríkja NATO í Evrópu og Kanada vegna varnarmála

Milljarðar bandaríkjadala á verðlagi ársins 2015



* Áætlað.

Inniheldur fjölgun aðildarríkja 1999, 2004, 2009, 2017 og 2020.

Heimild: Atlantshafsbandalagið (NATO)

Loftslagsbreytingar hafa vaxandi áhrif á öryggisumhverfi okkar. Bráðnun heimskautaíss og opnun siglingaleiða vekja áhuga ríkja og fjárfesta og auka ásókn í áður ónýtt gæði á norðurslóðum. Áhrif loftslagsbreytinga á varnarinviði eru vaxandi áskorun auk þess sem draga þarf úr kolefnisfótspori herja. Fyrir liggur að Atlantshafsbandalagið muni í vaxandi mæli beina sjónum sínum að þeim áhrifum sem loftslagsbreytingarnar hafa á öryggi ríkjanna. Ísland hefur á undanförunum árum lagt áherslu á að bandalagið setji sér stefnu í loftlagsmálum.

Undirróður, falsfréttir og upplýsingaóreiða, auk beinna og óbeinna afskipta ríkja og óvinveittra aðila sem ætlað er að grafa undan vestrænum lýðræðisríkjum, hafa sett netöryggismál, eftirlit með fjárfestingum í stofninnviðum og árvekni og viðbrögð gegn falsfréttum í forgrunn. Þessar ógnir, sem kallast einu nafni fjölþáttaógnir, eru hluti af nýrri og flóknari ásýnd öryggis- og varnarmála.

Hér á eftir er nánar grein gerð fyrir stöðu og þróun öryggis- og varnarmála að undanförunu, varna Íslands, hagsmunagæslu og fjölþjóðlegu samstarfi.

3. FRAMKVÆMD VARNARTENGDRÁ VERKEFNA Á ÍSLANDI

Framlag Íslands á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og í tvíhliða varnarsamstarfi við Bandaríkin felst fyrst og fremst í þátttöku í loftrýmiserftirliti, loftrýmisgæslu og æfingum bandalagsins og bandalagsríkja, gistiríkjastuðningi og í því að tryggja öruggan rekstur varnarmannvirkja og búnaðar. Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi er sem fyrr í höndum varnarmálasviðs Landhelgisgæslunnar og ríkislögreglustjóra, sem hafa umboð til starfsins á grundvelli þjónustusamninga við utanríkisráðuneytið sem endurnýjaðir voru síðastliðið sumar.

Kórónuveirufaraldurinn hefur falið í sér áskoranir fyrir starfsemina á öryggissvæðinu í Keflavík en tekist hefur að halda verkefnum nánast óbreyttum að umfangi í góðri samvinnu við embætti landlæknis.

Fjórtán ár eru frá því að fastaráð Atlantshafsbandalagsins samþykkti að hefja loftrýmisgæslu hér á landi, að beiðni íslenskra stjórnvalda. Loftrýmisgæslan er liður í að gæta að nyrðri mörkum bandalagsins með kerfisbundnu eftirliti loftrýmis og gæslu þess. Á síðasta ári tóku Ítalía og Noregur þátt í verkefninu, auk Bandaríkjanna sem leggja árlega til liðsafla og flugsveitir. Þátttökuríki hverju sinni koma með fjórar til fjórtán orustubotur og liðsafla á bilinu 60 til 300 manns. Í ár taka Noregur og Pólland þátt í verkefninu, auk Bandaríkjanna. Er það í fyrsta skiptið sem Pólland tekur þátt í loftrýmisgæslu bandalagsins hér á landi.

Þjóðir sem lagt hafa Atlantshafsbandalaginu til flugsveitir til loftrýmisgæslu við Ísland

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	
Bandaríkin		■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	*
Bretland													■		
Danmörk		■	■						■		■				
Frakkland	■	■													
Ítalía						■				■		■	■	■	
Kanada				■		■				■					
Noregur		■		■			■		■				■		■
Portúgal					■										
Pólland															*
Tékkland							■	■		■					
Þýskaland			■		■										

* Áætlað

Fleiri varnaræfingar á Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum eru til vitnis um þróun í öryggishorfum í okkar heimshluta á síðustu árum. Varnaræfingar hér við land fara fram á grundvelli aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningsins við Bandaríkin.

Helstu æfingar hér við land eru Norður-Víkingur (e. Northern Viking), sem er tvíhliða æfing Íslands og Bandaríkjanna, Dynamic Mongoose, sem er kaþbátaeftirlitsæfing á vegum Atlantshafsbandalagsins, og Northern Challenge, sprengjuleitaræfing á vegum bandalagsins sem Landhelgisgæslan hefur haft veg og vanda af að skipuleggja. Tvær síðarnefndu æfingarnar fóru fram árið 2020 þrátt fyrir heimsfaraldur en voru smærri í sniðum en venja er vegna sóttvarna- og ferðatakmarkana. Hætta þurfti við tvíhliða varnaræfinguna Norður-Víking sem fara átti fram síðastliðið vor en hún er næst fyrirhuguð vorið 2022.

Í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland er komið inn á mikilvægi þess að tryggja að til staðar verði sérþekking til að sinna störfum á sviði öryggis- og varnarmála. Þátttaka í undirbúningi og framkvæmd varnaræfinga stuðlar að því markmiði. Með því er skilningur eflur innan Atlantshafsbandalagsins og hjá Bandaríkjunum á aðstæðum á Íslandi, sérstöðu landsins og varnarhagsmunum. Þátttakan eflir auk þess þjálfun og þekkingu hér á landi á þessu sviði. Fulltrúar öryggis- og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins ásamt fulltrúum ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslunnar og annarra ráðuneyta hafa tekið þátt í þessari vinnu.

Frá vorinu 2019 hefur utanríkisráðuneytið farið með leyfisveitingar vegna flutninga hergagna um íslenska lofthelgi og í íslenskum loftförum. Samgöngustofa sér um umsýslu og samskipti við umsækjendur en meðferð og mat umsókna, umsagnir á grundvelli mannúðar, varnar- og öryggishagsmuna, alþjóðamála, gildandi þvingunaraðgerða og slíkra skuldbindinga, fer fram í utanríkisráðuneytinu. Leyfisumsóknir frá byrjun árs 2020 eru 81 og hefur utanríkisráðuneyti veitt 77 leyfi á því tímabili.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra veitir erlendum ríkisloftförum, borgaralegum og hernaðarlegum, leyfi til yfirflugs í íslenski lofthelgi og landingar á íslenski grundu á grundvelli laga nr. 60/1998. Opin ársleyfi eru veitt ríkisloftförum ríkja Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þess, auk annarra ríkja sem fljúga reglulega yfir Norður-Atlantshaf. 36 slík leyfi voru veitt árið 2020 og 38 hafa verið veitt það sem af er árinu 2021. Ríkin tilkynna jafnframt um hvert flug fyrirfram til ráðuneytisins og annarra þar til bærra stjórnsýslustofnana. Tímabundin leyfi eru veitt ríkisloftförum annarra ríkja. 32 slík leyfi voru veitt árið 2020.

Þátttaka borgaralegra sérfræðinga frá Íslandi í störfum Atlantshafsbandalagsins miðar að sama markmiði og er mikilvægt framlag Íslands til bandalagsins. Á árinu 2020 voru sérfræðingar á vegum utanríkisráðuneytisins við störf í samstöðuaðgerðum bandalagsins í Eystrasaltsríkjunum, hjá herstjórn bandalagsins í Norfolk í Bandaríkjunum, hjá flotaherstjórn bandalagsins (MARCOM) í Bretlandi, í höfuðstöðvum bandalagsins í Brussel og hjá Evrópuherstjórn bandalagsins í Mons í Belgíu.

Meðal þeirra skuldbindinga sem Ísland undirgekkst í kjölfar brotthvarfs varnarliðsins 2006 var að tryggja getu til að taka á móti færanlegum liðsafla í hin mismunandi verkefni, svokallaðan gistiríkjastuðning. Slíkur stuðningur, sem felst í að veita aðstöðu á borð við fæði og gistingu, er samkvæmt þeim skuldbindingum veittur þátttakendum í verkefnum hér við land vegna loftrýmisgæslu og varnaræfinga. Þá veitir Ísland gistiríkjastuðning vegna kaþbátaeftirlits bandalagsríkja sem farið hefur fram við Ísland frá árinu 2014. Á síðasta ári voru P-8 vélar við kaþbátaeftirlit í 173 daga samanbúið við 21 dag árið 2014. Þessi fjölgun eftirlitsdaga er skýrt teikn um þær breytingar sem hafa orðið á öryggisumhverfi Íslands.

Til að geta veitt gistiríkjastuðning þurfa að vera til staðar varnarmannvirki, búnaður og kerfi, geta og sérþekking. Ísland sinnir rekstri og viðhaldi þeirra 140 varnarmannvirkja sem er

að finna á skilgreindum öryggissvæðum. Þar með talin eru til dæmis flugvallarmannvirkin á Keflavíkflugvelli. Auk þess er olíubirgðastöð í Helguvík og á Keflavíkflugvelli, stjórnstöð á öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli, ratsjár- og fjarskiptastöðvar og ljósleiðari sem liggur kringum landið. Alls eru 87 þessara mannvirkja á eignaskrá Atlantshafsbandalagsins en 53 í eigu íslenska ríkisins.

Framlag Íslands til **Atlantshafsbandalagsins (NATO)** 2020

9



Ísland sá NATO fyrir **níu borgaralegum sérfræðingum** árið 2020 sem störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni.



Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Ratsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi.

140



Rekstur og umsjón með **140 varnarmannvirkjum** NATO á Íslandi.

55.000+



Gistiríkjastuðningur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Rúmlega **55 þúsund gistinætur** erlends liðsafla árið 2020.

Helstu einstöku viðhalds- og endurbótaverkefni sem ráðist hefur verið í að undanförmu eru breytingar og endurbætur á flugskýli 831 á öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli. Áætlað er að endurbótum verði lokið fyrir árslok 2021. Bygging þvottastöðvar fyrir flugvélar stendur yfir og ráðgert að ljúki um mitt ár. Ráðist hefur verið í viðhald og endurbætur á flugbrautum, flughlöðum, akstursbrautum og ljósakerfi innan og utan öryggissvæðisins á Keflavíkflugvelli. Verið er að hefja vinnu við stækkun og byggingu flughlaðs fyrir flugvélar með hættulegan farm og undirstaðna fyrir tímabundna gámabyggð. Verkefni þessi eru að mestu leyti kostuð af Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum.

Auk varnarmannvirkja rekur Ísland ratsjár- og fjarskiptakerfi vegna stjórnunarkerfis fyrir loftrýmiseftirlit Atlantshafsbandalagsins en það er eitt þeirra verkefna sem Ísland tók ábyrgð á við brotthvarf varnarliðsins. Viðhald og rekstur varnarmannvirkja og búnaðar fellur undir 6. tölulið þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Því var lítið sinnt frá árinu 2006 þar til nýverið þegar ráðist var í löngu tímabært viðhald og endurnýjun á hugbúnaði í stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins til að geta tryggt fullnægjandi þjónustu við starfsemi á öryggissvæðinu. Það er forsenda þess að Ísland geti fullnægt rekstrar- og gistiríkjaskuldbindingum sem byggjast á tvíhliða varnarsamningum við Bandaríkin og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu.

Árið 2006 var áhersla aukin á þátttöku í borgaralegum friðargæsluverkefnum, í uppbyggingarstarfi og á sviði jafnréttismála. Í ljósi breytinga á öryggisumhverfi Evrópu frá árinu 2014 juku íslensk stjórnvöld áherslu á framlög til verkefna Atlantshafsbandalagsins á borgaralegum grundvelli á þeim sviðum þar sem Ísland hefur sérþekkingu fram að færa. Frá árinu 2017 hefur umsýsla vegna tímabundinna útsendra sérfræðinga verið tvískipt, annars vegar vegna þátttöku í öryggis- og varnartengdum verkefni og hins vegar í mannúðar- og þróunartengdum verkefnum.

4. FJÖLBJÓÐASAMSTARF

Öflugt samstarf hefur verið í öryggis- og varnarmálum á alþjóðavettvangi undanfarið ár. Vegna þeirra hamla sem COVID-19 faraldurinn hefur sett á ferðir milli landa hafa fundir á þessu sviði sem öðrum að mestu leyti farið fram um öruggan fjarfundabúnað. Jafnframt hafa

áhrif COVID-19 faraldursins á öryggismál orðið fyrirferðarmikið umfjöllunarefni í öryggis- og varnarmálasamstarfi á undanfögnu ári.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins setti faraldurinn viðnámsþol bandalagsríkjanna og áhrif heimsfaraldurs á öryggi borgaranna í forgrunn. Að öðru leyti endurspegla viðfangsefni bandalagsins hverju sinni megináskoranir í öryggisumhverfi bandalagsríkjanna. Fæling og varnir, hernaðarmáttur Rússlands, hryðjuverkaógnir, aðgerðir bandalagsins í Afganistan og Írak, fjölþáttaógnir og byltingarkennd tækniþróun eru þau málefni sem eru efst á baugi í starfi bandalagsins um þessar mundir, samhliða áherslum sem tengjast áhrifum COVID-19 faraldursins. Á sameiginlegum fundi utanríkis- og varnarmálaráðherra Atlantshafsbandalagsins 13. apríl 2021 var tekin ákvörðun um að binda enda á aðgerðir bandalagsins í Afganistan og að liðsafla bandalagsríkjanna verði farinn frá landinu fyrir 11. september næstkomandi. Áfram er haldið að meta áskoranir sem bandalagsríkin gætu staðið frammi fyrir vegna aukinna umsvifa og áhrifa Kína. Samstaða er um að auka þurfi þekkingu og skilning á fyrirætlunum Kína og leggja mat á mögulega hættu er varðar varnir og öryggi. Á undanfögnu misserum hefur farið fram vinna undir merkjum NATO 2030 um hvernig efla megi pólitískt samstarf og samheldni ríkjanna og renna megi styrkari stöðum undir Atlantshafstengslin. Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri bandalagsins, mun leggja tillögur sínar þessa efnis fyrir leiðtogafund bandalagsins síðar á árinu. Nánar er fjallað um mál á borði Atlantshafsbandalagsins í VI. kafla um fastanefnd Íslands hjá bandalaginu.

Á vettvangi norræna varnarsamstarfsins (NORDEF) voru örugg samskipti nýtt til samráðs um viðbrögð við COVID-19 faraldrinum en þeim var komið á fót árið 2019 til að bæta upplýsingaskipti og samráð ef hættuástand skapast. Danmörk gegndi formennsku í samstarfinu árið 2020 og Finnland tók við því hlutverki á nýju ári. Unnið er út frá sýn ríkjanna á markmið samstarfsins sem skilgreind eru í stefnuýfirlýsingu Vision 2025 frá árinu 2018. Í henni kemur meðal annars fram markmið um að efla varnarmálasamstarf við Bandaríkin. Í febrúar síðastliðnum var ákveðnum áfanga náð þegar viljayfirlýsing var undirrituð milli Bandaríkjanna og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um þátttöku Bandaríkjanna í norrænu flughersæfingunni Arctic Challenge. Þá er í mótun samstarf um heildstæða nálgun um öryggi og varnir (e. Total Defence), sem tengist meðal annars birgðaöryggi og efnahagslegu sjálfstæði. Ísland tekur virkan þátt í borgaralegum hluta samstarfsins.

Náið samráð er meðal Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8) um sameiginlega öryggishagsmuni, sem og á vettvangi Norðurhópsins sem samanstendur af NB8-ríkjunum auk Bretlands, Hollands, Póllands og Þýskalands. Öryggi og varnir á Norður-Atlantshafi og Eystrasalti, fjölþáttaógnir, öryggi innviða, falsfréttir og upplýsingaóreiða voru meðal umfjöllunarefna varnarmálaráðherranna á árinu en þeir fundu að jafnaði tvisvar á ári. Þess má geta að Ísland hefur þekkt boð um að gegna formennsku í hópnum fyrri hluta árs 2022.

Ísland hefur gerst aðili að samstarfsvettvangi líkt þenkjandi Norður-Evrópuríkjanna í öryggis- og varnarmálum sem Bretland veitir forystu undir merkjum sameiginlegrar viðbragðsveitar (e. Joint Expeditionary Force, JEF). Hin norrænu ríkin, Eystrasaltsríkin og Holland eiga aðild að samstarfinu auk Bretlands. Þátttaka Íslands er á borgaralegum forsendum, byggist á sameiginlegum öryggis- og varnarhagsmunum í Norður-Atlantshafi og miðar að bættri yfirsýn um stöðu og þróun öryggismála.

Ísland á í formlegu grannríkjasamráði um öryggis- og varnarmál við Bretland, Noreg, Kanada og Danmörku, og óformlegu við fleiri ríki. Á undanfögnu mánuðum hefur verið unnið að því að styrkja tvíhliða samstarf við Svíþjóð á þessu sviði.

Í málflutningi Íslands á alþjóðavettvangi er lögð áhersla á öryggi og varnir í okkar heimshluta, afvopnunarmál og vígbúnaðartakmarkanir, málefni öryggisráðsályktunar 1325 um konur, frið og öryggi og valdeflingu kvenna, sem og tengsl loftslagsmála og öryggis, í samræmi

við þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Unnið er að hagsmunagæslu og málsvarastarfi allt árið um kring á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Sameinuðu þjóðanna um þessi málefni og í öðru tvíhliða- og fjölþjóðasamstarfi sem Ísland er aðili að. Sjá nánari umfjöllun um ÖSE í kafla II., 2.6.

5. AFVOPNUNARMÁL

COVID-19 faraldurinn hefur ýtt undir þá afturför sem hefur einkennt afvopnunarmál í heiminum síðastliðinn áratug vegna brottfalls samninga, deilna um framkvæmd þeirra, sammingsbrot og erfiðleika við fjármögnun. Fyrir vikið eru þessar lykilundirstöður alþjóðaröryggis veikari og óvissa meiri.

Efnisleg umfjöllun um afvopnun hefur að undanförunu einkennt af þeim takmörkunum sem COVID-19 hefur sett. Skilningur er þó að skapast á mikilvægi þess að treysta málaflökkinn. Framlenging sammings Bandaríkjanna og Rússlands um langdræg kjarnavopn voru jákvæð tíðindi þótt gildissvið sammingsins sé takmarkað. Þá er áhugi Bandaríkjanna á að styðja að nýju samninginn um kjarnorkuáætlun Írans (JCPoA) mikilvægur. Alþjóðlegir samningar um afvopnun líða jafnan fyrir það að ríki eiga ógjarnan aðild að þeim samningum sem helst skyldi.

Aðkallandi verkefni eru mörg. INF-samningurinn er úr sögunni og deilur eru um aðra samninga á borð við efnavopnasamninginn (CWC) og samninginn um opna lofthelgi (e. Open Skies) sem Bandaríkin sögðu sig nýverið frá. Kyrrstaða er í framkvæmd sammingsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT). Tækniframfarir hafa einnig skapað nýjar ógnir og svigrúm fyrir nýjar víddir í átökum auk þess að magna upp ógnir sem fyrir eru.

Þessi staða endurspeglast í fjölþjóðasamstarfi Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Þá er starf Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) æ mikilvægara vegna NPT og JCPoA, sem og Efnavopnastofnunarinnar (OPCW) vegna fjölgunar efnavopnaárása. Alþjóðlegt átak þarf til að takast á við þessar ógnir gegn heimsöryggi og getur Bandalag til stuðnings fjölþjóðakerfinu (e. Alliance for Multilateralism), sem Ísland er aðili að, lagt mikið af mörkum í því skyni.

Endurskoðun á NPT-samningnum fer fram í ár en hann er mikilvægasti samningurinn á sviði kjarnavopna. Samningurinn um bann við kjarnavopnum þrýstir mjög á aðildarríki NPT að skila marktækum árangri við endurskoðun hans. Samningurinn um bann við kjarnavopnum hefur afar veik eftirlitsákvæði og veitir litla leiðsögn um framkvæmd. Veruleg hætta er á að hann kunni að grafa undan þeim samningi og því regluverki sem fyrir hendi er og vinna þar með gegn þeim skilyrðum sem þurfa að vera til staðar svo heimurinn geti orðið kjarnavopnalaus. Af þessum ástæðum hefur þorri vestrænna lýðræðisríkja ekki orðið þátttakendur í samningnum, þar með talin öll ríki Atlantshafsbandalagsins, Finnland, Svíþjóð og Sviss.

Auk sammingsins um kjarnorkuáætlun Írans (JCPoA) sem að ofan er getið er kjarnavopnauppbygging Norður-Kóreu viðvarandi áskorun fyrir alþjóðasamfélagið. Sú ógn sem af henni stafar sýnir mikilvægi afvopnunar á sviði kjarnavopna og mikilvægi þess að forða útbreiðslu geryðingarvopna. Athyglin beinist því nú að hugmyndum Bandaríkjaforseta um breiðari nálgun í kjarnavopnafirvopnun og að fá Kína að samningaborðinu, en Kína hefur byggt upp kjarnavopnastyrk sem enn fer vaxandi.

Hvað aðra samninga varðar hefur Lífefna- og eiturvopnasamningurinn (BWC) fengið aukið vægi nú þegar ljóst er hvers konar ógn heiminum stafar af lífrænum veirum. Þá hefur Ísland tekið virkan þátt í samvinnu og framkvæmd samninga er varða vopnaviðskipti og hefur skipað sér í hóp ríkja sem vinna að því að koma í veg fyrir að tækni og hlutir til að búa til kjarnavopn, efnavopn, eldflaugar og hefðbundin vopn rati í hendur óæskilegra aðila.

Ör tækniþróun leiðir af sér nýjan og nákvæmari vígbúnað sem og nýjar alþjóðlegar átakavíddir, svo sem netógnir og geimógnir. Slík þróun mun líklega hafa grundvallarbreytingar í för með sér fyrir vopnuð átök. Óljóst er hvort eða hvernig þróunin verði beisluð með samningum eða framgangsreglum á sviði afvopnunarmála en ljóst er að hún kallar á breiðari nálgun í alþjóðaöryggismálum.

Ahersla Íslands á mikilvægi afvopunar fyrir öryggi þjóðarinnar og alþjóðasamfélagsins er skýr í þjóðaröryggisstefnunni. Ísland mun áfram leggja sitt af mörkum til framgangs raunhæfrar afvopunar með virkri þátttöku á alþjóðavettvangi þar sem afvopnunarmál eru til umfjöllunar og í samráði við aðrar þjóðir um hvernig beri að takast á við nýjar ógnir sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir.

6. FJÖLÞÁTTAÓGNIR

Fjölþáttaógnir kalla á víðtækt samráð og samhæfingu innan stjórnsýslunnar og á alþjóðavettvangi. Utanríkisráðuneytið, sem fer með yfirstjórn varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi, hefur hlutverki að gegna við stjórnun, stefnumótun, samskipti og samræmingu á þessu sviði.

Í ljósi vaxandi mikilvægis málaflokksins var deild fjölþáttaógna innan öryggis- og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins sett á fót 1. nóvember 2020. Hlutverk hennar er meðal annars að stuðla að markvissri nálgun á málaflokkinn í samvinnu við aðra hlutaðeigandi. Gott samstarf hefur verið við aðila í stjórnsýslunni og vonast er til þess að starf deildarinnar styrki það samstarf enn frekar.

Deildin leiðir stefnumótun ráðuneytisins á sviði fjölþáttaógna, sinnir upplýsingaúrvinnslu, gerð hættumats og áætlana. Auk þess dregur deildin saman og byggir upp þekkingu á fjölþáttaógnum og annast samstarf við líkt þenkjandi ríki. Deildin beinir sjónum beint að netógnum, erlendum fjárfestingum í innviðum eða fyrirtækjum, upplýsingaóreiðu og viðnámsþoli til að takast á við slíkar ógnir, ásamt því að vinna að fræðslu og upplýsingamiðlun um málefnið.

Umræður um fjölþáttaógnir, svo sem netógnir og netöryggi, eru æ umfangsmeiri í alþjóðlegu samstarfi. Fjölþáttaógnir einkennast af því að margvíslegum aðferðum er beitt til að ná fram ákveðnum pólitískum eða strategískum markmiðum. Þær vísa til samhæfðra og samstilltra aðgerða óvinveittra ríkja sem beinast að grunninnviðum, gildum eða samheldni lýðræðisríkja með því að nýta kerfislæga veikleika.

Netárásir, falsfréttir, upplýsingaóreiða, efnahagsþvinganir, fjárfestingar í lykilinnviðum og fyrirtækjum og hagnýting málaliða (e. Proxy) eru dæmi um aðferðir sem beitt er yfir skemmri eða lengri tíma með það að markmiði að ýta undir óstöðugleika og grafa undan trausti einstakra ríkja. Aukin umræða er um málaflokkinn meðal ríkja á Vesturlöndum, sem sum hver hafa orðið fyrir slíkum aðgerðum, og á vettvangi alþjóðastofnana, einkum Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins.

Þá hefur heimsfaraldurinn dregið fram hvernig mikið magn upplýsinga, bæði rétttra og rangra, dreifist hratt um ólíka miðla og gerir fólki erfiðara um vik að nálgast áreiðanlegar upplýsingar. Vanmáttur ríkja til að draga fram og hrekja rangar upplýsingar getur hæglega grafið undan trausti á stjórnvöldum og aðgerðum þeirra, valdið klofningi í samfélaginu, att ólíkum hópum saman og haft áhrif á hegðun og afstöðu til eða þátttöku í lýðræðislegum ferlum.

Umfjöllun um fjölþáttaógnir og netöryggi tengist sjónarmiðum um þjóðaröryggi og varnir grunninnviða. Atlantshafsbandalagið hefur skilgreint netheima sem eitt aðgerðasvið bandalagsins og hafa ríki þess skuldbundið sig til að efla varnir innlendra kerfa og innviða. Geta til að takast á við netárásir er á forræði hvers ríkis. Netárás getur kallað á viðbrögð á grundvelli fimmtu greinar Atlantshafssáttmálans um sameiginlegar varnir (e. Collective

Defence). Fælingarmáttur herafla og varnarinnviða gegn fjölþáttaógnum er takmarkaðri en andspænis hefðbundnum ógnum vegna eðlis þeirra og aðferðafræði.

Starfshópur um ljósleiðaramálefni og útboð ljósleiðaraþráða Atlantshafsbandalagsins skilaði skýrslu í febrúar þar sem lagt er til að hafinn verði undirbúningur útboðs á tveimur af þremur ljósleiðaraþráðum Atlantshafsbandalagsins hér á landi í þágu samkeppni á fjarskiptamarkaði, þjóðaröryggis og varnarhagsmuna. Stefnt er að því að útboðið hefjist í maí og niðurstöður liggi fyrir í ágúst næstkomandi. Í skýrslu starfshópsins er áréttað mikilvægi þess að efla þekkingu innan stjórnsýslunnar á mikilvægi lykilinnviða, t.d. fjarskiptainnviða, fyrir þjóðaröryggi í víðu samhengi. Grunninnviðir á borð við fjarskiptainnviði og stofnljósleiðara eru ein meginstöða öryggis og varna hvers ríkis og hefur öryggi íslenskra fjarskiptakerfa áhrif á helstu samstarfsríki Íslands.

Viðnámsþol (e. Resilience) samfélagsinnviða er lykilatriði þegar kemur að því að verjast fjölþáttaógnum. Viðnámsþol er geta samfélagsins til að stýra, verjast og aðlagast hættu. Viðnámsþol er einnig geta til að jafna sig eftir óvænta eða óæskilega atburði. Það á einnig við burði yfirvalda til að sinna hlutverki sínu og veita borgurum grunnþjónustu ef samfélagið verður fyrir áfalli. Viðnámsþol er nauðsynlegt þeim innviðum sem teljast mikilvægir starfsemi samfélagsins, til að mynda fjarskipta- og upplýsingakerfum, orkukerfum, heilbrigðisþjónustu, viðbúnaðar- og neyðarþjónustu, samgöngukerfi, æðstu stjórn ríkisins, lýðræðisferlum og fjármálakerfi. Mikilvæga innviði þarf að kortleggja og greina til að draga úr mögulegum veikleikum. Verja þarf innviði og ferla sem teljast mikilvægir út frá þjóðaröryggi og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Það er ómissandi liður í vörnum landsins.

Það er á forræði Íslands að koma upp öflugum viðnámsþoli og vörnum gegn fjölþáttaógnum og að tryggja að nauðsynlegar bjargir séu tiltækar innanlands. Á sama tíma þurfa að vera fyrir hendi ferlar til samráðs og upplýsingaskipta þvert á landamæri. Stjórnvöldum ber jafnframt að tryggja varnir og öryggi innviða landsins í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Samráð á vettvangi Atlantshafsbandalagsins er mikilvægt hvað þetta varðar sem og viðmið um viðnámsþol. Lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu varna og styrkingu innviða sem hluta af þjóðaröryggi og öryggis- og varnarskuldbindingum Íslands. Með sterkari innviði og varnir, viðbragðsgetu og viðnámsþol samhliða skýrri stefnumótun verður Ísland í stakk búið til að takast á við þá samtímaógn sem fjölþáttaógnir eru.

V. BORGARAÞJÓNUSTA, PRÓTOKOLLSKRIFSOFA OG ÝMIS STÖÐÞJÓNUSTA

1. BORGARAÞJÓNUSTA OG ÁRITANAMÁL

Starfsemi borgaraþjónustunnar markaðist verulega af heimsfaraldri kórónuveirunnar árið 2020. Vísað er til skýrslu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra árið 2020 um ítarlega umfjöllun um störf borgaraþjónustunnar frá ársbyrjun 2019 til 1. maí 2020, en þar var meðal annars fjallað um viðbrögð við fyrstu bylgju faraldursins.

Viðbragð utanríkisþjónustunnar við COVID-19 - tímalína



1.1. Borgaraþjónusta með samstillt markmið

Heimsfaraldurinn hefur mótað starf borgaraþjónustunnar allt frá því að veiran fór að láta á sér kræla í upphafi árs 2020. Ný áætlun um viðbrögð í heimsfaraldri var gerð fyrir utanríkisþjónustuna í lok febrúar 2020 og hún löguð að landsáætlun almannavarna og sóttvarnalæknis. Umfang þeirra verkefna sem heimsfaraldurinn skóp reyndist þó meira en nokkurn óraði fyrir. Sólarhringsvakt, sjö daga vikunnar, var í ráðuneytinu frá miðjum mars til aprílloka þar sem aðgerðir voru samhæfðar. Enn frekar reyndi á samhæfingu ráðuneytisins þegar helmingur starfsfólksins þurfti að vinna heima í sóttvarnaskyni. Lætur nærri að helmingur starfslíðs utanríkisþjónustunnar hafi verið kallaður til starfa í borgaraþjónustunni auk fjölmargra kjöræðismanna.

Í heimsflutningsátaki borgaraþjónustunnar í fyrstu bylgju faraldursins stefndu allir að sama marki: Að greiða götu nær tólf þúsund Íslendinga svo þeir kæmst heim þegar landamæri lokuðust og álag jókst á heilbrigðiskerfi heimsins. Samvinna starfsfólks var sem sjálfsprottin. Þegar degi tók að halla í Reykjavík fóru óleyst mál til vinnslu hjá sendiskrifstofum vestanhafs sem í dagslok gátu sent úrlausnarefni til Asíuskrifstofanna. Þannig voru margir hnútar leystir þegar dagur rann upp á ný í Evrópu.

1.2. Ferðaráð og ný tegund neyðarþjónustu

Vegna kórónuveirufaraldursins urðu hefðbundin verkefni borgaraþjónustu, svo sem aðstoð vegna veikinda, slysa og sakamála og heimflutnings látinna, veikra eða vegalausra ríkisborgara, mjög tafsöm og flókin í vinnslu, ekki síst sökum settra ferðatakmarkana sem settu mark sitt hvarvetna. Þá olli fyrirvaralaus lokun landamæra ýmissa ríkja vanda þar sem fólk komst ekki til síns heima. Flugframboð var einnig mjög takmarkað og reglur um komuheimildir og sóttvarnarákvæði flestra ríkja breyttust ört. Starfsmenn flugvalla og flugfélaga áttu erfitt með að fylgjast með og meinuðu jafnvel fólki að fara í flug þar sem þá skorti réttar upplýsingar. Var borgaraþjónustan oft beðin um að skera úr í slíkum vafamálum. Skilgreining á neyðartilvikum varð á þessum tíma mun víðtækari en venja er til.

Heimsfaraldurinn hefur valdið afar miklu álagi á stjórnsýslustofnanir hér á landi. Starf upplýsingadeildar og borgaraþjónustu miðaði að því að létta undir með víðtækri upplýsingagjöf á vef ráðuneytis og sendiráða og svörun sértækra fyrirspurna í síma, á samfélagmiðlum og í tölvupósti. Sendiráðin hófu í febrúar 2020 að afla upplýsinga um ferðatakmarkanir í umdæmisríkjum sínum jafnóðum og reglur breytast. Upplýsingarnar eru birtar á sérstakri síðu á Stjórnarráðsvefnum sem tugir þúsunda hafa lesið frá því að hún var opnuð í mars 2020.

Borgaraþjónusta 2020

9.000+



Rúmlega **nú þúsund** beiðnir um aðstoð bárust sendiráðum og ráðuneyti. Samanborið við 679 árið 2019.

2.000+



Vegna COVID-19 voru rúmlega tvö þúsund líprunarbréf gefin út til staðfestingar á heimild til að koma til landsins.

1.170



Vegabréfaumsóknir voru 1.170 talsins árið 2020 og 335 neyðarvegabréf voru gefin út.

74.000+



Rúmlega **74 þúsund** heimsóknir á ferðaráðsvef utanríkisráðuneytisins vegna COVID-19 frá opnun í marsmánuði 2020.

Reynslan sýnir að í hvert skipti sem reglugerðir um för yfir landamæri breytast fylgir þeim ný hrina fyrirspurnar. Frá miðjum mars til 15. júní 2020 fylgdi Ísland tilmælum Schengen um að loka ytri landamærum svæðisins og voru nauðsynlegar ferðir aðeins heimilaðar. Þegar ferðamönnum gafst kostur á að fara í skimun við komuna til landsins eftir 15. júní 2020, í stað fjórtán daga sóttkvíar, jókst álag vegna fyrirspurna þess vegna gríðarlega. Borgaraþjónustan var ein um að svara fyrirspurnum frá almenningi þar til netspjall var opnað 31. ágúst á vef embættis landlæknis og almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra. Allt að átta manns svöruðu fyrirspurnum skriflega og símleiðis sumarið 2020. Vegna álags var það lán í óláni að starfsfólk áritanadeildar gat hlaupið undir bagga enda voru fáar umsóknir um Schengen-vegabréfsáritanir á tímum heimsfaraldursins. Stærstur hluti þeirra sem hringir í þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins

biður um samband við borgarþjónustu enda er hún eina stjórnsýslueiningin sem almenningur getur hringt í og fengið leiðbeiningar vegna ferðatakmarkana og sóttvarnarákvæða í tengslum við heimsfaraldurinn. Fyrirspurnirnar eru bæði frá Íslendingum og útlendingum.

1.3. Liprunarbréf og viðskiptavakt

Neyðarvakt borgarþjónustunnar var aflögð í byrjun maí þegar flestir ferðalangar voru komnir í heila höfn. Fram eftir ári urðu þó örfáir strandaglópar vegna lokunar landamæra dvalarlands þeirra. Ferðamenn á leið til Íslands sem millilentu á erlendum flugvöllum lentu stundum í að för þeirra var stöðvuð og föluðust þá eftir aðstoð borgarþjónustunnar. Var brugðið á það ráð að gefa út svokölluð liprunarbréf sem staðfestu heimild viðkomandi einstaklings til að koma til landsins. Áður en yfir lauk urðu liprunarbréfin á þriðja þúsund en útgáfu þeirra var að mestu hætt í byrjun september.

Vorið 2020 tók utanríkisráðuneytið í samráði við Útlendingastofnun tímabundið að sér að svara fyrirspurnum um undanþágur frá ferðatakmarkunum til Íslands en starfshópur nokkurra stofnana tók að sér að meta viðskiptalegt mikilvægi umsókna. Var það gert til að tryggja að nauðsynlegar ferðir vegna mikilvægra viðskiptahagsmuna yrðu ekki stöðvaðar. Þá mátti leita til borgarþjónustunnar ef snurða hlypi á þráðinn við vöruflutninga milli landa vegna breytinga á flutningsleiðum. Sjá nánari umfjöllun um viðskiptavakt í kafla III., 4.2.

1.4. Hefðbundin verkefni

Undanfarin ár hafa nærri fimmtíu þúsund Íslendingar verið búsettir erlendis, séu námsmenn meðtaldir. Auk íslenskra ferðamanna er hefðbundið hlutverk borgarþjónustunnar að veita þessum hópi aðstoð erlendis. Þar gegna sendiráð lykilhlutverki, til dæmis við móttöku vegabréfsumsóknna og staðfestinga á íslenskum skjölum sem nota á erlendis. Þá gefa sendiráðin og kjöræðismenn út neyðarvegabréf þegar brýna nauðsyn ber til. Ferðatakmarkanir stóðu víða í vegi fyrir að fólk kæmist á sendiskrifstofur ef vegabréf glötuðust eða runnu út. Árið 2020 tóku sendiráðin á móti 1.170 vegabréfsumsóknnum en útgefin neyðarvegabréf voru 335.

Árið 2019 voru skráðar hjá borgarþjónustunni í ráðuneytinu alls 679 beiðnir um aðstoð en þær voru yfir níu þúsund árið 2020 í sendiráðum og í ráðuneyti. Í fyrstu bylgju heimsfaraldursins bauðst einstaklingum erlendis að skrá sig í skráningargrunn borgarþjónustu í öryggisskyni. Á tólfta þúsund manns skráði sig og fékk upplýsingar í tölvupósti. Fjölmargir leystu úr eigin málum en nærri sex þúsund fengu símtöl frá borgarþjónustunni til að kanna stöðu þeirra.


Utanríkisráðuneytið sá um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu í sendiráðum og hjá kjöræðismönnum vegna forsetakosninganna sem fóru fram í júní 2020. Borgarþjónustan annaðist afgreiðslu kjörgagna til kjörstjórna erlendis og auglýsti hvar og hvenær atkvæðagreiðsla gat farið fram í samvinnu við sendiskrifstofur. Taka þurfti tillit til sóttvarnarádstafana stjórnvalda á hverjum stað. Aðgengi kjósenda að kjörstöðum erlendis markaðist af því enda var margt starfsfólk sendiskrifstofa á þessum tíma bundið við heimaskrifstofur vegna heimsfaraldursins.

Íslendingar búsettir erlendis*

Samtals: 47.801

● Lönd þar sem Ísland starfrækir sendiskrifstofu: 43.171

● Lönd þar sem Ísland starfrækir ekki sendiskrifstofu: 4.630



* Samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands um fjölda íslenskra ríkisborgara sem eru búsettir erlendis frá 12. febrúar 2021.

1.5. Stefna og æfingar

Viðbragðsáætlun utanríkisráðuneytisins fyrir neyðartilvik erlendis var æfð síðla árs 2019 og reyndist gríðarlega mikilvæg þegar kom að fyrstu viðbrögðum við heimsfaraldrinum snemma árs 2020. Þar vó þyngst þjálfun ráðuneytisstarfsmanna úr teymi sem skiptist á að manna neyðarsíma borgaraþjónustunnar utan skrifstofutíma. Þá var stefna í málefnum borgaraþjónustu samþykkt haustið 2019, sem reyndist einnig afar vel og lagði grunn að því að festa í sessi ferla og samræma svörun og upplýsingavinnslu.

Óhætt er að segja að heimsfaraldurinn hafi reynt á öll markmið stefnunnar en áformuð skref breyttust í stökk sem fleyttu borgaraþjónustunni hraðar að þeim fimm meginmarkmiðum sem þar voru sett. Upplýsingamiðlun til almennings var mikil og skilvirk. Starfsfólk var samstíga og miðlaði upplýsingum svo hratt sem kostur var og gætti að öruggri meðferð persónuupplýsinga. Viðbrögð höfðu verið æfð og starfsfólk hafði hagsmuni almennings í fyrirrúmi. Þá var haft virkt samráð við aðrar stjórnsýslustofnanir til að deila því álagi sem var á stjórnsýslunni. Umfang aðgerða í heimsfaraldrinum sýndi aftur á móti að bæta þarf tæknimál og gagnagrunna til að betur sé hægt að afla og deila upplýsingum um stöðu mála hratt og örugglega. Fresta þurfti vinnu sem hafin var við stafrænar lausnir en í ársbyrjun 2021 voru þau verkefni endurvakin í samstarfi við vinnustofu um Stafrænt Ísland.

Stefna í málefnum borgaraþjónustu: fimm meginmarkmið

Íslendingar í erfiðleikum erlendis hafi greiðan aðgang að upplýsingum, stafrænum lausnum, skilvirkri, notendavænni og faglegri borgaraþjónustu og séu ánægðir með lausnir mála.	Starfsfólk sinni verkefnum af þekkingu og alúð, veiti skýrar leiðbeiningar og leiti lausna.	Verksvið sé afmarkað, verkferlar skýrir og meðferð persónuupplýsin ga örugg.	Hröð og örugg viðbrögð við umfangsmiklum neyðartilvikum erlendis.	Virkt og lipurt samráð innanlands og utan við samstarfsstofnanir og lykilaðila.
---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------

1.6. Reynslan af viðbrögðum við heimsfaraldrinum

Vinnuhópur innan ráðuneytisins skilaði í júní 2020 matsskýrslu um viðbrögð og aðgerðir utanríkisþjónustunnar í heimsfaraldrinum með 36 tillögum til úrbóta. Í meginatriðum þótti vel hafa til tekist en bent var á mikilvægi þess að styrkja borgaraþjónustudeildina. Síðustu ár hefur deildin verið skipuð tveimur starfsmönnum í ráðuneytinu auk eins ábyrgðarmanns málaflokksins í hverju sendiráði en hana þarf að efla til þess að geta mætt stórum verkefnum til framtíðar. Þegar í haust var ráðist í aðgerðir og ein tillagnanna sem laut að sameiningu borgaraþjónustu og áritunardeildar var tekin til framkvæmda 1. október er deildirnar voru sameinaðar.

Viðbragðsáætlun fyrir neyðartilvik erlendis var uppfærð í janúar 2021 með tilliti til þess lærdóms sem dreginn var af reynslunni úr yfirstandandi heimsfaraldri. Sá lærdómur býr ráðuneytið undir næsta stóra verkefni. Norrænt samstarf um borgaraþjónustu hefur einnig reynst ómetanlegt í heimsfaraldrinum og er vikulegt samráð á veffundum enn við lýði.

1.7. Schengen-áritanamál

Þegar Ísland gerðist aðili að Schengen-samstarfinu árið 2001 voru ferðamenn á þriðja hundrað þúsund. Árið 2019 voru ferðamenn ríflega tvær milljónir. Samfara þessum gríðarlega fjölda ferðamanna fjölgaði umsóknum um Schengen-vegabréfsáritanir til Íslands með tilsvarendi álagi á þau níu ríki sem Ísland hefur gert samninga við um afgreiðslu umsókna. Af fyrirvarsríkjunum hefur álag mest verið hjá Dönum sem hafa afgreitt yfir helming allra áritana til Íslands undanfarin ár. Til þess að bregðast við auknu álagi og bæta þjónustu við ferðamenn til Íslands var ákveðið að sendiráð Íslands tækju yfir afgreiðslu vegabréfsáritana þar sem álagið er mest. Í upphafi ársins 2020 var undirbúningur utanríkisþjónustunnar til að taka sjálf yfir afgreiðslu áritana á lokastigi og sendiráð Íslands í London og Washington í stakk búin að hefja afgreiðslu vegabréfsumsókna, en fjöldi áritanaskyldra ferðamanna kemur frá Bretlandi og Bandaríkjunum. Fyrir var afgreiðsla vegabréfsumsókna við sendiráðin í Moskvu, Nýju-Delí og Peking. Til þess að koma í veg fyrir að fólk þurfi að ferðast um langan veg til að leggja inn umsóknir voru gerðir samningar við þjónustuaðilann VFS Global til þess að taka á móti umsækjendum, skrá og skanna umsóknargögn og afhenda þau til úrvinnslu í viðeigandi sendiráðum. VFS Global rekur yfir 3.500 afgreiðslustaði víða um heim og annast þjónustu við fjölda ríkja. Með aðkomu VFS Global er sendiráðunum gert kleift að taka til vinnslu umsóknir frá fleiri borgum en ella. Fjölgaði móttökustöðvum umsókna um sjö í Kína, ellefu á Indlandi, fimm í Bandaríkjunum og þrjá í Bretlandi árið 2020.

Forsendur gjörbreyttust þegar ytri landamærum Schengen-svæðisins var lokað í mars 2020 í kjölfar tilmæla framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna farsóttarinnar. Fyrirhugað áætlunarflug á milli Shanghai og Keflavíkur með viðkomu í Helsinki var slegið af og umsóknir um áritanir lögðust nánast af. Móttökustöðvum þjónustaðilans VFS Global var lokað og fyrirvarsríkin níu, að Danmörku undanskildri, hættu að afgreiða Schengen-áritanir fyrir önnur Schengen-ríki. Danir hafa afgreitt Schengen-áritanir til Íslands í undantekningartilvikum, einkum til dvalarleyfishafa. Miðlæg áritunardeild í ráðuneytinu styður við og hefur eftirlit með framkvæmd áritana í sendiráðunum og heldur utan um fyrirvarssamninga við önnur Schengen-ríki og þjónustuaðila. Þar störfuðu í upphafi árs 2020 sex manns og unnið var að ráðningu þriggja leyfafulltrúa til viðbótar sem slegið var á frest vegna faraldursins. Starfsfólk deildarinnar reyndist sem fyrr segir ómetanlegur liðsauki fyrir borgarþjónustuna þegar leysa þurfti úr málum strandaglópa vegna heimsfaraldursins.

Ekki er hægt að spá fyrir um fjölda ferðamanna sem þurfa vegabréfsáritun til Íslands á þessu og næsta ári, en áhersla er lögð á að áritanadeildir ráðuneytisins og sendiráðanna verði í stakk búnar til að bregðast skjótt við þegar fer að draga til tíðinda. Ytri landamæri Schengen hafa að mestu verið lokað frá því í mars 2020 en opnað var fyrir komur ferðamanna til Íslands frá Bandaríkjunum og Bretlandi 6. apríl 2021 sem hafa tilskilin bólusetninga- eða mótefnisvottorð. Samhliða því var heimiluð móttaka umsókna um vegabréfsáritanir í Bandaríkjunum. Þar búa fjölmargir áritanaskyldir borgarar sem uppfylla sóttvarnskilmála fyrir komufarþega til Íslands. Áritanirnar heimila aðeins komu til Íslands en ekki til annarra Schengen-ríkja.

Útgefnar áritanir til Íslands 2019 og 2020

Útgefnar af fyrirvarsríkjum

Fyrirvarsríki	Fjöldi 2019	Fjöldi 2020
Danmörk	36.672	5.703
Finnland	284	29
Frakkland	256	41
Holland	11	5
Litháen	354	67
Noregur	3.353	510
Svíþjóð	1.007	87
Þýskaland	370	81
Portúgal	4	-
Samtals	42.311	6.523

Útgefnar í sendiráðum Íslands

Sendiráð	Fjöldi 2019	Fjöldi 2020
Peking	15.202	1.896
Moskva	2.355	436
Nýja-Delí	570	726
Washington	-	27
London	-	6
Samtals	18.127	3.091
Heildarfjöldi áritana	60.438	9.614

2. UPPLÝSINGA- OG GREININGARMÁL

2.1. Almenn

Heimfaraldur kórónuveiru mótaði starf upplýsingadeildar að verulegu leyti á árinu 2020, sérstaklega á fyrstu mánuðum farsóttarinnar þegar koma þurfti boðum í samvinnu við borgaraþjónustu ráðuneytisins til þeirra þúsunda Íslendinga sem staddir voru erlendis. Deildin hefur í samvinnu við sendiskrifstofur Íslands og borgaraþjónustu haft umsjón með ferðaráðum vegna COVID-19 heimfaraldursins á vef Stjórnarráðsins. Þar er að finna á einum stað upplýsingar um aðgerðir á landamærum og sóttvarnarkröfur fjölmargra ríkja sem Íslendingar á ferðum erlendis reiða sig í auknum mæli á. Þá hefur upplýsingadeild tekið virkan þátt í samstarfi ráðuneyta og stofnana vegna faraldursins, sérstaklega vegna aðgerða á landamærum og hvernig upplýsingagjöf er háttáð til ferðamanna og heimkomufarþega á leið til landsins. Jafnframt hefur upplýsingadeild í samvinnu við sendiskrifstofur Íslands aflað gagna fyrir ríkisstjórnina um stöðu farsóttarinnar, sóttvarnaaðgerðir og þjóðfélagsástand víða um Evrópu.

Utanríkisráðuneytið vaktar umræðu um land og þjóð í erlendum fjölmiðlum, bregst við umfjöllun þegar tilefni er til og miðlar upplýsingum með framvirkum hætti í málum sem tengjast stöðu og orðstír Íslands á alþjóðavettvangi og stefnumiðum stjórnvalda eftir því sem þörf krefur. Við upplýsingagjöf til útlanda á ráðuneytið í góðu samstarfi við upplýsingafulltrúa annarra ráðuneyta innan stjórnarráðsins, sendiskrifstofur Íslands erlendis og Íslandsstofu.

Upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins sinnir nær öllum samskiptum ráðuneytisins við innlenda og erlenda fjölmiðla. Upplýsingum um störf utanríkisþjónustunnar er miðlað með fréttum á vefsíðu Stjórnarráðsins, tilkynningum á samfélagsmiðlum, fréttatilkynningum og fjölmiðlaviðtölum, auk greininga og skýrslna um starfsemina hverju sinni. Í hverri viku svarar upplýsingadeildin fjölda fyrirspurna frá fjölmiðlum, bæði bréfléiðis og símleiðis. Árið 2020 skiptu slíkar fyrirspurnir frá innlendum og erlendum fjölmiðlum hundruðum. Bárust þær bæði með tölvupósti og símleiðis og snerust um hvaðeina sem varðar verkefni utanríkisþjónustunnar og þau málefni sem voru í deiglu hverju sinni.

Einnig miðlar utanríkisþjónustan upplýsingum um sértæk málefni til fjölda innlendra og erlendra fyrirspyrjenda. Hátt í 1.300 almennar fyrirspurnir bárust ráðuneytinu með tölvupósti árið 2020, samanborið við tæplega 600 árið 2019. Auk þess barst mikill fjöldi spurninga í gegnum samfélagsmiðla og sendiskrifstofum erlendis um málefni af ýmsum toga.

Þá ber utanríkisráðuneytinu rík skylda til að miðla upplýsingum til Alþingis í formi skýrslugjafar, svara fyrirspurnum þingmanna eða miðla upplýsingaefni til þingnefnda. Í því sambandi er vert að nefna sérstaklega þrjár skýrslur sem komu út á vegum utanríkisráðuneytisins eða starfshópa utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og upplýsinga- og greiningardeild hafði verulega aðkomu að. Í júlí 2020 kom út skýrslan *Saman á útivelli – Framkvæmd utanríkisstefnu Íslands í kjölfar COVID-19* sem fjallað er um í kafla III., 4.2. Á fyrstu vikum ársins 2021 komu svo út tvær viðamiklar skýrslur, annars vegar *Áfram gakk! Utanríkisviðskiptastefna Íslands* og hins vegar *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum*. Vísað er til umfjöllunar um skýrslurnar í kafla III., 3 og kafla I., 2.2.

Í tilefni af áttatíu ára afmæli utanríkisþjónustunnar árið 2020 og aldarafmæli sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn setti upplýsingadeild einnig á fót sérstakan afmælisvef. Þar var saga utanríkisþjónustunnar rifjuð upp í máli og myndum auk þess sem fjallað var um starfsemi hennar í nokkrum hlaðvarpspáttum.

Samstarfssamningur ráðuneytisins við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands frá desember 2018 miðar að því að stuðla að aukinni umræðu um utanríkismál hér á landi. Þá hefur ráðuneytið látið kanna viðhorf Íslendinga til alþjóðasamstarfs á undanförunum árum. Þessar kannanir hafa leitt í ljós að Íslendingar eru mjög jákvæðir í garð alþjóðlegrar samvinnu, ekki

síst til norræns samstarfs, mannúðarmála og Sameinuðu þjóðanna. Slík viðhorfskönnun stendur fyrir dyrum nú á vormánuðum. Þá miðlar ráðuneytið upplýsingum til félagasamtaka, nemenda og annarra hópa sem biðja um kynningu á starfsemi utanríkisráðuneytisins.

Ráðuneytið á auk þess frumkvæði að því að birta eftir föngum tiltækar upplýsingar um starfsemi sína, sem geta átt erindi við almenning, í samræmi við reglugerð um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda nr. 464/2018. Frá ársbyrjun 2021 hefur utanríkisráðuneytið birt á Stjórnarráðsvefnum málalista fyrir stofnuð mál í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.


2.2. Upplýsingamiðlun og þróunarsamvinna

Í ljósi ríkrar upplýsingaskyldu utanríkisráðuneytisins gagnvart skattborgurum um ráðstöfun fjár til þróunarsamvinnu og mannúðarmála tók ráðuneytið upp samstarf fyrir rúnum tveimur árum við fjölmiðla og fjarskiptafyrirtækið Sýn hf. um birtingu fréttar um þessa málaflokka á Vísi.is. Allar fréttir úr Heimsljósi – upplýsingaveitu utanríkisráðuneytisins um þróunarsamvinnu og mannúðarmál – hafa því frá októbermánuði 2018 birst á forsíðu Vísis.

Með því að birta nánast daglega fréttir um þessa mikilvægu málaflokka á vinsælum netmiðli hefur upplýsingagjöf til almennings um þátttöku og árangur Íslendinga í þróunar- og mannúðarstarfi aukist verulega. Jafnframt gefst með birtingu fréttar á Vísi kærkomið tækifæri til að fræða um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem lögd eru til grundvallar öllu starfinu.

Um 150 þúsund notendur lesa forsíðu Vísis á dag þangað sem hver lesandi kemur að meðaltali fjórum sinnum. Tæplega þrjú hundruð fréttir úr Heimsljósi birtust á Vísi á árinu 2020 og voru lesnar að jafnaði 15 þúsund sinnum á mánuði eða alls 154 þúsund sinnum á árinu öllu.

Lestur fréttar úr Heimsljósi á Visir.is árið 2020




Nokkur munur er á lestri eftir mánuðum en mest lesna frétt síðasta árs birtist í mars og fjallaði um fjölgun COVID-19 smita í Afríku. Langflestar fréttir ársins tengdust kórónuveirunni með einhverjum hætti. Af tíu mest lesnu fréttunum voru átta um heimsfaraldurinn.

Sérstakur upplýsingafulltrúi annast kynningu á heimsmarkmiðunum. Hann starfar náið með formanni verkefnastjórnar um heimsmarkmiðin hjá forsætisráðuneytinu og ritstýrir meðal annars vefnum www.heimsmarkmidin.is. Annar starfsmaður ritstýrir Heimsljósi og sinnir tengdum verkefnum. Þessir starfsmenn taka auk þess virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um

upplýsingamál um þróunarsamvinnu (e. Development Communication Network, DevCom), sem eru samtök á vegum OECD.


Samkvæmt könnun fyrir utanríkisráðuneytið á fyrri hluta árs 2020 telja rúmlega níu af hverjum tíu Íslendingum (90,3%) mjög eða fremur mikilvægt að íslensk stjórnvöld veiti mannúðaraðstoð. Innan við 2% (1,6%) telja það alls ekki mikilvægt. Könnunin leiðir í ljós að sex af hverjum tíu Íslendingum (59%) leggja fram fjármagn úr eigin vasa til góðgerðarsamtaka. Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands nýtur sem fyrr mikils stuðnings meðal þjóðarinnar og niðurstöður fyrrnefndrar könnunar sýna að 70 til 84% svarenda eru jákvæð um flesta þætti hennar. Tæplega 80% (77,8%) telja mikilvægt að íslensk stjórnvöld veiti þróunarríkjum og íbúum þeirra aðstoð. Enn fleiri (83,6%) telja að þróunarsamvinna eigi markvisst að stuðla að aukinni virðingu fyrir mannréttindum í þróunarríkjum.

Hversu mikilvægt eða lítilvægt finnst þér að íslensk stjórnvöld veiti mannúðaraðstoð?



*Heildarfjöldi svarenda: 925, 146 svöruðu ekki. Heimild: Maskina (mars, 2020).

Hversu mikilvægt eða lítilvægt finnst þér að Ísland veiti þróunarríkjum og íbúum þeirra aðstoð?



*Heildarfjöldi svarenda: 925, 146 svöruðu ekki. Heimild: Maskina (mars, 2020).

Á Stjórnarráðsvefnum hefur myndræn miðlun upplýsinga tekið stakkaskiptum á síðustu mánuðum og þar er að finna ítarleg tölfræðileg gögn um ýmsa þætti þróunarsamvinnu. Þá er vert að nefna að ráðuneytið veitir sérstaka kynningarstyrki til íslenskra félagasamtaka sem vinna að verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðarmála.

2.3. Starfið fram undan

Upplýsingadeild hefur stutt við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu, sem lýkur í maí, framboð Íslands til framkvæmdastjórnar UNESCO, væntanlega formennsku í Evrópuráðinu og fleiri slík verkefni. Áfram verður lögð áhersla á að miðla upplýsingum til almennings um starfsemi utanríkisráðuneytisins og helstu hagsmunamál Íslands á alþjóðavettvangi. Þá verður vefur Stjórnarráðsins þróaður áfram til að tryggja aðgang að réttum og áhugaverðum upplýsingum, einnig á myndrænu formi. Átaki í notkun samfélagsmiðla sendiskrifstofanna verður viðhaldið enda auðvelda þeir upplýsingamiðlun til þúsunda Íslendinga sem búsettir eru erlendis eins og glöggt hefur komið í ljós á tímum kórónuveirunnar. Tvíhliða sendiskrifstofur nýta Facebook til að miðla upplýsingum til Íslendinga og almennings í umdæmislöndum og Facebook-síða utanríkisþjónustunnar miðlar upplýsingum um starfsemi Íslands á alþjóðavettvangi til almennings á Íslandi.

Þá er sendiráð Íslands í Peking virkt á Weibo. Formennskuteymi, fastanefndir og fleiri sendiskrifstofur hafa einnig viðveru á Twitter í þeim tilgangi að tengjast lykilaðilum í gistiríkjum eða taka þátt í umræðu á alþjóðavettvangi.

3. MÁLEFNI PRÓTOKOLLSKRIFSTOFU

3.1. Hlutverk

Hlutverk prótollskrifstofu ráðuneytisins er meðal annars að:

- Annast samskipti við erlend sendiráð og ræðisskrifstofur gagnvart Íslandi, aðrar erlendar sendiskrifstofur og alþjóðastofnanir sem varða stöðu þeirra, réttindi og skyldur.
- Afla samþykkis fyrir fulltrúa Íslands erlendis og tilkynna um fastafulltrúa gagnvart alþjóðastofnunum.
- Hafa umsjón með opinberum heimsóknum á Íslandi og erlendis og alþjóðlegum viðburðum og ráðstefnum, í samráði við skrifstofu Forseta Íslands og aðra aðila þegar við á.

3.2. Erlend sendiráð og fyrirsvaR gagnvart Íslandi

Hátt í 140 lönd eru með sendiskrifstofur gagnvart Íslandi, þar af eru níttján á Íslandi. Um er að ræða fimmtán sendiráð auk fyrirsvaR Evrópusambandsins, Grænlands og Færeyja.

Prótollskrifstofan hefur umsjón með þeim sérreglum sem gilda um sendiskrifstofurnar, starfsmenn þeirra og fjölskyldur, að þjóðarétti, einkum Vínarsamningnum um stjórnmalasamband sem er lögfestur á Íslandi. Náið samráð er milli Norðurlandanna um málefni erlendra diplómata. Meðal þeirra verkefna varðandi úrlendisréttarhafa sem prótollskrifstofan kemur að, í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir hérlendis, eru dvalarleyfi, persónuskilríki, kennitölur og atvinnuleyfi fjölskyldna þeirra. Flestar sérreglur sem varða erlenda diplómata eru tilgreindar í handbók sem er birt á vef ráðuneytisins (e. Diplomatic Handbook).

Starfsmenn erlendra sendiráða á Íslandi eru sendierindrekar (diplómatar), skrifstofu- og tæknistarfsmenn, þjónustustarfsmenn, einkaþjónustustarfsmenn og staðarráðnir starfsmenn, sem eru flestir Íslendingar. Mismunandi reglur gilda um þessa fimm flokka starfsmanna, en sjötti hópurinn sem nýtur sérstöðu eru fjölskyldur þessara starfsmanna. Fyrstu tveir flokkarnir auk ræðismanna eru skráðir í diplómatalista sem er birtur á vef ráðuneytisins (e. Diplomatic and Consular List). Samtals eru þetta um 90 manns hérlendis en yfir 600 ef sendiráð gagnvart Íslandi erlendis eru meðtalin.

Samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga má veita tímabundin atvinnuleyfi til maka og barna sendiráðsstarfsmanna á grundvelli alþjóðasamninga. Slíkir samningar hafa verið gerðir við Bandaríkin, Kanada og Indland. Í undirbúningi er að gera slíkan samning við Bretland vegna útgöngu landsins úr Evrópusambandinu.

Sendiskrifstofur erlendra ríkja í Reykjavík

Sendiráð	Fyrirsvar
 Bandaríkin	 Evrópusambandið
 Kanada	 Atlantshafsbandalagið
 Bretland	 Grænland
 Frakkland	 Færeyjar
 Þýskaland	
 Spánn	
 Danmörk	
 Finnland	
 Noregur	
 Svíþjóð	
 Rússland	
 Pólland	
 Indland	
 Japan	
 Kína	

Alls eru 99 útsendir starfsmenn erlendra sendiskrifstofa í Reykjavík, sem eru 19 talsins. Auk þess eru 111 staðarráðnir starfsmenn, flestir íslenskir.

Fjöldi erlendra sendiráða gagnvart Íslandi staðsett erlendis

	Evrópa	Norður-Ameríka	Mið- og Suður-Ameríka	Asía og Eyjaálfa	Afríka	Samtals
Sendiráð, þar af í:	38	1	17	32	31	119
Osló	17	0	5	10	5	37
Stokkhólmi	6	0	4	8	8	26
London	3	0	5	8	5	21
Kaupmannahöfn	7	1	0	4	6	18
Berlín	0	0	0	2	3	5
Brussel	0	0	2	0	1	3
Dublín	0	0	0	0	3	3
Helsinki	1	0	0	0	0	1
Washington	0	0	1	0	0	1
Eigin höfuðborg	4	0	0	0	0	4

3.3. Alþjóðastofnanir

Auk sendiráðsmanna búa á Íslandi einn fulltrúi alþjóðastofnunar (Atlantshafsbandalagsins) og einn fulltrúi bandarískra hermálayfirvalda í tengslum við varnarsamninginn. Fleiri alþjóðastofnanir eru með starfsemi eða fulltrúa á Íslandi þótt viðkomandi njóti ekki stöðu diplómata. Listi yfir alþjóðastofnanir og -samstarf á Íslandi er á vef ráðuneytisins.

3.4. Ræðisskrifstofur á Íslandi

Á Íslandi eru 60 kjöræðismenn frá 52 ríkjum. Flestir þeirra eru íslenskir ríkisborgarar. Þeir gæta hagsmuna erlendra ríkja og ríkisborgara þeirra á Íslandi.

3.5. Afhendingar, heimsóknir og fundir á Íslandi

Lítið var um opinberar heimsóknir árið 2020 vegna heimsfaraldursins. Sendiherrar með búsetu hér afhentu forseta Íslands trúnaðarbréf, meðal annars frá Svíþjóð, Evrópusambandinu og Rússlandi, en nýr sendiherra Kanada afhenti forseta Íslands trúnaðarbréf sitt í febrúar 2021.

3.6. Sendiskrifstofur Íslands erlendis

Ísland er með sextán sendiráð erlendis, þar af gegna fjögur þeirra einnig hlutverki fastanefnda gagnvart alþjóðastofnunum (Brussel, Kampala, London og París). Við bætast sex fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum, þar af gegna tvær þeirra einnig hlutverki sendiráðs (Genf og New York). Ísland er með fjórar aðalræðisskrifstofur með útsendum starfsmönnum. Loks eru sjö starfsmenn utanríkisráðuneytisins trúnaðarbundnir sem sendiherrar gagnvart erlendum ríkjum. Viðskiptafulltrúar starfa í tólf sendiskrifstofum erlendis (átta í Evrópu, þremur í Asíu og einni í Ameríku).

Flestum afhendingum trúnaðarbréfa, nema þá í gistiríkjum, var frestað á árinu 2020 vegna heimsfaraldursins. Sendiherrar Íslands gátu þá afhent trúnaðarbréf gagnvart nokkrum löndum utan gistiríkis, m.a. Andorra, Eistlandi, Grikklandi, Hollandi, Kyrgyzstan, Nepal og Póllandi.

3.7. Ræðisskrifstofur Íslands erlendis

Kjöræðismenn Íslands gegna mikilvægu hlutverki í utanríkisþjónustu Íslands, sérstaklega í þeim löndum þar sem engin sendiráð eru. Þeir kynna Ísland og aðstoða fyrirtæki og einstaklinga, þar með talið vegna veikinda, slysfara, fangelsunar eða andláts. Þeir eru ólaunaðir. Framlag kjöræðismanna í borgarþjónustuverkefnum tengdum COVID-19 hefur

verið og er afar umfangsmikið og mikilvægt og verður þeim seint þakkað þeirra óeigingjörnu störf. Um störf kjöræðismanna er fjallað nánar í kafla I., 4.

Ísland er með 216 ræðisskrifstofur erlendis, fjórar þeirra eru skipaðar launuðum starfsmönnum en 212 eru skipaðar kjöræðismönnum. Kjöræðisskrifstofurnar eru í yfir 90 ríkjum. Ráðuneytið skipuleggur sérstakar ræðismannaráðstefnur sem haldnar eru á Íslandi á fimm ára fresti, síðast 2019. Þar er farið yfir helstu áherslumál Íslands í markaðs- og kynningarstarfi, menningarmálum, jafnréttismálum og borgaraþjónustustörfum.

4. SKJALASAFN

4.1. Almennt

Heimsfaraldurinn hafði áhrif á verkefni skjalasafns því hluti starfsmanna þess lagði borgaraþjónustu lið í mars og apríl. Starfsmenn unnu að lagfæringum og frágangi á rafrænum skjölum í skjalasafni ráðuneytisins og gerð verkferla. Hlé var gert á frágangi pappírsskjala ráðuneytisins og sendiskrifstofa frá síðustu 30 árum á meðan. Aðstoð við skrifstofur vegna birtingar samninga var umfangsmikil.

Helstu verkefni á skjalasafni utanríkisráðuneytisins eru móttaka, flokkun og skráning erinda sem berast, auk leiðbeininga og kennslu fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Skjalasafn sér um gerð verklagsreglna og leiðbeininga til starfsmanna um skjalastjórn og notkun skjalavistunarkerfa. Frágangur og skráning varðveislusafna ráðuneytisins og 25 sendiskrifstofa er stór hluti verkefna. Einnig leit í skjalasöfnum um utanríkismál og öðrum gagnasöfnun fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Loks er leit að skjölum sem óskað er eftir aðgangi að með vísan til upplýsingalaga. Þá fellur undir skjalasafnið gerð og viðhald gæðahandbókar um öll verkefni utanríkisþjónustunnar.

Samningar við erlend ríki og alþjóðastofnanir eru skráðir og vistaðir í málaskrá ráðuneytisins. Í tengslum við átak um birtingu samninga í C-deild þarf að staðfesta hver staðan er á hverjum samningi varðandi fullgildingu og tilkynningu til samningsríkja og vörsluaðila. Sérfræðingar ráðuneytisins njóta sérþekkingar starfsmanna á skjalasafni við þá vinnu.

4.2. Markmið og starfið fram undan

Reynsla undanfarins árs verður nýtt til að bæta verkferla við rafræna skráningu og afgreiðslu erinda. Nýttar verða leiðir til að vista samskiptaþræði í spjallforritum, rafrænar undirskriftir og staðfestingar erinda og stefnt að algerlega rafrænni skjalavistun.

Haldið verður áfram að þjálfa alla nýja starfsmenn í skjalastjórn og notkun málaskrár auk þess sem reyndir starfsmenn fá tækifæri til að viðhalda og bæta sína þekkingu á því sviði um leið og þeir flytjast milli starfsstöðva.


5. REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR

5.1. Almennt

Undir rekstur utanríkisráðuneytisins falla tvö málefnasvið, annars vegar málefnasvið 4 *Utanríkismál* og hins vegar málefnasvið 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna*. Málefnasvið 4 skiptist í fjóra málaflokka, 4.10 *Utanríkisþjónusta og stjórnýssla utanríkismála*, 4.20 *Utanríkisviðskipti*, 4.30 *Samstarf um öryggis- og varnarmál* og 4.40 *Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs*. Undir málefnasvið 35 fellur einn málaflokkur, 35.10 *Þróunarsamvinna*.

Heildarframlög til utanríkisþjónustunnar árið 2020 voru 19,2 milljarðar kr. að teknu tilliti til gengisleiðréttinga og verðbóta. Útgiöld utanríkisráðuneytisins að teknu tilliti til tekna námu 18 milljörðum kr. árið 2020 og þar af var kostnaður við rekstur aðalskrifstofu ráðuneytisins um 2,1 milljarður kr. Framlög til málefna sviðs 35, alþjóðlegrar þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytisins, námu 6,3 milljörðum kr. Af þeirri upphæð nemur sérstök fjárveiting vegna framlags til bóluefnasamstarfs COVAX 500 milljónum kr. Heildarframlag til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu er áætlað 8,5 milljarðar kr. árið 2020 og þá er meðtalin kostnaður annarra ráðuneyta, ásamt stofnfjárframlögum til Alþjóðabankans og fleiri stofnana. Áætlað er að framlag Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu í heild verði 0,29 % af VPT árið 2020, samkvæmt bráðabirgðatölum. Kostnaður við verkefni sem falla undir alþjóðlega þróunarsamvinnu var 6,3 milljarðar kr. Kostnaður við rekstur sendiráða Íslands nam tæpum 3,8 milljörðum kr., framlög til alþjóðastofnana námu 2,4 milljörðum kr. og framlag til Íslandsstofu var 842 milljónir kr.

Skipting framlaga Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu 2020




Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2020 er afkoma ársins af rekstri utanríkisráðuneytisins jákvæð sem nemur tæpum 1,2 milljörðum kr. Hafa ber í huga að af þeirri fjárhæð eru reiknaðar gengisleiðréttingar að upphæð 511,2 milljónir kr. á liðnum *Alþjóðastofnanir* sem ekki reynir á og eru felldar niður í árslok í samræmi við reglur um uppgjör fjárlagaliða. Eftir stendur að áætluð afkoma í árslok er jákvæð um liðlega 700 milljónir kr. og er að mestu um að ræða leiðréttingar á verðlagi og frestun á verkefnum vegna heimsfaraldursins.

Heimsfaraldurinn hefur sett mark sitt á rekstur utanríkisráðuneytisins en með lokun landamæra fækkaði ferðum vegna fundarsóknar og annarra viðburða til muna og afleiðingin varð lækkun á ferðakostnaði ráðuneytisins. Á móti kom aukinn kostnaður vegna stærsta verkefnis sem borgarþjónustan hefur staðið frammi fyrir, að aðstoða þúsundir Íslendinga við að komast heim þegar heimsfaraldurinn reið yfir. Einnig var settur aukinn kraftur í aðstoð við íslensk fyrirtæki sem eiga í alþjóðlegum viðskiptum. Á meðal þyngri útgjaldaþátta var

endurnýjun búnaðar vegna heimavinnu og umfangsmeiri þrif og sóttþreinsun húsnæðis og búnaðar. Áætlað er að kostnaður ráðuneytisins vegna fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins sé um 300 milljónir kr.

Framlög til utanríkisráðuneytisins á fjárlögum fyrir árið 2021 nema um 20,9 milljörðum kr., eða um 1,8% af A-hluta fjárlaga. Framlög til utanríkisþjónustunnar, það er aðalskrifstofu ráðuneytisins, þýðingamiðstöðvar, sendiskrifstofa og Íslandsstofu nema 6,9 milljörðum kr., eða þriðjungi af framlögum til ráðuneytisins. Framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu nema tæpum 6,8 milljörðum kr. Framlög til alþjóðastofnana nema tæpum 3,5 milljörðum kr. en að viðbættum framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu nema framlög til þessara verkefna um 10,3 milljörðum kr., eða rúmlega 49% af heildarframlögum til þeirra málefna sem falla undir ráðuneytið.

Hlutfallsleg skipting framlaga til utanríkismála á fjárlögum 2021



Alls starfa nú í utanríkisráðuneytinu um 300 manns og fjölgaði þeim um fimmtán frá árinu á undan. Af þessum 300 starfsmönnum störfuðu 156 hér á landi og 144 erlendis, þar af voru 83 staðarráðnir og 61 útsendur starfsmaður. Fjölgun starfsfólks á árinu skýrist að mestu af tímabundnum verkefnum og undirbúningi fyrir þau. Þar má nefna formennsku í Norðurskautsráðinu, hagsmunagæslu vegna útgöngu Bretlands úr ESB, formennsku í Norðurlandaráði og stjórnarsetu í Alþjóðabankanum.

Sendiskrifstofur Íslands eru nú 26 í 21 landi, þar af eru sextán tvíhliða sendiráð, sex fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur. Fyrirkomulag rekstrar utanríkisráðuneytisins, þar sem sendiskrifstofur Íslands og aðalskrifstofa ráðuneytisins eru reknar sem ein heild, hefur reynst hagkvæmt og leitt til betri nýtingar fjármuna, meðal annars með sameiginlegri stoðþjónustu og skýrari yfirsýn yfir reksturinn. Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttismálum. Unnið er markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á sendiskrifstofum Íslands og tryggja að störfin skiptist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ólíkt því sem áður var er kynjahlutfallið nokkuð jafnt í hópi yngri háskólamenntaðra fulltrúa. Jafnt

hlutfall karla og kvenna er í skrifstofustjórahópi ráðuneytisins. Í ráðuneytinu eru 37 sendiherrar þar af 25 karlar og 12 konur. Fjórir sendiherrar eru í launalausum leyfi. Ráðuneytið er jafnlaunavottað samkvæmt íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85.

Utanríkisþjónusta Íslands er ein sú minnsta í Evrópu enda þjóðin fámenn. Þó eru ýmis verkefni í alþjóðasamskiptum sem verður að sinna óháð stærð þjóða og slíkum verkefnum fer fjölgandi. Starfsmenn íslenskra sendiskrifstofa finna fyrir vaxandi áhuga á Íslandi og íslenskum vörum og spurn eftir þjónustu þeirra hefur aukist jafnt og þétt. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar þarf því að sinna fjölbreyttum verkefnum og svigrúm til verkaskiptingar er minna en hjá utanríkisþjónustum annarra ríkja. Það er áskorun að tryggja að sendiskrifstofur geti staðið undir auknu álagi og veitt einstaklingum, fyrirtækjum og erlendum stjórnvöldum góða þjónustu og greinargóðar upplýsingar.

5.2. Starfið fram undan


Á undanförunum misserum hefur verið unnið að framkvæmd tillagna í skýrslu ráðherra *Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi* frá 2017. Í skýrslunni eru fjölmargar tillögur um rekstur utanríkisþjónustunnar, húsnæðismál og upplýsingatækni. Langflestum þessara tillagna hefur þegar verið hrundið í framkvæmd en nokkrum er þó enn ólokið og þar er einna veigamest framkvæmd tillagna í húsnæðismálum. Í umræddri skýrslu eru tillögur um bættar starfsaðstöðu í utanríkisþjónustunni ásamt því að greina og fara með skipulögðum hætti yfir stærð, rekstrarkostnað og nýtingu húsnæðis í eigu eða leigu ríkisins erlendis, í því skyni að stuðla að áframhaldandi hagræðingu og samræmingu eins og við verður komið.

Starfsemi ráðuneytisins hefur á undanförunum árum rúmast í tveimur byggingum við Rauðarárstíg 25 og 27. Stefnt er að því að finna hentugra húsnæði sem rúmar alla starfsemi utanríkisráðuneytisins. Einnig er unnið að því að skoða hvernig utanumhaldi um húsnæðismál sendiráða og húsnæði sendiherra verið háttað í framtíðinni til að ná fram sem bestri nýtingu og hagkvæmni.

Áfram verður leitast við að haga rekstri utanríkisþjónustunnar með sem hagkvæmustum hætti án þess að draga úr gæðum hennar. Þetta er meðal annars gert með nýtingu upplýsingatækni og samvinnu við aðrar Norðurlandþjóðir, meðal annars þegar kemur að húsnæðismálum sendiskrifstofa.

VI. SENDISKRIFSTOFUR ÍSLANDS

Sendiskrifstofur Íslands




	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmislöndum sendiskrifstofa *	45.989	96,2
- þar af í gistiríkjum sendiskrifstofa	43.171	90,3%

Utanríkisverslun við gistiríki sendiskrifstofa **		
Vöruútflutningur (2020)	305.443,7	49,2%
Vöruinnflutningur (2020)	510.103,4	66,1%
Þjónustuútflutningur (2019)	525.137,1	75,3%
Þjónustuinnflutningur (2019)	272.272,2	62,2%

Starfsmenn		
Starfsmenn	156	100%
- Útsendir diplómatar	60	38,5
- Útsendir aðrir	3	1,9%
- Útsend, önnur rn.	10	6,4%
- Staðarr. viðskipta tr.	8	5,1%
- Aðrir staðarráðnir	75	48,1%

Rekstrarkostnaður sendiskrifstofa ***		
Rekstrarkostnaður sendiskrifstofa ***	3931,2	100,0%
þar af		
- Sameiginlegur kostnaður	518,5	13,2%
- Tæki og búnaður	44,7	1,1%
- Viðhald	33,1	0,8%



26 sendiskrifstofur í 21 landi.
Kjöræðismenn Íslands eru 212 í 92 ríkjum og sjálfstjórnarsvæðum.


● Sendiráð ● Kjöræðisskrifstofa ● Fastanefnd ● Aðalræðisskrifstofa

* Fjöldi íslenskra ríkisborgara sem var búsettur í viðkomandi löndum í byrjun árs 2021 samkvæmt tölum Þjóðskrár og hlutfall þeirra af heildarfjölda íslenskra ríkisborgara með búsetu erlendis.

* Utanríkisviðskipti við þau lönd þar sem Ísland er með sendiskrifstofur og hlutfall þeirra viðskipta af utanríkisviðskiptum Íslands í heild.

* Samtalan felur í sér kostnað vegna þriggja sendiskrifstofa sem falla undir alþjóðlega þróunarsamvinnu (Kampala, Lilongwe og Róm) sem fjármagnaðar eru með framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu (málefna svið 35). Aðrar skrifstofur eru fjármagnaðar með framlögum vegna utanríkisþjónustu og stjórnsýslu utanríkismála (málaflokkur 04.10). Talan felur einnig í sér sameiginlegan kostnað sem til fellur vegna sendiskrifstofa. Hlutfall einstakra skrifstofa í kostnaði tekur mið af þessu í töflunum hér að neðan.

Berlín



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	2.124	4,4%
- þar af í Þýskalandi	1.727	3,6%
Utanríkisverslun við Þýskaland		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	69.295,40	9,0%
Þjónustuútflutningur (2019)	44.481,8	6,4%
Þjónustuinnflutningur (2019)	21.632,6	4,9%
Starfsmenn	8	5,1%
- Útsendir diplómatar	3	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	1	
- Aðrir staðarráðnir	4	
Kostnaður	158,8	4,0%

Umdæmisríki: Þýskaland, Króatía, Svartfjallaland, Pólland og Serbía.

Fjölbjóðasamstarf: Norðurlönd.

Sendiráð í Berlín: Öflugt kynningarstarf á tímum heimsfaraldurs

Borgaraþjónusta vegna heimsfaraldursins var í brennidepli í Berlín og komu traust tengsl Íslands og Þýskalands berlega í ljós þegar leitað var eftir aðstoð þýskra stjórnvalda við að flytja heim Íslendinga sem voru erlendis. Áður en heimsfaraldurinn brast á fylgdi sendiherra, sem einnig hefur fyrirvar gagnvart Póllandi, forseta Íslands ásamt sendinefnd í opinbera heimsókn til Póllands þar sem áhersla var lögð á samstarf á sviði orkumála og jafnréttismála og menningar- og menntamála.


Sýningin Hafíð – Reflections of the Sea var opnuð í ársbyrjun í Felleshus, menningarmiðstöð norrænu sendiráðanna, þar sem hönnun, nýsköpun, hugvit, og handverk þrjátíu listamanna og tíu fyrirtækja voru kynnt. Sendiráðið stóð einnig fyrir hátíð í tengslum við Berlinale-kvikmyndahátíðina í samstarfi við Evrópsku kvikmyndaverðlaunin og fleiri aðila, en til stóð að afhending verðlaunanna færi fram í Reykjavík í desember 2020.

Í kjölfar útgöngu- og samkomutakmarkana færðust aðrir viðburðir í netheima og á samfélagsmiðla. Sendiráðið stóð í samstarfi við Íslandsstofu og Miðstöð íslenskra bókmennta fyrir kynningu á bókum rithöfundna sem gefnar höfðu verið út á þýsku á árinu og við Íslandsstofu og Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) á tónlistarhátíðinni Airwaves. Með því að feta nýjar slóðir í kynningarmálum í netheimum hefur tekist að breikka þann markhóp sem öllu jöfnu sækir viðburði sendiráðsins í Felleshus og þannig fékk bókmenntaviðburðurinn um 3.000 áhorf. Sendiherra kynnti stefnu og aðgerðir Íslands í stafrænum málum og loftslagsmálum á tveimur borgarafundum á Twitter undir myllumerkinu #NordicTownhall. Um 450 myndir af íslenska hestinum bárust í myndlistarkeppni sendiráðsins, Horses of Iceland og Landssambands þýskra Íslandshestamannafélaga en markmiðið var að kynna og viðhalda áhuga Þjóðverja á Íslandi og íslenskri náttúru.

Þýskaland stefnir hraðbyri í átt að orkuskiptum og hafa sendiráðið og Orkuskiptasinn verið með kynningar á tækifærum og samstarfsmöguleikum fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir á þýskum markaði á sviði vetnismála. Þá hefur sendiráðið átt í viðræðum við þýsk stjórnvöld, einkaaðila og fulltrúa einstakra sambandslanda í Norður-Þýskalandi á þeim vettvangi.

Á vettvangi stjórnmalanna hafa reglubundin samskipti og fundir færst í netheima, þar með talinn fundur ráðuneytisstjóra með ráðuneytisstjóra þýska utanríkisráðuneytisins í desember þar sem samskipti ríkjanna, viðskipti og menningarmál voru rædd, afstaða til alþjóðlegra átakamála og samstarf um að efla og styrkja fjölbjóðlegt samstarf.

Brussel



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	1.168	2,4%
- þar af í Belgíu	147	0,3%
Utanríkisviðskipti við Belgíu		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	11.575,20	1,5%
Þjónustuútflutningur (2019)	11.065,4	1,6%
Þjónustuinnflutningur (2019)	9.729,7	2,2%
Starfsmenn	19	12,2%
- Útsendir diplómatar	5	
- Útsendir aðrir	1	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	5	
- Útsendir, önnur rn.	8	
Kostnaður	377,8	9,6%
Umdæmisríki: Belgía, Holland, Lúxemborg og San Marínó.		
Fjölpjóðasamstarf: Evrópusambandið.		

Sendiráð í Brussel: Rekstur EES-samningsins í skugga heimsfaraldurs


Sendiráðið í Brussel stendur vörð um rekstur EES-samningsins og gætir hagsmuna Íslands við uppfærslu hans í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar og forgangslistann sem hún hefur samþykkt.

Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á starfsemi ESB og rekstur EES-samningsins. Aðgerðir vegna faraldursins hafa verið þungamiðjan í Evrópusamstarfinu allt frá því í mars á síðasta ári. Á það til dæmis við um beinar aðgerðir til að takast á við sóttvarnir og upplýsingaskipti við önnur ríki og samstarf um ýmis tengd mál, eins og öflun og dreifingu aðfanga (hlífðarbúnaður, sýnatökusett, öndunarvélar og þess háttar). Einnig á það við um för milli landa og að hvaða marki grípa hefur þurft til takmarkana til að stemma stigu við útbreiðslu faraldursins. Þá hefur ESB látið efnahagslegar afleiðingar faraldursins til sín taka og stofnað þjargráðasjóð sem verður að hluta ráðstafað í gegnum samstarfsáætlanir sem Ísland hefur tekið þátt í. Reglur um ríkisaðstoð hafa verið skýrðar í því skyni að auðvelda ríkjum að styðja við atvinnulífið. Síðast en ekki síst hefur stuðningur við þróun bóludefnis og sameiginleg innkaup verið ofarlega á baugi.

Óhjákvæmilega hafa þessar aðstæður leitt til þess að önnur stefnumótun innan ESB og EES hefur frestast að einhverju marki. Faraldurinn hefur jafnframt raskað verulega hefðbundinni starfsemi ESB, möguleikum á fundarhöldum og óformlegri tengslamyndun sem því fylgir. Sama á við um þátttöku EFTA-ríkjanna innan EES í starfi sambandsins. Frá því í mars 2020 hafa flestir fundir farið fram á fjarfundaformi. Það á til dæmis við um EES-ráðið og flesta ráðherrafundi, fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar, fastanefndar EFTA, undirnefnda og vinnuhópa EFTA-ríkjanna sem og árlegan pakkafund ESA sem haldinn var í lok maí 2020. Þinghald og málflutningur hjá EFTA-dómstólnum hefur einnig farið fram með atbeina fjarfundabúnaðar.

Athyglisvert er hins vegar að eftir að faraldurinn braust út hefur íslenskum stjórnvöldum í auknum mæli verið boðin þátttaka í óformlegum ráðherrafundum ESB. Einkum á það við um fundi heilbrigðisráðherra, samgönguráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra, auk umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra. Eins og venjan er á grundvelli Schengen-samstarfsins hefur dómsmálaráðherra tekið þátt í formlegum sem óformlegum fundum er varða þróun Schengen-samstarfsins, eins og áður var. Á hinn bóginn verður að telja líklegt að faraldurinn muni stuðla að aukinni notkun fjarfunda í Evrópusamstarfinu eftir að honum lýkur.

Genf



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	586	1,2%
- þar af í Sviss	584	1,2%
Utanríkisviðskipti við Sviss		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	8.648,20	1,1%
Þjónustuútflutningur (2019)	12.088,50	1,7%
Þjónustuinnflutningur (2019)	8.043,50	1,8%
Starfsmenn		
- Útsendir diplómatar	5	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	1	
- Útsendir, önnur rn.	1	
Kostnaður	205,8	5,2%
Umdæmisríki: Sviss og Liechtenstein		
Fjölþjóðasamstarf: EFTA, UNOG, WTO, ITU, WHO, WIPO, WMO og ILO		


Fastanefnd/sendiráð í Genf: Árangursríkt ár liðið af heimsfaraldri

Árið 2020 var árangursríkt og viðburðaríkt í fastanefndinni þrátt fyrir áhrif heimsfaraldursins á störfin. Ísland lauk setu sinni í mannréttindaráðinu um áramótin 2019/2020 og hélt áfram að fylgja eftir ýmsum málum og stýrði m.a. vinnu Vesturlandahópsins (WEOG) í ráðinu. Þar bar hæst ályktun Íslands um mannréttindaástandið á Filippseyjum en Ísland braut blað í sögu ráðsins með því að fá Filippseyjar til samstarfs um eftirfylgnina. Sameiginleg ályktun Íslands og Filippseyja var samþykkt samhljóða í haustlotu mannréttindaráðsins. Ráðherra tók virkan þátt í ráðherravikunni í lok febrúar og opnaði meðal annars þematiska myndlistarsýningu Íslands um mannréttindi á besta stað fyrir utan aðalsal mannréttindaráðsins.

Utanríkisviðskipti eru forgangsverkefni fastanefndarinnar. Störf sem tengjast aðild Íslands að EFTA eru umfangsmestu verkefni fastanefndarinnar. EFTA-ríkin hafa í samstarfi gert 29 fríverslunarsamninga sem bæta aðgengi íslenskra fyrirtækja að erlendum mörkuðum og efla samkeppnishæfni Íslands. Viðræður standa yfir um nokkra nýja samninga og uppfærslu þriggja eldri. Þátttaka Íslands í störfum WTO sem sinnir framkvæmd fjölþjóðasamninga um viðskipti, er stór þáttur í störfum fastanefndarinnar. Áhrif viðskiptadeilna Bandaríkjanna og Kína setja svip á störf stofnunarinnar. Samningaviðræður um afnám skaðlegra ríkisstyrkja í sjávarútvegi hafa borið hæst á árinu í WTO. Ísland tekur þar virkan þátt enda miklir hagsmunir í húfi. Stefnt er að því að ljúka þeim á árinu. Fastanefndin leggur áherslu á jafnréttismál og efnahagslega valdeflingu kvenna en Ísland hefur leitt störf aðildarríkja stofnunarinnar á þessu sviði. Þar náði Ísland þeim mikilvæga áfanga að stofna sérstakan vinnuhóp um málið innan WTO. Liður í þeirri baráttu er að fastanefndin er leiðandi í að nýta jafningjarýni stofnunarinnar til að fjalla sérstaklega um stöðu kvenna í viðskiptum. Frumkvæðið hefur stuðlað að aukinni umræðu um jafnréttismál og efnahagslega valdeflingu kvenna hjá WTO. Fastafulltrúi Íslands var formaður nefndar WTO um viðskiptarárinu á árinu og fékk það mikilvæga hlutverk að vera í þriggja manna valnefnd fyrir val á nýjum framkvæmdastjóra WTO.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) varð miðpunktur alþjóðasamstarfs vegna heimsfaraldursins. Þar gekk mikið á á árinu og tók fastanefndin virkan þátt í þeim störfum, sem og í viðræðum um bóluefni fyrir þróunarríki (COVAX). Mikilvægum árangri var einnig náð á árinu með því að koma baráttunni gegn mænuskaða á dagskrá stofnunarinnar en Ísland hefur beitt sér markvisst fyrir meðferð og lækningu mænuskaða síðustu ár. Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á vinnumarkað. Í samvinnu við Alþjóðavinnuálagstofnunina (ILO) leggur Ísland áherslu á þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, félagslegan jöfnuð, þátttöku og réttindi, jafnrétti og útrýmingu ofbeldis.

Helsinki



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	366	0,8%
- þar af í Finnlandi	281	0,6%
Utanríkisviðskipti við Finnland		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	8.730,5	1,1%
Þjónustuútflutningur (2019)	6.285	0,9%
Þjónustuinnflutningur (2019)	2.984,1	0,7%
Starfsmenn	5	3,2%
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	1	
- Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	102,9	2,6%
Umdæmisríki: Finnland, Eistland, Lettland, Litháen og Úkraína		
Fjölþjóðasamstarf: Norrænt samstarf, NB8, norðurslóðir, Evrópasamstarf/EES		


Sendiráð í Helsinki: Virk samskipti um sameiginlega hagsmuni

Starfsárið 2020 var viðburðaríkt í sendiráði Íslands í Finnlandi. Í febrúar heimsótti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra Eistland og Lettland og fundaði með starfsbræðrum sínum og fjölda annarra, m.a. forseta Lettlands og varnarmálaráðherra. Rætt var um öryggis- og varnarmál, viðskiptasamstarf og hélt ráðherra erindi í Tallinn og Riga um formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Heimsóknin markaði lok formennsku Íslands í NB8-samstarfinu en Eistland tók við af Íslandi. Heimsókninni var fylgt eftir m.a. með rafrænum viðskiptafundi Íslands og Eistlands í nóvember þar sem fyrirtæki ræddu samstarf á sviði stafrænna lausna á heilbrigðissviði. Eistland sótti um áheyrnaráðild að Norðurskautsráðinu í nóvember.

Borgarþjónusta og upplýsingamiðlun hefur verið forgangsmál í starfi sendiráðsins síðan heimsfaraldurinn skall á. Sendiráðið hefur fylgst náið með og upplýst um stöðu og þróun COVID-19 í Finnlandi, Eystrasaltsríkjunum og Úkraínu. Finnar hafa náð góðum árangri í baráttunni við veiruna og hefur sendiráðið greint hvað læra megi af því og eins hvaða aðgerðir í umdæmislöndunum hafa ekki virkað sem skyldi. Upplýsingamiðlun til íslenskra ríkisborgara hefur verið fyrirferðarmikil, sem og til ferðamanna, en töluverður fjöldi fólks frá Eystrasaltsríkjunum ferðast reglulega þaðan til Íslands þar sem það býr og starfar.

Á árinu lagði sendiráðið sig fram um að viðhalda stöðugri virkni í öllu starfi. Í stað stærri viðburða átti sendiráðið fjölda minni funda með fyrirtækjum á borð við Skeyr Finland, Icelandair og MariaZeroOne, sem og með hagsmunasamtökum og stjórnvöldum. Menningarviðburðir féllu flestir niður en þó voru íslenskir þátttakendur á sýningu í Hönnunarsafninu í Helsinki um mitt ár og verk eftir íslensk tónskáld voru á efnisskrám í finnskum tónleikahöllum. Finnska þjóðskjalasafnið stóð fyrir rafrænu málþingi í lok árs um stuðning Íslands við Finnland í Vetrarstríðinu 1939-1940. Rafræn viðskiptaviðtöl á vegum Íslandsstofu fóru fram í desember. Sendiráðið tók þátt í ársfundum Uppbyggingarsjóðs EES í Eistlandi, Lettlandi og Litháen en þar eru í gangi verkefni milli íslenskra aðila og heimamanna. Þingkosningar fóru fram í Litháen í október og tók ný ríkisstjórn við völdum í desember. Stjórnarskipti urðu í byrjun árs 2021 í Eistlandi. Sendiráðið vann á árinu að undirbúningi heimsóknar forseta Eystrasaltsríkjanna til Íslands í ágúst 2021. Finnland fer nú með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, og N5- og NB8-samstarfi utanríkisráðherra. Sendiráðið er í reglulegum tengslum við finnsk stjórnvöld vegna þess og vegna reglulegra funda N5- og NB8-utanríkisráðherra sem sjaldan hafa verið tíðari. Sendiherraskipti urðu um mitt ár og sendiráðið flutti í nýtt skrifstofuhúsnæði innan sömu byggingar. Nýr sendiherra náði að afhenda trúnaðarbréf í Finnlandi og Eystrasaltsríkjunum.

Kampala



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	9	0,0%
- þar af í Úganda	4	0,0%
Utanríkisviðskipti við Úganda		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinflutningur (2020)	22,8	0,0%
Þjónustuútflutningur (2019)	3,8	0,0%
Þjónustuinnflutningur (2019)	152,5	0,0%
Starfsmenn	8	5,1%
- Útsendir diplómatar	2	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	6	
Kostnaður	48,1	1,2%

Umdæmisríki: Úganda, Eþíópía og Kenya
Fjölbjódleg samstarf: Afríkusambandið (AU)

Sendiráð í Kampala: Borgarþjónusta í aðalhlutverki

Starfsemi sendiráðsins í Kampala árið 2020 var nokkuð óhefðbundin vegna heimsfaraldursins. Brottfarar- og komubann tók gildi í Úganda 22. mars og gildi til 1. október. Landið var því lokað í rúma sex mánuði með útgöngubanni um kvöld og nætur. Öllum verslunum að undanskildum matvöruverslunum og apótekum var lokað og allar samgöngur bannaðar. Sendiráði Íslands í Kampala var lokað 22. mars og ekki opnað aftur fyrr en 27. júlí. Einn staðarráðinn starfsmaður sendiráðsins annaðist lágmarksþjónustu og almennan rekstur tímabundið. Annað starfsfólk vann að heiman við undirbúning og framkvæmd verkefna. Hefðbundin starfsemi sendiráðsins fór að mestu úr skorðum vegna faraldursins og fella varð niður ýmist fyrirhugað samstarf, þar á meðal sameiginlegan norrænan þjóðhátíðardag sem haldinn hefur verið árlega undanfarin ár.


Sendiráðið hefur að öllu jöfnu náði samstarf við Norðurlöndin og önnur líkt þenkjandi ríki um margvísleg málefni, svo sem þróunarsamvinnumál, viðskiptamál, menningarmál og ræðismál. Sömuleiðis hefur sendiráðið gott samstarf við nokkrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna í Úganda, einkum Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Lokun landsins hafði veruleg áhrif á samskipti og samráð með öðrum ríkjum og alþjóðastofnunum og viðburðir voru ýmist færðir á fjárfundaform eða þeim frestað. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) varð aftur á móti sýnilegri en áður í alþjóðlegu samstarfi í Úganda.

Íslenskir starfsmenn sendiráðsins störfuðu í borgarþjónustu ráðuneytisins á meðan sendiráðið var lokað og aðstoðuðu Íslendinga búsetta eða stadda í Afríku við að komast heim. Fjöldi Íslendinga í Afríku þarfnáðist aðstoðar fram eftir ári. Nýr ræðismaður í Kenya sem tók til starfa á vordögum kom einnig að þeirri vinnu. Skipun ræðismanns í Djibúti var svo samþykkt seint á árinu.

Umdæmislöndum sendiráðsins var fækkað úr sjö í þrjú árið 2020 en fyrirsvar sendiráðsins gagnvart Afríkusambandinu og stofnunum Sameinuðu þjóðanna í Nairobi var flutt frá Úganda. Þá fluttist sendiherrann frá Úganda og er sendiráðinu nú stýrt af forstöðumanni.

Í aðdraganda forseta-, þing-, og sveitarstjórnarkosninga í ársbyrjun 2021 tóku tveir íslenskir fulltrúar sendiráðsins að sér þátttöku í kosningaefirliti. Undirbúningur fyrir það fór fram síðla árs. Ísland tók einnig í árslok undir sameiginlegar yfirlýsingar Evrópusambandsins og líkt þenkjandi ríkja og hvatti stjórnvöld í Úganda til að láta af ofbeldi gegn pólitískum andstæðingum og tryggja frjálsar og lýðræðislegar kosningar.

Kaupmannahöfn



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	11.239	23,5%
- þar af í Danmörku	11.190	23,4%
Utanríkisviðskipti við Danmörk		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	55.279,7	7,2%
Þjónustuútflutningur (2019)	22.657,1	3,2%
Þjónustuinnflutningur (2019)	24.005,9	5,5%
Starfsmenn	5	3,2%
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	4	
Kostnaður	148,6	3,8%
Umdæmisríki: Danmörk, Búlgaría, Rúmenía og Tyrkland		
Fjölþjóðasamstarf: Norrænt samstarf		

Sendiráð í Kaupmannahöfn: Borgaraþjónustan yfirtók starfseminna

Til stóð að fagna aldarafmæli sendiráðsins með veglegri menningardagskrá á árinu 2020. Heimsfaraldurinn setti þá fyrirtælan fljótlega úr skorðum og gerði að verkum að umsýsla borgaraþjónustu sendiráðsins, sem er að jafnaði umfangsmesta verkefni þess, tók yfir önnur störf þess. Auk hefðbundinna verkefna tengd þeim þúsundum Íslendinga sem búsettir eru í Danmörku og Suður-Svíþjóð aðstoðaði sendiráðið aðra Íslendinga á heimleið með viðkomu í Danmörku. Lagðist starfsfólk sendiráðsins á eitt við það verkefni. Ræðismenn Íslands reyndust ómetanlegir, sérstaklega í umdæmislöndunum. Enn sannaðist mikilvægi samfélagsmiðla við upplýsingagjöf til almennings til að koma á framfæri mikilvægum skilaboðum frá stjórnvöldum. Á árinu 2020 fylgjaði fylgjendum sendiráðsins á Facebook-síðu um tæplega þúsund, sem er helmingsfjöldun frá 2019. Fylgjendur eru nú vel á sjötta þúsund.


Á haustmánuðum kom íslenskur prestur til starfa í Danmörku. Hann sinnir safnaðarstarfi fyrir íslenska söfnuðinn og gegnir einnig störfum í borgaraþjónustu sendiráðsins í samstarfi utanríkisþjónustunnar og Biskupsstofu.

Sendiráðið gaf út viðskiptaáætlun og greiningu á danska markaðnum sem útlistar sóknarfæri fyrir íslenskan útflutning. Með henni er skilgreint hvernig sendiráðið getur lagt sitt af mörkum við framkvæmd framtíðarstefnu stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning, auk þess sem áætlunin kortleggur þau verkefni sem framundan eru og tryggir samhljóðni við starf Íslandsstofu. Sendiráðið vinnur nú að sambærilegri greiningu fyrir önnur umdæmislönd sendiráðsins. Meðal viðskiptaáherslna sendiráðsins er að veita íslenskum frumkvöðlafyrirtækjum aðstoð við að kynna íslenska nýsköpun. Á haustdögum tók sendiráðið saman hagnýtar upplýsingar um nýsköpunarumhverfið í Danmörku ætlaðar frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum sem hyggjast sækja á danskan markað.

Þrátt fyrir takmarkanir vegna heimsfaraldursins hélt sendiráðið sínu striki við að gera íslenskri menningu hátt undir höfði. Hæst bar sýninguna Dialogue um Vigdís Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, sem haldin var í samvinnu sendiráðsins, Norðurbyggju, Veraldar og Alþingis. Margir viðburðir voru færðir yfir á rafrænt form og í tilefni aldarafmælis sendiráðsins voru birtir sagnfræðilegir pistlar um sögu þess á vef ráðuneytisins. Þá er ótalið sérstakt fylgiblað Copenhagen Post um Ísland og aldarafmæli sendiráðsins sem kom út í lok árs.

Í tvíhliða hlutverki sendiráðsins felst meðal annars að fylgjast með stjórnárum og utanríkispolítískum málum í gistiríki og umdæmislöndum og miðla til ráðuneytisins. Þyngst áhersla er lögð á Danmörku í þeim efnum og að gera grein fyrir til dæmis öryggis- og varnarmálum, þróunarsamvinnu, málefnum Norðurslóða og öðru svæðisbundnu samstarfi.

Lilongwe



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	0	0%
- þar af í Malaví	0	0%
Utanríkisviðskipti við Malaví		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	0,7	0,0%
Þjónustuútflutningur (2019)	0	0%
Þjónustuinnflutningur (2019)	0	0%
Starfsmenn		
- Útsendir diplómatar	2	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	4	
Kostnaður	88	2,2%
Umdæmisríki: Malaví		

Sendiráð í Lilongwe: Hröð og myndarleg viðbrögð Íslands vöktu athygli


Heimsfaraldurinn setti mark sitt á starf sendiráðs Íslands í Malaví. Fyrstu tilfelli COVID-19 greindust á vormánuðum 2020 og malavísk stjórnvöld gripu fljótlega til aðgerða og lokuðu flugvelli og landamærastöðvum. Flestum sendiráðum í Lilongwe var lokað í byrjun apríl, þar á meðal sendiráði Íslands. Íslenskir starfsmenn unnu frá Íslandi og staðarráðið starfsfólk vann í fjarvinnu. Fyrsta bylgja faraldursins var þó ekki jafn alvarleg og búist var við og tiltölulega fá tilfelli greindust til ársloka 2020. Sendiráðið var opnað aftur í október 2020.

Samstarf Íslands og Malaví snýst að mestu um tvíhliða þróunarsamvinna. Stærsta verkefnið er samstarf við héraðsyfirvöld í Mangochi um bættu grunnþjónustu á sviði heilsu, menntunar, vatns- og hreinlætis auk stuðnings við jafnréttis- og mannréttindamál. Þrátt fyrir áskoranir vegna COVID-19 gekk framkvæmd verkefna vel. Heilsufarsafleiðingar voru ekki eins alvarlegar og búist var við en efnahagslegar afleiðingar voru erfiðar fyrir Malaví, eitt fátækasta land í heimi. Malavísk stjórnvöld og Sameinuðu þjóðirnar kynntu sameiginlegt neyðarákall í apríl og tókst að fjármagna 48% aðgerða. Hröð og myndarleg viðbrögð Íslands vöktu athygli en stuðningur Íslands var 99 milljónir kr. Nýttust þau framlög meðal annars í þjálfun heilbrigðisstarfsfólks og kaup á heilbrigðisvörum í gegnum héraðsyfirvöld í Mangochi og stuðningi við UN Women og Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (WFP).

Í miðri fyrstu bylgju faraldursins voru haldnar sögulegar forsetakosningar þegar Lazarus Chakwera var kjörinn sjötti forseti Malaví. Forsetakosningar voru haldnar 2019 og þá var sitjandi forseti, Peter Mutharika, lýstur réttkjörinn. Óeirðir brutust út í kjölfarið þar sem mótmælendur kröfðust ógildingar kosninganna vegna gruns um kosningasvindl. Stjórnlagadómstóll landsins ógilti kosningarnar í febrúar 2020. Síðari kosningarnar og valdaskipti fóru friðsamlega fram um mitt ár 2020. Malaví hlaut mikið lof fyrir framfarir á sviði mannréttinda og er annað ríkið í álfunni til að ógilda forsetakosningar.

Í upphafi árs 2021 varð veldisvöxtur í greindum kórónuveirusmitum. Forsetinn lýsti yfir neyðarástandi 12. janúar en uppsveifla veirunnar hefur lagst þungt á heilbrigðiskerfi landsins og efnahagslegar afleiðingar eru landsmönnum þungbærar. Flestir eiga erfitt með að halda sig heima þar sem þorri þjóðarinnar sinnir sjálfsþurftarbúskap. Í upphafi árs 2021 bjuggu 2,6 milljónir íbúa landsins við alvarlegan matarskort. Ísland svaraði brýnu ákalli WFP í febrúar og veitti rúmar 25 milljónir kr. til þess að setja upp tímabundin skýli á landamærum, í flóttamannabúðum og við sjúkrahús til þess að sinna fólki sem veikst hefur af COVID-19.

London



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	2.577	5,4%
- þar af í Bretlandi	2.433	5,1%
Utanríkisviðskipti við Bretland		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	49.777,90	6,5%
Þjónustuútflutningur (2019)	83.131,30	11,9%
Þjónustuinnflutningur (2019)	63.955,60	14,6%
Starfsmenn		
- Útsendir diplómatar	8	5,1%
- Útsendir aðrir	4	
- Staðarr. viðskiptafltr.	1	
- Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	209,0	5,3%
Umdæmisríki: Bretland, Írland, Jórdanía, Katar og Malta		
Fjölbjörgasamstarf: Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO)		

Sendiráð í London: Útganga Bretlands úr ESB skömmu fyrir heimsfaraldur

Frá upphafi heimsfaraldursins í Evrópu og fram á sumar var borgaraþjónusta og þátttaka í heimflutningi Íslendinga um London vegna COVID-19 einn stærsti þátturinn í starfi sendiráðsins. Einkum vegna þess að Ícelandair hefur flogið til London allan tímann og mikill fjöldi Íslendinga farið um Bretland. Upplýsingagjöf vegna faraldursins til viðbótar við útgöngu Bretlands úr ESB hefur því verið snar þáttur í starfsemi sendiráðsins á árinu.


Kórónuveiran setti sendiráðinu skorður í störfum sínum en frá mars til ársloka voru miklar samkomutakmarkanir í gildi. Ekkert varð af fyrirhugaðri heimsókn forseta Íslands til Bretlands í mars en undirbúningur fyrir heimsóknina var fyrirferðarmikill þáttur í starfi sendiráðsins fyrstu mánuði ársins. Sendiráðið leitaði allra leiða til að sinna nauðsynlegum verkefnum og nýta getu þess með öðrum hætti. Landkynningar- og menningarstarf hefur til dæmis að mestu farið fram í gegnum netið. Sendiráðið vann áfram úr eftirmálum vegna útgöngu Bretlands úr ESB en Bretland gekk formlega úr sambandinu 31. janúar 2020 og þar með úr EES-samstarfinu. Við tók svokallað aðlögunartímabil en litlar breytingar urðu á umgjörð samskipta ríkjanna þar sem þau byggðust áfram á samningum Íslands við ESB.

Á fyrstu mánuðum ársins hófst undirbúningur viðræðna milli ríkjanna um fríverslunarsamning og viðræðna um önnur mál tengd útgöngunni. Bresk stjórnvöld gáfu út að aðlögunartímabilið myndi enda í árslok 2020 og þá þyrftu nýir samningar að vera til reiðu. Fríverslunarviðræður EFTA-ríkjanna innan EES og Bretlands hófust af fullum krafti síðsumars eftir umfangsmiklar undirbúningsviðræður. Áætlað er að þeim ljúki á fyrsta ársfjórðungi 2021. Í desember undirritaði sendiherra bráðabirgðasamning um vöruviðskipti sem tryggir sömu tollkjör í viðskiptum við Bretland frá lokum aðlögunartímabilsins uns nýr fríverslunarsamningur tekur gildi. Árið 2020 höfðu háttsettir embættismenn ríkjanna með sér reglulegt samráð um önnur úrlausnarefni tengd útgöngunni. Sendiráðið hefur stutt við og tekið þátt í þessum viðræðum og unnið að því að tryggja sem minnsta röskun á viðskiptum, réttindum íslenskra ríkisborgara í Bretlandi og öðru samstarfi ríkjanna við lok aðlögunartímabilsins.

Pólítísk samskipti ríkjanna voru tíð á árinu þrátt fyrir faraldurinn. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra undirritaði sameiginlega yfirlýsingu um samstarf ríkjanna til 2030 á vormánuðum. Embættismannasamráð um pólítísk málefni fór fram í nóvember og þá átti ráðherra nokkra fjarfundi með breskum kollegum sínum. Hann sótti einnig Bretland heim í september og átti m.a. fundi með þingmönnum og ráðherrum í utanríkisráðuneytinu og utanríkisviðskiptaráðuneytinu.

Á haustmánuðum urðu sendiherraskipti og í september tók sendiráðið yfir afgreiðslu Schengen-vegabréfsáritana til Íslands en hún hafði áður verið í höndum danska sendiráðsins.

Moskva



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	46	0,1%
- þar af í Rússlandi	45	0,1%
Utanríkisviðskipti við Rússland		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	2.735,4	0,4%
Þjónustuútflutningur (2019)	5.751,8	0,8%
Þjónustuinflutningur (2019)	948,7	0,2%
Starfsmenn	8	5,1%
- Útsendir diplómatar	3	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	1	
- Aðrir staðarráðnir	4	
Kostnaður	143,1	3,6%
Umdæmisríki: Rússland, Armenía, Azerbaidjan, Belarús, Kasakstan, Kyrgyzstan, Moldóva, Tadsíkistan, Túrkménistan og Úsbekistan		
Fjölþjóðasamstarf: Norðurslóðir		

Sendiráð í Moskvu: Í hringiðunni á alþjóðasviðinu

Óhætt er að fullyrða að árið 2020 hafi einkennst af margháttaðum alþjóðapólitískum sviptingum. Pólitísk samskipti Íslands og Rússlands voru raunar með svipuðu sniði og árið áður þar sem uppbyggilegt samstarf ríkjanna á sviði norðurslóðamála var í brennidepli. Hins vegar hljóp ný snurða á þráðinn í samskiptum Rússlands við Vesturlönd í kjölfar banatilræðis við rússneska andófsmanninn Alexei Navalni. Þá settu mótmæli, óeirðir og átök í umdæmisríkjum sendiráðsins svip sinn á starfseminu.

Forsetakosningar í Belarús leiddu til víðtækra og ítrekaðra mótmæla um landið. Voru mótmælendur beittir hörku og þúsundir hneptar í varðhald um leið og margir forystumanna stjórnarandstæðinga flúðu land. Vesturlönd brugðust við með því að beita ýmsa framámenn í Belarús refsiaðgerðum. Í Kyrgyzstan kom einnig til mótmæla í kjölfar þingkosninga en þar ógiltu stjórnvöld kosningarnar og forseti landsins sagði af sér. Nýr forseti, sem leggur áherslu á aukna samvinnu til vesturs, var kjörinn í Moldóvu og bar sigurorð af sitjandi forseta sem var hallur undir samstarf við Rússland. Þá kom til blóðugra átaka milli Armeníu og Azerbaidjan um héraðið Nagornó-Karabak en deilur ríkjanna um yfirráð svæðisins höfðu að mestu verið í frosti í aldarfjórðung. Vopnahlé komst á fyrir tilstilli Rússlands. Eins og vænta mátti fylgdist sendiráðið náið með þróun allra þessara mála.


Áhrif kórónuveirufaraldursins hafði óneitanlega áhrif á ferðalög milli landanna og viðskipti. Engu að síður sinnti Rússnesk-íslenska viðskiptaráðið og einstök fyrirtæki innan þess áframhaldandi uppbyggingu í útgerðar- og fiskvinnslutækni. Styðja sendiráðið og Íslandsstofa við þau eins og framast er unnt. Auk þess heimsótti sendiherra Múrmansk og fundaði þar með stjórnvöldum, fyrirtækjum, viðskiptaráði Múrmansk-héraðs og háskólasamfélaginu um tækifærin sem liggja þar en mikill áhugi er á svæðinu á að auka tengsl landanna.

Met var í útgáfu rússneskra þýðinga en átta íslenskar bækur komu út árið 2020, að stórum hluta fyrir atbeina sendiráðsins í góðu samstarfi við Miðstöð íslenskra bókmennta.

Norðurslóðamálin voru í brennidepli en Rússland tekur við formennsku í Norðurskautsráðinu af Íslandi árið 2021 og hefur undirbúningur að formennskuskiptum kallað á þátttöku sendiráðsins og ráðuneytisins í hvers kyns viðburðum og fundum, oft með fjarfundasniði.

Rússneskir ferðamenn voru ört vaxandi hópur ferðamanna á Íslandi eftir að beint flug milli Moskvu og Keflavíkur hófst sumarið 2018 og fram að kórónuveirufaraldrinum. Rík ástæða er til að viðhalda þessum áhuga og koma aftur á beinu flugi þegar aðstæður leyfa.

Nýja-Delí



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	8	0,0%
- þar af á Indlandi	4	0,0%
Utanríkisviðskipti við Indland		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	3.807,9	0,5%
Þjónustuútflutningur (2019)	2.731,60	0,4%
Þjónustuinnflutningur (2019)	2.041,40	0,5%
Starfsmenn	8	5,1%
- Útsendir diplómatar	2	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	1	
- Aðrir staðarráðnir	5	
Kostnaður	86,1	2,2%
Umdæmisríki: Indland, Bangladesh, Nepal og Srí Lanka.		

Sendiráð í Nýju-Delí: Ýmis samstarfsverkefni í bið vegna faraldursins

Heimfaraldur kórónuveirunnar með tilheyrandi útgöngubanni, flugbanni og öðrum sóttvarnaaðgerðum leiddi til mikillar röskunar á starfsemi sendiráðsins árið 2020 og setti í bið ýmis samstarfsverkefni sem fyrirhuguð voru á Indlandi.

Á Indlandi starfar viðskiptaráðið Indian Iceland Business Association og sams konar ráð er starfrækt á Íslandi. Náíð samstarf er þar á milli og unnið er að fjölmörgum verkefnum. Í samstarfi þjóðanna eru „grænar áherslur“ fyrirferðarmiklar og í því samhengi hefur ÍSOR (e. Iceland GeoSurvey) undirritað samkomulag við Oil & Natural Gas Corporation á Indlandi um stofnun fyrstu jarðvarmavirkjunarinnar á sambandsvæðinu Ladakh á Indlandi og einnig um þróun á jarðhitaauðlindum í Gujarat á Vestur-Indlandi.


Sendiráðið vinnur sérstaklega með Jarðhitaskóla GRÓ sem indverskir verkfræðingar á því sviði hafa aðgang að og stuðlar að uppbyggingu og þróun jarðhitageirans á Indlandi. Íslenskar stofnanir hafa tekið þátt í málstofum á Indlandi sem tengjast loftlagsbreytingum og áhrifum þeirra á heimskautasvæði og Himalajafjöll. Indverjar hafa einnig látið í ljós við sendiráðið áhuga á frekara samstarfi á sviði jökla- og jarðskjálftafræða.

Matvæla- og drykkjargeirinn á Indlandi býður upp á ný tækifæri fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki en nú þegar er íslenskt sjávarfang, lambakjöt og litað sjávarsalt flutt inn á Indlandsmarkað. Til skoðunar er einnig framleiðsla á íslensku skyri fyrir Indlandsmarkað.

Íslensk fyrirtæki flytja lýsi, matvinnsluvélar og veiðibúnað til Indlands en hlutur bláa hagkerfisins, eða öll starfsemi sem viðkemur hafinu, nemur nú 4,1% af efnahag landsins. Tækifæri íslenskra fyrirtækja til enn frekari innreiðar á þennan hluta markaðarins felst einkum í íslenskrri sérþekkingu á sjávarlíftækni og þróun á heilsu- og snyrtivörum.

Áður en heimfaraldurinn skall á var ferðaþjónusta sú grein sem óx hvað hraðast í samskiptum Íslands og Indlands. Áhugi indverskra ferðamanna á Íslandi hefur aukist og hefur sendiráðið kynnt landið ötulllega með ýmsum hætti. Sendiráðið kom að skipulagningu á kynningarviðburði ferðaþjónustuskrifstofunnar Iceland Travel og Tricity. Vegna heimfaraldursins þurfti að fresta þeim viðburði fram á nýtt ár. Þessu til viðbótar hafa indverskir fjárfestar sýnt íslenskrri ferðaþjónustu áhuga og þá er ótalinn áhugi indverskra kvikmyndaiðnaðarinnar á Íslandi sem tókustað en þegar hafa nokkrar indverskar kvikmyndir og tónlistarmyndbönd verið tekin upp á Íslandi. Í því felst óneitanlega mikil landkynning fyrir Ísland.

Ottawa



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	895	1,9%
- þar af í Kanada	888	1,9%
Utánríkisviðskipti við Kanada		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	7.065,60	0,9%
Þjónustuútflutningur (2019)	29.238,20	4,2%
Þjónustuinflutningur (2019)	7.017,70	1,6%
Starfsmenn		
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	72,8	1,9%
Umdæmisríki: Kanada, Bólívia, Costa Rica, Hondúras, Colombia, Panama og Venesúela		
Fjölþjóðasamstarf: Norðurslóðir		

Sendiráð í Ottawa: Umsjón með borgaraþjónustu í Suður-Ameríku

Kanada er meðal mikilvægustu samstarfslanda Íslands. Löndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, meðal annars hvað varðar málefni norðurslóða, varnarmál og sjávarútveg. Viðskipti hafa stóru áhrif frá því að fríverslunarsamningur EFTA og Kanada var gerður 2009 og Kanadamenn hafa undanfarin ár verið fjölmennastir allra ferðamanna til Íslands miðað við höfðatölu.

Starfsemin 2020 einkenndist að mörgu leyti af ástandinu vegna heimsfaraldursins. Vegna lokunar skrifstofubýggingar sendiráðsins og tilmæla stjórnvalda fluttist starfsemin að mestu leyti á heimili starfsfólks í byrjun mars og það ástand var viðvarandi út árið. Sendiráðinu var falið að hafa umsjón með borgaraþjónustu fyrir Íslendinga í Suður-Ameríku, sem tók að að mestu yfir starfsgetu sendiráðsins á vormánuðum vegna takmarkaðra flugsamgangna þaðan. Þá hafa annir vegna fyrirspurna um ferðalög á milli Kanada og Íslands verið viðvarandi allt árið. Áætlanir norrænu sendiherranna um víðtækt samstarf á mörgum sviðum færðist að miklu leyti á rafrænt form eða var aflýst vegna samkomutakmarkana. Haldnar voru þrjár fjarráðstefnur um norræn málefni í samvinnu við kanadíska háskóla og einnig voru haldnir samnorrænir fundir með kanadískum ráðherrum og öðrum ráðamönnum.


Eitt umfangsmesta verkefni ársins 2020 var undirbúningur fyrir menningarkynningu á grundvelli fjárveitingar frá Norræna ráðherraáætlun. Norrænu sendiráðin í Ottawa voru hlutskörpust í samkeppni um 90 milljón kr. styrk til að halda norrænu menningarhátíðina Nordic Bridges. Heildarkostnaðaráætlun verkefnisins er nú nálægt 430 milljónum kr en því hefur verið frestað til ársins 2022.

Á viðskiptasviðinu hefur sendiráðið haft aðkomu að undirbúningi nýs fríverslunarsamnings Íslands og Noregs við Kanada og unnið að undirbúningi komu viðskiptasendinefnda í samvinnu við viðskiptaskrifstofuna í New York og Íslandsstofu. Vegna COVID-19 var þeim viðburðum frestað til ársins 2021. Þá er sendiráðið reglulega í samskiptum við fyrirtæki og viðskiptaaðila sem vinna að viðskiptum milli landanna. Hæst bar beiðnir um upplýsingar um lög og regluverk landanna varðandi inn- og útflutning og beiðnir um milligöngu sendiráðsins við tengslamyndun.

Sendiráðið fylgist með stjórnmalum í Kanada og rættar tengsl við stjórnkerfið. Sendiráðið annast borgaraþjónustu og vinnur að því að rækta samband við Vestur-Íslendinga en aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg heyrir undir sendiráðið.

Sendiráðið var opnað 2001 en stjórnmalasamband við Kanada tekið upp 1947. Í umdæmisríkjum sendiráðsins starfa fjórtán kjöræðismenn.

Oslo



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	9.439	19,7%
- þar af í Noregi	9.395	19,7%
Utanríkisviðskipti við Noreg		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	67.848,1	8,8%
Þjónustuútflutningur (2019)	21.276,3	3,1%
Þjónustuinflutningur (2019)	18.519	4,2%
Starfsmenn		
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	1	
- Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	74,5	1,9%
Umdæmisríki: Noregur, Egyptaland, Grikkland, Íran og Pakistan		
Fjölþjóðasamstarf: Norrænt samstarf, norðurslóðir		

Sendiráð í Oslo: Ár borgarþjónustu


Frá fyrstu viku mars 2020 var starfsáætlun sendiráðsins meira og minna úr skorðum vegna kórónuveirufaraldurs – fresta þurfti eða fella niður fjölmargt sem var á döfni. Hæst bar á árinu heimsókn Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra, til Oslo í byrjun febrúar 2020. Sendiráðið tók á móti sendinefndum frá Íslandi og kom að skipulagningu funda fyrir þær, meðal annars um öryggis- og varnarmál og EES-samninginn. Sendiherra afhenti trúnaðarbréf sitt á Grikklandi í febrúar og átti einnig fundi með fjölmörgum fulltrúum í stjórnkerfi Grikklands. Ársfundur Uppbyggingarsjóðs EES í Grikklandi var haldinn rafrænt og með þátttöku fulltrúa sendiráðsins.

Borgarþjónustuhlutverk sendiráðsins er viðamikil í venjulegu árferði en keyrði um þverbak á tímabili vegna útbreiðslu kórónuveirunnar. Þá er tekið á móti fjölda Íslendinga á viku vegna umsókna um vegabréf, ásamt svörum fjölda fyrirspurna og almennrar aðstoðar, staðfestingu skjala og margvíslegum erindum sinnt, meðal annars varðandi barnaverndarmál, slys og andlát. Á bæði viðskipta- og menningarsviðinu þurfti að fella niður flesta viðburði og fundi. Sendiherra sótti Bergen heim, tók þátt í bókakynningu og fundaði með aðilum meðal annars á viðskiptasviðinu. Ekki var mögulegt að halda til streitu öðrum ferðaáætlunum.

Síðastliðið haust átti sendiherra fundi með fjölda fyrirtækja á Íslandi sem hafa áhuga á að kynna vörur og þjónustu á norska markaðinum. Á menningarsviðinu var stutt við bakið á nokkrum menningarviðburðum og meðal annars haldnir hústónleikar í embættisbústaðnum þar sem harmonikkudúettinn Storm Duo frumflutti norsk/íslenskt verk. Norræna kvikmyndahelgin fór fram með þátttöku sendiráðsins þar sem kvikmyndin Bergmál var sýnd.

Öryggi og aðstoð við íslenska ríkisborgara er ávallt í forgrunni í starfsemi sendiráðsins ásamt hagsmunagæslu og framkvæmd stefnumiða stjórnvalda – og á þeim grunni er í starfi sendiráðsins meðal annars lögð áhersla á að styðja við útflutning á íslenskrri vöru og þjónustu í samræmi við áherslur utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra. Noregur er einn stærsti viðskiptamarkaður Íslands og þjóðirnar hafa gagnkvæma hagsmuni í viðskiptamálum, Evrópumálum, öryggis- og varnarmálum, utanríkispólítísku samstarfi og norðurslóðamálum. Í Noregi búa um 9.400 Íslendingar en á árinu var gerð sú breyting á lagamma Noregs að heimilað var tvöfalt ríkisfang og geta íslenskir ríkisborgarar í Noregi sem uppfylla skilyrði um búsetutíma sótt um norskt ríkisfang án þess að þeir tapi með því sínu íslenska. 38 sendiráð í Oslo eru með fyrirvar gagnvart Íslandi.

París



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	1.599	3,3%
- þar af í Frakklandi	467	1,0%
Utanríkisviðskipti við Frakkland		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	21.136,5	2,7%
Þjónustuútflutningur (2019)	23.287,5	3,3%
Þjónustuinflutningur (2019)	8.298,5	1,9%
Starfsmenn	8	5,1%
- Útsendir diplómatar	4	
- Útsendir aðrir	1	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	241,9	6,2%
Umdæmisríki: Frakkland, Alsír, Andorra, Ítalía, Líbanon, Marokkó, Mónakó, Portúgal, Spánn og Túnís		
Fjölþjóðasamstarf: OECD og UNESCO		

Sendiráð í París: Fjölþjóðasamstarf, jafnrétti, sjálfbærni og viðskipti

Frönsk stjórnvöld hafa síðustu ár lagt mikla áherslu á alþjóðasamstarf og eru mjög virk á alþjóðavettvangi, hvort sem er á sviði Evrópumála, öryggismála, mannréttindamála, sjálfbærni, haf- og loftslagsmála eða á sviði þróunarsamvinnu. Frakkland tekur við formennsku í Evrópusambandinu árið 2022. Heimsfaraldurinn hefur því miður síst dregið úr spennu í alþjóðasamskiptum og í þess konar umhverfi er mikilvægt að hlúa að fjölþjóðasamstarfi. Fyrir lítið opið hagkerfi eins og Ísland er jafnframt mjög mikilvægt að vinna gegn þeirri vaxandi verndarhyggju sem merkja má í ýmsum stærri hagkerfum. Næsta ár mun sendiráðið því vinna ötulllega að því að styrkja enn frekar sambandið og samstarfið við stjórnvöld umdæmisríkjanna enda eru þau mörg hver mikilvæg samstarfsríki á alþjóðavettvangi. Þar að auki mun sendiráðið sérstaklega leitast við að setja jafnréttismál, sjálfbærni, loftslags- og umhverfismál og málefni hafsins á oddinn í starfinu á komandi ári. Þessar áherslur eru samofnar áherslum í starfi fastanefnda í París gagnvart OECD og UNESCO sem jafnframt sinna þróunarmálum. Eins og víða tóku fjarfundir yfir á árinu og tóku fimm íslenskir ráðherrar þátt í samtals níu fjarfundum með þessum stofnunum.

Sendiráðið mun að auki halda áfram að leggja áherslu á utanríkisviðskiptin enda eru mörg sóknartækifæri fólgin í auknum viðskiptum við sterka nærmarkaði. Um fjórðungur vöruútflutnings Íslands árið 2019 rataði til umdæmislanda sendiráðsins. Nokkur stærri verkefni eru í farvatninu hjá sendiráðinu árið 2021. Þar á meðal íslensk menningarhátíð í París með íslenskum kvikmyndum, tónlist, matargerð og matvöru, norræn-frönsk ráðstefna um málefni hafsins þar sem grænir skipaflutningar, vetni, grænar hafnir og sjálfbær matur úr hafi verða í brennidepli og sérstök ráðstefna um viðskiptatækifæri í nýtingu á vetni.

Heimsfaraldurinn kallaði fram aukið samstarf við norræn sendiráð, stjórnvöld og ræðismenn í umdæminu sem sýndi einnig fram á mikilvægi þess og styrkti það. Álag á ræðismenn á Spáni var sérstaklega mikið enda mikill fjöldi Íslendinga sem dvelur til skemmri og lengri tíma á Spáni.

Faraldurinn kallaði jafnframt á aðlögun fyrirhugaðrar viðburðadagskrár sendiráðsins að nýjum aðstæðum og samkomubönnum. Sem dæmi kom sendiráðið að framleiðslu og dreifingu myndbands á frönsku sem hefur að geyma viðtöl við íslenska rithöfunda og einnig tók sendiráðið þátt í rafrænni norrænni kvikmyndahátíð á Ítalíu. Þá hefur sendiráðið jafnt og þétt nýtt enn betur samfélagsmiðlana í þeim tilgangi að kynna íslenska menningu, nýsköpun, jafnrétti kynjanna og sjálfbærni. Ekki síst eru samfélagsmiðlar nýttir með markvissum hætti til að kynna framboð Íslands til setu í framkvæmdastjórn UNESCO.

Peking



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	99	0,2%
- þar af í Kína	32	0,1%
Utanríkisviðskipti við Kína		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	65.112,7	8,4%
Þjónustuútflutningur (2019)	11.745,6	1,7%
Þjónustuinnflutningur (2019)	1.655,1	0,4%
Starfsmenn	12	7,7%
- Útsendir diplómatar	4	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	1	
- Aðrir staðarráðnir	7	
Kostnaður	198,8	5,1%
Umdæmisríki: Kambódía, Laos, Mongólía, Norður-Kórea, Suður-Kórea, Thailand og Vítínam.		

Sendiráð í Peking: Fjölbreytt starfsemi á viðburðaríku ári


Strax í janúar 2020 var gripið til hertra aðgerða í Kína vegna heimsfaraldursins. Viðtækar ferðatakmarkanir tóku gildi og einstök hverfi og heilu borgirnar þurftu að sæta algerri einangrun. Þrátt fyrir sóttvarnaaðgerðir var sendiráðið í Peking opið og í fullri starfsemi þótt einstaka starfsmenn hafi verið í sóttkví um tíma. Á snemmstigum faraldursins varð ljóst að birgðastaða Kínverja á nauðsynlegum lækningatækjum og hlífðarbúnaði fyrir heilbrigðisstarfsfólk fyrir baráttuna gegn COVID-19 var góð. Flutningaleiðir lágu aftur á móti niðri og umfangsmikið og íþyngjandi eftirlit var með útflutningi. Enda þótt álagið hafi verið mikið á köflum tókst með atbeina sendiráðsins að útvega vörur og afla nauðsynlegra leyfa til útflutnings, svo sem lendingarleyfi flugvéla.

Umsýsla borgaraþjónustu sendiráðsins var einnig mikil enda urðu fjölmargir Íslendingar á ferð í umdæmi sendiráðsins strandaglópar víðs vegar um Suðaustur-Asíu. Íslensk fjölskylda var föst í Wuhan þar sem veirunnar varð fyrst vart og ekki var einfalt mál að koma henni heim. Þótt lönd á borð við Vítínam, Thailand, Kambodíu og Laos hafi ekki lokað landamærum sínum algjörlega reyndist tafsamt að greiða fyrir heimferð Íslendinga þaðan.

Þegar líða tók á árið færðist fjölbreytt starfsumhverfi sendiráðsins í eðlilegra horf. Tekið var þátt í ráðstefnum um umhverfismál og viðskipti, fundað var með flugfélaginu Juneyao Air sem hyggur á flug til Íslands, heimskautamiðstöð Kína var heimsótt til að undirbúa viðræður um samstarf Íslands og Kína um rannsóknamiðstöð á Íslandi, verkefni sendiráða Norðurlanda í Kína um sjálfbærar borgir hélt áfram og þá fóru rafrænir stjórnarfundir norrænnar nýsköpunarmiðstöðvar í Hong Kong fram, svo dæmi séu nefnd. Ekki var hægt að koma við þátttöku að heiman í innflutningskaupstefnunni CIIE í Shanghai í nóvember vegna ferðatakmarkana og féll það í hlut sendiráðsins að sjá um þann þátt. Áhersla hefur verið lögð á eflingu netviðskipta og kynningu íslensks varnings á þeim vettvangi, meðal annars með samstarfi við áhrifavalda og beinum vörukynningum á netinu.

Þátttaka sendiráðsins í sjónvarpsútsendingum og gerð sjónvarpsþátta um Ísland hefur haldið ímynd Ísland á lofti í Kína og unnið hefur verið að því að afla nauðsynlegra heimilda við rekstur áritanastöðva þegar ferðahömlum verður aflétt. Samfélagsmiðlar á borð við Facebook og Twitter eru ekki leyfðir í Kína en sendiráðið er virkt á Weibo, sem er helsti kínverski samfélagsmiðillinn.

Á árinu 2021 verður haldið hátíðlegt hálfra aldar afmæli stjórnmalasambands Íslands og Kína en unnið hefur verið ótullega að undirbúningi ýmissa verkefna sem tengjast þeim tímamótum.



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	8.791	18,4%
- þar af í Svíþjóð	8.749	18,3%
Utanríkisviðskipti við Svíþjóð		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	36.719,4	4,8%
Þjónustuútflutningur (2019)	16.953	2,4%
Þjónustuinnflutningur (2019)	17.237,3	3,9%
Starfsmenn		
- Útsendir diplómatar	4	2,6%
- Útsendir aðrir	1	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	75,0	1,9%
Umdæmisríki: Svíþjóð, Albanía, Kuwait og Kýpur		
Fjölþjóðasamstarf: Norrænt samstarf		

Sendiráð í Stokkhólmi: Menning, nýsköpun og ferðaþjónusta


Vel sóttar kynningar á íslenski hönnun og bókmenntum í sendiráðsbústað Íslands, frumsýningar íslenskra kvikmynda, tónleikar og tíðar myndlistarsýningar íslensks listafólks endurspeglar áhuga Svía á íslenski menningu og grósku í íslensku menningarlífi í Svíþjóð. Sendiráðið leggur áherslu á náð samstarf við kynningarmiðstöðvar íslenskrar menningar við undirbúning viðburða og gerir sitt besta til að vekja á þeim athygli í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Á síðasta ári komu út tólf bækur eftir tíu íslenska höfunda í sænskum þýðingum. Hafa nú rúmlega 300 ritverk eftir íslenska höfunda komið út í Svíþjóð í sænskum þýðingum undanfarnin hundrað ár. Bókin Stormfuglar eftir Einar Kárason, í þýðingu Johns Swedenmark, fékk virt bókmennta- og þýðingarverðlaun menningarstofnunarinnar Kulturhuset-Stadsteatern fyrir árið 2020. Reynolds sýnir að virk þátttaka í menningarstarfi er farsæl leið til að styrkja jákvæða mynd Íslands í Svíþjóð.

Sendiráðið stóð að kynningum á hugbúnaðarlausnum íslenskra fyrirtækja og fjárfestingartækifærum á Íslandi í samstarfi við sænsk fjármálafyrirtæki. Umtalsverð aukning hefur orðið á fjárfestingum sænskra fyrirtækja á Íslandi á undanförunum árum. Sérstakur áhugi er á samstarfi við íslensk fyrirtæki á sviði grænna fjárfestinga, til dæmis í orkuiðnaði, líftækni, hugbúnaði og heilbrigðisvísindum. Sænsk-íslenska viðskiptaráðið hefur stuðlað að auknu samstarfi á þessum sviðum. Sendiráðið leggur áherslu á gott samstarf við ráðið og aðildarfélög þess. Nýlega var gengið frá samkomulagi Íslandsstofu við Business Sweden í Stokkhólmi um samstarf sem opnar íslenskum fyrirtækjum aðgang að völdtæku neti um allan heim. Sendiráðið mun koma að framkvæmd verkefnisins sem tengiliður Íslandsstofu og Business Sweden.

Ímynd Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn er jákvæð í Svíþjóð. Sendiráðið sér mikil tækifæri til að fjölga sænskum ferðamönnum. Því hefur það átt frumkvæði að samstarfi við ferðaskrifstofur er sérhæfa sig í Íslandsferðum í því skyni að vinna saman að kynningu á Íslandi sem áfangastað í samvinnu við Íslandsstofu og Icelandair. Norðurlandasamvinna er blómleg og tekur sendiráðið þátt í ýmsum sameiginlegum viðburðum Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndarinnar. Í undirbúningi er grannríkjasamkomulag Íslands og Svíþjóðar á sviði öryggis- og varnarmála. Það er í samræmi við áherslur um að efla og dýpka enn frekar norræna samvinnu á þessu sviði.

Fimmtungur íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru utan Íslands búa í Svíþjóð. Af þeim sökum er borgaraþjónusta umfangsmikill þáttur í starfsemi sendiráðsins. Íslenskir námsmenn sækja sem fyrr töluvert til Svíþjóðar í framhaldsnám. Á hverju hausti hefja að jafnaði um 250 íslenskir námsmenn framhaldsnám við sænska háskóla. Í Stokkhólmi eru 29 sendiráð með fyrirvar gagnvart Íslandi.

Tókýó



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	98	0,2%
- þar af í Japan	51	0,1%
Utanríkisviðskipti við Japan		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	13.822,2	1,8%
Þjónustuútflutningur (2019)	9.631	1,4%
Þjónustuinnflutningur (2019)	639	0,1%
Starfsmenn	5	3,2%
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	1	
- Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	96,1	2,4%
Umdæmisríki: Japan, Brúnei, Filippseyjar, Indónesía og Tímor-Leste		

Sendiráð í Tókýó: Aukið samstarf með nýju sniði

Í upphafi árs 2020 fór fram tvíhliða pólitískt samráð Japans og Íslands þegar ráðuneytisstjóri heimsótti Tókýó. Af Íslands hálfu var áfram lögð áhersla á að löndin hæfu formlegar samningaviðræður um tvíhliða fríverslunarsamning en auk þess samþykktu löndin að styrkja samstarf á ýmsum sviðum, svo sem mennta- og vísindasamstarf og málefni norðurslóða og nýsköpunar.

Undirbúningur Íslands og Japans fyrir alþjóðlegan fund vísindaráðherra norðurslóða (ASM3) hélt áfram þrátt fyrir heimsfaraldur. Honum hefur verið frestað fram í maí 2021 eða stuttu áður en Ísland lætur af formennsku í Norðurskautsráðinu. Ísland og Japan eru sameiginlegir gestgjafar fundarins og er þetta í fyrsta sinn sem hann er haldinn í Asíu. Síðar á árinu verður efnt til hliðarráðstefnu á Hringborði Norðurslóða – Arctic Circle. Fimmta norræna nýsköpunarsetrið var opnað í maí í Tókýó. Nýsköpunarsetrið hélt úti reglulegum fjarfundum og markaðskynningum og hafa íslensk fyrirtæki verið dugleg að sækja upplýsingar til setursins, meðal annars um markaðssókn á Japansmarkað.

Þrátt fyrir heimsfaraldur hafa íslensk fyrirtæki sótt kröftuglega á Japansmarkað. Má þar nefna heilbrigðistæknifyrirtækið Össur sem opnaði nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar í Tókýó. Útflutningur á íslenskum sjávarafurðum hefur einnig gengið vel, sala á unnum vörum hefur aukist og þá stefnir í metár í virði útflutnings á loðnu til Japans en mikil eftirspurn hefur skapast eftir loðnubrest síðustu missera.


Unnið var að kynningum á íslenskum bókmenntum á árinu og voru íslenskar bókmenntir fyrirferðarmiklar á norrænu þýðendapingi sem fram fór í Tókýó. Íslenskt tónlistarfólk var einnig áberandi í Japan og má þar helst nefna Víking Heiðar Ólafsson píanóleikara sem fór í sína þriðju tónleikaferð um Japan í desember.

Líkt og fyrri ár var Ísland mjög áberandi í umræðu um jafnréttismál og var sendiherra eftirsóttur ræðumaður á viðburðum um jafnrétti og mannréttindamál. Til dæmis var sendiherra aðalfyrirlasari á ráðstefnu Nikkei Womenomics Symposium í janúar 2020.

Mikill undirbúningur fór fram á árinu fyrir Ólympíuleikana og Ólympíumót fatlaðra og hefur sendiráðið unnið náið með Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Íþróttasambandi fatlaðra. Áfram er unnið að undirbúningi fyrir leikana sem áætlað er að fari fram sumarið 2021.

Borgarþjónustumál hjá sendiráði Íslands í Tókýó voru eðli máls samkvæmt fyrirferðarmikil á árinu og aðstoðaði sendiráðið meðal annars íslenska ríkisborgara á leið heim frá Filippseyjum þegar hvað mest gekk á vorið og sumarið 2020 í samstarfi við dönsk yfirvöld.

Washington



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	6.418	13,4%
- þar af í Bandaríkjunum	6.379	13,3%
Utanríkisviðskipti við Bandaríkin		
Vöruútflutningur (2020)		
Vöruinnflutningur (2020)	51.860,30	6,7%
Þjónustuútflutningur (2019)	206.960,90	29,7%
Þjónustuinflutningur (2019)	65.926,70	15,1%
Starfsmenn		
- Útsendir diplómatar	3	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	4	
Kostnaður	217,3	5,5%

Umdæmisríki: Mexíkó, Paragúay og Úrúguay.

Fjölþjóðasamstarf: Atlantshafsbandalagið og norðurlóðir.

Sendiráð í Washington DC: Greitt úr flóknum málum á umbrotatímum

Árið 2020 var viðburðaríkt í starfsemi sendiráðs Íslands í Bandaríkjunum. Heimsfaraldurinn lék stórt hlutverk og dagleg umsýsla borgarþjónustu var fyrirferðarmikil, meðal annars vegna þeirra sex þúsund Íslendinga sem búsettir eru í Bandaríkjunum. Sviptingar í stjórnámálum settu einnig svip sinn á árið og þá voru öryggis- og varnarmál, málefni norðurlóða og menningartengd verkefni ofarlega á baugi.

Sendiráðið sinnir umsýslu með stjórnámatengslum Íslands og Bandaríkjanna og greinir málefni sem snerta íslenska hagsmuni, einkum breytingar á lögum og reglum eða áherslum í bandarískri stjórnsýslu. Rekstur borgarþjónustu ásamt útgáfu vegabréfsáritana vegur þungt en í byrjun árs hófst útgáfa Schengen-áritana í sendiráðinu.

Sendiráðið hafði lagt upp ítarlega áætlun fyrir árið 2020 um tengslamyndun við lykilaðila í stjórnámálum. Meðal annars í þeim tilgangi að afla svokölluðu „Íslandsfrumvarpi“ fylgis á Bandaríkjaþingi og til að greiða frekar götu viðskipta í Bandaríkjunum. Framlagning Íslandsfrumvarpsins er árangur samskipta ráðherra og sendiráðsins við þingið á síðustu misserum. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra var vænst til Bandaríkjanna á árinu og höfðu verið skipulagðir fundir með bæði utanríkis- og viðskiptaráðherrum Bandaríkjanna og þingmönnum. Þá stóðu til opinberar heimsóknir til Maine- og Georgíu-fylkja. Fyrri heimsókninni var aflýst skömmu áður en að henni kom vegna landgöngubanns sem Bandaríkin settu á ríkisborgara frá Evrópu í mars vegna COVID-19. Bannið kom í veg fyrir frekari heimsóknir á árinu. Ráðherra átti þess í stað símtal við Mike Pompeo, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Árlegt efnahagssamráð ríkjanna fór fram um fjarfundabúnað.

Eftir að landgöngubann tók gildi upphófst stærsta borgarþjónustuverkefni sem utanríkisþjónustan hefur tekist á hendur. Hlutverk sendiráðsins var að hafa samband við þúsundir íslenskra ríkisborgara í Bandaríkjunum, ferðalanga og námsmenn, og greiða úr fjölda flókinnna mála. Í því starfi var nauðsynlegt að eiga gott samstarf við kjöræðismenn Íslands í umdæminu. Í ljósi aðstæðna hélt sendiráðið fyrstu rafrænu ræðismannaráðstefnuna í sögu utanríkisþjónustunnar. Ráðstefnan tókst vel og verður endurtekin í þeirri mynd.

Á síðari hluta ársins hófst greining á mögulegum sviðsmyndum vegna kosninga í Bandaríkjunum í nóvember með hliðsjón af íslenskum hagsmunum.

Þótt faraldurinn og sóttvarnir hafi sett mark sitt á starf sendiráðsins fólust tækifæri í notkun fjarfunda og samfélagsmiðla. Oft tókst að ná til fleiri þátttakenda víðar um Bandaríkin en hefðbundnari leiðir bjóða upp á með viðburðum sem beindu kastljósinu að íslenskri menningu og listum, stjórnámálum og náttúru. Sú reynsla nýtist til framtíðar.

Fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu (NATO)



	Fj. / m.kr.	%
Starfsmenn	7	4,5%
- Útsendir diplómatar	5	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	199,4	5,1%

Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu: Varnir og öryggi á tímum COVID-19

Heimsfaraldurinn hefur sett sterkan svip á störf Atlantshafsbandalagsins síðustu tólf mánuði. Neyðarviðbrögð við útbreiðslu faraldursins hefur reynt á getu bandalagsins til að sinna kjarnaverkefnum á sviði sameiginlegra varna sem miða að því að tryggja öryggi þess tæplega milljarðs íbúa sem búa í bandalagsríkjunum. Atlantshafsbandalagið hefur staðist þessa þolraun. Verkefni sem eingöngu er hægt að sinna með störfum á vettvangi og viðveru á vinnustað hefur verið sinnt áfram samhliða því að fylgt er ítrustu ráðstöfunum um sóttvarnir.

Ráðherrar bandalagsríkja hafa undanfarna tólf mánuði átt átta fjarfundir, þar af sjö í gegnum fjarfundabúnað. Fundirnir hafa að meginefni varðað ákvarðanir um varnartengd málefni og umfjöllun um aðgerðir bandalagsins. Áhrif faraldursins á öryggismál og alþjóðapólitíska þróun hafa eðli málsins samkvæmt einnig verið fyrirferðarmikil á dagskrá ráðherranna. Faraldurinn er áminning um mikilvægi viðnámsþols í aðildarríkjunum, þýðingu almannavarna og traustra innviða. Mörg bandalagsríki hafa veitt hvert öðru neyðaraðstoð þar sem liðsafl og flutningsgeta herja hafa nýst til að flytja lækningabúnað og sjúklinga. Á hinn bóginn eru alvarleg dæmi um fjölþáttaógnir, t.d. hafa óvinveittir aðilar gert netárásir á heilbrigðisstofnanir og miðlað falsfréttum til að grafa undan trausti á neyðarviðbrögðum stjórnvalda.

Á árinu var fylgt eftir ákvörðun leiðtogafundarins í London 2019 um styrkingu á pólitísku samstarfi innan bandalagsins og eflingu Atlantshafstengslanna í ljósi nýrra öryggisáskorana. Tillögur vinnuhóps óháðra sérfræðinga þar að lútandi voru til umfjöllunar á fundi utanríkisráðherra í desember. Undir merkjum NATO 2030 vinnur framkvæmdastjóri bandalagsins nú að mótun eigin tillagna sem utanríkisráðherrarnir fjalla nánar um áður en ákvörðun verður tekin á leiðtogafundi í júní næstkomandi. Starfsemi fastanefndar Íslands hefur verið samfelld frá upphafi faraldursins en eingöngu litlum hluta verkefna er hægt að sinna í fjarvinnu. Málflutningur Íslands fer meðal annars fram í fastaráði (e. North Atlantic Council), nefnd varafastafulltrúa, hermálanefnd og varnarmálanefnd, auk annarra undirnefnda sem fjalla um pólitísk málefni, aðgerðir og afvopnunarmál. Meðal áherslumála Íslands eru öryggi og varnir á Norður-Atlantshafi, framkvæmd öryggisráðsályktunar nr. 1325 um konur, frið og öryggi, afvopnunarmál og tengsl loftslagsbreytinga og öryggismála.

Íslenska ratsjárkerfið, aðrir varnartengdir innviðir og gistiríkisstuðningur við liðsafla bandalagsríkja, meðal annars vegna loftrýmisgæslu, er mikilvægasta framlag Íslands vegna gagnkvæmra varnarskuldbindinga. Rekstur og viðhald þessara innviða er á ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Sótt er um framlög úr sameiginlegum sjóðum bandalagsins vegna ýmissa kostnaðarliða. Sinnir fastanefnd þessari hagsmunagæslu á vettvangi mannvirkjasjóðsnefndar og fjárlaganefndar, sem og í samskiptum við yfirherstjórn bandalagsins í Mons. Málefni Íslands varða einnig undirherstjórnir í Brunssum í Hollandi, Norfolk og Napolí, auk Evrópuherstjórnar Bandaríkjanna í Stuttgart.

Strassborg



	Fj. / m.kr.	%
Starfsmenn	2	1,3%
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	37,8	1,0%

Fjölþjóðasamstarf: Evrópuráðið

Fastanefnd Evrópuráðsins í Strassborg: Fastanefnd opnuð að nýju


Þáttaskil urðu 1. september 2020 þegar Ísland opnaði að nýju fastanefnd gagnvart Evrópuráðinu í Strassborg. Fastanefndin vinnur að undirbúningi formennsku Íslands í Evrópuráðinu, sem hefst í nóvember 2022 og lýkur með ráðherrafundi á Íslandi í maí 2023. Ísland hefur áður gegnt formennsku í Evrópuráðinu árið 1999. Fastafulltrúi Íslands tekur sæti í stjórnarnefnd skrifstofu Evrópuráðsins í maí 2021 og við formennsku á mannréttindafundum Evrópuráðsins hálfu ári áður en formennskutímabil Íslands hefst. Í komandi formennsku nýtist góð reynsla af formennsku Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Evrópuráðið, með 47 aðildarríki og yfir 840 milljónir íbúa innan sinna vébanda, fjallar um mannréttindamál í víðtækum skilningi og samvinnu á sviði löggjafar. Utanríkisstefna Íslands byggist á skýrum viðmiðum um lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Gera má ráð fyrir að styrkleikar Íslands, ekki síst á sviði jafnréttismála og að því er varðar réttindi barna, endurspeglast í formennskuáætluninni sem er þegar í undirbúningi og verður unnin í víðtæku samráði. Þá mun COVID-19 og viðbrögð við faraldrinum endurspeglast í umfjöllun á vettvangi Evrópuráðsins á næstu árum og hafa áhrif á formennsku Íslands.

Hafin er þýðing á upplýsingaefni um Evrópuráðið á íslensku. Umfangsmikil menningar- og kynningardagskrá í tengslum við formenskuna er í undirbúningi. Þar er gert ráð fyrir kynningu á íslenskri menningu og náttúru og íslenskri hönnun og framleiðslu.

Heimsfaraldurinn einkenndi alla umgjörð starfs Evrópuráðsins árið 2020 og hafði jafnframt umtalsverð áhrif á efnislega umræðu. Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins hefur sagt að faraldurinn hafi varpað ljósi á veikleika og stöðu minnihlutahópa í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ávarpaði frá Íslandi ráðherrafund Evrópuráðsins sem haldinn var í Aþenu 4. nóvember, en þann dag voru liðin 70 ár frá undirritun Mannréttindasáttmála Evrópu. Árangur Íslands í baráttunni við COVID-19 hefur komið til umræðu innan Evrópuráðsins og íslensk verkefni á borð við Barnahús vakið verðskuldaða athygli. Meðal umfjöllunarefna á vettvangi ráðherranefndarinnar á árinu má nefna stöðu mála í Nagornó-Karabak, Belarús og á Krímskaga, Navalní-málið og aðgerðir í aðildarríkjum sem hafa neikvæð áhrif á stöðu jafnréttismála, kynrænt sjálfræði, tjáningarfrelsi og umgjörð frjálsra félagasamtaka. Mannréttindi tengd gervigreind, veraldarvefnum og öðrum nýjum áskorunum eru þar jafnframt til umfjöllunar.

Róm



	Fj. / m.kr.	%
Starfsmenn	1	0,6%
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	0	
Kostnaður	33,2	0,8%

Fjölþjóðasamstarf: FAO, WFP og IFAD

Fastanefnd í Róm: Ný nefnd um málefni fiskveiða í framtíðinni stofnuð

Fastafulltrúi Íslands í Róm hefur fyrirvar gagnvart þremur stofnunum Sameinuðu þjóðanna í borginni, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðasjóði um þróun landbúnaðar (IFAD).

FAO fer með mikilvæga málaflokka um höfin, fiskveiðar og stjórn fiskveiða, og tók Ísland virkan þátt í því starfi á árinu. Fastafulltrúi Íslands sat í framkvæmdaráði fiskveiðinefndarinnar (e. Committee on Fisheries) fyrir hönd Evrópuríkja 2018-2021 og stýrði fundum við ákveðin tækifæri. Ísland tók virkan þátt í vinnuhópi sem staðfesti yfirlýsingu í tilefni af 25 ára afmæli Code of Conduct for Fisheries, auk þess sem fastafulltrúinn var meðal forystufólks í að byggja upp nýja undirnefnd um málefni fiskveiða í framtíðinni til að auka sýnileika og mikilvægi þeirra í matvælastefnu framtíðar. Ísland og FAO gerðu með sér samstarfsamning 2019 sem tekur til fiskveiða, baráttu gegn ólöglegum fiskveiðum og málefna smáeyjaríkja (e. Small Island Development States) og var starfandi veiðarfæraserfræðingur frá Íslandi hjá FAO gegnum það samkomulag auk þess sem lögð voru drög að frekara samstarfi. Fastafulltrúinn og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið áttu í virku samráði, meðal annars um styrk til FAO til að vinna úttekt um samninga þróunarríkja við stórútgerðir um veiðiheimildir.


WFP er stærsta stofnun heims á sviði mannúðaraðstoðar og studdi Ísland beint innleiðingu skólamáltíðastefnu í svæðisskrifstofunni í Nairobi, sem nær til allrar Austur-Afríku. Ísland lagði fram fast 50 milljón kr. kjarnaframlag eins og undanfarin ár og studdi aðgerðir í mannúðarverkefnum sem stórfjölgaði 2020. Alls hafa framlög Íslands til WFP verið í námunda við tvær milljónir bandaríkjadala árlega. Fastafulltrúi tók þátt í öllum reglubundnum fundum og sérhæfðri stefnumótunarvinnu þar sem þekking í málaflokknum nýtist.

IFAD er með höfuðstöðvar í Róm og fylgdist fastafulltrúi með störfum sjóðsins og endurfjármögnun á árinu 2020. Ísland leggur ekki til bein framlög en gerður hefur verið samstarfsamningur um að Ísland geti lagt fram tækniástoð í málafnum sem falla undir „bláan hagvöxt“ en í honum felast fiskveiðar, meðhöndlun afla, virðisauki og samfélagsuppbygging.

Norrænu ríkin höfðu mikið samstarf innan allra þessara stofnana og hefur Ísland hlutverki að gegna með þeim. Ríkin voru með fjölda sameiginlegra yfirlýsinga, og leitast við að marka sérstök norræn áhrif á alla umræðu innan WFP.

Þverlæg málefni komu einnig til kasta fastafulltrúa í Róm og skipti þar mestu undirbúningur fyrir Food Systems Summit Sameinuðu þjóðanna árið 2021. Mikil málefnavinna fór fram í Róm vegna þessa.

Fastanefnd Íslands í New York



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	8	0,0%
Starfsmenn	9	5,8%
- Útsendir diplómatar	5	
- Útsendir aðrir	1	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	243,2	6,2%

Umdæmisríki: Antigua og Barbuda, Bahamaeyjar, Barbados, Belize, Dóminíka, Dóminíska lýðveldið, Grenada, Guyana, Haítí, Jamaíka, Kúba, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadínur, Súrínam og Trínidad og Tóbago.

Fjölbjóðasamstarf: Sameinuðu þjóðirnar

Fastanefnd í New York: Rödd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum


Árið 2020 var 75 ára afmælisár Sameinuðu þjóðanna og markaðist það af viðbrögðum við COVID-19 heimsfaraldrinum enda áhrifin víðtæk á heilsufar, samfélög og efnahagslíf um allan heim. Markvisst hefur verið unnið að því að virkja stofnanir og sjóði Sameinuðu þjóðanna til að mæta áskorunum sem kunna að hafa áhrif á starf í þágu friðar, mannréttinda og sjálfbærrar þróunar til skemmri og lengri tíma. Ísland hefur lagt sín lód á vogarskálarnar innan Sameinuðu þjóðanna með því að tala fyrir mikilvægi alþjóðasamstarfs og samstöðu, hvetja til þess að hugað sé að ríkjum og hópum sem standa höllum fæti og leggja til fjármagn til mótvægisáðgerða.

Fastanefnd Íslands tekur virkan þátt í umræðum, samningaviðræðum og atkvæðagreiðslum í allsherjarþinginu, undirnefndum þess sem og í starfi undirstofnana og sjóða Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stefnumál og hagsmuni Íslands. Sérstök áhersla er lögð á mannréttinda- og jafnréttismál, sjálfbæra nýtingu auðlinda, málefni hafsins, aðgerðir gegn loftslagbreytingum auk afvopnunar og friðsamlegra lausna deilumála. Innleiðing heimsmarkmiðanna, sem eru leiðarvísir alþjóðasamfélagsins að sjálfbærri þróun, er kjarnamál í starfi fastanefndar í samræmi við aukna þátttöku Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðar- og neyðarástoð. Fastanefndin á náið samráð við helstu áherslustofnanir Íslands, meðal annars Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA).

Þunginn í starfi fastanefndar hverfist um starfsemi allsherjarþingsins sem hefst með ráðherravikunni á haustin og leiðtogafundum henni tengdri. Síðastliðið haust var þess minnst að 75 ár voru frá stofnun Sameinuðu þjóðanna og 25 ár frá jafnréttisráðstefnunni í Peking en auk þess fór fram leiðtogafundur um líffræðilega fjölbreytni. Í kjölfarið á ráðherravikunni taka undirnefndir allsherjarþingsins til starfa og þar leggur Ísland áherslu á nefndir um mannréttindi, sjálfbæra þróun, afvopnunarmál, fjármál og alþjóðalög.

Í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna fara reglulega fram kosningar um setu í ráðum og stjórnum þeirra og sinnir fastanefnd framboðsmálum og hagsmunagæslu í tengslum við þær. Ísland starfar einnig náið með ríkjahópum, bæði þeim sem vinna að ákveðnum áherslumálum sem samrýmast hagsmunum Íslands og svæðisbundnum hópum. Þar ber hæst samstarfið við Norðurlöndin sem starfa þétt saman að framboðsmálum og flytja gjarnan sameiginlegar ræður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Vín



● Öryggis- og varnarmál ● Önnur fjölþjóðleg samvinna ● Rekstur

	Fj. / m.kr.	%
Starfsmenn	2	1,3%
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	1	

Kostnaður 62,3 1,6%

Fjölþjóðasamstarf: ÖSE, UNOV, IAEA, CTBTO

Fastanefnd í Vín: Stuðlað að öryggi og stöðugleika í Evrópu

Í lok ársins 2020 stjórnaði fastafulltrúi samráði NATO-aðildarríkja innan ÖSE og ritstýrði ítarlegu ávarpi þeirra á fjárfundi utanríkisráðherra í desember. Á ráðherrafundinum náðist betri árangur í gerð samþykktar en oft áður. Á sviði öryggismála var samþykkt yfirlýsing um samvinnu aðildarríkja til að bregðast við skipulagðri afbrotastarfsemi yfir landamæri. Á sviði efnahags- og umhverfismála var tekin ákvörðun um að berjast á móti spillingu með stafrænni tækni. Í mannréttindamálum var tekin mikilvæg ákvörðun um að komið verði í veg fyrir pyntingar, auk þess sem ráðinn var nýr aðalframkvæmdastjóri ÖSE. Vel gekk að halda uppi öflugri starfsemi af hálfu ÖSE þrátt fyrir COVID-19 og veitti fastanefnd fjölda Íslendinga aðstoð vegna ástandsins.


Ráðuneytisstjóri sat ráðherrafundinn fyrir hönd ráðherra og skoraði á aðildarríki að uppfylla skuldbindingar sínar um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu, endurskoða Vínarskjalid um slíkar aðgerðir, sem 34 aðildarríki að Íslandi meðtöldu styðja, uppfylla ákvæði samningsins um opna lofthelgi (OST), taka þátt í samningnum um takmörkun hefðbundins herafla í Evrópu (CFE) og bregðast við fjölþátta ógnum og netarásum. Þá fordæmdi hann hryðjuverkaárásina í Vínarborg.

Ísland leggur áherslu á að Minsk-samkomulaginu um Úkraínu verði framfylgt, og stuðning við eftirlitssveit ÖSE (SMM) þar. Starf ÖSE beindist einnig að öðrum langvarandi deilum; ófriðinum milli Azerbaíjan og Armeníu um Nagornó-Karabak, milli Georgíu og Rússlands um Suður-Ossetíu og Abkasíu, og Rússa og Moldóvu um Transnistríu. Þátttakan í starfi ÖSE er burðarás verkefna fastanefndarinnar og byggist á hugmyndinni um heildstætt öryggi. Endurspeglast það í þremur víddum: öryggismála, efnahags- og umhverfismála og mannréttindamála. Samráð NATO-ríkja og Norðurlandanna er veigamikil. Í umræðum um orkuöryggi í efnahags- og umhverfisvídd hefur Ísland lagt áherslu á nýtingu sjálfbærrar orku.

Innan mannréttindavíddarinnar nýtur ÖSE starfs þriggja undirstofnana; skrifstofu fulltrúa um málefni þjóðernisminnihluta (HCNM), fulltrúa um frelsi fjölmiðla (RFoM) og skrifstofu fyrir lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi (ODIHR). ODIHR sinnir einnig kosningaeftirliti í aðildarríkjunum og hefur utanríkisráðuneytið sent fjölda eftirlitsmanna á vegum þess á liðnum árum.

Deilur um kjarnorkumálefni í Íran hafa borið hæst innan Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA), en hún gegnir eftirlitshlutverki með kjarnorkumálum í Íran, Norður-Kóreu og Mið-Austurlöndum. Á vegum undirbúningsstjórnar samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBTO) eru reknar tvær eftirlitsstöðvar á Íslandi í samvinnu við Geislavarnir ríkisins. Veigamesta starfsemi UNOV er á vettvangi skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn eiturlyfjanotkun og afbrotum (UNODC).

Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York



	Fj. / m.kr.	%
Starfsmenn	2	1,3%
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	72,6	1,8%

Umdæmisríki: New York-ríki, Connecticut, New Jersey og Rhode Island.


Aðalræðisskrifstofa í New York: Hundruð þúsunda „brögðuðu“ á Íslandi

Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York rekur viðskiptaskrifstofu Íslands í Norður-Ameríku, markaðsverkefnið Iceland Naturally (IN) í samstarfi við Íslandsstofu og hýsir Icelandic American Chamber of Commerce og Icelandic Canadian Chamber of Commerce. Undir skrifstofuna heyra jafnframt markaðsverkefnið Nordic Innovation House í New York og Kísildalnum, Amplify heilsutækni og Nordic City Solutions. Aðalræðisskrifstofan leggur áherslu á að styðja við íslenskt nýsköpunarumhverfi, erlendar fjárfestingar, sjávarútveg, jarðhita, menningu, orkugeirann og almenna aðstoð við útflutningsfyrirtæki og ferðaþjónustu ásamt IN. Flest verkefni eru unnin í nánu samstarfi við Íslandsstofu og sendiskrifstofur Íslands í Norður-Ameríku. COVID-19 hafði mikil áhrif á verkefnanálgun aðalræðisskrifstofunnar en allt starf hennar í mars og apríl sneri að aðstoð við Íslendinga og ráðuneyti.

Norðurlandasamstarfið var umfangsmikið árið 2020. Nordic Innovation House í New York og Kísildalnum styðja við útrás og starfsemi íslenskra fyrirtækja í Bandaríkjunum. Þessi markaðsverkefni heyra bæði undir Íslandsstofu en daglegu starfi er stýrt af skrifstofunni í New York sem er með formennsku í NIH-NY 2020. Þá situr fulltrúi sendiráðs Íslands í Washington í stjórn starfseminnar í Kísildalnum. Megináhersla var lögð á stuðning við norræna fasteignatækni, tækni, matvæli og drykkjarvörur, rafíþróttir, kvenkyns frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki.

Amplify heilsutækni verkefnið er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Business Finland og Business Sweden og er starfseminni sem snýr að Íslandi stýrt af aðalræðisskrifstofunni í New York. Rúmlega 90 fyrirtæki tóku þátt í kynningarfundum í maí 2020 og í framhaldi voru valin tólf fyrirtæki til þátttöku, þar af tvö frá Íslandi. Aðalræðisskrifstofan skipulagði nokkrar vefráðstefnur á árinu þar sem fjallað var um erlenda fjárfestingu á Íslandi, íslenskan líftækniáætlun og kynningarátakið Record in Iceland í samstarfi við Útflutningskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN). Þá stóð Íslensk-ameríska viðskiptaráðið í Bandaríkjunum fyrir nokkrum kynningum á efnahagsmálum á Íslandi og erlendri fjárfestingu á Íslandi, meðal annars með þátttöku utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

IN er samstarfsverkefni viðskiptaskrifstofunnar í Norður-Ameríku, Íslandsstofu og ellefu íslenskra fyrirtækja. IN nær til rúmlega milljón manns í Norður-Ameríku í gegnum sína samfélagsmiðla og skipuleggur fjölda viðburða á hverju ári í Kanada og Bandaríkjunum. Kynningarátakið Taste of Iceland í Norður-Ameríku fór alfarið fram á netinu og fylgdust um 260 þúsund manns með fjórtán viðburðum yfir þá fimm daga sem hátíðin varði. Þá setti IN aukinn kraft í fræðandi netþætti með áherslu á menningu, náttúru og mannlíf á Íslandi. Þættirnir vöktu mikla athygli og fylgdust um 620 þúsund manns með þeim tíu þáttum sem voru framleiddir árið 2020.



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	46	0,1%
Utanríkisviðskipti við Grænland		
Vöruútflutningur (2020)	2.110,7	0,3%
Vöruinnflutningur (2020)	4.448,8	0,6%
Þjónustuútflutningur (2019)	2.063,8	0,3%
Þjónustuinnflutningur (2019)	721	0,2%
Starfsmenn	2	1,3%
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptaf.	0	
- Staðarr. viðskiptaftr.	1	
Kostnaður	47,0	1,2%

Umdæmisríki: Grænland
Fjölpjóðasamstarf: Norðurslóðir

Aðalræðisskrifstofan í Nuuk: Framboð íslenskra vara í verslunum hefur aukist

Aðalræðisskrifstofan í Nuuk auðveldar Íslandi að styrkja tvíhliða tengsl við grænlenk stjórnvöld og viðskipta- og menningarlífið á Grænlandi. Hagsmunir Íslands og Grænlands sem eyþjóða í Norður-Atlantshafinu fara óneitanlega að miklu leyti saman, til dæmis í loftslags- og umhverfismálum og málefnum hafsins.

Eins og annars staðar í heiminum setti heimsfaraldurinn mjög mark sitt á starfsemi aðalræðisskrifstofunnar á árinu. Vegna veikburða heilbrigðisþjónustu sáu Grænendingar sig tilneydda að takmarka komur ferðamanna til landsins og var Grænland lokað fyrir almennu farþegaflugi frá Íslandi frá miðjum mars og fram í júní og svo aftur frá 9. nóvember. Kröfur um sóttkví við komu drógu einnig úr ferðahug manna. Eðlilega varð það til þess að hefðbundin samskipti drógust mjög saman. Engar heimsóknir íslenskra ráðamanna voru á árinu og nær öllum fyrirhuguðum atburðum var aflýst.

Það bar helst til tíðinda í grænenskum stjórnámum á árinu að Kim Kielsen, formaður grænlenku sjálfstjórnarinnar (d. Selvstyret), varð undir í formannskosningu á landsfundinum Siumut í nóvember. Hann tók því ekki vel sem leiddi til óeiningar í flokknum sem ekki sér fyrir endann á.

Haldin var íslensk kvikmyndahátíð í Nuuk í október í samstarfi menningarhússins Katuaq og aðalræðisskrifstofunnar.


Íslenskir fornleifafræðingar sem stunda rannsóknir meðal annars í samvinnu við Þjóðminjasafn Grænlands voru að störfum hér á árinu. Sólveig Beck fornleifafræðingur hélt fyrirlestur í húsnæði aðalræðisskrifstofunnar og kynnti rannsóknir þeirra sem snúa meðal annars að því hvernig norrænir menn á Grænlandi útveguðu og nýttu sér timbur og steina í sínu hversdagslífi.

Verktakafyrirtækið Ístak hóf á árinu byggingu nýs grunnskóla í Nuuk sem mun leysa af hólmi tvo grunnskóla og einn leikskóla og er stærsta byggingaframkvæmdin í bænum.

Vikulegar siglingar milli Reykjavíkur og Nuuk með samstarfi Eimskips og Royal Arctic Line hófust loks á árinu. Þær auðvelda íslenskum viðskiptaaðilum að hasla sér völl á Grænlandi, afhendingartími styttest þar sem áður þurfti að flytja vörur gegnum Danmörku og stöðugleiki í afhendingu eykst. Æ meira sést af íslenskum vörum í matvöruverslunum, til dæmis hefur framboð á íslensku grænmeti aukist og lágvöruverðsverslunin Akiki býður nú reglulega ýmsar vörur frá Bónus.

Aðalræðisskrifstofa Íslands í Nuuk hefur starfað frá árinu 2013 og var lengstum eina sendiskrifstofan sem erlend ríki starfræktu í Nuuk. Sú breyting varð síðasta sumar að Bandaríkjamenn settu þar á stofn ræðisskrifstofu.

Winnipeg



	Fj. / m.kr.	%
Starfsmenn	2	1,3%
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptafltr.	0	
- Aðrir staðarráðnir	1	

Kostnaður 37,4 1,0%

Umdæmisríki: Manitoba, Saskatchewan (að undanskilinni Regina) og Alberta (að undanskildum Calgary og Edmonton).

Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg: Gjörbreytt starfsemi á tímum heimsfaraldurs

Eðli máls samkvæmt þurfti að gjörbreyta umfangi og eðli þeirra viðburða sem hefðbundnir eru í starfsemi aðalræðisskrifstofunnar vegna faraldursins. Þannig var hápunktur í samstarfi Íslands og Vestur-Íslendinga, Íslendingadagurinn, haldinn rafrænt í stað venjubundinna hátíðisdaga þar sem tugþúsundir hafa tekið þátt.

Öðrum verkefnum, svo sem Snorraverkefninu, sem hefur um árabil gefið Vestur-íslenskum ungmönnum og fleirum kost á að sækja heim gamla landið, Ísland, hefur þurft að fresta.

Samstarfi Háskóla Íslands og Manitobaháskóla hefur einnig verið skorður settar en þó jókst aðsókn að hefðbundnum námsleiðum í ýmsum íslenskum fræðum, sem fóru fram með fjarbúnaði.

Menningarsamskiptum, sem hafa verið snar þáttur í sambandi Vestur-Íslendinga og Íslands um langt árabil, hefur þurft að slá á frest en margt er á döfinni þegar faraldur er að baki. Í því samhengi er meðal annars ráðgert að fagna 50 ára vinabæjarsamskiptum Reykjavíkur og Winnipeg á árinu 2021.


Fjórir fræðslufundir á netinu um upphaf Íslandsbyggðar í Kanada voru haldnir í nóvember og voru vel sóttir.

„Icelandic Roots“-vefurinn, sem haldið er úti í Íslendingabyggðum með höfuðstöðvar í Mountain í Norður-Dakóta, hefur verið einkar virkur á árinu en þar gefst Vestur-Íslendingum og Íslendingum kostur á að tengja við frændur og frænkur beggja vegna Atlantsála í gegnum umfangsmikinn gagnagrunn.

Ljóst er að mikil uppsöfnuð þörf er fyrir að efla samvinnu, vinskap og samband á ólíkum vettvangi milli Íslands og Íslendingabyggða í Kanada og Bandaríkjunum, hvort heldur er á vettvangi menningar, menntunar eða stjórnmála, svo fátt eitt sé talið.

Mikill vilji er hjá ráðamönnum í Manitoba, þar á meðal þremur þeirra sem eru af íslensku bergi brotnir, að stórefla samstarf við Íslendinga á alla lund þegar takmarkanir vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar eru að baki. Þá liggur fyrir vilji Brians Pallister, forsætisráðherra fylkisins, að sækja Ísland heim um leið og færi gefst. Þetta hefur komið fram í viðræðum aðalræðismanns við yfirvöld.

Þórshöfn



	Fj. / m.kr.	%
Íslendingar í umdæmi sendiskrifstofu	237	0,5%
Utanríkisviðskipti við Færeyjar		
Vöruútflutningur (2020)	7.575,1	1,2%
Vöruinnflutningur (2020)	3.245,3	0,4%
Þjónustuútflutningur (2019)	2.496,2	0,4%
Þjónustuinnflutningur (2019)	6.875,3	1,6%
Starfsmenn	3	1,9%
- Útsendir diplómatar	1	
- Útsendir aðrir	0	
- Staðarr. viðskiptaf.	0	
- Staðarr. viðskiptafttr.	2	
Kostnaður	57,6	1,5%

Umdæmisríki: Færeyjar

Aðalræðisskrifstofan í Þórshöfn: Tókst að halda hefðbundna fundi

Eftir afturköllun Lögbings Færeyja á uppsögn Hoyvíkursamningsins árið 2019 tóku stjórnvöld þjóðanna upp viðræður um mögulegar breytingar á samningnum og aðrar ráðstafanir sem styrkt gætu efnahags- og viðskiptasamstarf frændþjóðanna. Viðskiptasamstarfið jókst til muna eftir gildistöku Hoyvíkursamningsins 2006. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra beitti sér á síðasta ári fyrir auknum markaðsaðgangi á Íslandi fyrir lyf sem framleidd eru í Færeyjum. Alþingi afgreiddi í júní ný lyfjalög sem m.a. stuðla að auknum markaðsaðgangi. Færeysk stjórnvöld höfðu í sama tilgangi óskað eftir auknum markaðsaðgangi fyrir landbúnaðarvörur. Þrátt fyrir viðleitni íslenskra stjórnvalda hafa viðræðurnar ekki skilað árangri, einkum vegna ákvæða Hoyvíkursamningsins um upprunareglur fyrir landbúnaðarvörur. Samningurinn kveður á um tollfrelsi fyrir allar vörur sem framleiddar eru í landi gagnaðila, einnig hvers kyns landbúnaðarvörur. Færeyingar telja að þeir geti flutt unnar landbúnaðarvörur til Íslands með lágmarksvinnslu en Ísland hafnar þeirri túlkun þar sem aldrei hafi staðið til að opna fyrir óbeinan innflutning á landbúnaðarvörum frá ESB.

Verkefni aðalræðisskrifstofunnar á árinu voru að miklu leyti bundin málarekstri vegna ofangreindra mála með áherslu á að aðilar vinni saman að aukinni verðmætasköpun í viðskiptunum. Þessu tengdu flutti aðalræðismaður erindi hjá Samtökum iðnaðarins í Færeyjum um viðskipta- og fjárfestingatækifæri á Íslandi. Hvatt er til samstarfs á sviði skapandi greina, menntunar og fjárþjónustu. Mikil verðmæti eru fólgin í fiskveiðisamstarfi þjóðanna, tvíhliða samstarfið hefur gengið vel og samningar um gagnkvæm veiðiréttindi voru framlengdir í nóvember. Hefðbundin verkefni skrifstofunnar eru einkum vegna menningarsamstarfs og borgarþjónustu, auk aðstoðar við íslensk fyrirtæki á færeyskum markaði.

Heimsfaraldur kallaði á aukna aðstoð við íslenska ríkisborgara, auk annarra, einkum vegna ferðaráða. Faraldurinn kallaði líka á nánara samstarf stjórnvalda, til dæmis vegna skimunar ferjufarþega, auk þess sem utanríkisráðherrar Íslands og Færeyja höfðu samráð með fjárfundabúnaði í nokkur skipti. Þrátt fyrir farsóttina tókst að halda fundi embættismanna í júní, utanríkisráðherranna á Íslandi í júní og í Færeyjum í október, en þá flutti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra Íslands ræðu á Farexpo 2020 í Runavík um tækifæri og áskoranir ríkjanna í tengslum við útgöngu Bretlands úr ESB. Í janúar var haldin ráðstefna á vegum vestnorrænu ríkjanna um áskoranir vegna varðveislu tungumála ríkjanna með öflugri þátttöku íslenskra þingmanna og í mars kynntu Danfríður Skarphéðinsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir þróun og stöðu jafnréttismála á Íslandi. Þrátt fyrir ungt ritmál hefur Færeyingum orðið vel ágengt í varðveislu færeyskunnar og Jonhard Mikkelsen, ritstjóri stærsta bókaforlags Færeyja, Sprotans, fékk fyrstu Vigdísarverðlaunin sem aðalræðismaður afhenti með aðstoð fjárfundatækni á hátíðardagskrá á afmæli Vigdísar Finnbogadóttur í apríl.

Skammstafanir:

BBNJ	Biodiversity Beyond National Jurisdiction
BEAC	Barentsráðið
Brexit	Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu
BWC	Lífefnavopnasamningurinn
CAFF	Conservation of Arctic Flora and Fauna
CBD	Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni
CBSS	Eystrasaltsráðið
CERF	Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna
CFE	Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu
CTBTO	Skrifstofa samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn
CWC	Samningur um efnavopn
DAC	Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar
DevCom	Development Communication Network
DNS	Nafnaþjónn léns - Domain Name System
EES	Evrópska efnahagssvæðið
EEC	Efnahagsbandalag Evrópu
EFTA	Fríverslunarsamtök Evrópu
ESB	Evrópusambandið
ESMAP	Energy Sector Management Assistance Programme
ETS	Viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir
EUIPO	Hugverkastofa Evrópusambandsins
FAO	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
GGA	Alþjóðlega jarðvarmabandalagið
GRÓ	Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu
HCNM	Skrifstofa fulltrúa ÖSE um málefni þjóðernisminnihluta
IAEA	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin
ICAO	Alþjóðaflugmálastofnunin
ICRC	Alþjóðaráð Rauða krossins
IDA	Alþjóðaframfarastofnunin
IFAD	Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar
ILO	Alþjóðavinnuástandastofnunin
IN	Iceland Naturally
INF	Samningur um meðaldræg kjarnorkuvopn
IPDC	Alþjóðaverkefni UNESCO um frjálsa fjölmiðlun í þróunarlöndum
IRENA	International Renewable Energy Agency
ITC	Alþjóðaviðskiptamiðstöðin
JEF	Joint Expeditionary Force
JCPoA	Samningurinn um kjarnorkuáætlun Írans
LGBT+	Hinsegin fólk
MARCOM	Flotaherstjórn Atlantshafsbandalagsins
N5	Norrænir utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherrar
NATO	Atlantshafsbandalagið
NB8	Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna
NORDEFCO	Norrænt varnarsamstarfs
NPT	Samningur um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna
OCHA	Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum
ODIHR	Mannréttinda- og lýðræðisstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu

OECD	Efnahags- og framfarastofnunin
OPCW	Efnavopnastofnunin í Haag
PAME	Protection of Arctic Marine Environment
Rannís	Rannsóknamiðstöð Íslands
RFoM	Skrifstofa fulltrúa ÖSE um frelsi fjölmiðla
RKÍ	Rauði kross Íslands
RUIS	Rússnesk-íslenska viðskiptaráðið
SE4All	Sustainable Energy for All
SHAPE	Herstjórnarmiðstöð Atlantshafsbandalagsins fyrir Evrópu
SÞ	Sameinuðu þjóðirnar
TCA	Viðskipta- og samstarfssamningur Bretlands og ESB
UFGE	Umbrella Facility for Gender Equality
UN Women	Stofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna
UNESCO	Menningarmálamálastofnun Sameinuðu þjóðanna
UNEP	Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna
UNFCCC	Skrifstofa rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar
UNFPA	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna
UNHCR	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna
UNICEF	Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna
UNOCHA	Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum
UNODC	Fíkniefna og afbrotamálskrifstofa Sameinuðu þjóðanna
UNOV	Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín
UNRWA	Palestínuflóttamannaáðstoð Sameinuðu þjóðanna
USTR	Embætti viðskiptafulltrúa Bandaríkjanna
ÚTÓN	Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar
VÞT	Vergar þjóðartekjur
WEOG	Ríkjahópur Vesturlanda hjá Sameinuðu þjóðunum
WFP	Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna
WGC	Alþjóðajarðhitasambandið
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
WIPO	Alþjóðahugverkastofnunin
WTO	Alþjóðaviðskiptastofnunin
ÖSE	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Atriðisorðaskrá:

- Abkasía, 126
 Aðalræðisskrifstofa, 99, 102
 New York, 127
 Nuuk, 63, 128
 Winnipeg, 115, 129
 Þórshöfn, 130
 Afganistan, 43, 85
 Afríka, 56, 66
 Afríku, 21, 28, 48, 81, 96, 109, 124
 Afvopnunarmál, 27, 85, 86, 87, 122, 125
 Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, 27, 28, 125
 Alþingi, 9, 17, 28, 35, 36, 37, 63, 95, 110, 130
 Alþjóðabankinn, 9, 38, 39, 40, 51, 53, 101, 102
 Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO), 29, 107, 109
 Alþjóðalög, *sjá einnig þjóðarétt*, 27, 125
 Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 20, 95
 Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa, IRENA, 34, 131
 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO, 34, 36, 54, 66, 67, 73, 74, 107, 132
 Alþjóðlega hugverkastofnunin, WIPO, 37, 132
 Alþjóðlega jarðvarmabandalagið (GGA), 34, 131
 Argentína, 22, 36, 64, 68
 Armenía, 31, 113, 126
 Asía, 21, 26, 56, 62, 67, 71, 99, 118, 120
 Atlantshaf, 83
 Atlantshafsbandalagið, NATO, 10, 80, 81, 82, 83, 84, 85, 86, 87, 88, 99, 122, 131, 132
 Atvinnulíf, 8, 9, 22, 37, 51, 68, 70, 72, 73, 106
 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, 34, 52
 Auðlindamál, 21, 24, 27, 32, 37, 125
 Ályktun öryggisráðsins nr. 1325, *sjá einnig konur, friður og öryggi*, 46, 85, 122
 Ástralía, 22, 23, 26, 56, 59, 68, 69
 Átak Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku fyrir alla, SE4All, 34, 132
 Bandaríkin, 9, 10, 25, 28, 29, 31, 56, 59, 60, 62, 67, 73, 74, 80, 81, 82, 83, 84, 85, 86, 93, 94, 98, 107, 121, 122, 127, 129, 132
 Barentsráðið, 20, 131
 Barnaheill, 50
 Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, 27, 38, 40, 41, 43, 47, 48, 49, 109, 125, 132
 BBNJ, 28, 131
 Belarús, 15, 28, 29, 30, 66, 113, 123
 Belgía, 59, 83
 Borgarþjónusta, 21, 35, 89, 90, 91, 92, 93, 95, 100, 105, 108, 109, 110, 112, 115, 116, 118, 119, 121, 130
 Botswana, 66
 Brasilía, 22, 64, 68
 Bretland, 9, 16, 22, 26, 32, 35, 36, 56, 59, 67, 69, 75, 76, 77, 78, 85, 98, 102, 112, 130, 131, 132
 Brexit, 131
 Brottfall, 45
 Buikwe, 46, 47
 Búlgaría, 68
 Chile, 22, 65, 66, 68
 Danmörk, 14, 15, 21, 28, 35, 36, 56, 59, 85, 94
 Deild tvíhliða málefna, 21
 Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, 24, 41, 42, 68, 74, 97, 117, 132
 EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu, 9, 10, 22, 35, 56, 59, 64, 65, 66, 68, 69, 75, 77, 78, 106, 107, 112, 115, 131
 Egyptaland, 65
 Eistland, 15, 35, 71, 108
 Ekvador, 65
 El Salvador, 53
 Endurnýjanleg orka, 34, 38
 Esvatíní, 66
 Evrópa, 16, 21, 26, 30, 37, 56, 59, 64, 67, 71, 80, 81, 84, 86, 90, 95, 99, 103, 112, 121, 123, 126, 131, 132
 Evrópska efnahagssvæðið, EES, 9, 10, 26, 35, 36, 51, 59, 64, 65, 68, 70, 75, 76, 77, 78, 79, 106, 112, 116, 131
 Evrópuráðið, 30, 97, 123

- Evrópusambandið, 9, 16, 20, 21, 26, 33, 35, 37, 56, 59, 63, 64, 65, 66, 67, 69, 75, 76, 77, 78, 79, 87, 94, 98, 99, 102, 106, 109, 112, 117, 130, 131, 132
 Eyðimerkurmyndun, 27
 Eystrasaltsráðið, 20, 131
 Eþíópía, 49, 68
 Fastanefnd, 24, 29, 30, 85, 97, 99, 102, 106, 117, 122, 123, 125, 126
 Brussel (NATO), **122**
 Genf, **107**
 New York, **125**
 Róm, **124**
 Vín, **126**
 Fátækt, 24, 49
 Ferðamenn, 61, 62, 69, 70, 71, 73, 91, 93, 94, 95, 108, 113, 114, 115, 119, 128
 Ferðaráð, 90
 Ferðaþjónusta, 18, 22, 64, 70, 71, 72, 73, 74, 114, 119, 127
 Félagasamtök, 8, 18, 24, 30, 34, 44, 49, 50, 96, 97, 123
 Finnland, 14, 35, 59, 81, 85, 86, 94, 108
 Fiskimál, 34, 52
 Fiskistofnar, 74, 78
 Fjárfestingar, 9, 54, 60, 66, 67, 68, 71, 74, 77, 82, 87, 119, 127
 Fjárfestingasamningar, 66, 67, 68
 Fjölmíðlafrelsi, 32
 Fjölpáttaógnir, 10, 81, 87
 Flóttafólk, 47
 Flóttamannabúðir, 45, 111
 Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, 43, 44, 109, 132
 Flóttamenn, 43, 47
 Forseti Íslands, 99, 105, 112
 Forsætisráðherra, 27, 32, 33, 74, 116, 129
 Forsætisráðuneyti, 40, 96
 Friðar- og öryggismál, *sjá einnig öryggismál*, 41, 125
 Fríverslunarsamningur, 9, 10, 22, 26, 54, 62, 64, 66, 67, 68, 75, 76, 77, 78, 107, 112, 115, 120
 Frumbyggjar, 21
 Færeyjar, 14, 15, 16, 35, 36, 56, 59, 63, 65, 68, 72, 98, 130
 Georgía, 22, 31, 65, 68, 121, 126
 Grikkland, 116
 Grænar lausnir, 70, 73
 Grænland, 7, 14, 16, 17, 18, 56, 59, 63, 64, 65, 72, 95, 98, 128
 Grænlandsnefnd, 16, 17, 72
 Grænvangur, 34, 73
 Hafréttarmál, 28, 36, 131
 Hagsmunagæsla, 32, 36, 38, 67, 82, 86, 102, 103, 116, 122, 125
 Heimasendiherrar, 21, 22, 23
 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, 9, 21, 24, 27, 31, 34, 38, 39, 40, 42, 49, 50, 51, 96, 125
 Heimstorg, 9, 51, 72
 Hernaðarumsvif, 81
 Hjálparstarf kirkjunnar, 50
 Hoyvíkursamningurinn, 16, 63, 130
 Hreinlætismál, 41, 45, 47, 48, 49, 111
 Hugverkaréttur, 66
 Iceland Naturally, 127, 131
 Indland, 28, 35, 53, 64, 93, 98, 114
 Indónesía, 65, 68
 Írak, 50, 85
 Íslandsstofa, 9, 21, 22, 23, 37, 51, 70, 71, 72, 73, 95, 101, 102, 105, 108, 110, 113, 115, 119, 127
 Íslensk hönnun, 30, 48, 105, 119, 123
 Íslensk tónlist, 21, 117
 Íslenskar bókmenntir, 21, 105, 113, 119, 120
 Íslenski orkuklasinn, 34
 Ísrael, 22, 28, 65, 67, 68
 Ítalía, 59, 82, 117
 Jafnrétti, 38
 Jamaíka, 67
 Japan, 26, 56, 59, 62, 67, 69, 120
 Jarðhiti, 23, 24, 26, 32, 39, 52, 127
 Jarðvarmi, 22, 34
 Jemen, 28, 43
 Jórdanía, 65
 Jórdaníu, 43
 Kalangala, 46
 Kanada, 26, 32, 56, 59, 65, 69, 85, 98, 99, 115, 127, 129
 Kasakstan, 53, 66
 Keflavíkurflugvöllur, 10, 67, 84
 Kenya, 28, 40, 68, 109
 Kína, 9, 25, 29, 35, 56, 59, 61, 65, 73, 81, 85, 86, 93, 107, 118

- Kjarnaframlög, 41, 124
 Kjarnavopn, 86, 126, 131
 Kjöræðismenn, 21, 22, 91, 99, 100, 115, 121
 Konur, friður og öryggi landsáætlun, 89
 Kósovó, 22, 65
 Krímskagi, 30, 80, 123
 Króatía, 50
 Kynferðislegt ofbeldi, 30
 Kynjafjafnrétti, *sjá einnig jafnrétti*, 24, 38, 40, 66, 132
 Landbúnaðarvörur, 63, 77, 130
 Landgrunnsráð, 36
 Landgræðsla, 27, 52
 Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, UNU-LRT, 42
 Landhelgisgæsla Íslands, 80, 82, 83
 Lesótó, 66
 Lettland, 15, 35, 108
 LGBT+, *sjá réttindi hinsegin fólks*, 131
 Liechtenstein, 69, 75
 Liprunarbréf, 91
 Listir, *sjá einnig menningarmál*, 8, 18, 30, 31, 36, 47, 52, 73, 121
 Líbería, 44, 48, 67
 Líffræðileg fjölbreytni, 27, 33, 125, 131
 Loftferðasamningar, 26, 66, 67, 68
 Loftslagsbreytingar, 82
 Losunarheimildir (ETS), 131
 Lýðheilsa, 21
 Lýðræði, 14, 15, 16, 20, 24, 30, 123
 Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, 50
 Makedónía, *sjá Norður-Makedónía*, 22, 65
 Malasía, 22, 23, 64
 Malaví, 40, 44, 45, 46, 49, 111
 Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA, 27, 38, 41, 43, 46, 49, 109, 125, 132
 Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE, ODIHR, 30, 31, 126, 131
 Mannréttindamál, 14, 15, 16, 24, 30, 32, 38, 39, 107, 111, 117, 120, 123, 125, 126
 Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna, 26, 27, 28, 29, 107
 jafningjarýni, 41, 42, 107
 Mannúðaraðstoð, 38, 43, 47, 50, 97
 Mannúðarmál, 26, 28, 41, 43, 44, 47, 84, 96, 97, 125, 131, 132
 Mansal, 20
 Markaðssetning, 73
 Markaðssókn, 62, 120
 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, 34, 53, 124, 131
 Matvælaframleiðsla, 62
 Matvæli, 48, 70, 73, 76, 77, 78, 127
 Málefni hafsins, 7, 19, 27, 33, 34, 117, 125, 128
 Mengun, 25, 39
 Menningarmál, *sjá einnig listir*, 21, 22, 30, 100, 105, 109, 110, 119, 121, 123
 Menntamál, 16, 18, 32, 46, 47, 74, 105, 128
 Menntun, 31, 32, 35, 41, 46, 111, 129, 130
 Mercosur-ríkin, 64
 Myanmar, 29
 Moldóva, 31, 65, 113, 126
 Mongólíu, 29
 Mósambík, 40, 43, 67
 Mæðravernd, 41, 45
 N5, samstarf norrænu utanríkisráðherranna, 14, 16, 108, 131
 Namibía, 22, 27, 66
 Náttúruarfur, 31
 Náttúruauðlindir, *sjá einnig auðlindir*, 32, 38, 52
 NB8, samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, 14, 15, 16, 85, 108, 131
 Netárásir, 37, 87, 122, 126
 Netöryggi, 15, 87
 Neyðaraðstoð, *sjá einnig mannúðaraðstoð*, 26, 28, 122, 125
 NORDEFECO, norræna varnarsamstarfið, 8, 14, 85, 131
 Norðlæga víddin, 21
 Norður-Kórea, 86, 126
 Norðurlandasamstarf, 32
 Norðurlönd, 14, 15, 16, 24, 26, 28, 38, 59, 71, 72, 85, 118, 119, 131
 Norðurskautsráðið, 7, 16, 18, 19, 20, 25, 32, 62, 97, 102, 108, 113, 120
 CAFF, 19, 131
 PAME, 19, 132
 Norðurslóðanet, 20

- Norðurslóðir**, 7, 16, 17, 18, 19, 25, 63, 72, 82, 83, 95, 110, 115, 120, 121
- Noregur, 10, 14, 20, 21, 28, 33, 35, 56, 59, 61, 65, 69, 75, 76, 77, 82, 85, 94, 115, 116
- Norræn samvinna, 119
- Nýja-Sjáland, 22, 26, 68, 69
- Nýsköpun, 20, 22, 48, 52, 62, 70, 73, 74, 105, 110, 117, 119, 120
- Orkugeiri, 34, 70, 127
- Orkumál, 24, 105
- Palestína, 22, 65
- Palestínu, 28
- Palestínuflóttamannaástoð Sameinuðu þjóðanna, UNRWA, 43, 132
- Paraguay, 64
- Parísarsamningurinn, 33, 34
- Plastmengun, 19
- Pólland, 16, 56, 59, 81, 82, 85, 99, 105
- ProBlue, 39
- Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, UNFCCC, 33, 132
- Rannís, 20, 132
- Réttindi barnsins, 20, 30, 123
- Réttindi hinsegin fólks, 27, 30, 32, 131
- Royal Arctic Line, 63, 128
- Rússland, 7, 18, 20, 21, 25, 30, 31, 56, 59, 62, 66, 72, 80, 81, 85, 86, 99, 113, 126
- Salernismál, 45
- Sameinuðu arabísku furstadæmin, 35
- Sameinuðu þjóðirnar, 26, 111, 132
- Samfélagsmiðlar, 21, 95, 97, 105, 110, 117, 118, 119, 121, 127
- Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum, OCHA, 43, 44, 131
- Samstarfssjóður utanríkisráðuneytisins og atvinnulífsins, 9, 51
- Sádi-Arabía, 22, 23, 67, 68
- Schengen, 69, 70, 90, 93, 94, 106, 112, 121
- Schengen-áritanamál, 93
- Sendiráð, 21, 22, 26, 44, 46, 62, 90, 91, 93, 94, 95, 97, 98, 99, 101, 102, 103, 107, 108, 111, 116, 117, 118, 119, 120, 121, 127
- Berlín, 105
- Brussel, 106
- Genf, 107
- Helsinki, 108
- Kampala, 109
- Lilongwe, 111
- Moskvu, 113
- Nýju-Delí, 114
- Osló, 116
- París, 117
- Peking, 118
- Stokkhólmi, 119
- Tókýó, 120
- Washington, 121
- Sendiskrifstofur, *sjá einnig sendiráð, fastanefnd og aðalræðisskrifstofa*, 21, 23, 44, 69, 70, 73, 90, 91, 95, 97, 98, 99, 100, 102, 103, 127
- Serbía, 65
- Singapore, 22, 23, 62, 65, 68, 71
- Sierra Leóne, 44, 48, 49
- Sjálfbærni, 38, 70, 74, 117
- Sjávarútvegur, 18, 34, 36, 48, 62, 70, 73, 74, 78, 107, 115, 127
- Slóvenía, 22, 42
- Smáeypróunarríki, 39
- Spánn, 56, 59, 117
- Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar, 7, 16
- Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, 20
- Strassborg, 30, 123
- Suður-Afríka, 68
- Suður-Ameríku, 115
- Suður-Ossetía, 126
- Suður-Súdan, 43, 47, 50
- Sviss, 59, 66, 69, 86
- Svíþjóð, 14, 59, 81, 85, 86, 94, 99, 110, 119
- Svæðasamstarf, 48
- Sýrland, 28, 40, 43, 50, 81
- Tékkland, 16, 22
- Tógó, 49
- Trúfrelsi, 32
- Trúnaðarbréf, 99, 108, 116
- Tsjetsjenía, 30
- Tvísköttunarsamningar, 54, 68
- Tyrkland, 43, 65, 67, 68
- Umhverfismál, 18, 21, 24, 32, 34, 60, 74, 117, 118, 126, 128
- UN Women, Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, 27, 38, 40, 43, 45, 46, 111, 125, 132

- UNESCO. Sjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO
- UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, 24, 27, 31, 32, 42, 97, 117, 131, 132
- Ungverjaland, 16, 22
- UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, 27, 38, 40, 41, 43, 47, 48, 49, 109, 125, 132
- Uppbyggingarsjóður EES, 9, 22, 51, 108, 116
- Upplýsingamiðlun, 87, 92, 96, 97, 108
- Uruguay, 40, 64
- Útanríkismálanefnd, 37
- Útanríkisviðskipti, 9, 25, 54, 58, 66, 100, 107
- Útanríkisþjónusta til framtíðar (skýrsla), 103
- Úganda, 43, 44, 46, 47, 48, 49, 109
- Úlgúrar, 29
- Úkraína, 31, 65, 67, 68, 108, 126
- Útflutningseftirlit, 36
- Útflutningsmarkaðir, 54, 62, 67, 71, 72, 73, 76, 107
- Útflutningur, *sjá einnig utanríkisviðskipti*, 36, 59, 61, 62, 70, 72, 118, 120
- Varnarmál, *sjá einnig öryggismál*, 8, 10, 14, 80, 81, 82, 83, 84, 85, 87, 88, 100, 108, 110, 115, 116, 119, 121, 122, 126
- Varnaræfing, 83
- Dynamic Mongoose, 83
- Vatnsmál, 38, 41, 43, 45, 46, 47, 48, 111
- Vegabréf, 35, 91, 93, 116
- neyðarvegabréf, 91
- Vegabréfsáritanir, 60, 90, 93, 94, 112, 121
- Vestnorrænt samstarf, 18, 130
- Vesturlönd, 28, 62, 87, 113, 132
- Viðskiptafulltrúi, 9, 60, 73, 132
- Viðskiptaráð, millilandaráð, 21
- Viðskiptatækifæri, 22, 62, 68, 71, 72, 117
- Viðskiptaþjónusta, 9, 51, 70
- Visegrad-ríkin, 16
- Vistkerfi, 33
- Víetnam, 53, 64, 118
- Vísindasamstarf, 120
- Wales, 81
- Þjóðaröryggisstefna, 10, 80, 83, 84, 86
- Þjónustuborð, 51
- Þjónustuviðskipti, 66, 77
- Þróunarsamvinna, 8, 9, 24, 27, 30, 32, 33, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 44, 47, 49, 50, 51, 52, 96, 97, 100, 101, 102, 110, 111, 117, 125, 131
- tvíhliða, 111
- Þróunarsamvinnunefnd, 41
- Þróunarsamvinnunefnd OECD, DAC, 24, 39, 41, 42, 74, 131
- Þvingunaraðgerðir, 26, 37, 83
- Þýskaland, 26, 56, 59, 85, 94, 105
- Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, 30, 31, 86, 126, 131, 132
- Öryggismál, 8, 10, 14, 15, 16, 17, 28, 31, 75, 80, 81, 85, 117, 122, 126
- Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, 15, 26, 27, 28, 46